# ÁRAMÓT

Viðskiptablaðið
FRJÁLS VERSLUN
2018/2019



VIÐTAL

**Tómas Már Sigurðsson**

**Eliza Jean Reid**

Auðmenn á Norðurlöndum

Laun atvinnumanna

Bestu laxveiðiárnar

VIÐSKIPTAVERÐLAUNIN 2018

## Árni Oddur Þórðarson

Verð kr. 950

EKKI GERA EKKI NEITT
motus

# Nýir tímar í Reykjavík
# Austurhöfn opnar 2019

Íbúðahverfið Austurhöfn verður fullbúið síðla árs 2019. Með tilkomu þess verður til nýtt og spennandi hverfi við gömlu höfnina í Reykjavík í næsta nágrenni við Hörpu og Edition hótelið. Einstakar íbúðir sem skapa ný viðmið í þjónustu og þægindum í lifandi umhverfi menningar, verslunar og veitingastaða.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

**AUSTURHOFN.IS**
**SÍMI 514 1490**
**SALES@AUSTURHOFN.IS**

AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK






GERÐU KRÖFUR
PERGO®
100% vatnshelt með Aquaseal.
Pressuð fösun og náttúrulegri
áferð en áður.




andsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15

# Efni

des/jan
2018-2019




Viðtal **Árni Oddur Þórðarson**

Frá því að Marel var stofnað hefur það breyst úr litlu sprotafyrirtæki í alþjóðlegt hátæknifyrirtæki. Árni Oddur forstjóri hefur leitt fyrirtækið í gegnum mesta vaxtarskeið þess. Í dag nemur veltan 1,2 milljörðum evra og starfsmennirnir eru um sex þúsund.

» 20-34





Viðtal **Eliza Jean Reid**

Forsetafrúin segist hafa þurft að treysta á innsæi í hlutverki forsetafrúar, þar sem hún hefur lagt mikla áherslu á jafnréttis- og nýsköpunarmál. Hún segir Íslendinga mega vera óhræddari við að koma út úr skelinni til þess að koma sér á framfæri erlendis.

» 50-56





Viðtal **Tómas Már Sigurðsson**

Síðustu sjö ár hefur Tómas Már verið einn af æðstu starfsmönnum Alcoa. Hann segist hafa ætlað að vera arkitekt og tilviljun hafi ráðið því að hann fór í álgeirann. Öryggisvörður var við heimili hans í fimm sumur á meðan álverið á Reyðarfirði var í byggingu.

» 64-74





Viðtal **Guðmundur Þórður Guðmundsson**

Íslenska landsliðið í handbolta stendur á tímamótum að sögn Guðmundar, sem er nú á leið á sitt 10. stórmót með Ísland eftir að hafa tekið við landsliðinu í þriðja sinn. Hann segir aðstöðuna hér heima vera til skammar.

» 88-94







Viðtal **Katrín Halldóra Sigurðardóttir**

Katrín Halldóra, sem er alin upp í Mosfellsbæ og Neskaupstað, sló í gegn í hlutverki Ellyjar Vilhjálms í Borgarleikhúsinu. Auk þess að leika á sviði Borgarleikhússins fæst hún við skrif og er einn af höfundum Áramótaskaups RÚV í ár.

» 120-124



Umfjöllun **Hlédræga fyrirsætan**

Melania Trump, forsetafrú Bandaríkjanna, ræðir sjaldan við fjölmiðla, hafnar flestum beiðnum um viðtöl og forðast að fylgja eiginmanni sínum á ferðalögum hans.

» 146-152



Íþróttir **Gylfi launahæstur**

Gylfi Sigurðsson, leikmaður Everton, ber höfuð og herðar yfir aðra þegar kemur að tekjum. Hann er með um 60 milljónir króna í mánaðarlaun en næsti maður á listanum er með 24 milljónir.

» 82-86



Umfjöllun **Auðmenn á Norðurlöndum**

Þrátt fyrir að jöfnuður mælist óvíða meiri en á Norðurlöndunum má engu síður finna þar á sjöunda tug einstaklinga sem eiga meira en milljarð dollara, yfir 120 milljarða króna.

» 128-138



Veiði **Mok við Urriðafoss**

Laxveiðin síðasta sumar var sú lakasta í fjögur ár. Veiði á stöng var mest við Urriðafoss í Þjórsá en næstmesta veiðin var í Miðfjarðará. Flestir laxar komu á land í Ytri-Rangá.

» 106-110




# Viðburðaríkt viðskiptaár

Árið 2018 hefur að mörgu leyti verið viðburðaríkt ár í viðskiptalífinu. Við upphaf ársins lauk þrautagöngu kísilmálmverksmiðju United Silicon með því að fyrirtækið var lýst gjaldþrota. Kvika banki var skráður á First North markað Kauphallarinnar í mars og seinna var greint frá því að stefnt væri að skráningu á aðalmarkað árið 2019. Tvö ný félög voru skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland á árinu en það voru fasteignafélagið Heimavellir og Arion banki. Varð Arion banki þar með fyrsti viðskiptabankinn til að vera skráður í Kauphöllina eftir hrun. Á sama tíma og bréf bankans voru tekin til viðskipta í íslensku kauphöllinni voru svokölluð sænsk heimildaskírteini tekin til viðskipta í kauphöll Nasdaq í Stokkhólmi í Svíþjóð.



Ágætisgangur var á hlutabréfamarkaði á fyrri hluta ársins en það breyttist síðasta sumar í kjölfar fregna af vandræðum íslensku flugfélaganna. Haustið einkenndist af fréttum af miklum fjárhagsvandræðum Wow air og gjaldþroti Primera Air. Í september bárust samt gleðifréttir úr íslensku viðskiptalífi þegar greint var frá því að íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP, útgefandi EVE online, hefði verið selt til suðurkóreska tölvuleikjafyrirtækisins Pearl Abyss. Verðmiðinn, 425 milljónir dollara, sýnir hvað hægt er að gera með hugvitið að vopni.

Óvissa vegna kjaraviðræðna hefur litað þjóðfélagsumræðuna á árinu. Tónn verkalýðsforystunnar hefur verið mjög harður og má rekja þennan harða tón til valdabaráttu innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er eðlilegt að verkalýðsforystan berjist með kjafti og klóm fyrir sína umbjóðendur en málflutningur sumra verkalýðsforkólfa hefur samt verið óbilgjarn og ósanngjarn. Sumir þeirra virðast líta viljandi framhjá þeirri staðreynd að sjaldan hefur velsæld verið jafn almenn á Íslandi og nú. Sumir innan verkalýðsforystunnar virðast, því miður, hreinlega þrá átök. Upp úr miðjum október birtu bæði VR og Starfsgreinasamband Íslands kröfur sínar. Í stuttu máli má segja að forsvarsmenn þessara verkalýðsfélaga séu með þeim kröfum að leggja til að við hefjum stærsta höfrungahlaup Íslandssögunnar.

Orðræða herskáustu verkalýðsformannanna minnir á tímana fyrir þjóðarsáttina fyrir tæpum 30 árum. Það er nánast eins og sumir þeirra þrái aftur þá tíma þegar verðbólgan hér var mæld í tugum prósenta og efnahagsstefnan miðaði að því að ná henni niður í 6% eins og markmiðið var með þjóðarsáttarsamningunum árið 1990. Það er eins og þeir þrái endurreisn verðlagsráðs og vilji sem mest átök. Þessi tími er liðinn og það vill enginn upplifa hann aftur.

Það er eitt að hrópa torgum og annað að gera það við samningaborðið. Vonandi ber aðilum vinnumarkaðarins gæfa til að ræða saman eins og fólk því mikið er undir. Enginn vill að þjóðin sigli inn í öldudal verðbólgu og atvinnuleysis, sem verður raunin ef gengist verður við þeim kröfum sem nú liggja á borðinu.

**Marel hlýtur Viðskiptaverðlaunin**

Eins og lesendur Áramóta vita hlýtur Marel Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar árið 2018. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 jukust tekjurnar um 17% og hagnaðurinn um 34%. Árangur Marel á síðustu áratugum hefur verið mikill. Fyrirtækið hefur vaxið úr því að vera lítið sprotafyrirtæki í að vera hátæknifyrirtæki, sem er leiðandi á alþjóðavísu á sínu sviði.

Frá árinu 2005 hefur velta Marel aukist úr 130 milljónum evra í 1,2 milljarða og í dag eru starfsmennirnir orðnir um sex þúsund talsins. Eins og Árni Oddur Þórðarson forstjóri upplýsir í viðtali í blaðinu er stefnt að áframhaldandi vexti. Markmiðið er að árið 2026 verði veltan komin í þrjá milljarða evra og starfsmennirnir orðnir 12 þúsund.

Eins og rakið er blaðinu liggja rætur Marel djúpt í íslenska vísindasamfélaginu. Fræjunum var sáð árið 1978 þegar nokkrir vísindamenn og frumkvöðlar þróuðu fyrstu rafeindavogina fyrir íslenskan fiskiðnað í húsakynnum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Árið 1983 var Marel formlega stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi, sem komu sem hluthafar inn til liðs við frumkvöðlana í Háskóla Íslands.

Þess má geta að tveir úr þessum hópi skrifuðu árið 1979 skýrslu, sem stundum er nefnd „rauða skýrslan“. Yfirskrift hennar er „Aukin sjálfvirkni í frystihúsum“. Er yfirskriftin einkar áhugaverð í því ljósi að í dag stendur mannkynið á þröskuldi gríðarlegra tæknibreytinga, sem kenndar eru við fjórðu iðnbyltinguna. Sú tæknibylting gengur meðal annars út á aukna sjálfvirknivæðingu og því óhætt að segja að framsýni tvímenninganna hafi verið mikil. Eiginlega ótrúleg. Marel, sem byrjaði að hanna sjóvogir, reisir nú verksmiðjur í sýndarveruleika fyrir viðskiptavini sína áður en búnaðurinn er afhentur. Marel er vel að því komið að hljóta Viðskiptaverðlaunin árið 2018.

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR: Trausti Hafliðason - AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Ingvar Haraldsson - FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Janus Sigurjónsson
AUGLÝSINGASTJÓRI: Sverrir Heimisson - FORSÍÐUMYND: Haraldur Guðjónsson - PRENTUN: Oddi

Viðskiptablaðið, Ármúli 10, 108 Reykjavík, sími 511 6622, fax 569 6692




## Minnkum kolefnisspor og breytum heiminum

Þegar fyrirtæki tengist Orku náttúrunnar er það í viðskiptum við leiðandi aðila á heimsvísu í nýtingu jarðvarma og minnkun kolefnisspors í orkuvinnslu. Við virkjanir ON starfar margt fremsta vísindafólk landsins og þróunarverkefni ON í loftslagsmálum hafa vakið heimsathygli. Jarðgufuvirkjanir ON eru með eitt minnsta kolefnisspor í sínum flokki og við þær hefur verið þróuð aðferð til að binda koltvíoxíð sem grjót í jarðlögum. Orka náttúrunnar stefnir að sjálfbærri og sporlausri vinnslu jarðhitans. Lítið spor verður stórt stökk fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

**Kynntu þér umhverfisvæna orkuframleiðslu á on.is og fáðu ráðgjöf sérfræðinga ON um hagstæðustu kostina fyrir þitt fyrirtæki.**

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR


2018
2018
Halldór


BITCOIN
ÍSK
KSÍ

# Innlent



Í byrjun árs var verksmiðja United Silicon í Helguvík lýst gjaldþrota eftir að hafa verið í greiðslustöðvun frá því í ágúst 2017. Umhverfisstofnun lokaði í apríl sama ár fyrir starfsemi verksmiðjunnar, sem hafði verið gangsett í nóvember árið 2016, eftir ógrynni kvartana vegna reyk- og lyktmengunar. Stuttu fyrir greiðslustöðvunina hafði félaginu verið gert að greiða ÍAV, aðalverktökum verksmiðjunnar, reikning upp á einn milljarð króna. Síðan hefur stærsti hluthafi verksmiðjunnar, Arion banki, gengið að veðum sínum í verksmiðjuna að andvirði 9,5 milljarðar af 23 milljarða heildarkröfum og stofnað félagið Stakksberg um þær, en bankinn áætlar að það kosti ríflega 3 milljarða að koma verksmiðjunni í starfhæft ástand. Fjölmargar kærur hafa verið vegna málsins, bæði á hendur stofnandanum Magnúsi Garðarssyni fyrir auðgunarbrot og skjalafals sem og ÍAV og Tenova á hendur Arion.



Kvika banki var skráður á First North markað kauphallarinnar um miðjan mars en í byrjun júlí tilkynnti fjárfestingabankinn að stefnt væri að skráningu á aðalmarkað árið 2019. Í júní var svo greint frá því að Kvika og hluthafar GAMMA hefðu undirritað viljayfirlýsingu um kaup og sölu á öllu hlutafé GAMMA. Voru viðskiptin háð niðurstöðu áreiðanleikakannana, samþykki eftirlitsaðila og samþykki hluthafafundar Kviku banka. Þegar greint var frá viljayfirlýsingunni í júní kom fram að kaupverðið næmi 3.750 milljónum króna en þegar loksins var gengið frá kaupunum í nóvember nam endanlegt kaupverð 2,4 milljörðum. GAMMA verður áfram rekið sem sérfélag og verður dótturfélag Kviku. Þó verða skrifstofur félaganna í London sameinaðar auk þess sem GAMMA hættir starfsemi fyrirtækjaráðgjafar.






Þau óvæntu tíðindi bárust upp úr miðjum apríl að Guðmundur Kristjánsson í Útgerðarfélagi Reykjavíkur, áður Brimi, hefði keypt öll hlutabréf í eigu Hvals hf., Kristjáns Loftssonar og tengdra aðila, eða um 34%, í HB Granda fyrir 21,7 milljarða króna. Þar með myndaðist yfirtökuskylda sem 90% eigenda annarra bréfa í útgerðarfélaginu ákváðu að nýta ekki til að selja bréfin á 35 krónur hvern hlut. Seinni hlutann í júní ákvað Guðmundur, sem tekið hafði við stjórnarformennsku í HB Granda, að taka við forstjórastarfinu af Vilhjálmi Vilhjálmssyni og lét hann af stjórnarsetu nokkru síðar. Í kjölfarið keypti HB Grandi Ögurvík af Guðmundi, þó ekki fyrr en eftir frestun og óháða úttekt, á 12,3 milljarða. Fyrr um haustið keypti Fisk Seafood á Skagaströnd þriðjungshlut Brims í Vinnslustöðinni hf. í Vestmannaeyjum á 9,4 milljarða.

Í byrjun sumars voru hlutabréf í leigufélaginu Heimavöllum tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heimavellir urðu þar með sautjánda félagið sem skráð var á aðalmarkaðinn og fjórða fasteignafélagið. Í útboði sem var undirbúningur fyrir skráningu í kauphöllina seldust 750 milljón hlutir á 1.043 milljónir króna og var því vegið meðalgengi í útboðinu 1,39 krónur. Ekki löngu síðar bættist átjánda félagið við aðalmarkaðinn þegar hlutabréf í Arion banka voru tekin til viðskipta. Arion banki varð þar með fyrsti viðskiptabankinn til að vera skráður í kauphöllina eftir hrun. Á sama tíma og bréf bankans voru tekin til viðskipta í íslensku kauphöllinni voru svokölluð sænsk heimildaskírteini tekin til viðskipta í kauphöll Nasdaq í Stokkhólmi í Svíþjóð.

HM í fótbolta fór líklega ekki framhjá einum einasta landsmanni enda var íslenska landsliðið meðal þátttökuþjóða í fyrsta sinn í sögunni. Ísland hóf mótið á að gera 1-1 jafntefli við stjörnum prýtt lið Argentínu þar sem Hannes Þór Halldórsson varði eftirminnilega vítaspyrnu frá einum besta knattspyrnumanni sögunnar, Lionel Messi. 2-0 tap í næsta leik á móti Nígeríu gerði okkar mönnum hins vegar erfitt fyrir. Ísland átti þó möguleika fram á síðustu stundu að komast áfram þrátt fyrir 2-1 tap á móti Króatíu sem skoraði í uppbótartíma. Hefði markið fallið Íslandsmegin hefði liðið farið áfram í 16-liða úrslit. Að lokum voru það svo Frakkar sem stóðu uppi sem heimsmeistarar. Eftir mótið lét Heimir Hallgrímsson af störfum sem landsliðsþjálfari og var Svíinn Erik Hamrén ráðinn í hans stað.




GLEÐILEGT NÝTT ÁR
Við þökkum viðskiptavinum og samstarfsaðilum samfylgdina á líðandi ári með ósk um farsæld á komandi ári.
marel.is
marel

# Innlent

Seinni helmingur ársins einkenndist af fréttum af flugfélögunum. Icelandair Group sendi frá sér tvær neikvæðar afkomuviðvaranir og eftir þá seinni lét Björgólfur Jóhannsson af störfum sem forstjóri og Bogi Nils Bogason tók við. Í ágúst lak út fjárfestakynning fyrir skuldabréfaútboð Wow air þar sem fram kom að fjárhagsstaða félagsins var langt frá því að vera góð. Áfram bárust fréttir af erfiðri stöðu Wow air og í nóvember var tilkynnt um kaup Icelandair á Wow en fallið var frá þeim kaupum í lok sama mánaðar og samdægurs hófust viðræður Wow við Indigo Partners. Um miðjan desember var svo tilkynnt um uppsagnir og fækkun flugvéla hjá Wow. Þessu til viðbótar varð Primera Air svo gjaldþrota í byrjun október.






Greint var frá því í byrjun september að íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP sem er útgefandi EVE online, hefði verið selt til suðurkóreska tölvuleikjafyrirtækisins Pearl Abyss fyrir 425 milljónir dollara eða því sem nemur um 52 milljörðum íslenskra króna. Um var að ræða eina stærstu sölu á íslensku tæknifyrirtæki frá upphafi. CCP var stofnað árið 1997 og á þeim tíma óx fyrirtækið úr því að vera lítið tölvuleikjafyrirtæki í að vera fyrirtæki með um 250 starfsmenn. Novator var stærsti eigandi CCP með um 43% hlut en félagið fjárfesti upphaflega í félaginu árið 2005. Pearl Abyss var stofnað árið 2010 og er skráð í kauphöllina í Suður-Kóreu. Félagið er með sex starfsstöðvar í Asíu, tvær í Evrópu og eina í Bandaríkjunum.




Í byrjun hausts má segja að samfélagið hafi nötrað þegar fram komu upplýsingar um hátt í 300% framúrkeyrslu við endurbyggingu húsnæðis við Nauthólsvík þar sem nú er rekinn veitingastaðurinn Bragginn bar og bistro. Endurbæturnar fóru úr því að kosta 110 milljónir upp í a.m.k. 415 milljónir, en þeim er samt ekki að fullu lokið. Í kjölfarið bæði komu fram og voru rifjuð upp fleiri áþekk mál, líkt og framúrkeyrsla við Hlemm mathöll og Ellingsen húsið. Minnihlutinn í borgarstjórn fór fram á að gerð væri óháð og utanaðkomandi úttekt á málinu sem meirihlutinn hafnaði en hann samþykkti síðar úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Í samtali við Viðskiptablaðið sagði oddviti Miðflokksins í borginni, Vigdís Hauksdóttir, að ódýrara hefði verið að flytja inn nýjan bragga frá Bandaríkjunum enda „braggi næsta stig við tjald".



Óhætt er að segja að Klaustursmálið svokallaða hafi vakið hörð viðbrögð í íslensku samfélagi. Fréttaflutningur af málinu hófst í lok nóvembermánaðar þegar sagt var frá ýmsum niðrandi ummælum sem sex þingmenn létu falla er þeir sátu saman að sumbli á Klaustur bar. Fjórir þingmenn Miðflokksins; Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Anna Kolbrún Árnadóttir og Bergþór Ólason, voru þarna á ferð ásamt Karli Gauta Hjaltasyni og Ólafi Ísleifssyni, þingmönnum Flokks fólksins. Samtal sexmenninganna hafði verið tekið upp af hulduaðila sem síðar átti eftir að stíga fram undir nafni. Fáum minnihlutahópum var hlíft í samræðum þingmannanna. Skömmu síðar bárust svo fréttir af því að Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefði ákveðið að fara í tveggja mánaða launalaust leyfi frá þingstörfum vegna ósæmilegrar hegðunar í garð konu síðastliðið sumar.



Nú um áramótin munu kjarasamningar á almennum vinnumarkaði losna. Mikil óvissa ríkir nú í aðdraganda þess og lítið hefur heyrst frá samningsaðilum undanfarið. Um miðjan október gáfu Starfsgreinasamband Íslands og VR frá sér kröfugerð vegna kjarasamningsviðræðna. Kröfur verkalýðsfélaganna voru ýmsar og ber þar helst að nefna að krafist var þess að lágmarkslaun yrðu 425.000 krónur á mánuði og einnig var farið fram á þjóðarátak í húsnæðismálum. Samtök atvinnulífsins, sem sjá um að semja fyrir hönd atvinnurekenda, birtu á svipuðum tíma sínar samningsáherslur þar sem samtökin óskuðu eftir viðræðum sem hefðu að leiðarljósi samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, lága verðbólgu og lægri vexti.

www.n1.is facebook.com/enneinn




ENNEMM / SÍA / NM90953

*Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Alltaf til staðar

# Erlent



Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði statt og stöðugt á árinu, þó með töluverðum sveiflum, þar til í byrjun október, þegar það náði hápunkti í um 75 Bandaríkjadölum á tunnuna. Hafði það þá ekki verið jafn hátt í fjögur ár, en í lok sama mánaðar hafði verðið fallið í 65 dali, og í lok nóvember var það komið í 50 dali. Töluverð togstreita hefur verið milli ríkisstjórnar Donalds Trump og samtaka olíuframleiðsluríkja, OPEC, og þá sérstaklega Sádi-Arabíu, sem varð uppvís að því að hafa fyrirskipað morð á blaðamanninum Jamal Khashoggi í sendiráði olíuríkisins í Tyrklandi. Hækkandi olíuverð hefur haft mikil áhrif á íslenskt samfélag og hagkerfi, þá sérstaklega flugfélögin, sem hafa staðið í töluverðum rekstrarvandræðum í haust.



Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur lagt tolla á hundruð milljarða dala – tugþúsunda milljarða íslenskra króna – virði af innfluttum varningi frá Kína á árinu. Kínversk yfirvöld brugðust við með tollum á vörur frá Bandaríkjunum, sem hefur kallað á fleiri bandaríska innflutningstolla, auk hótana um enn frekari tolla. Þá viðraði Trump hugmyndir um tolla á bílainnflutning frá Evrópusambandinu, sem svaraði með yfirlýsingu um að við því yrði brugðist með tollum á bandarískan innflutning á móti. Trump hóf einnig viðræður við Mexíkó og Kanada um endursamning norður-ameríska fríverslunarsamningsins (NAFTA), sem gerður var á 10. áratugnum. Þeim lauk með samkomulagi um nýjan fríverslunarsamning, sem meðal annars felur í sér kvaðir um framleiðslu bifreiða og höfundarrétt. Samningurinn bíður þó enn samþykkis þjóðþinga viðkomandi landa.

Eitt stærsta peninga-þvættishneyksli sögunnar, sem fyrst barst veður af í fjölmiðlum í mars á síðasta ári, komst í hámæli á árinu og hefur valdið orðstír hins áður virta Danske bank gríðarlegum skaða. Í september sagði Thomas Borgen bankastjóri af sér vegna málsins, og í október sagði stjórn bankans honum samstundis upp störfum. Í nóvember var Ole Andersen svo settur af sem stjórnarformaður. Málið snerist um eistneskt útibú bankans, en allt að 150 milljarðar dala – tæpir 19 þúsund milljarðar króna – af „vafasömum fjármunum" eru sagðir hafa flætt gegnum útibúið til annarra Evrópuríkja. Greining á 6.200 af 15.000 viðskiptavinum útibúsins sem ekki voru búsettir í Eystrasaltsríkinu leiddi í ljós að „yfirgnæfandi meirihluti" þeirra var „grunsamlegur", og ljóst er að málinu er hvergi nærri lokið.





Árið hefur verið óvenju sveiflukennt fyrir bandaríska hlutabréfamarkaði. Hinir svokölluðu FAANG-tæknirisar: Facebook, Amazon, Apple, Netflix og Google – sem leitt hafa hækkanir síðustu ár – áttu sérstaklega stormasamt ár. Hlutabréf í Facebook féllu um fimmtung yfir nótt eftir að tilkynnt var um að hægja hefði tekið á vexti í fjölda notenda samfélagsmiðilsins, og að félagið hefði ekki náð hagnaðarmarkmiðum sínum fyrir annan ársfjórðung. Við það missti félagið 120 milljarða dollara í heildarmarkaðsvirði, sem jafngildir um 15 þúsund milljörðum íslenskra króna. Á sama tíma voru stýrivextir varaforðagjaldmiðils heimsins, Bandaríkjadals, ítrekað hækkaðir á árinu, en þeir hafa verið nálægt núllinu allt frá fjármálakrísunni fyrir 10 árum síðan, og hlutabréfamarkaðir verið á uppleið allan tímann.



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands – sem tók við embættinu af David Cameron í kjölfar Brexit-kosninganna árið 2016 – hefur ekki átt sjö dagana sæla á árinu. Samningaviðræður við Evrópusambandið hafa gengið hægt og eftir að samningar náðust loks neyddist hún til að fresta atkvæðagreiðslu þingsins um málið, þar sem fyrir lá að samningurinn yrði felldur. Í kjölfarið fór fram vantraustskosning innan flokksins gegn henni, sem hún stóð af sér með 63% atkvæða. Andstaða við samninginn snýst öðru fremur um svokallaða „varaáætlun" í málefnum Norður-Írlands, sem gæti þýtt að eyríkið yrði áfram í tollabandalagi Evrópusambandsins þar til báðir aðilar sammæltust um annað. Ef ekki tekst að semja um útgönguna fyrir 29. mars 2019 fer Bretland úr sambandinu án nokkurs viðskiptasamnings.


Gleðilega hátíð
BLUE LAGOON
ICELAND

# Árið í tölum

Árið 2018 byrjaði af krafti, mikill hagvöxtur var á fyrri hluta ársins, en þegar líða tók á árið fór hagkerfið heldur að kólna. Töluvert hægði á fjölgun ferðamanna, þó enn fjölgi þeim. Þá gaf gengi krónunnar eftir um haustið, verðbólguvæntingar hækkuðu töluvert, og búist er við mun minni hagvexti næstu misseri en verið hefur síðustu ár.

**5,8%**

hækkun launavísitölu mældist á fyrstu 10 mánuðum ársins

**821**

fyrirtæki var tekið til gjaldþrotaskipta á fyrstu 11 mánuðum ársins, sem er 52% aukning frá sama tímabili í fyrra

**7.040**

bættust í hóp Íslendinga á fyrstu 9 mánuðum ársins, sem voru orðnir 355.620 talsins í lok þeirra

**2.178.695**

erlendir farþegar ferðuðust um Keflavíkurflugvöll á fyrstu 11 mánuðum ársins, sem er 5,8% aukning milli ára

**3%**

hækkun verðlags mældist fyrstu 11 mánuði ársins. Að húsnæði frátöldu hækkaði verðlag um 2,1% á sama tímabili

**5%**

hagvöxtur mældist á fyrstu 9 mánuðum ársins, samanborið við fyrstu 9 mánuði í fyrra

**6,6%**

verðhækkun varð á íbúðarhúsnæði á fyrstu 11 mánuðum ársins

**12,2%**

er veiking gengis íslensku krónunnar frá áramótum fram í miðjan desember

**76,7**

milljarða króna afgangur var á viðskiptum við útlönd fyrstu 9 mánuði ársins

**42.100.000.000**

var lagður á húseigendur í formi fasteignaskatta á árinu

**0,8%**

er lækkun úrvalsvísitölu Kauphallarinnar, OMXI8, frá áramótum

**2.086**

milljarðar var verg landsframleiðsla Íslands á fyrstu 9 mánuðum ársins



REYNISFJARA, LJÓSMYND ARNAR KRISTJÁNSSON & SIMONA BURATTI


# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Eimskipafélag Íslands óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum farsældar á árinu 2019.

EIMSKIP



VIÐSKIPTAVERÐLAUNIN 2018

# Sprotinn sem varð risi

Á 35 árum hefur Marel breyst úr litlu íslensku sprotafyrirtæki, sem sinnti innlendum sjávarútvegi, í hátæknifyrirtæki, sem er leiðandi á alþjóðavísu í þjónustu við ört stækkandi kjúklinga-, kjöt- og fiskiðnað. Frá árinu 2005 hefur veltan aukist úr 130 milljónum evra í 1,2 milljarða. Í dag eru starfsmennirnir orðnir um sex þúsund talsins og fyrirtækið er með starfsstöðvar í yfir 30 löndum í öllum heimsálfum. Árni Oddur Þórðarson forstjóri hefur leitt fyrirtækið í gegnum mesta vaxtarskeið þess. Hann segir að stefnt sé að áframhaldandi vexti Marel. Markmiðið sé að árið 2026 verði veltan komin í þrjá milljarða evra og starfsmennirnir orðnir 12 þúsund. Á næsta ári er stefnt að tvíhliða skráningu hlutabréfa félagsins. Marel hlýtur Viðskipaverðlaun Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar árið 2018.

TRAUSTI HAFLIÐASON
trausti@vb.is

Rætur Marel liggja djúpt í íslenska vísindasamfélaginu. Fræjunum var sáð árið 1978 þegar nokkrir vísindamenn og frumkvöðlar þróuðu fyrstu rafeindavogina fyrir íslenskan fiskiðnað í húsakynnum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Árið 1983 var Marel formlega stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi, sem komu sem hluthafar inn til liðs við frumkvöðlana í Háskóla Íslands. Er þetta á þeim árum sem örtölvu- og rafeindatæknin er að umbylta allri tækniþróun í heiminum.

Á fyrstu 10 árum félagsins var ávallt lögð mikil áhersla á nýsköpun í nánu samstarfi við viðskiptavini og markaðssókn hófst til Kanada, Noregs og Rússlands til viðbótar við því að sinna íslenskum sjávarútvegi. Eins og með flesta sprota voru tekjur sveiflukenndar og heildarvöxtur hægur. Árið 1992 ákveður félagið að skrá hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands og voru starfsmenn þá orðnir 45 talsins og velta félagsins um 6 milljónir evra. Með hjálp hluthafa byrjaði sprotinn að vaxa og dafna og árlegur meðalvöxtur tekna hefur verið yfir 20%, drifinn áfram af nýsköpun, markaðssókn og stefnumótandi yfirtökum. Fyrstu tvö árin var Marel til húsa við Suðurlandsbraut 32 en árið 1985 var starfsemin flutt að Höfðabakka 9 en á þeim tímamótum störfuðu 35 manns hjá fyrirtækinu. Þegar fyrirtækið var skráð á Verðbréfaþing Íslands árið 1992 voru starfsmennirnir 45 talsins og tekjurnar námu 6 milljónum evra. Árið 2002 var starfsemin flutt í Austurhraun í Garðabæ, nýtt húsnæði sem Marel byggði. Voru starfsmennirnir þá orðnir 800 talsins í 11 löndum.

Höfuðstöðvarnar eru enn í dag við Austurhraun en húsnæðið hefur tekið miklum breytingum og aðstaðan eins og best verður á kosið. Marel hefur vaxið gríðarlega hin síðustu ár og nú starfa um sex þúsund manns hjá fyrirtækinu í yfir 30 löndum í öllum heimsálfum. Fyrirtækið er nú orðið alþjóðlegt hátæknifyrirtæki, sem er í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnaðinn. Vöruframboðið spannar allt framleiðsluferlið, frá frumvinnslu hráefnis til pökkunar í neytendaumbúðir.



Árni Oddur hefur verið stjórnarformaður og forstjóri á mesta vaxtarskeiði Marel. VB MYNDIR/HAG

## Ævintýralegur vöxtur

Sá sem leitt hefur Marel í gegnum mesta vaxtarskeiðið er Árni Oddur Þórðarson. Hann var stjórnarformaður Marel frá árinu 2005 til 2013 en síðan þá hefur hann verið forstjóri félagsins. Árið 2005 námu tekjur Marel um 130 milljónum evra en á þessu ári eru tekjur félagsins að nálgast 1,2 milljarða evra. Til að varpa smá ljósi á reksturinn á árinu 2018 þá jukust tekjurnar á fyrstu níu mánuðum ársins um tæplega 17% samanborið við sama tímabil 2017. Hagnaðurinn jókst um ríflega 34% á milli ára.

Árni Oddur er vel þekktur í íslensku viðskiptalífi. Hann er fæddur árið 1969 og frá þrettán ára aldri las hann öll viðskiptablöð sem hann komst í. Það var því snemma ljóst hvert hugurinn stefndi. Hann nam viðskiptafræði við Háskóla Íslands og eftir námið starfaði hann til að byrja með hjá Fjárfestingarfélagi Íslands en árið 1997 færði hann sig yfir í Búnaðarbankann, þar sem hann tók að sér að leiða uppbyggingu á markaðsviðskiptum og fjármálaráðgjöf á miklu vaxtarskeiði íslensks fjármálamarkaðar.

„Ég og Þórður faðir minn fórum svo að ræða saman um hvort það væri viðskiptatækifæri til staðar í að setja á laggirnar fjárfestingarfélag. Það var um páskana árið 2000 í fríi á Ítalíu sem við feðgar lögðum grunninn að því sem nú er Eyrir Invest sem er kjölfestufjárfestir í Marel og fjárfestir í mörgum spennandi sprotum,“ segir Árni Oddur. „Samstarf okkar feðga hefur ávallt verið náið og gott. Þórður kemur með mikla reynslu að borðinu en þegar við leggjum af stað hafði hann starfað sem fjármálastjóri í yfir 20 ár hjá Eimskip á miklu blómaskeiði þess félags.

Í byrjun einbeittum við okkur mikið að fjárfestingum á fjármálamarkaði en það átti eftir að breytast. Árið 2002 ákvað ég að fara


KPMG
Tökumst á við framtíðina saman
Þörfin fyrir nýsköpun og umbreytingar í rekstri fyrirtækja er brýn.
Hvort sem um er að ræða sjálfvirknivæðingu ferla, stafræna umbreytingu, nýsköpun í rekstri eða sviðsmyndagreiningar þá erum við reiðubúin til að takast á við framtíðina með þér.
Kynntu þér þjónustu okkar á kpmg.is eða hafðu samband í síma 545 6000.
kpmg.is

í MBA-nám við IMD viðskiptaháskólann í Sviss. Ég vildi öðlast meiri alþjóðlega reynslu og sækja mér nýja verkfærakistu. Námið var undir handleiðslu kennara sem höfðu mikil áhrif á það hvernig ég nálgast viðgangsefni en ekki síður mikilvægt var að samnemendur mínir höfðu víðtæka reynslu frá fjölþjóðafyrirtækjum á borð við Nestlé og Tetra Pak. Ég lærði mjög mikið á þessum tíma í Sviss og árið 2004 breyttum við feðgar stefnu Eyris. Við tókum meginfókus af fjármálamarkaði og einbeittum okkur að nýfjárfestingum í iðnfyrirtækjum, sem voru tæknilega leiðandi á sínu sviði og höfðu tækifæri til að verða markaðsleiðtogar með aukinni alþjóðlegri útbreiðslu og markaðssókn. Þetta var töluvert mikil stefnubreyting en okkur langaði til þess að gera þetta – fara í iðnað og umbreyta einhverju. Við fjárfestum í Össuri og Marel, sem voru framúrskarandi félög, sem bjuggu yfir einstakri tækni. Bæði fyrirtækin stóðu frammi fyrir svipuðum áskorunum, sem fólust í því að breytast úr útrásarfyrirtækjum í alþjóðafélög en það er stór munur á þessu tvennu.“

> „Hugur minn var alltaf hjá öllum þeim fyrirtækjum sem við feðgar fjárfestum í en Marel átti bæði hug minn og hjarta.



**Árni Oddur segir að framsýni stofnenda Marel hafi verið ótrúleg og fyrirtækið byggi enn á þeim grunni sem lagður hafi verið fyrir 35 árum.**

### Marel átti hug hans og hjarta

Haustið 2005 verður Árni Oddur stjórnarformaður Marel.

„Hugur minn var alltaf hjá öllum þeim fyrirtækjum sem við feðgar fjárfestum í en Marel átti bæði hug minn og hjarta. Það kom mér mjög á óvart að Marel væri á meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði en samt með einungis 130 milljóna evra veltu og það í atvinnugrein, sem er ein af undirstöðuatvinnugreinum í heiminum. Það sem kom líka á óvart var að það var ekkert eitt leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á tækjum og hugbúnaði fyrir þennan iðnað – fyrir vinnslu á kjöti, kjúklingi og fiski. Markaðurinn var mjög sundurleitur. Tæknistig Marel var hátt og mannauðurinn var mikill. Við sáum því strax gífurleg tækifæri fyrir Marel til að leiða þá umbyltingu sem væri framundan.

Þegar ég tók að mér stjórnarformennsku var þáverandi framkvæmdastjórn Marel búin að kortleggja markaðinn mjög vel. Hann samanstóð af um 130 fyrirtækjum, sem flest voru óskráð. Þá hófst vinnan við að greina hvaða félög gætu stutt við heildarframboð Marel sem og markaðssókn á ný landsvæði. Bæði Scanvaegt og Stork Food Systems voru þar á meðal. Árið 2006 hófum við yfirtökur, með kaupum á danska félaginu Scanvaegt og stigum fyrstu skref í að byggja upp stöðu í iðnaðarsamsteypunni Stork.

Á vordögum 2008 kláruðum við svo yfirtökuna á Stork og árið 2015 MPS en þessar þrjár yfirtökur ásamt stöðugri nýsköpun eru lykillinn að því að vera fremst í dag í heildarlausnum fyrir þá markaði sem við störfum á. Ég held að fjármálaskellurinn 2008 hafi hjálpað okkur svolítið mikið í þessum yfirtökum. Margir af okkar keppinautum voru og eru fjölskyldufyrirtæki og þessi geiri sem við störfum í er nokkuð íhaldssamur. Fólk varð svolítið smeykt þegar fjármálakerfi heimsins fór að hökta og það gaf okkur töluvert rými á markaðnum. Á móti hefur traustið til Marel alltaf verið mikið. Viðskiptavinir okkar eru að meðaltali í viðskiptum við okkur í fimmtán ár eða lengur, okkar starfsfólk heldur lengi tryggð við okkur sem og bankarnir og hluthafarnir einnig. Sem dæmi er ein fjölskylda búin að vera stór hluthafi í félaginu frá því að félagið fór á markað fyrir 26 árum síðan.“

### Skýr framtíðarsýn

Eins og áður sagði kviknaði hugmyndin að Marel árið 1978.

„Á þessum árum var nýtingarhlutfall í fiskvinnslu óásættanlegt en síðan hefur meðalnýtingin farið úr 60 til 80%, sem þýðir að við þurfum að veiða þrjá fiska í staðinn fyrir fjóra til að fæða sama fjölda manna. Viðskiptamódel Marel var strax samtenging á útstöðvum og innstöðvum. Sjóvogin, fyrsta staðlaða vara Marel, byggði á því að geta vigtað fisk á sjó sama hvort skipið velti eða ekki og sama hvort það væri salt í vatninu eða ekki. Það sem meira er, og kannski merkilegast, er að það var hægt að safna gögnum og útdeila þeim. Við skulum átta okkur á því að þetta er löngu fyrir tíma internetsins. Framsýni stofnendanna var því alveg ótrúleg. Í

# Raungerum framtíðarsýn þína

**Hjá Kolibri trúum við því að stafræn nýsköpun sé lykillinn að velgengni hjá fyrirtækjum. Fyrirtækin styrkjast, starfsfólk er ánægðara og viðskiptavinir fá betri þjónustu.**

Framtíðarsýn fyrirtækja virðist oft fjarlæg og í rótgrónum kúltúr fyrirtækja virðist leiðin að þeirri sýn oft þyrnum stráð – en svo þarf ekki að vera. Með réttum vinnubrögðum er hægt að leysa úr læðingi gríðarlegan breytingakraft. Við viljum koma fróðu og áhugasömu fólki saman við okkar sérfræðinga í tækni og hönnun. Í sameiningu getum við nálgast áskoranirnar saman með stuðandi hugarfari hönnunarhugsunar (e. design thinking).

***– Þannig raungerum við framtíðarsýn þína.***

Stafræn vöruþróun / Stjórnunarráðgjöf / Skýjaráðgjöf



Alls hafa 35 félög sameinast Marel beint eða óbeint og segir Árni Oddur að alltaf sé verið að skoða önnur fyrirtæki með yfirtökur í huga.

> Viðskiptavinir okkar eru að meðaltali í viðskiptum við okkur í fimmtán ár eða lengur, okkar starfsfólk heldur lengi tryggð við okkur sem og bankarnir og hluthafarnir einnig.

um 20% á ári. Eins og áður sagði nam veltan 130 milljónum evra árið 2005 en árið 2017 var hún komin yfir milljarð.

Spurður hvort honum hafi órað fyrir þessum mikla vexti svarar Árni Oddur: „Já, eftir ítarlega yfirlegu yfir markaðinn á aðalfundi félagsins árið 2006 settum við fram vaxtarstefnu okkar til næstu 10 ára þar sem við myndum koma okkur í leiðandi stöðu með nýsköpun, markaðssókn og tveimur til fjórum stefnumarkandi yfirtökum. Í markmiðssetningu okkar kom fram að við gerðum ráð fyrir því að velta okkar myndi ná um einum milljarði evra árið 2015 og rekstrarhagnaður myndi aukast úr 7% EBIT í það sem við kölluðum „best in class“ eða um 15%. Við náðum því árið 2017, á skeiði sem litast af efnahagsniðursveiflu árið 2009 og einnig miklum hræringum á matvælamarkaði árið 2013 í kjölfars mikilla verðhækkana á orku og hráefnum. Okkur hefur því tekist ágætlega að aðlaga rekstur að settum

rauninni er þetta grunnurinn sem Marel hefur byggt á.

Styrkleiki fyrirtækisins er skýr framtíðarsýn og frábært starfsfólk. Styrkleikinn er líka fólginn í því að Marel hefur aldrei reynt að borða fílinn í einum bita. Byrjað var á að hanna tæki til að auka nýtingarhlutfall í fiskvinnslu á Íslandi en í dag sjáum við um allt vinnslukerfið frá slátrun til dreifingar og erum fremst í flokki á heimsvísu í kjöti og kjúklingi til viðbótar við grunn okkar í fiski. Flestar yfirtökurnar hafa verið liður í að styrkja Þetta ferli, þannig að Marel geti boðið upp á heildarlausnir í vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Það sem tengir allt saman er Innova hugbúnaður sem nær yfir allt vinnsluferlið í öllum þremur iðngreinunum.“

Fyrstu árin var vöxtur fyrirtækisins hægur enda um hefðbundið sprotafyrirtæki að ræða. Frá árinu 1992 hefur vöxturinn aftur á móti verið

## Verksmiðjur í sýndarveruleika

Árúmlega þrjátíu árum hefur Marel breyst úr litlu íslensku sprotafyrirtæki í alþjóðlegt hátæknifyrirtæki. Árni Oddur segir að fyrirtækið leggi að meðaltali 5 til 6% af veltu í rannsóknar- og þróunarstarf á ári hverju, sem sé hæsta hlutfall sem fyrirfinnst í greininni. Sem dæmi um tækniþróunina og hugvitið í Marel þá fékk hópur starfsmanna það verkefni fyrir skömmu að setja upp verksmiðju í sýndarveruleika fyrir norska fyrirtækið Lerøy, sem var að reisa fullkomnustu laxaverksmiðju Noregs. Starfsmenn með áratuga reynslu hjá Marel voru í þessum hópi sem og ungt fólk, sem kom meðal annars úr tölvuleikjageiranum. Árni Oddur segir að afrakstur þessarar vinnu sé sá að í stað þess að setja verksmiðju upp í húsnæði Marel til að sannreyna hvort hún virki þá sé nú hægt að gera það í sýndarveruleika. Þetta stytti afhendingartímann auk þess sem uppsetning tækjanna hjá viðskiptavininum taki nú helmingi styttri tíma en áður. Hann segir að enn annar kostur við þetta sé að viðskiptavinurinn, sem komi til með að stjórna verksmiðjunni, geti nú prófað allt í sýndarveruleika áður en verksmiðjan sé sett upp. Þetta sé bylting því hjá stjórnendum verksmiðja fara fyrstu vikurnar eftir uppsetningu gjarnan í að læra á búnaðinn og ýmislegt geti farið úr skorðum á því tímabili, sem geti til dæmis valdið því að verksmiðjan sé ekki keyrð á fullum afköstum fyrstu vikurnar. Árni Oddur segir að auk alls þessa hafi sýndarveruleikinn hjálpað Marel við að þróa sín tæki, því í tölvu sé til dæmis hægt að toga og teygja stál í sýndarveruleika og breyta ýmsu í ferlinu og þar með losa um ýmsa flöskuhálsa í verksmiðjum viðskiptavina og auka afköst.



# Gleðilega hátíð

Við óskum félagsmönnum okkar og
landsmönnum öllum farsældar á
nýju ári og þökkum samfylgdina
á árinu sem er að líða.

SI

Samtök iðnaðarins

www.si.is.

markmiðum. Það er gríðarlega ánægjulegt að sjá markmiðin verða að raunveruleika og það hefði aldrei verið hægt án þess stórkostlega starfsfólks sem Marel býr yfir. Þetta sýnir hvað er mikilvægt að hafa skýra sýn, sterkan mannauð og vaxa í línu við stefnu og fara einungis í agaðar yfirtökur en ekki tækifærissinnaðar.

Núna stefnum við að vaxa um að meðaltali 12% á ári til ársins 2026. Í staðinn fyrir að vera með tvo þriðju í yfirtökum og einn þriðja í innri vexti, líkt og við höfum séð í sögu Marel þá verður hlutfallið þarna á milli jafnara. Á þessum tíma stefnum við að því að auka veltuna í þrjá milljarða evra og fjölga starfsfólki í 12 þúsund, þar sem meira en helmingurinn mun starfa utan Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna, sem í dag eru okkar stærstu markaðir.

Við notum nýsköpun og markaðssókn til að vaxa og styðjum við vöxtinn með yfirtökum. Einn kosturinn við yfirtökur er að maður skoðar ekki bara fyrirtækið, sem maður hyggst kaupa, heldur líka eigið fyrirtæki. Þetta eykur yfirsýn og leiðir oft til nauðsynlegra breytinga á rekstrinum, þar sem myndast tækifæri til að hreyfa til vöruframboð og skipan mannafla yfir í verkefni sem hafa raunverulega þýðingu í að ná fram framtíðarsýn okkar. Yfirtökurnar geta þannig flýtt mjög allri framþróun.“

### 35 sameiningar

Árni Oddur segir að 35 félög hafi sameinast Marel beint eða óbeint. Yfirtökurnar hafi ekki allar gengið snurðulaust fyrir sig en þær séu alltaf að ganga betur og betur. Þegar Marel keypti danska fyrirtækið Carnitech tvöfaldaðist velta og umfang Marel. Þetta var árið 1997 og var það á þeim tíma stærsta yfirtaka íslensks fyrirtækis á erlendri grundu. Það er því gríðarleg reynsla sem býr innan Marel á yfirtökum og samrunum.

> Byrjað var á að hanna tæki til að auka nýtingarhlutfall í fiskvinnslu á Íslandi en í dag sjáum við um allt vinnslukerfið frá slátrun til dreifingar og erum fremst í flokki á heimsvísu í kjöti og kjúklingi til viðbótar við grunn okkar í fiski.

„Á árunum 2006 til 2008 vorum við töluvert óþroskaðra félag en í dag, svo ég tali nú ekki um árið 1997 þegar Marel keypti Carnitech,“ segir Árni Oddur. „Okkar mannauður er stilltur inn á að læra og það hefur skilað sér. Þegar við förum í yfirtöku þá gefum við okkur langan tíma. Þegar loks gengið er frá samningi þá hafa viðræður oft staðið í um þrjú ár og stundum lengur. Ástæðan fyrir þessu er að þegar við tökum fyrirtæki yfir þá stefnum við að fullri samþættingu og þegar það er lokamarkmiðið þá þarf að skoða alla þætti mjög vandlega. Við verðum að hafa í huga að mörg þessara félag hafa verið í eigu sömu fjölskyldna í tvær til þrjár kynslóðir og við verðum að nálgast verkefnin af virðingu. Enda er það svo að sjaldan lærir maður meira inn á markaðinn en í samtölum við allt þetta reynslumikla fólk sem hefur áratuga reynslu í þjónustu við matvælaiðnað. Í byrjun á samþættingarferli leggjumst við á ný yfir kaupin, það er ósjaldan sem kemur í ljós að góðu rekstrareiningarnar eru betri en fyrri eigendur höfðu gert ráð fyrir og þær síðri eru enn verra staddar. Endurskipulagning á vöruframboði, samstilling vinnuafls og kerfa og aukin sala í gegnum sölu og þjónustunet Marel skilar svo auknum ávinningi ef rétt er gert.“

Að sögn Árna Odds hefur Marel farið í tiltölulega fáar yfirtökur í samanburði við suma af stóru keppinautunum.

„Þó að yfirtökurnar hafi verið færri þá hafa



**Árni Oddur fundar með Lindu Jónsdóttur, fjármálastjóra Marel, og Árna Sigurðssyni, framkvæmdastjóra stefnumótunar.**




# Velkomin á Olís

Við tökum vel á móti þér á Olísstöðvum um allt land og bjóðum góða þjónustu, fjölbreytt úrval bílavöru, gómsætan mat og ýmislegt annað fyrir fólk á ferðinni.

GRILL 66

Quiznos

PIPAR\TBWA • SÍA • 183176

AFSLÁTTUR MEÐ KORTUM OG LYKLUM

FRÍTT KAFFI MEÐ KORTUM OG LYKLUM

FRÍTT WI-FI

Vinur við veginn

olís



Að sögn Árna Odds mun Marel einhvern tímann á næstu árum framleiða tæki og búnað fyrir grænmetisframleiðslu. Það sé rökrétt skref.

> Þegar við förum í yfirtöku þá gefum við okkur langan tíma. Þegar loks gengið er frá samningi þá hafa viðræður oft staðið í um þrjú ár og stundum lengur.

þær verið hlutfallslega mjög stórar, sérstaklega þegar haft er í huga að oft er sagt skynsamlegt að miða við 30 til 40% aukningu á veltu við yfirtöku. Yfirtakan á Carnitech 1997 tvöfaldaði veltu Marel, sem og yfirtakan á Scanvaegt 2006 og yfirtakan á Stork 2008. Þegar við gengum frá yfirtökunni á MPS árið 2015 þá var það fyrirtæki um það bil jafnstórt og Stork var þegar við keyptum það.“

Í fyrra gekk Marel frá kaupum á brasilíska fyrirtækinu Sulmaq, sem var í raun fyrsta yfirtakan með það að augnamiði að styrkja markaðssókn Marel í Suður-Ameríku en Suður-Ameríka hefur á að skipa miklum landbúnaðarauðlindum og einnig er það heimamarkaður fyrir 650 milljónir neytenda. Fyrirtækið framleiðir búnað fyrir kjötvinnslu og veltir um 25 milljónum evra. Yfirtakan var einnig gerð með það að markmiði að auka aðgang félagsins að vel menntuðu starfsfólki til að styðja frekar við vöxt félagsins á heimsvísu. Síðasta sumar var gengið frá kaupum á þýska fyrirtækinu Maja, sem sömuleiðis framleiðir búnað fyrir kjötvinnslu og féll vel að vöruframboði Marel. Árlegar tekjur Maja nema um 30 milljónum evra. Þessar yfirtökur eru því litlar í samanburði við þær sem áður hafa verið nefndar. Árni Oddur segir að Marel sé alltaf að skoða önnur fyrirtæki með yfirtökur í huga.

## Flestir í Hollandi og á Norðurlöndum

Flestir starfsmenn Marel eru í Hollandi eða um tvö þúsund talsins þar sem grunnur að vélbúnaði í kjúklinga- og kjötvinnslu er til staðar og um 1.500 manns starfa í nýsköpunar og framleiðslusetrum félagsins á Norðurlöndum sem einbeitir sér að þróun fyrir fiskmarkaði svo og meginhluti af hugbúnaðarþróun fer þar fram. Rekstrarrætur eru því mjög sterkar í Hollandi, Íslandi, Danmörku og Noregi. Í Bandaríkjunum starfa hátt í 700 manns enda telur Norður-Ameríka um 30% af heildarveltu félagsins og þar sem Marel er í mikilli uppbyggingu í Suður-Ameríku eru starfsmenn nú þegar orðnir nálægt 700. Hátt í 300 starfsmenn starfa í Kína og annað eins í Slóvakíu sem eru til viðbótar við Brasilíu framleiðslueiningar fyrir búnað Marel.

Samtals eru starfsmenn nú um 6.000 talsins í yfir 30 löndum og öllum heimsálfum. Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði um 12.000 árið 2027 með um helming þess mannafla utan V-Evrópu og N-Ameríku og því mikilvæg skref sem verið er að stíga á mörkuðum í S-Ameríku, Asíu og víðar. „Viðfangsefnið er sífellt að fjárfesta í mannauði, innviðum og nýsköpun. Samkvæmt nýlegri úttekt McKinsey má sjá að það sem skiptir mestu máli í að meta hvort fyrirtæki geti skapað til framtíðar verðmæti fyrir viðskiptavini og hluthafa er að skoða stöðugleika í innviða- og nýsköpunarfjárfestingum og ásamt mannskap muni það ráða vexti og gæði tekna í dag og til framtíðar. Við erum að skila góðum rekstri og byggja til framtíðar.“

### Klasaáhrifin

Á Íslandi eru starfandi fjölmörg hátæknifyrirtæki, sem vinna að lausnum fyrir matvælaiðnaðinn og þá sérstaklega fiskvinnslu. Marel er langstærsta fyrirtækið en einnig má nefna fyrirtæki eins og Skagann 3X, Curio og Völku. Það sem einkennir þennan tæknigeira er að fyrirtækin starfa mikið saman og oftar en ekki má rekja samstarfið til íslenska Sjávarklasans. Segir Árni Oddur að Marel sé engin undantekning því fyrirtækið hafi meðal annars átt í góðu samstarfi við ýmis fyrirtæki og nefnir Skagann 3X, Kælismiðjuna Frost og Geislatækni sem dæmi. Hann segir að klasaáhrifin hér heima á Íslandi séu mikil.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa um árabil lagt ríka áherslu á tækniframfarir. Hefur sú áhersla verið frjór jarðvegur fyrir hátæknifyrirtækin. Marel spratt upp úr þessu umhverfi en sérstaða fyrirtækisins í dag er auðvitað fólgin í því að það er stórt alþjóðlegt fyrirtæki, sem hefur þróast frá því að framleiða eingöngu tæki fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu í að framleiða heildarlausnir með hugbúnaði fyrir kjöt- og kjúklingavinnslu auk Innova vinnsluhugbúnaðar sem nær yfir allt ferlið. Í dag eru um 50% tekna tengdar kjúklingavinnslu, 35% tengd kjöti og um 15% tengd fiskvinnslu.

„Þó að einungis eitt prósent af okkar tekjum sé vegna viðskipta við íslensk fyrirtæki þá þykir okkur mjög vænt um þær tekjur vegna þess að við erum að vinna í ótrúlegri nýsköpun og framþróun með okkar íslensku viðskiptavinum eins og t.d. Vísi í Grindavík og fleiri íslenskum fyrirtækjum,“ segir Árni Oddur. „Það er mikil framsýni í íslenskum sjávarútvegi og fyrirtækin hafa verið mjög viljug til að taka áhættu með okkur í þróun nýrra lausna til að bæta vinnsluna. Þar sem við erum í dag alþjóðlegt fyrirtæki þá höfum við einnig átt í svona samstarfi við erlend fyrirtæki og má nefna Leroy, einn stærsta vinnsluaðila á laxi í Noregi, sem frábært dæmi um slíkt samstarf auk Emslands og Esbro í Þýskalandi og Hollandi í framþróun á kjúklingamarkaði.

Árni Oddur sér þetta líka frá öðru sjónarhorni. „Upplýsingatæknibyltingin og aukinn ferðamannastraumur gerir Marel kleift að hafa stóra starfsstöð og höfuðstöðvar hér á landi. Núna eru tugir af flugi til og frá landinu á hverjum degi og tengist því Ísland umheim-

100 FULLVELDI ÍSLANDS

# FRAMFARIR Í HUNDRAÐ ÁR 1918-2018



Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Á hundrað árum hefur öflugt íslenskt atvinnulíf lagt grunn að góðum lífskjörum og mikilli velsæld.

LANDSMENN GETA VERIÐ STOLTIR Á HUNDRAÐ ÁRA AFMÆLISÁRI SJÁLFSTÆÐIS OG FULLVELDIS ÍSLANDS.

**TIL HAMINGJU.**

---

Sjáðu svipmyndir frá 1918 í Sjónvarpi atvinnulífsins á vef SA og kynntu þér upphaf hundrað ára ferðalags bjartsýnnar þjóðar. Einstaklingar og fyrirtæki tóku frumkvæði og nýttu tækifæri sem urðu til í kjölfar fullveldisins og uppskeran hefur verið ríkuleg.

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

inum vel. Viðskiptavinum okkar líkar einnig vel að stoppa við hér á Íslandi og taka með okkur stefnumarkandi ákvarðanir hér á landi. Aukinn ferðamannastraumur hefur einnig þau hliðaráhrif að framboð á frakt fyrir útflutning á ferskum fiski er tíðara og stöðugra.

Fiskur, sem unninn er á Íslandi á miðvikudegi eða fimmtudegi er kominn inn á bestu veitingastaði í New York á föstudagskvöldi. Þetta er mikil framþróun frá því sem áður var og mikil tækifæri til verðmætasköpunar."

**Minni sóun, meiri næring og sjálfbærni**

Árni Oddur segir að stærsta heilsubyltingin fyrir fjöldann sé að dreifikerfi í matvælaiðnaði, sem og gæði matvæla á skyndibitastöðum hafi aukist.

„Ef þú keyptir þér kjúklinganagga fyrir nokkrum árum á skyndibitastað þá var í flestum tilfellum búið að minnsta kosti búið að elda hann tvisvar og frysta tvisvar til þess að það væri örugglega ekki salmonella í honum. Með okkar tækjum er hægt að fylgjast með öllu ferlinu í framleiðslunni, meðal annars meðalhitunartíma. Einnig er Sensor X sem við upphaflega hönnuðum til að finna bein í fiski nú orðinn góður staðall fyrir marga í keðjunni til að sjá til þess að ekki finnist bein í kjúklinganöggum. Þannig fer Chick-fil-A skyndibitakeðjan sem eru okkar viðskiptavinir fram á að naggarnir séu sannprófaðir með Marel Sensor X. Þetta er líka gott dæmi um hvernig okkur tekst vel til við að flytja tækni á milli greinanna þriggja sem við störfum í."

Allir tuttugu stærstu matvælaframleiðendur í heimi eru viðskiptavinir Marel. Einn stærsti samningur sem Marel hefur landað var þegar samið var við Costco í fyrra um hátæknikjúklingaverksmiðju í Nebraska í Bandaríkjunum. Heildarkostnaður Costco við ræktun og verksmiðjuna er um 300 milljónir dollara eða 37 milljarðar króna og er Marel einn af stærri birgjum félagsins í búnaði til vinnslu.

„Costco, sem er súpermarkaður, tók eitt skref niður í virðiskeðjunni þegar félagið ákvað að framleiða kjúklinginn sjálft en ekki bara selja hann og varð þar með viðskiptavinur okkar. Forsvarsmenn Costco ákváðu þetta því þeir vildu hafa meiri stjórn á framleiðslunni – auka gæðin og auka öryggi. Fremstu fyrirtæki í matvælaiðnaði í dag eru mjög meðvituð um að minnka sóun, auka næringarinnihald, öryggi og að tryggja að framleiðslan sé sjálfbær með meðal annars minni vatns- og orkunotkun. Þessi atriði eru lykillinn að sjálfbærri matvælaframleiðslu og að matvæli séu hagstæð í innkaupum fyrir alla neytendur."

**Í grænmetið?**

Eins og áður sagði hefur Marel einbeitt sér að kjöti, kjúklingi og fiski en Árni Oddur segir að mikill þrýstingur hafi verið á fyrirtækið að framleiða tæki og búnað fyrir grænmetisframleiðslu.

„Við búum yfir tækninni en ástæðan fyrir því að við höfum ekki stigið skrefið í átt að grænmetisframleiðslu er að við teljum að enn sé óplægður akur í kjöti, kjúklingi og fiski," segir hann. „Það er mjög mikilvægt að vera með fókus. Það hefur verið mjög mikill vöxtur í eldislaxi, kjúklingi og svínakjöti. Fisktegundin tilapía er einnig að koma mjög sterk inn. Aftur á móti er framleiðslan á villtu rauðu kjöti og villtum fiski komin að þolmörkum en góðu fréttirnar eru að með aukinni gagnavinnslu og hugbúnaðarstýringu er hægt að bæta nýtinguna og dreifa til neytanda í takt við eftirspurn hverju sinni.

> Costco, sem er súpermarkaður, tók eitt skref niður í virðiskeðjunni þegar félagið ákvað að framleiða kjúklinginn sjálft en ekki bara selja hann og varð þar með viðskiptavinur okkar.

Það er því ákveðið „tipping point" núna í aukinni verðmætasköpun í rauðu kjöti og villtum fiski. Að öllu þessu sögðu þá er gæfa Marel að vaxa skref fyrir skref og væri því rökrétt skref einhvern tímann á næstu árum að færa sig einnig í grænmetisframleiðslu."

**Í öllum heimsálfum**

Marel selur í dag vörur sínar í öllum heimsálfum.

„Enn þann dag í dag koma um tveir þriðju hlutar af okkar veltu frá Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Þar höfum við verið að selja tæki í 20 til 30 ár sem þýðir að við höfum miklar þjónustutekjur frá þessum stöðum. Í því sambandi með nefna að þjónustutekjur nema nú um þriðjungi af heildartekjum Marel. Nýsalan er hins vegar ávallt að aukast og mesti vöxturinn er í mörkuðum Suður-Ameríku og Asíu. Ég tel að þau fyrirtæki sem munu vinna markaðina í Suður-Ameríku og Asíu muni verða leiðandi á heimsvísu.

Við höfum einbeitt okkur mjög að Suður-Ameríku og fjárfestingum þar og má þar nefna yfirtökuna á Sulmaq í Brasilíu á síðasta ári sem styrkir stöðu okkar á kjötmarkaði mikið. Þá höfum við í 20 ár unnið með fyrirtækjum eins og JBS og BRF í Brasilíu í kjúklingaiðnaði, sem og laxaframleiðendum í Chile. Við höfum einnig verið í miklum viðskiptum í Mexíkó og víðar í álfunni.

Ef við horfum á Ameríkumarkaðina þá eru um 30% af okkar veltu í Bandaríkjunum og Kanada en þar búa um 360 milljónir manna. Um 8% af okkar veltu eru í Suður-Ameríku og Mexíkó en þar búa 640 milljónir. Það sem Suður-Ameríka hefur líka er að í framtíðinni er reiknað með því að um 60% af framleiðslunni verði flutt út því skilyrði til ræktunar í þessari heimsálfu eru mjög góð. Í dag erum við með jafnmarga starfsmenn í Suður-Ameríku og í Bandaríkjunum eða um 700 talsins.

Það hefur verið efnahagslægð í Brasilíu síðan 2015. Þar búa 200 milljónir og þriðjungurinn með háskólamenntun, sem er ekki hátt hlutfall miðað við Ísland, en það eru samt 60 milljónir manns. Vegna kreppunnar fær margt ungt og efnilegt menntafólk ekki vinnu við sitt hæfi. Við erum að auka starfsemina í Brasilíu til að sinna Suður-Ameríku og Kína og Asíu í útflutningi en ekki síður til að ná í hæfileikaríkt og vel menntað ungt fólk."

Þó að Marel sé alþjóðlegt fyrirtæki hafa höfuðstöðvarnar alltaf verið á Íslandi. Spurður hvort hann sjái fyrir sér að það muni einhvað breytast svarar Árni Oddur: „Það er vilji núverandi eigenda og stjórnenda að hafa höfuðstöðvarnar á Íslandi og við erum mjög hreykin af því að hafa þær hér heima. Við erum íslenskt félag á íslenskum markaði og yfir 90% í eigu Íslendinga. Það ríkir reyndar smá misskilningur um staðsetningu höfuðstöðva almennt. Það er ekki á valdi fyrirtækja að ráða því hvar höfuðstöðvar eru. Höfuðstöðvar eru einfaldlega þar sem ákvarðanir samkvæmt stjórnskipulagi eru teknar. Marel hefur meginhluta af sínum stjórnarfundum hér á landi og þar fara einnig hluthafafundir fram ásamt því að forstjóri og fjármálastjóri félagsins eru staðsett hér."

**Skráning erlendis**

Áform um skráningu hlutabréfa Marel í alþjóðlegri kauphöll ganga samkvæmt áætlun.




# Verðmæti

***Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar***

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur

## Vorum unglingar í alþjóðaviðskiptum

Árni Oddur segir að Íslendingar hafi ekki byrjað í alþjóðaviðskiptum af alvöru fyrr en í kringum árið 1980.

„Þá á ég við útrás fyrirtækja," segir hann. „Í því samhengi er ekki skrítið að við Íslendingar fengum meiri skell í bankahruninu 2008 en flestar aðrar þjóðir. Við vorum bara unglingar í alþjóðaviðskiptum. Ef við berum okkur saman við Holland, sem ég þekki mjög vel, þá voru gullaldarár Hollendinga þegar Austur-Indía-félagið er sett á laggirnar í kringum 1600, það var svo árið 1636 sem fyrsta stóra bólan sprakk á fjármálamörkuðum þegar kom að skuldadögum í túlípanaæðinu (e. tulip mania). Hollendingar náðu sér á strik á nýjan leik og urðu mikil verslunar- og siglingaþjóð. Það ganga nánast allar þjóðir í gegnum svona nokkuð á unglingsárunum í alþjóðaviðskiptum og læra af því eins of við mannfólkið og koma svo á ný sterkari til leiks."

> Vöxturinn hefur verið ævintýri líkastur eða yfir 20% á ári frá skráningu félagsins. Marel er leiðandi á þeim markaði sem við störfum á.

„Við erum að vinna að tvíhliðaskráningu bréfanna, þar sem hlutabréf Marel yrðu skráð í erlenda kauphöll til viðbótar við þá íslensku," segir Árni Oddur. „Þó að félagið hafi yfir 99% tekna utan Íslands og geri upp í evrum, þá eru hlutabréfin skráð í íslenskum krónum hér á landi. Við teljum að fyrir alþjóðafyrirtækið Marel sé mjög mikilvægt að fá alþjóðlegt leiksvið fyrir hlutabréf félagsins. Verðmyndun og flæði bréfa frá degi til dags verði mun virkara í alþjóðlegri kauphöll. Það er mikill áhugi á félaginu en geta ýmissa fjárfesta til að fjárfesta á Íslandi er oft skilmálum háð.

Það var mikið heillaskref fyrir Marel að skrá sig hér á landi árið 1992. Við höfum í dag breiðan hóp hluthafa sem hafa stutt vel við vaxtarsögu Marel. Skráning í alþjóðlega kauphöll er eðlilegt næsta skref í framþróun félagsins. Það er hvorki hollt fyrir íslenskan hlutabréfamarkað að eitt fyrirtæki vegi svo þungt né fyrir okkur að vera svo háð sveiflum á þessum örmarkaði.

Yfirtökur á fjölskyldufyrirtækjum eru stór hluti af vaxtarsögu Marel. Við sameinum krafta okkar til að gera enn stærri hluti saman og umbreyta markaðnum. Í flestum tilvikum vilja eigendur þeirra félaga sem við sameinumst eiga áfram eignarhlut í stærri heild og sögu. Við tvíhlíða skráningu verða bréf félagsins aðgengileg í erlendri mynt í alþjóðlegri kauphöll sem styður þá frekar við vöxt og framþróun félagsins.

Við erum að skoða Kaupmannahöfn, Amsterdam eða London. Allar þessar kauphallir eru alþjóðlegar og má nefna sem dæmi að í þeirri minnstu sem er Kaupmannahöfn að þá eru um 60% viðskipta frá alþjóðlegum fjárfestum utan Danmerkur. Til samanburðar eru að mestu íslenskir fjárfestar á okkar smáa markaði. Við höfum sterkar rekstrarrætur í öllum þessum löndum sem er mikilvægt. Eitt er að skrá sig í erlendri kauphöll en það er bara toppurinn á ísjakanum því það sem skiptir mestu er hvernig mun ganga eftir skráninguna. Sagan sýnir að félög sem velja að skrá sig í landi þar sem þau eru hluti af samfélaginu, gengur betur en þeim sem hafa engar rætur í viðkomandi landi. Við erum að skoða allar þessar þrjár kauphallir jöfnum höndum.



**Árni Oddur segir að stefnt sé að því að velta Marel verði komin í þrjá milljarða evra árið 2026 og að starfsmennirnir verði þá orðnir tólf þúsund talsins.**

Til þess að einfalda ferlið þá skoðuðum við hvort við ættum að afskrá félagið á Íslandi og skrá það erlendis. Erlendu fjárfestarnir í Marel, íslensku lífeyrissjóðirnir og erlendu bankarnir ráðlögðu okkur frá því. Þegar félag sé með virkan hluthafahóp, sem hefur fylgt félaginu lengi og stutt vel við vaxtarsöguna eins og Marel hefur, þá væri ekki rétt að afskrá það. Félög sem færu þá leið væru oftast nær í meiriháttar vandræðum og í leit að fjármagni. Markmið okkar með skráningu erlendis er að ná betur til erlendra fjárfesta og fá fram dýpri verðmyndun með bréfin okkar. Við erum ekki að leita okkur að fjármagni við skráninguna, þess vegna hófum við að kaupa eigin bréf til að geta endurútgefið þau við skráningu erlendis. Skuldir Marel eru við neðri mörk þess sem við teljum vera ásættanlegt miðað við reksturinn. Marel skuldar tvisvar sinnum EBITDA. Þetta næsta skref í þroskasögu Marel er gífurlega spennandi og við erum full tilhlökkunar."

### Óþrjótandi tækifæri

Eins og komið hefur fram hefur vöxtur Marel undanfarin ár verið mikill.

„Við erum stolt af þeim árangri sem hefur náðst. Vöxturinn hefur verið ævintýri líkastur eða yfir 20% á ári frá skráningu félagsins. Marel er leiðandi á þeim markaði sem við störfum á. Það sem knýr okkur ávallt áfram er hins vegar sú staðreynd að við erum agnarsmá miðað við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Hvernig ætlum við að umbylta matvælaiðnaðinum og gera hann sjálfbærari í að sinna þeirri eftirspurnarsprengju sem er áframhaldandi þegar 60 milljónir manns bætast árlega við virka neytendur á heimsvísu. Hvernig getur það verið að heimsleiðtogi í að sinna grunnþörf við neyslu á kjöti, kjúklingi og fiski velti einungis nálægt 1.200 milljónum evra þegar neysluverðmæti þessara sömu afurða er um 1.200 milljarðar evra árlega? Við mætum þessum áskorunum einungis með aukinni fjárfestingu í tækni og innviðum. Matarsóun ein og sér í kjöti, kjúklingi og fiski er metin á um 400 milljarða evra á hverju einasta ári. Við höfum verk að vinna. Við ætlum áfram að halda áfram að umbylta matvælaiðnaðinum og auka næringu, sjálfbærni og minnka sóun í virðiskeðjunni. Það er bæði okkar samfélagslega ábyrgð og tækifæri til að skapa verðmæti fyrir viðskiptavini og hluthafa félagsins." ■




**Gleðilegt nýtt ár!**

Við óskum viðskiptavinum okkar og fjölskyldum þeirra farsældar
á nýju ári og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

A/F
ARCTICA FINANCE

www.arctica.is | Höfðatorgi, 15. hæð | 105 Rvk. | S. 513 3300


Landsvirkjun
Land endurnýjanlegrar orku
Frá gangnamunna í Sámsstaðaklifi liggja 270 metra löng aðkomugöng
að stöðvarhúsi Búrfellsstöðvar II.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eftirspurn eftir raforku á Íslandi í dag er mikil og mun aukast á sama tíma og fólk gerir sér sífellt betur grein fyrir vægi loftslagsmála. Hrein, endurnýjanleg orka mun gegna veigamiklu hlutverki í orkuskiptum í framtíðinni. Það að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir umhverfisvæna orku er eitt mikilvægasta framlag okkar til loftslagsmála á heimsvísu.

Búrfellsstöð II er nýjasta aflstöð Íslendinga. Hún var gangsett 28. júní 2018, en fyrsta aflstöð Landsvirkjunar, Búrfellsstöð, var gangsett á sömu slóðum tæpum fimmtíu árum fyrr. Nýja stöðin nýtir vatn sem áður rann fram hjá eldri mannvirkjum og bætir því umtalsvert nýtingu þeirrar auðlindar sem felst í fallvatninu.

Við framkvæmdina var lögð mikil áhersla á að lágmarka umhverfisáhrif eins og kostur er. Stöðvarhúsið er staðsett neðanjarðar og sjónræn áhrif eru því minni en ella. Vegna þess að fyrir voru aflstöðvar á vatnasvæðinu var hægt að samnýta vegi, raforkuflutningskerfi og uppistöðulón og lágmarka þannig rask. Ábyrg nýting orkunnar er öllum til hagsbóta.

**Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.**



# Kauphallarannáll

ÁSTGEIR ÓLAFSSON
& ANDRÉS MAGNÚSSON
**astgeir@vb.is; andres@vb.is**

Úrvalsvísitalan (OMXI8) hækkaði lítillega eftir að hafa lækkað síðustu tvö ár. Frá áramótum og þar til þessi kauphallarannáll var ritaður í annarri viku desembermánaðar hafði úrvalsvísitalan, leiðrétt fyrir arðgreiðslum, hækkað um 0,5%. Árið 2017 lækkaði vísitalan um 4,9%.

Óhætt er að segja að í heildina hafi árið verið flatt. Á meðan úrvalsvísitalan hækkaði lítillega lækkaði arðgreiðsluleiðrétt vísitala aðallistans (OMXI All-Share GI) um 1,6% frá áramótum. Í fyrra hækkaði sama vísitala um 4,4%.

Af þeim 18 félögum sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar voru einungis hlutabréf fjögurra félaga með jákvæða ávöxtun. Hagar voru það félag sem hækkaði mest á árinu og rétti verulega úr kútnum eftir að hafa lækkað um 33% á síðasta ári í kjölfar opnunar Costco. Annað árið í röð var það svo Icelandair Group sem lækkaði hlutfallslega mest í verði en bæði ytri og innri aðstæður félagsins hafa gert því erfitt fyrir.

Þess ber svo að geta að tvö ný félög bættust við aðallistann á þessu ári en það voru Arion banki og Heimavellir. Skráning Arion banka var sú stærsta hér á landi frá hruni. Þá hafa Kvika og Iceland Seafood tilkynnt að þau stefni að skráningu á aðallista á nýju ári.

Nokkrir þættir lituðu hlutabréfamarkaðinn í ár. Minni velta var á markaðnum en fyrri ár sem hefur oft orðið til þess að verð hreyfist töluvert í litlum viðskiptum. Þá hefur óvissa með framtíð ferðaþjónustunnar, þá sérstaklega vegna Wow air, og óvissa með framvindu kjarasamninga á nýju ári haft töluverð áhrif á væntingar fjárfesta.

## Ávöxtun frá upphafi árs

— arðsleiðrétt út 2. viku desember




## Hlutabréfamarkaðurinn

— hlutfallslegar breytingar á arðgreiðsluleiðréttu dagslokagildi frá upphafi árs 2018 út aðra viku desember







**Úrvalsvísitalan** OMX Iceland 8 GI vísitalan er úrvalsvísitala Nasdaq Iceland, leiðrétt fyrir arðgreiðslum, og er samsett af þeim átta félögum sem hafa mestan seljanleika í viðskiptum í Kauphöllinni. Vægi félaga í vísitölunni ræðst af flotleiðréttu markaðsvirði. Það þýðir að einungis það hlutafé sem ætla má að myndi grunn að virkum viðskiptum í Kauphöllinni er hluti af vísitölunni. Skeljungur kom inn fyrir Regin á árinu en tilkynnt var um miðjan desember að Reginn muni á nýju ári koma aftur inn fyrir Skeljung. OMX Iceland All-share GI vísitalan (aðalvísitalan eða heildarvísitalan) sýnir ávöxtun allra félaga á aðallista Kauphallarinnar.

## Hástökkvarinn
— Hagar




**HAGAR**

1 Hagar birta uppgjör fyrir fjárhagsárið 2017

2 Samruni Haga, Olís og DGV samþykktur

## Ókyrrð í lofti
— Icelandair




**ICELANDAIR**

1 Icelandair sendir frá sér fyrri afkomuviðvörun ársins

2 Greint frá fyrirhuguðum kaupum Icelandair á Wow air

## Óróleiki í landi
— Grandi




**HB GRANDI**

1 Tilkynnt um kaup Brim hf á 34% hlut í HB Granda

2 Kaup HB Granda á Ögurvík samþykkt

## Mesta veltan
— Marel




**MAREL**

1 Marel birtir uppgjör fyrir 2. ársfjórðung og greinir frá kaupum á MAJA

2 Marel lýkur 140 milljón evra langtíma fjármögnun

## Öldugangur
— Eimskip




**EIMSKIP**

1 Samherji Holding kaupir 25,3% hlut í Eimskip

2 Tilkynnt um að Gylfi Sigfússon muni hætta sem forstjóri um áramót

## Loksins staðfest
— Festi




**FESTI**

1 SKE telur sáttaviðræður vegna samruna N1 og Festi ekki heppilegar að svo stöddu

2 N1 og Samkeppniseftirlitið undirrita sátt vegna samruna N1 og Festi

## Sjálfsmark
— Sýn




**SÝN**

1 365 hf selur 10,9% hlut sinn í Sýn.

2 Greint frá því að Sýn hafi misst enska boltann yfir til Símans.

## Hringdans
— Skeljungur




**SKELJUNGUR**

1 Skeljungur sendir frá sér aðra jákvæða afkomuviðvörun ársins

2 Uppgjör fyrir 3F sýnir að árið sé nú þegar orðið það besta í sögu félagsins.

# Ummæli ársins

Ýmis skemmtileg og fyndin en á stundum undarleg ummæli féllu á árinu. Ekki voru allir alltaf jafngrandvarir í orðavali og vera mátti á þessu kosningaári, hvort sem það var í stjórnmálum, menningu eða viðskiptalífinu.



## Erfiðir tímar

*„Síðustu 72 klukkustundirnar hafa verið einhverjar þær erfiðustu í mínu lífi...“*

Skúli Mogensen í færslu á Facebook daginn eftir að greint var frá því að Icelandair Group hygðist kaupa Wow air.

8. nóvember 2018



## Vogun vinnur...

*„Nú eru vogunarsjóðirnir aftur búnir að taka völdin.“*

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, í viðtali á RÚV um sölu á hlut ríkisins í Arion banka.

22. febrúar 2018

## Skýr skilaboð

*„Þess má geta að á Norðurlöndunum er það ekki liðið að forstjórar hækki umfram almenna launaþróun.“*



Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA), lét orðin falla í ræðu á aðalfundi SA í apríl.

18. apríl 2018

## Læra af skolpinu



*„Lærdómur umræðunnar í sumar var nú sá að upplýsa heldur meira heldur en minna.“*

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vísar í skolpmengunina sumarið 2017 í viðtali á mbl.is um mengun neysluvatns í janúar.

18. janúar 2018

## Blekkingaleikurinn



*„Ég hef haft mjög sterkar skoðanir á framsetningu á kaupmætti og blekkingaleiknum í kringum þær tölur.“*

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, svarar spurningu Kristjáns Kristjánssonar á Sprengisandi um opinberar hagtölur.

8. febrúar 2018



## Feit bankabók

*„Ætli við leggjum þetta ekki bara inn á bók eins og var sagt í gamla daga, alla vega til að byrja með.“*

Kristján Loftsson sagði þetta í samtali við mbl.is eftir að hafa selt Guðmundi Kristjánssyni 34% hlut í HB Granda.

26. apríl 2018



## Keppni í sakfellingum

*„Menn eru í keppni um að reyna að sakfella menn.“*

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, lét ummælin falla um sérstakan saksóknara þegar hann gaf skýrslu í markaðsmisnotkunarmáli Glitnis í Héraðsdómi Reykjavíkur.

25. janúar 2018

## Keyrir um þverbak



*„Ég er ekki eins og hlaupari á Ólympíuleikunum sem hættir þegar hann fær gullverðlaun um hálsinn, ég held áfram að keyra.“*

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í viðtali á Rás 2 eftir að í ljós kom að hann hafði ekið tæplega 48 þúsund kílómetra á síðasta ári og fengið 4,6 milljónir endurgreiddar vegna aksturskostnaðar.

15. febrúar 2018

## Hagstofa VR



*„Þannig að það á frekar að treysta tölum sem þú og þitt hagsmunafélag hefur verið að taka saman heldur en „official“ tölum frá Hagstofu Evrópu?“*

Konráð Guðjónsson og Ragnar Þór Ingólfsson mættust í þættinum Þjóðbraut á Hringbraut í maí. Konráð beindi þessari spurningu til Ragnars Þórs þegar hann gerði athugasemdir við opinberar hagtölur.

9. maí 2018




## Frábært ár að baki í Smáralind

Við erum öll í skýjunum með Smáralind enda hafa gestir aldrei verið fleiri en á árinu sem er að líða. Vinsældirnar staðfesta að eftir endurskipulagningu ársins er Smáralind komin í fremstu röð verslunarmiðstöðva á Norðurlöndum, hvort sem litið er til vörumerkja, aðstöðu eða verðlagningar.

**Við óskum viðskiptavinum okkar, verslunum, veitingastöðum og þjónustuaðilum til hamingju og höldum uppbyggingunni áfram á nýju ári.**

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

## Má þetta?



*„Hver veitti leyfi fyrir því að hálfnakið fólk nýtti Alþingishúsið í auglýsingaskyni og gengi þaðan á sama hátt og forseti Íslands og þingmenn gera við þingsetningu?“*

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, vildi svör eftir að gjörningamyndataka Demoncrazy fór fram í þinghúsinu og spurði jafnframt hvort þetta þýddi tilslakanir á klæðaburði þingmanna.

14. júní 2018

## Á jörðinni



*„Það er engin skömm að tapa tveimur stigum gegn Argentínu.“*

Heimir Hallgrímsson, þáverandi þjálfari karlalandsliðsins í knattspyrnu, eftir leik Íslands og Argentínu á HM sem endaði 1-1.

21. júní 2018

## Barnalegir vinstri menn

*„Margir vinstri menn, einkum þeir barnalegustu, útmáluðu Piu sem útlendingahatara og andlit fasismans í Evrópu en vissu samt ekkert hver hún var.“*

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var lítt hrifinn af framferði þeirra sem gagnrýndu komu Piu Kjærsgaard, forseta danska þingsins, til Íslands vegna fullveldisafmælis Íslendinga.

26. júlí 2018



## Sorpmiðlar

*„Stundum er sagt að íslenskir stjórnmálamenn séu slappir og embættismannakerfið lítið skárra. Kannski er eitthvað til í því en sjálfur tel ég fjölmiðla veikasta hlekkinn í íslensku samfélagi. Eiginlega í ruslflokki eins og þeir segja hjá matsfyrirtækjunum.“*

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lítið álit á íslenskum fjölmiðlum og segir þá flesta stunda meiri pólitík en stjórnmálamenn en undir yfirskini hlutleysis.

5. júlí 2018

## Ábyrgðin



*„Ég ber sem forstjóri félagsins ábyrgð gagnvart stjórn og hluthöfum.“*

Ummæli Björgólfs Jóhannssonar þegar hann tilkynnti að hann hefði ákveðið að láta af störfum sem forstjóri Icelandair Group.

30. ágúst 2018



## Pant ráða

*„Móðir mín segir að þegar ég var fimm ára hafi mig langað að verða forsætisráðherra.“*

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sem segist síðar hafa hætt við og svo hætt við að hætta við að fara í stjórnmál.

27. september 2018



## Gjaldþrot

*„Ég bið fólkið afsökunar á þeim óþægindum sem það hefur lent í.“*

Andri Már Ingólfsson, eigandi flugfélagsins Primera Air, lét þessi ummæli falla í Morgunblaðinu. Félagið fór í greiðslustöðvun fyrsta dag októbermánaðar.

4. október 2018



## Braggablús

*„Braggi er næsta stig við tjald.“*

Vigdís Hauksdóttir lét þessi ummæli falla í viðtali við Viðskiptablaðið um það leyti sem braggamálið svokallaða var í hámæli.

11. október 2018

## Sámur lifir



*„Sámur er orðinn nokkuð gamall, hann er orðinn ellefu ára, þannig að Dorrit ákvað að láta klóna hann.“*

Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti, greindi frá þessu í viðtali á Rás 2.

1. nóvember 2018

## Klárum málið



*„Við getum klárað það okkar á milli eða blandað mun fleirum í þá baráttu mína.“*

Úr tölvupósti sem Einar Bárðarson sendi stjórnendum OR eftir að Áslaugu Thelmu Einarsdóttur, eiginkonu hans, hafði verið sagt upp störfum hjá ON. Einar fór fram á að Áslaugu yrðu greidd laun í tvö ár vegna uppsagnarinnar og gaf stjórnendunum ríflega þrjár klukkustundir til að svara erindinu.

22. nóvember 2018



## Stórbrotið lið

*„Svo ég vitni í Arnold Schwarzenegger úr True Lies – What a team!“*

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins lét þessi ummæla falla á frægum fundi sex alþingismanna Miðflokksins og Flokks fólksins á Klaustur bar í lok nóvembermánaðar. Voru þessi ummæli upphafið að samræðum sem fólu það í sér að þingmenn Miðflokksins buðu þingmönnum Flokks fólksins að skipta um flokk og ganga til liðs við Miðflokkinn.

30. nóvember 2018

## Smjörsmokkur



*„Geir slapp í gegnum þetta eins og smjör á smokknum hjá honum þarna Friðriki Ómari.“*

Þessi ummæli lét Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins, falla á Klausturfundinum fræga. Þarna talar Gunnar Bragi ansi frjálslega um „plottið“ í kringum það þegar hann skipaði Árna Þór Sigurðsson og Geir H. Haarde sem sendiherra.

29. nóvember 2018




# FRAMTÍÐIN ER Í ÞÍNUM HÖNDUM

**Kynntu þér MBA-námið við Háskóla Íslands**

MBA-námið við Háskóla Íslands er tveggja ára hagnýtt meistaranám ætlað þeim sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum og vilja auka þekkingu sína og hæfni til að takast betur á við forystuhlutverk í viðskiptalífinu.

Einstaklingar með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands starfa nú á flestum sviðum viðskiptalífsins, ýmist sem æðstu stjórnendur, millistjórnendur, sérfræðingar eða frumkvöðlar.

**Móttaka umsókna fyrir haustið 2019 er þegar hafin.**

ASSOCIATION OF MBAS

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

www.mba.is

# Bestu myndir Halldórs árið 2018

Halldór Baldursson hefur teiknað skopmyndir í Viðskiptablaðið frá árinu 1993 og er einn vinsælasti skopmyndateiknari landsins. Viðskiptablaðið valdi sex af bestu myndum Halldórs í blaðinu á þessu ári.





















UMSLAG

LÁGMÚLI 5
SÍMI 533 5252
WWW.UMSLAG.IS

2017- 2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

UMHVERFISVOTTAÐ FYRIRTÆKI

bsi. ISO/IEC 27001 Information Security Management
IS 594468

# Fólk á ferli

Árið 2018 var ár breytinga hjá fjölmörgum í íslensku atvinnulífi. Vistaskiptin voru margvísleg en hér má sjá það helsta sem dró til tíðinda á árinu.



**Bogi Nils Bogason** tók tímabundið við starfi forstjóra Icelandair Group í kjölfar þess að Björgólfur Guðmundsson sagði starfi sínu lausu sem forstjóri félagsins. Bogi gegndi áður stöðu fjármálastjóra hjá Icelandair Group. Hann var síðan ráðinn forstjóri í byrjun desember.



**Helga Árnadóttir** tók við starfi framkvæmdastjóra hjá Blue Lagoon Journeys, sem er dótturfélag Bláa Lónsins. Áður hafði Helga starfað sem framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Þar áður hafði hún starfað sem framkvæmdastjóri hjá VR og gegnt ýmsum stjórnunarstöðum hjá Icelandair.



**Svali H. Björgvinsson** var ráðinn til að stýra stefnumótun og viðskiptaþróun hjá Sjóvá, en hann hafði áður starfað sem framkvæmdastjóri mannauðs- og stefnumótunarsviðs Icelandair. Þar áður var hann framkvæmdastjóri mannauðssviðs Kaupþings.



**Guðrún Tinna Ólafsdóttir** var ráðin rekstrarstjóri verslunarsviðs Fríhafnarinnar. Hún hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri íslenska barnafatamerkisins Ígló ehf. og hjá Baugi Group. Þar áður starfaði Tinna hjá Kauphting Bank Luxembourg og Verðbréfamarkaði Íslandsbanka.



**Konráð S. Guðjónsson** var ráðinn hagfræðingur Viðskiptaráðs í byrjun árs. Konráð hafði starfað sem sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka í nokkur ár áður en hann tók við starfinu hjá Viðskiptaráði.



**Sæmundur Sæmundsson** tók við sem forstjóri Borgunar. Sæmundur hafði undanfarin ár gegnt stöðu framkvæmdastjóra þjónustu- og rekstrarsviðs Sjóvár en þar áður var hann forstjóri Teris.



**Magnús Ásgeirsson** var ráðinn framkvæmdastjóri Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Magnús hefur starfað hjá Nasdaq síðan sumarið 2007 og gegndi áður stöðu lögfræðings á eftirlitssviði Nasdaq á Íslandi og í Stokkhólmi og stöðu yfirlögfræðings Kauphallarinnar og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.



**Finnur Sveinbjörnsson** tók við sem framkvæmdastjóri bankasviðs Fjármálaeftirlitsins. Hann hafði áður starfað sem forstöðumaður alþjóðasviðs Borgunar. Finnur hefur einnig gegnt stöðu bankastjóra, bæði hjá Arion banka og Sparisjóðabanka Íslands.



**Margrét B. Tryggvadóttir** var ráðin forstjóri fjarskiptafyrirtækisins Nova. Margrét hefur tæplega tuttugu ára reynslu sem stjórnandi í fjarskiptageiranum en áður en hún kom að stofnun Nova starfaði hún meðal annars fyrir Tal og Vodafone.


BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242



**Birkir Hólm Guðnason** tók við sem forstjóri Samskipa. Áður en Birkir tók við framkvæmdastjóra stöðunni hafði hann starfað sem framkvæmdastjóri Icelandair í tíu ár, en alls starfaði Birkir hjá Icelandair í átján ár.



**Marta Guðrún Blöndal** tók við sem yfirlögfræðingur hjá ORF Líftækni. Marta starfaði áður sem aðstoðarframkvæmdastjóri og lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, þar sem hún meðal annars hélt utan um Gerðardóm ráðsins.



**Einar Snorri Magnússon** var ráðinn forstjóri Coca-Cola European Partners. Einar hefur sinnt ýmsum stjórnunarstörfum hjá fyrirtækinu síðustu 13 ár, en síðastliðin 3 ár hafði hann gegnt starfi framkvæmdastjóra markaðs- og sölusviðs.



**Jóhannes Þór Skúlason** hóf störf sem framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Jóhannes starfaði áður sem aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, meðal annars meðan hann var forsætisráðherra. Þá hefur Jóhannes Þór starfað sem grunnskólakennari og almannatengslaráðgjafi.



**Guðmundur Kristjánsson** tók við starfi forstjóra HB Granda. Áður hafði Guðmundur verið skipaður stjórnarformaður félagsins eftir að hafa keypt 34,1% hlut í félaginu. Skömmu eftir að hafa verið skipaður forstjóri sagði Guðmundur sig úr stjórn félagsins.



**Rannveig Sigurðardóttir** var skipuð aðstoðar-seðlabankastjóri til fimm ára af forsætisráðherra. Hún hafði frá árinu 2009 starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hagfræði- og peningastefnusviðs Seðlabanka Íslands og verið ritari peningastefnunefndar, ásamt því að vera staðgengill aðalhagfræðings bankans.



**Bergþóra Þorkelsdóttir** var ráðin forstjóri Vegagerðarinnar. Hún starfaði síðast sem forstjóri ÍSAM. Þá hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri Líflands og Kornax og einnig hjá Fastus. Hún tók einnig fyrr á árinu sæti í stjórn Viðskiptaráðs.



**Örn Guðmundsson** var ráðinn forstjóri verkfræðistofunnar Mannvits. Örn hafði áður gegnt stöðu fjármálastjóra Mannvits. Hann vann fyrir skilanefnd og slitastjórn Kaupþings 2009-2014 og hjá Símanum og Skiptum 2000-2009.



**Björgólfur Jóhannsson** tók við sem formaður Íslandsstofu skömmu eftir að hafa sagt starfi sínu lausu sem forstjóri Icelandair Group. Björgólfur hafði verið forstjóri Icelandair í rétt rúman áratug. Björgólfur var einnig kjörinn í stjórn Festar (áður N1).



**Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir** var ráðin framkvæmdastjóri Marel á Íslandi. Guðbjörg hafði áður stýrt vöruþróunarstarfsemi félagsins á Íslandi og í Bretlandi, auk þess sem hún hafði verið verkefnastjóri í vöruþróun fiskvinnslubúnaðar.



**Gréta María Grétarsdóttir** var ráðin framkvæmdastjóri Krónunnar. Gréta María var fjármálastjóri Festar í tvö ár áður en hún tók við starfi framkvæmdastjóra Krónunnar. Á árunum 2007-2016 starfaði Gréta María í fjármálageiranum.



**Hermann Stefánsson** var ráðinn forstjóri ÍSAM, sem áður nefndist ÍslenskAmeríska. Hermann starfaði áður sem framkvæmdastjóri dótturfélagsins ORA en þar áður var hann framkvæmdastjóri útflutningsfyrirtækisins Iceland Pelagic.



**Pétur Þorsteinn Óskarsson** tók við starfi framkvæmdastjóra hjá Íslandsstofu. Áður hafði Pétur verið framkvæmdastjóri samskiptasviðs Icelandair og þar áður starfaði hann hjá Símanum, bæði sem framkvæmdastjóri og yfirmaður samskipta.



**Baldvin Már Hermannsson** tekur við sem forstjóri Air Atlanta núna um áramótin en Baldvin hefur áður gegnt stöðu framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs flugfélagsins í áratug. Baldvin hefur starfað hjá Atlanta síðan árið 2001.



**Skúli Eggert Þórðarson** var kjörinn sem ríkisendurskoðandi af Alþingi til sex ára. Skúli hafði áður gegnt starfi ríkisskattstjóra frá árinu 2006. Skúli gegndi þar áður starfi skattrannsóknarstjóra frá árinu 1993.



**Gylfi Sigfússon** mun núna um áramótin láta af störfum sem forstjóri Eimskips. Gylfi mun þó ekki láta af störfum hjá félaginu því hann mun frá og með áramótum stýra daglegum rekstri Eimskips í Bandaríkjunum og Kanada.

# KYNNUM BEOVISION ECLIPSE

Velkomin heim. Á stað þar sem tæknin stelur ekki athyglinni en er til staðar á réttum forsendum. Með samtvinnun kristaltærrar OLED 4K myndar og heimsins besta sjónvarps hljóðkerfis, endurskilgreinir nýja Beovision Eclipse tækið sjónvarpsupplifun þína. Beovision Eclipse er fáanlegt í 55“ og 65“ stærðum.





bang-olufsen.com





PRESS PAUSE
AND PLAY

BeoVision Eclipse: Energy class A

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BANG-OLUFSEN.COM

BANG & OLUFSEN

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Bang & Olufsen á Íslandi

NETVERSLUN: ORMSSON.IS

ORMSSON



# Þurfum að vera sýnilegri erlendis



Forsetafrúin Eliza Jean Reid segir að hún hafi þurft að treysta á innsæi sitt varðandi það hvernig hún tækist á við hlutverk sitt sem forsetafrú, þar sem engar leiðbeiningar eru tiltækilegar varðandi það hvernig skuli sinna því hlutverki. Hún leggur mikla áherslu á jafnréttismál og nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eru henni hugleikin. Að sögn Elizu mega Íslendingar vera óhræddari við að koma út úr skelinni til þess að koma sér á framfæri erlendis.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
**sveinn@vb.is**

Eliza Jean Reid hefur nú í rúmlega tvö ár, eða allt frá því að eiginmaður hennar, Guðni Th. Jóhannesson, tók við embætti forseta Íslands, verið forsetafrú. Eliza segir að hlutverk sitt sé fjölbreytt, enginn dagur sé eins og hægt sé að móta það eftir sínu höfði.

„Það er engin handbók sem lýsir starfi forsetafrúar eða maka forseta. Ég lít á það sem kost, þar sem þá get ég fundið mér verkefni þar sem ég geri sem mest gagn fyrir hönd þjóðarinnar. Ég fer til dæmis nær alltaf með Guðna í opinberar heimsóknir, stundum fylgi ég hans dagskrá en oft er ég með mína eigin dagskrá. En mér finnst mikilvægt núna í nútímasamfélagi, sérstaklega þegar makinn er kona, að maki forsetans taki virkan þátt í samfélagsumræðunni og hiki ekki við að tjá sig ef hann vill það. Það eru auðvitað mikil forréttindi að gegna þessu hlutverki og maður getur hjálpað til við að varpa ljósi á mikilvæg málefni. Ég er til dæmis verndari nokkurra samtaka hér á Íslandi. Svo tek ég líka að mér, þegar tækifæri gefast, að ávarpa hópa og flytja setningarávörp á ráðstefnum. Ég nýti jafnframt þau ferðalög sem fylgja hlutverki mínu til þess að kynna Ísland á alþjóðlegri grundu. Það gagnast mér vel hvað það varðar að enska er móðurmál mitt auk þess sem ég tala frönsku.

Ég starfa einnig ennþá á vettvangi bókmennta enda hef ég talsverða reynslu þar. Ég er á meðal stofnenda hinnar árlegu rithöfundasmiðju, Iceland Writers Retreat, og sinni því verkefni enn. Ég hef því reynslu af því að reka fyrirtæki og hef unnið með hinum ýmsu fyrirtækjum hér á landi í tengslum við markaðsefni á ensku. Það eru mörg framsækin nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hér á Íslandi sem við megum vera stolt af. Ég hef jafnan reynt að nýta tækifærin sem gefast til að vekja athygli á þeim erlendis enda er mikilvægt að við nýtum öll tækifæri til að koma íslensku hugviti, framleiðslu og menningu á framfæri á erlendri grund.“

”

Ég hef jafnan reynt að nýta tækifærin sem gefast til að vekja athygli á þeim erlendis enda er mikilvægt að við nýtum öll tækifæri til að koma íslensku hugviti, framleiðslu og menningu á framfæri á erlendri grund.

## Þurfti að treysta á innæi sitt

Eliza segir að þegar Guðni tók við embætti forseta og fjölskyldan flutti á Bessastaði hafi henni þótt nokkuð erfitt að engar leiðbeiningar væru tiltækar um það nýja hlutverk sem hún var að taka að sér.

„Ég vil vita til hvers er ætlast af mér og virða reglur. Því hefði mér þótt ágætt ef ég hefði getað skoðað upplýsingar um hvað ég mætti gera og hvað ég mætti ekki gera. Ég er nokkuð íhaldssöm að þessu leyti.

Í byrjun velti ég því oft fyrir mér hvort ég ætti eða mætti sitja tiltekna fundi, en við því var í raun ekkert skýrt svar. Ég þurfti því að treysta á innsæi mitt hvernig ég tækist á við hlutverkið. Ég er að eðlisfari jákvæð manneskja og ákvað að líta á þetta jákvæðum augum. Þetta er í rauninni ekki starf og þar af leiðandi er engin starfslýsing en að sama skapi er gert ráð fyrir að maki forseta sinni ákveðnum málum eða verkefnum. Þetta nýja hlutverk, eða ætti ég kannski að segja hlutskipti, felur í sér mikil tækifæri til að láta gott af sér leiða og ég elska að sinna því.“

## Getum ekki verið best í heimi í öllu

Eliza hefur mikinn áhuga á alþjóðamálum og um leið á því hvernig við Íslendingar háttum samskiptum okkar við önnur lönd. Hún starfaði



**Að mati Elizu er Ísland vel menntuð og forvitin þjóð sem tekur nýjungum opnum örmum.** VB MYNDIR/HAG




Um leið og við þökkum ánægjuleg samskipti á líðandi fullveldisári óskum við landsmönnum öllum gleðilegs nýs ferðaárs. Verið velkomin um borð.

ICELANDAIR

> Ég þurfti því að treysta á innsæi mitt hvernig ég tækist á við hlutverkið.

í mörg ár sem blaðamaður og á þeim tíma ferðaðist hún mikið og skrifaði margar ferðagreinar. Auk þess er hún sérlegur velvildarsendiherra Sameinuðu þjóðanna fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu og hefur flutt erindi í því hlutverki bæði hér heima og erlendis.

„Þetta er mjög áhugavert svið. Nýsköpunar- og sprotastarfsemi er mér einnig hugleikin, en íslensk nýsköpunarfyrirtæki eru að gera mjög góða hluti á mörgum sviðum og hafa vakið athygli erlendis," segir Eliza.

„Við erum lítið land og getum auðvitað ekki verið best í heimi í öllu, en það eru nokkur svið þar sem við stöndum mjög framarlega. Þar má sérstaklega nefna vinnslu endurnýjanlegrar orku og nýsköpun í vinnslu sjávarafurða og hinar ýmsu tækni- og hugbúnaðargreinar þar sem íslenskt hugvit er í fararbroddi."

Þá nefnir Eliza sérstaklega íslenskan bókmenntaarf og bókmenningu, sem að hennar mati er mikil gersemi sem hlúa þurfi vel að. Þannig hafi nýlega verið greint frá því að aldrei hafi fleiri íslenskir höfundar komið út í erlendum þýðingum, sem sýni ótvíræðan styrkleika íslenskra bókmennta og sé til þess fallið að auka hróður landsins enn frekar.

„Áherslur mínar og áhugasvið eru því nokkuð fjölbreytt eins og ég hef farið yfir," segir Eliza.

„Það er eitt af hlutverkum forseta landsins, og um leið maka hans, að tala máli íslenskra fyrirtækja þegar það á við, íslenskrar menningar, íslensks hugvits og þannig mætti áfram telja. Ég vil nýta starfs- og lífsreynslu mína til þess að sinna þessu hlutverki eins vel og ég mögulega get um leið og ég styð við það sem Guðni er að gera," segir Eliza.



**„Það er eitt af hlutverkum forseta landsins, og um leið maka hans, að tala máli íslenskra fyrirtækja þegar það á við, íslenskrar menningar, íslensks hugvits og þannig mætti áfram telja."**

## Íslendingar opnari fyrir nýjungum

Eins og fram hefur komið hér að ofan hefur Eliza mikinn áhuga á nýsköpun og sprotafyrirtækjum. Spurð um hver sé helsti munurinn á umhverfi nýsköpunarfyrirtækja hér á Íslandi og í fæðingarlandi hennar Kanada, segir Eliza að Íslendingar séu að hennar mati opnari fyrir nýjungum heldur en mörg önnur stærri lönd.

„Það eru mörg ár síðan ég bjó í Kanada þannig að það er kannski erfitt fyrir mig að segja nákvæmlega til um það, en Ísland byggir vel menntuð þjóð sem er forvitin og tekur nýjungum opnum örmum. Aftur á móti er sérhæfingin minni hér en víða annars staðar þar sem fólk lokast oft inni á þröngu sviði; við erum svo fá að við þurfum oft að sinna mörgum hlutverkum. Ég get nefnt sem dæmi að þegar ég og vinkona mín vorum að byrja með Iceland Writers Retreat, skrifuðum við niður markmið okkar og gerðum áætlun. Þegar við höfðum samband við fyrirtæki í leit að styrkjum og þar rákum við okkur aldrei á það að fyrirtækin settu það fyrir sig að við hefðum aldrei skipulagt slíkan viðburð áður. Fólk hlustaði á hugmyndina okkar, spurði okkur í þaula til að kanna hvort hún væri hugsuð út í hörgul og var opið fyrir þessari nýju hugmynd.

Í litlu samfélagi þurfum við að hafa eiginleikann til að geta sett upp marga mismunandi hatta. Það er til dæmis ekki hægt að vera manneskja sem skipuleggur bara rithöfundaþing, heldur er mikilvægt að geta gert marga hluti. Það eru þó einnig vissar áskoranir til staðar hér sem eru ekki endilega til staðar annars staðar. Til dæmis þurfum við að efla og auka fjölbreytni við menntakerfið okkar fyrir fólk af erlendum uppruna, meðal annars til þess að laða alþjóðleg stórfyrirtæki og starfsmenn þeirra hingað til lands. Heimurinn er sífellt að minnka með auknum samskiptum, viðskiptum á alþjóðavísu og tækifærum á milli landa. Ísland og Íslendingar hafa alla burði til að vera stórtækir þátttakendur í þeirri þróun, hvort sem við horfum til starfsemi fyrirtækja, menntastofnana og annarra hér á landi eða þeirra tækifæra sem Íslendingar geta gripið erlendis. Hugmyndaauðgi þjóðarinnar og móttækileiki fyrir nýjum hugmyndum er mikill kostur. Sem samfélag erum við einnig dugleg að horfa til framtíðar, sem er jákvætt hvernig sem á það er litið."

Actavis



# Allt að verða vitlaust?

## Omeprazol Actavis
– Við brjóstsviða og súru bakflæði

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 711031

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Omeprazol Actavis**, 20 mg magasýruþolin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfellt áður en einkennin réna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**





„Heimurinn er sífellt að minnka með auknum samskiptum, viðskiptum á alþjóðavísu og tækifærum á milli landa.“

**Þurfum að vera óhrædd við að koma út úr skelinni**

Nýsköpunarfyrirtæki standa frammi fyrir mikilli áskorun þegar kemur að fjármögnun þar sem við erum fámenn þjóð, fjárfestar á þessu sviði ekki margir og fjármagn takmarkað. Að mati Elizu er því mikilvægt að kynna vel það sem við erum að gera á erlendri grundu.

„Fyrir okkur Íslendinga felst mikill styrkleiki í því að tilheyra Norðurlöndunum. Það styrkir markaðsstöðu okkar verulega auk þess sem rík samvinna er milli nýsköpunargeira Norðurlandanna.

Íslensk nýsköpunarfyrirtæki eiga að vera ófeimin við að kynna starfsemi sína á alþjóðlegum markaði og geta gert það í mun ríkari mæli en nú er. Ég, sem einstaklingur af erlendu bergi brotin, hef tekið eftir því að það virðist vera eitt af einkennum Íslendinga að það megi aldrei monta sig, það má vera stoltur en maður á aldrei að monta sig. Stundum finnst mér þetta viðhorf ganga aðeins of langt. Það er margt sem við megum vera stolt af og við eigum að vera óhrædd við að segja frá því. Það þýðir ekki endilega að við séum að monta okkur þó við segjum það bara hreint út að við séum góð í einhverju tilteknu atriði. Við gætum því klárlega bætt okkur í því að segja frá því á erlendum vettvangi sem við erum að gera vel, vera sýnilegri og koma fram af meira sjálfstrausti til að tala um það og fyrir því sem við erum að gera“.

Eliza segir að íslensk nýsköpunarfyrirtæki þurfi einnig að huga að því að mynda tengslanet sem nær út fyrir landsteinana. Hún nefnir sem dæmi að nýsköpunar- og sprotageirar Norðurlanda starfi vel saman að því í Bandaríkjunum að markaðssetja samstarfsverkefni norrænna fyrirtækja.

„Margir eiga sterkt tengslanet hér á Íslandi, en að sama skapi skortir oft tengingar erlendis sem verður til þess að það hamlar fólki að kynna starfsemi sína erlendis. Þá er ekki hægt að hringja í vin sinn eða frænku til að koma sér á framfæri,“ segir Eliza. „Við þurfum því að nýta og byggja enn betur upp tengslanet víðar en hér á Íslandi. Þetta er ekki eitthvað sem kemur af sjálfu sér, heldur þarf að leggja mikla vinnu í að læra á þetta alþjóðlega umhverfi. Fólk þarf að vera óhrætt við að koma út úr skelinni til þess að koma sér á framfæri.“

**Mikið svigrúm til framfara**

Það hefur vart farið framhjá þeim sem hafa fylgst með Elizu að jafnrétti er henni mjög hugleikið. Eliza bendir á að þó að Ísland sé vel statt á alþjóðlegan mælikvarða í jafnréttismálum, þá sé enn mikið svigrúm til frekari framfara í þeim málaflokki.

„Það er margt innan málaflokksins sem við getum verið stolt af en á sumum sviðum eigum við enn langt í land. Í samanburði við önnur lönd er staðan góð. Kannanir og tölfræði frá The World Economic Forum sýna að við erum í fremstu röð þegar kemur að jafnréttismálum meðal landa í heiminum. Þrátt fyrir þetta eigum við enn langt í land með það að komast á áfangastað. Ef einhver íslensk kona yrði spurð að því hvort hún sé ekki stolt af því að búa í landi þar sem er best að vera kona, þá efast ég um að margar myndu bara svara játandi án þess að bæta því við að það væri samt enn svigrúm til úrbóta.

Ég tilheyri hópi kvenna af erlendum uppruna en þessi hópur er í viðkvæmri stöðu, hlutar hans eru þeir einstaklingar sem þurfa að þola hvað mest af ofbeldi og mæta mestum fordómum. Við þurfum að passa upp á þennan hóp og fleiri hópa sem eiga erfitt uppdráttar vegna fordóma, til dæmis samkynhneigða, transfólk og aðra minnihlutahópa sem stundum eru jaðarsettir.

Það er gífurlega mikilvægt að fólk í opinberum stöðum, sem horft er til sem fyrirmynda, tali af virðingu í garð allra og sýni hana í verki. Því miður er það ekki alltaf þannig. Það er ekki síður mikilvægt að konur tjái skoðanir sínar til þess að næsta kynslóð sjái að konur hafi sterka rödd, skýrar skoðanir og sýni staðfestu við það sem þær vilja gera. Þannig bætum við samfélagið fyrir okkur öll.“

> „Við erum lítið land og getum auðvitað ekki verið best í heimi í öllu, en það eru nokkur svið þar sem við stöndum mjög framarlega.

hgschmitz.de

# Gira eNet – nýja þráðlausa, tvíátta hússtjórnarkerfið

## Innlagnaefni bætt við á einfaldan hátt

www.gira.is

**GIRA**

eNet Þráðlausi staðallinn í rafiðn

Ókeypis námskeið á www.academy.gira.com







**Innlagnaefni bætt við á einfaldan hátt**

Gira eNet er nýtt þráðlaust, tvíátta hússtjórnarkerfi fyrir snjalla samtengingu og stjórnun nútímalegra innlagnaefna. Með einföldum hætti er hægt að bæta við þráðlausum eiginleikum á borð við ljósa- og gardínustýringu og tengja þá saman. Hægt er að setja nýja þráðlausa rofa í stað þeirra sem fyrir eru og þarf því ekki að brjóta veggi og leggja nýjar lagnir. Í boði eru þráðlaus rofa- og dimmerlok, þráðlausir veggsendar og þráðlausar fjarstýringar.

Mynd frá vinstri til hægri: Gira eNet þráðlaust rofa-/dimmerlok, einfalt, System 2000 – Gira eNet þráðlaus stjórnhnappur fyrir rimlagardínur, einfaldur – Gira eNet þráðlaus veggsendir, þrefaldur, Gira E2, mjallhvítt glansandi










**Einfalt er að stjórna eNet í snjalltækjum**

Með Gira Mobile Gate er hægt að stjórna öllu kerfinu í farsímum og spjaldtölvum með iOS- og Android-stýrikerfi. Þannig er hægt að stjórna gardínum, ljósum og senum á einfaldan og þægilegan hátt í Gira viðmótinu í gegnum þráðlausa netið á heimilinu. Hægt er að sjá stöðu ljósa og gardína á augabragði.

Mynd: Nýja Gira viðmótið fyrir Mobile Gate á snjallsíma

Viðurkenningar sem Gira viðmótið hefur hlotið: Red Dot Award – Communication Design 2014, Best of the Best fyrir mestu gæði hönnunar [Viðmótshönnun: schmitz Visuelle Kommunikation]

S·GUÐJÓNSSON

Smiðjuvegur 3 · 200 Kópavogur · Sími: 520-4500 · www.sg.is




Margra vikna mótmæli og óeirðir hafa sett íslenskan aðventublæ á Parísarborg, þótt þar hafi hvorki verið kveikt í jólatrjám né IKEA-geitum. VB MYND/EPA

# Upplausn í Evrópu

ANDRÉS MAGNÚSSON
**andres@vb.is**

Nýtt ár boðar ekki minni óvissu í heimsmálunum en það sem nú er liðið. Þar horfa menn ekki síst til pólitískrar óvissu, sem kristallast í valdatómarúmi í mörgum frjálslyndum lýðræðisríkjum heims í Evrópu, á sama tíma hinir ýmsu valdsherrar hafa fremur hert tök sín í nokkrum stórríkjum heims öðrum. Ekkert virðist heldur hagga hinum hviklynda Bandaríkjaforseta, sem lítur beinlínis á það sem erindi sitt að hrista upp í hlutunum, jafnt á heimsvísu og heimavelli. Það er svo tæplega bjartsýnisefni, að það virðist hilla undir endalok uppgangstímans í Bandaríkjunum, komið er að niðursveiflu á evrusvæðinu sem er mjög illa undir hana búið eftir fjármálaþrengingar undanfarins áratugar og fáir vilja veðja miklu á að ekki geti dregið til tíðinda í Kína. Gleðilegt ár!

Í Evrópu ættu menn að vera í óða önn að undirbúa hátíðarhöld í tilefni af 30 ára afmælis falls Berlínarmúrsins, en þar hafa menn hugann við flest annað. Þar er nærtækast að horfa til þeirra dæmalausu vandræða, sem Bretar hafa átt í með að hrinda Brexit í framkvæmd. Þegar þessar línur eru lesnar hefur þú, lesandi góður, verulegt forskot á höfundinn, því þú veist hvort Theresa May er enn forsætisráðherra eða ekki, en um það hefur greinarhöfundur enga hugmynd vegna hinnar fáránlegu einstefnu í framvindu tímans, en þessi orð eru skrifuð um miðjan desember. En hvernig sem því er farið blasir við að húsráðandinn í Downingstræti 10 á ekki sjö dagana sæla. Hann er að komast í tímaþrot, Evrópusambandið má heita honum óvinveitt, pattstaða í þinginu, pólitísk staða hans og umboð afar veik og þjóðin – burtséð frá afstöðu hvers og eins til Brexit – orðin nær úrkula vonar að þingræðið ráði við verkefnið og efasemdir uppi um að lýðræðið sé virt.

**Merkel á síðustu metrum**

En þegar litið er yfir Ermarsund er ástandið engu skárra ef að er gáð. Evrópusambandið hefur sjálfsagt aldrei verið jafnlaust við lýðræðislega, pólitíska forystu. Angela Merkel Þýskalandskanslari er svo þorrin kröftum, að einu virðist gilda hvort hún hættir á morgun eða þraukar til 2021. Það er opinbert leyndarmál að hún var ekki sérstaklega áfram um að bjóða sig fram 2017, en lét til leiðast til að veita Evrópu forystu og kjölfestu við fyrirsjáanlegar hræringar af völdum Donalds Trump.

Það hefur hins vegar lítt gengið eftir, öðru nær raunar, því Þjóðverjar eru að átta sig æ betur á því hve illa þeir eru búnir til þess að eiga sjálfstæða utanríkispólitík nú þegar *pax americana* – hinn langvinni friður í skjóli Bandaríkjanna – virðist vera að renna sitt skeið. Heiko Maas utanríkisráðherra talaði digurbarkalega um að Þýskaland þyrfti að verða mótvægi við Bandaríkin meðal rótgróinna lýðræðisríkja heims, en síðan

# EITT ER VÍST: ALNO



INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími: 587 2700

Opið 11-18 virka daga og 11-16 laugardaga. www.alno.is

Hjá INNlifun er mikið úrval innréttinga. Sérsmíði, fjöldi lita, efna og stíltegunda.

ALNO

Now that's a kitchen.

hefur komið í ljós að Þýskaland hefur hvorki grundvöll né styrk til þess. Fyrir utan hitt að önnur ríki Evrópusambandsins (ESB) horfa með mjög misjöfnum hætti á þessi mál, en eru sennilega allra síst á því að fela Þýskalandi slíkt forystuhlutverk, að einhverju leyti af sögulegum ástæðum, en aðallega vegna þrenginga undanfarinna ára, sem margir hafa viljað rekja til þess að hagsmunir Þýskalands hafi verið látnir ganga fyrir á vettvangi ESB.

Merkel á lítið pólitískt kapítal eftir á heimavelli og litlu minna meðal annarra Evrópuríkja, sums staðar minna en ekki neitt. Það er ekkert sérstakt sem bendir til þess að meðal Þjóðverja finnist í bráð arftaki hennar, sem haft geti ámóta forystu og frumkvæði á Evrópuvísu og þegar Merkel mátti heita mútter allrar Evrópu. Og ekki nóg með það, því það er engan veginn útilokað að hinn hálfnazíski Alternative für Deutschland (AfD) eða ámóta hreyfingar komist til frekari áhrifa í komandi kosningum og félagsleg ólga í Þýskalandi aukist.

## Molnar undan Macron

Hinum megin við Rínarfljót hugðist hinn ungi Frakklandsforseti nota tækifærið og taka að sér að leiða Evrópu og dýpka til muna á samruna Evrópusambandsins, líkt og hann lýsti af aðdáunarverðri hreinskilni síðastliðið vor. Það er svo annað mál hvort önnur aðildarríki Evrópusambandsins vildu láta til leiðast, en á það reyndi ekki. Staða Macrons heima fyrir var mun veikari en sýndist; hann náði kjöri aðallega fyrir að vera ekki Le Pen, að Sósíalistaflokkurinn var nýhruninn og kjósendur mjög efins um það sem eftir lifði af gamla flokkakerfinu, en pólitískt bakland á hann ekki svo heitið getur.

Macron boðaði nýja tíma og margvíslegar efnahagslegar umbætur í kosningabaráttu sinni, ekki síst á vinnumarkaði, sem hefur um áratugabil verið þjakaður af magnþrungnu regluverki og í herkví herskárrar verkalýðshreyfingar, sem þó hefur ekki nema um 7% launþega á sínum snærum. Eins ráðgerði Macron miklar skattabreytingar, en hinn almenni Frakki ber verulega skattbyrði ofan á mjög háan framfærslukostnað. Til þessa hafa umbæturnar þó verið sáralitlar og þegar eldsneytisgjöld voru hækkuð mikið, sauð upp úr og um miðjan nóvember brutust út mótmæli nýrrar hreyfingar „gulstakka“ – mótmælendur klæðast gulum endurskinsvestum, sem skylt er að hafa í öllum bílum í Frakklandi.

Mótmælin umbreyttust iðulega í óeirðir og skemmdarverk, þannig að eldar hafa log-



**Angela Merkel á lítið pólitískt kapítal eftir á heimavelli og litlu minna meðal annarra Evrópuríkja.**

að á helstu götum höfuðborgarinnar síðan. Skoðanakannanir sýna að gulstakkar njóta mikils stuðnings almennings og eftir að hafa lengi skellt skollaeyrum við gaf Macron eftir í byrjun desember, afturkallaði eldsneytisskattana og boðaði ýmsa friðþægingu og fjárburð úr ríkissjóði annan. Mikið efamál er að þær ráðstafanir standist reglur Evrópusambandsins í ríkisfjármálum, en hitt er þó sjálfsagt verra að þær hrifu ekki. Mótmælendur færðust aðeins í aukana og kröfðust jafnvel afsagnar forsetans, sem sakaður er um að vera forseti hinna ríku og bera ekkert skynbragð á kjör hins almenna Frakka og allra síst hinna lægst launuðu. Þær ásakanir eru þeim mun sárari fyrir það að það er mikið til í þeim.

## Vaktaskipti í Brussel

Það er því fátt, sem bendir til þess að þessi tvö burðarríki Evrópusambandsins geti rækt forystuhlutverk sitt í bráð, sem er þeim mun bagalegra fyrir það að Bretland er á útleið og önnur ríki sambandsins ekki til stórræðanna líkleg. Mörg Miðjarðarhafslandanna eru orðin efnahagslega bágstödd, Spánn er í mjög viðkvæmri stöðu og ríkisstjórnin á fallandi fæti, en á Ítalíu á pópúlísk ríkisstjórn Fimmstjörnuhreyfingarinnar og Bandalagsins í opinberum erjum við ESB, meðan á austurvæng sambandsins hefur þjóðernislegra sjónarmiða gætt í æ ríkari mæli.

Á sinn hátt hefur embættismannavald Evrópusambandsins fyllt upp í þetta valdatómarúm. Það hafa margir gagnrýnt, að ókjörnir og nánast ábyrgðarlausir embættismenn ESB hafi gengið mun lengra en völd þeirra og umboð leyfa. Þar hafa augu manna helst staldrað við hirð Jean-Claude Juncker, hins lúxemborgíska forseta framkvæmdastjórnarinnar, sem áhöld voru uppi um á sínum tíma hvort hefði reynslu eða vigt til þess að valda embættiinu, en í síðari tíð hefur hann þó ekki síður verið gagnrýndur fyrir drykkjuskap.

Það sígur þó á seinni hlutann hjá honum, því kjörtímabili hans lýkur í nóvember og Juncker hyggst ekki leita endurkjörs. Ýmis nöfn hafa verið nefnd um hver geti tekið við, en þar skarar enginn einn fram úr. Þar kann Evrópuþingskosningin um miðbik ársins að hafa áhrif, en þar gera menn ráð fyrir að hinar gömlu, hefðbundnu stjórnmálablokkir gefi enn eftir og pópúlískari hreyfingar sæki áfram í sig veðrið. Hvernig sem það fer er varla að vænta afdráttarlausari forystu og aukins stöðugleika frá Brussel við stólaskiptin þar. Og aðrir hafa svo sem ekki minni áhyggjur af fjármálalegum stöðugleika evrusvæðisins, en Mario Draghi, Seðlabankastjóri Evrópu, er einnig á förum síðla hausts.

## Valdablokkir riðlast og stoðir bresta

Pólitískar aðstæður í Evrópu eru vitaskuld misjafnar eftir ríkjum, en það má samt vel greina sameiginlega drætti, þar sem djúpstæður ágreiningur um efnahagsmál og þjóðmenningu er bæði innan þeirra flestra og á milli þeirra. Þar hefur sókn pópúlískra afla gegn gömlu kerfisflokkunum mjög skerpt allar átakalínur og margir óttast að hið lýðræðislega jafnvægi milli jafnaðarmannaflokka og borgarlegri flokka Evrópu kunni að vera fyrir bí, en fylgi þeirra hefur hrunið um allar trissur. Þar ræðir þó ekki aðeins um aukna skautun til hægri og vinstri, heldur hafa hin pópúlísku öfl sagt sjálfu valdakerfinu, establísmentinu, stríð á hendur.

Áherslurnar eru mismunandi eftir löndum, en hvarvetna hafa menn átalið hvernig völd og auður hafi safnast á fárra hendur í höfuðborgunum, meðan þorri þjóðanna hafi setið eftir og fundið fyrir þrengingum fjármálakreppunnar löngu af fullum þunga. Sú gagnrýni er ekki úr lausu lofti gripin.

Það er samt ekki svo að menn vænist þess að ný pólitísk öfl taki völdin, því þó að það hafi molnað undan gömlu flokkunum, þá hafa nýir flokkar í fæstum tilvikum náð nægilegum árangri til þess að taka við


Gleðilega hátíð
Við teljum að með öflugu samstarfi leggjum við öll grunninn að bjartri framtíð. Þess vegna er Alcoa Fjarðaál stoltur styrktaraðili nýstofnaðrar Sinfóníuhljómsveitar Austurlands, sem spilaði á sínum fyrstu tónleikum þann 1. desember. Hér má sjá hinn 18 ára gamla Kristófer Gauta Þórhallsson, fiðluleikara, sem kom í fyrsta skipti fram með fullskipaðri sinfóníuhljómsveit.
Við óskum Sinfóníuhljómsveit Austurlands velgengni á nýju ári og sendum landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Fjarðaál
alcoa.is
Alcoa

stjórninni. Þvert á móti hefur flokkakerfið splundrast, stóru flokkarnir minnkað mjög og fjöldi smærri flokka aukist, með pattstöðu og pólitískri lömunarveiki, sem aftur leiðir af sér aukna gremju almennings.

Það er augljóst af vandræðum Macrons, Merkel og May að þau glíma við brest á pólitísku áhrifavaldi, sem vissulega má finna mismunandi ástæður fyrir, bæði pólitískar og persónulegar, sérstakar og almennar. En það má finna sama mynstur um alla álfu, sem bendir til þess að það hrikti í valdastoðunum sjálfum, sem ógnað getur stöðugleika bæði einstakra ríkja og Evrópusambandsins alls, sem nágrannar og önnur ríki heims munu varla fara varhluta af heldur.

Á sama tíma og einstakir leiðtogar (ef það er rétta orðið) í Evrópu þurfa að hafa sig alla við til að slökkva elda innanlands, hafa þeir ekki getað gefið innbyrðis togstreitu í ESB gætur, hugað að vandræðum evrunnar eða náð minnsta árangri í lausn farandkreppunnar, sem valdið hefur ómældri mannlegri þjáningu, aukið efnahagslegar byrðar og kynt undir félagslegri ólgu, sem enginn skyldi vanmeta.

## Ameríka og alþjóðakerfið

Á sama tíma er alþjóðasamfélagið í mikilli deiglu, hvort sem horft er til heimsviðskipta, öryggismála eða valdajafnvægis. Ljóst má vera að þeir Donald Trump Bandaríkjaforseti og Xi Jiping, alvaldur í Kína, munu ekki bíða eftir því að fulltrúi Evrópu gefi sig fram við móttökuna. Á þessu ári mun draga til tíðinda í samskiptum risanna beggja vegna Kyrrahafs og það mun hafa heimspólitíska þýðingu í nánd og firð. Eins og sakir standa virðist Evrópa ekki munu hafa neitt um það að segja, en hún mun finna fyrir afleiðingunum af fullum þunga.

Nú skyldu menn ekki ofmeta innsæi Donalds Trump í helstu álitaefni samtímans og farsæla lausn þeirra. Hann er vitaskuld fremsta afsprengi hinnar pópúlísku bylgju heimsins, hefur lagt sitt af mörkum til þess að skemma stjórnmálamenningu vestanhafs og leggur sig í líma við að vera óútreiknanlegur og óbilgjarn í alþjóðasamskiptum, þar sem hann hefur glaður í bragði sagt upp alþjóðlegum samningum og kastað forystuhlutverki Bandaríkjanna á mörgum sviðum, finnist honum það of dýru verði keypt. Á móti má minna á að vestanhafs hefur verið mikill og almennur efnahagsuppgangur (þó þar sé sennilega að síga á seinni hlutann), Trump er ólíklegri en flestir forvera hans til þess að fara fram með vopnavaldi í fjarlægum löndum, hann hefur staðið sig a.m.k. ekki lakar en Barack Obama gagnvart málefnum Miðausturlanda og hver veit nema hann eigi eftir að fá friðarverðlaun fyrir atbeina sinn á Kóreuskaga? En það skyldi enginn vænta þess að hann muni hjálpa til við að lappa upp á hina frjálslyndu og reglubundnu alþjóðaskipan, sem menn hafa leitast við að koma á allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar og menn vonuðust til að kæmist á með lokum kalda stríðsins, endalokum sögunnar og því öllu.

## Harðstjórnir halda sínu striki

Í Kína hefur Xi Jinping náð öllum völdum til sín og herðir enn tökin. Alþýðulýðveldið verður 70 ára á nýju ári, en Xi hefur meiri áhyggjur af því að þá verða jafnframt 30 ár liðin frá fjöldamorðunum á Torgi hins himneska friðar og nú þegar eru þess margvísleg merki að engum muni líðast að rifja upp blóðbaðið þar eða kalla á aukið lýðfrelsi í landinu. Varla leikur nokkur vafi á að hann mun nota átökin við Bandaríkin til þess að sveipa sig fánanum og sameina þjóðina gegn hinum ytri óvini, sem vill koma böndum á kínverska drauminn. Komi til einhverra áfalla má hins vegar vel vera að Kínverjar áfellist Xi, en að líkindum munu þeir þurfa að bera harm sinn í hljóði.

Fjórða kjörtímabil Vladímírs Pútín Rússlandsforseta mun ekki reynast honum auðvelt. Hagkerfið er að hægja verulega á sér og ánægja almennings með forsetann hefur hríðfallið í skoðanakönnunum. Fyrirsjáanlegt er að refsiaðgerðir erlendra ríkja muni bíta enn frekar, erlend fjárfesting nánast stöðvast og rúblan falla. Það mun ekki ógna völdum Pútíns í neinu, en hann á færri tromp á hendi til þess að fylkja þjóðinni að baki sér á ný. Yfirgangur á alþjóðavettvangi er þannig tæplega kostur lengur, svo hann mun leita að óvinum heima fyrir. Eins og dæmin sanna er hann fundvís á þá.

## Endurnýjun lýðræðisins

Eigi lýðræðisríki Evrópu að ná fyrri styrk og heilsu, þurfa þau ljóslega að endurhugsa hvernig lýðræðinu er þar háttað. Bæði með það fyrir augum að valdhafarnir – jafnt í einstökum ríkjum og á Evrópuvísu – hlusti á almenning og séu ábyrgir gagnvart honum, auki valddreifinguna svo ákvarðanir standi nær almenningi, en eins að leita leiða til þess að komast hjá frekari skautun og sundrun í þjóðþingunum, svo þingræðið sé starfhæft. Ella getur enn sigið á ógæfuhliðina. ■



**Emmanuel Macron Frakklandsforseti hefur glatað miklum trúverðugleika heima og heiman.**



**Angela Merkel Þýskalandskanslari er nú ekki svipur hjá sjón og haltrar að útgangingum.**



**Theresa May, forsætisráðherra Breta, þraut pólitískt afl og erindi.**



**Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, lætur af störfum á árinu.**



**Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur til mikils að vinna, en ekki án áhættu.**



**Xi Jinping, alvaldur í Kína, hefur hert tökin mikið en það linar ekki vaxandi efnahagsspennu.**



**Vladimír Pútín Rússlandsforseti glímir við efnahagsstöðnun, alþjóðlega einangrun og aukna óánægju.**



**Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, hefur á brattann að sækja, og nú herja pópúlistar á hann líka.**




# Betri laun

Laun krefja atvinnurekendur um fagmennsku og trúnað. Frávik eru gjarnan ávísun á fjárhagslegt tjón og tortryggni. Þess vegna sjá yfir eitt hundrað stór og smá fyrirtæki sér hag í að útvista launasýslu sinni til VIRTUS. Með þjónustu við tæplega tvö þúsund starfsmenn þeirra er VIRTUS orðin ein af stærstu launadeildum landsins.

Við reiknum út launin, greiðum þau ásamt launatengdum gjöldum, skilum launaseðlum rafrænt til einstaklinganna og gögnum til RSK, lífeyrissjóða og stéttarfélaga. Við stemmum launahluta bókhaldsins af sé þess óskað og skilum viðskiptavinum okkar færslum í fjárhagsbókhaldið án upplýsinga um einstaka starfsmenn. Við vöktum breytingar í lagaumgjörð eða regluverki og spörum launagreiðendum óþarfa fyrirhöfn eða áhyggjur af nýjum kröfum um persónuvernd og annað álíka. Markmiðið er einfalt: Að gera launasýslu viðskiptavinanna í senn öruggari og hagkvæmari en ella. Sem sagt „betri laun".

**Hafðu samband takk**
**og við gerum þér tilboð í launavinnsluna samdægurs.**

VIRTUS

*- betri fjármál*

Bókhald | Launasýsla | Reikningar | Ráðgjöf | Skipholti 50d | Reykjavík | 414 3200 | virtus.is



**Ósennilegt að Íslendingar séu tilbúnir að gera allt sem þurfi til við lagningu sæstrengs.**
VB MYNDIR/HAG

# Í álgeiranum fyrir tilviljun

**Líklega hafa fáir Íslendingar náð lengra í alþjóðlegum fyrirtækjarekstri en Tómas Már Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Alcoa. Hann segir ferilinn í álgeiranum hafa hafist fyrir tilviljun og hann hafi aldrei stefnt á stjórnunarstörf heldur ætlað að verða arkitekt. Öryggisvörður var við heimili hans í fimm sumur á meðan álverið á Reyðarfirði var í byggingu. Hann telur ósennilegt að Íslendingar muni fallast á það sem til þurfi til að leggja sæstreng.**

INGVAR HARALDSSON
**ingvar@vb.is**

Tómas Már Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Alcoa, hefur verið einn af æðstu starfsmönnum Alcoa, eins stærsta álframleiðanda heims, undanfarin sjö ár og á að baki nærri aldarfjórðungslangan feril í álgeiranum. Hann segist hafa fetað þessa braut fyrir algjöra tilviljun. Árið 1995 hafði Tómas nýlega hafið störf hjá verkfræðistofunni Hönnun eftir að hafa lokið framhaldsnámi í umhverfisverkfræði við Cornell háskóla. „Markaðsstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, sem þá var til, hafði látið vinna skýrslu á flutningi álvers frá Þýskalandi til Íslands. Kenneth Peterson komst í þessa skýrslu og var að velta fyrir sér að kaupa þetta álver og flytja það til Venesúela, og sótti um lóð þar. Hann skoðaði Ísland líka og ég var tiltölulega nýbyrjaður og var í teymi á verkfræðistofunni sem vann að þessu með honum.“ Aldrei barst svar frá Venesúela en samningar náðust hér heima ásamt tilskildum leyfum til að byggja álverið á Grundartanga undir merkjum Norðuráls. „Þá var ég búinn að vinna það mikið fyrir hann að hann bauð mér vinnu. Ég var einn af fyrstu starfsmönnum hans á Íslandi. Við fluttum álverið og byggðum það upp. Þetta var mikill skóli, sér í lagi þar sem verkefninu var sniðinn mjög knappur stakkur, boðleiðir voru stuttar og þarna var ég tiltölulega nýlega útskrifaður úr framhaldsnámi.“

Peterson var nokkuð áberandi í íslensku viðskiptalífi í kringum aldamótin sem eigandi Norðuráls og stór hluthafi í fjarskiptafélaginu Halló, sem síðar varð að OgVodafone. Í upphafi árs 2004 seldi Peterson álverið til Century Aluminum. Á sama tíma var Tómasi boðið að gerast forstjóri Fjarðaáls, dótturfélags Alcoa á Íslandi, sem var að hefja framkvæmdir við álver á Reyðarfirði. „Það var alveg stórkostlegur tími. Bæði að setja saman stjórnendateymið og stýra því hvernig við myndum byggja okkur upp með samfélaginu og mannauðinn,“ segir Tómas. „Við í lykilstjórnendateyminu skoðuðum álver og vinnustaðamenningu og annað í Noregi, Kanada, Bandaríkjunum, Brasilíu og víðar og reyndum að velja það sem við töldum best. Á þessum tíma var erfitt að fá fólk til að flytja austur að vinna. Við þurftum að skara fram úr og vera öðruvísi að einhverju leyti.“ Tómas segir afar ánægjulegt að koma á Reyðarfjörð í dag, fimmtán árum eftir að verkefnið hófst enda sé fyrirtækið vel rekið og mörg spennandi verkefni sem tengist álverinu á borð við stóriðjuskólann og fjölda annarra menntunartengdra verkefna. Eins sé fyrirtækið í fararbroddi við að innleiða ýmsar nýjungar innan samsteypunnar.

**Með öryggisvörð í fimm sumur**

Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa á Reyðarfirði var afar umdeild. Framkvæmdunum var harðlega mótmælt og beittu mótmælendur ýmsum ráðum til að koma skoðun sinni á framfæri. Mótmælendum tókst að stöðva vinnu um tíma með því að klifra upp í byggingakrana, hlekkja sig við vinnuvélar og þá var grænu skyri skvett á ráðstefnugesti álráðstefnu í Reykjavík.

„Það var öryggisvörður fyrir utan heimili

mitt í fimm sumur. Það var ráðist á hús, bíla og ýmislegt," segir Tómas. „Innan um friðsæla mótmælendur leyndust víst nokkrir róttækir erlendir aðgerðarsinnar og þótti ástæða til að hafa allan varann á. Þeir voru taldir óútreiknanlegir og þess vegna voru þessar ráðstafanir gerðar. Ég er fjölskyldumaður, með fjögur börn og okkur var einfaldlega ráðlagt að hafa þennan háttinn á. Það var ekki skemmtilegt en sem betur fer gerðist ekkert alvarlegt og það sem gerðist leystist farsællega og við vildum ekki vekja athygli á því. En þetta var sérstakur tími og mikill hiti í fólki."

> Menn væru ekki að tala um auðlindasjóði nema í því fyrirtæki hefðu verið teknar efnahagslega réttar ákvarðanir í gegnum tíðina.

verkefna samanborið við álverin. „Ég get að mörgu leyti skilið stefnu Landsvirkjunar síðustu ár að hafa farið í smærri verkefni og byggja í raun upp dreifðari markað en hefur verið. En menn verða að gera sér grein fyrir því að því fylgir önnur áhætta. Landsvirkjun hefur í gegnum tíðina byggst upp á því að hafa verulega sterka mótaðila sem skuldbinda sig til að kaupa orkuna í langan tíma hvort sem hún er notuð eða ekki. Hvort sem það eru Rio Tinto í Straumsvík, Alcoa á Reyðarfirði, Century Aluminum eða Elkem upp á Grundartanga. Þetta eru traustir aðilar sem



Tómas segir stefnu Landsvirkjunar að leggja áherslu á smærri verkefni skiljanlega þótt því fylgi meiri áhætta.

### Andstaðan skiljanleg

Tómas segir geta skilið þær deilur sem risu um virkjanaáform sem þá voru á teikniborðinu. Um tíma var stefnt að því að stækka álverin í Hvalfirði og Straumsvík sem og að byggja álver í Helguvík og á Bakka. „Ég lít svo á að menn hafi að einhverju leyti verið að bregðast við öllum þessum áformum á sínum tíma. Ég skil því ágætlega að fólk hafi brugðist við því. Það var ekkert óeðlilegt við það. Það er eðlilegt að tekist sé á um auðlindanýtingu. En okkur tekst oft að pólarísera umræðuna um ákveðna hluti og á þessum tíma var þessi umræða ansi heit. En ef við horfum á Landsvirkjun og Kárahnjúkavirkjun er klárt að fjárhagslega hefur þetta borgað sig. Það er miklu sterkara fyrirtæki í dag. Menn væru ekki að tala um auðlindasjóði nema í því fyrirtæki hefðu verið teknar efnahagslega réttar ákvarðanir í gegnum tíðina. En það má alltaf gagnrýna og rökræða umhverfisþáttinn og ég ber virðingu fyrir þeim sjónarmiðum.

### Smærri verkefnum fylgi meiri áhætta

Undanfarin ár hefur hefur Landsvirkjun fært sig í auknum mæli að selja raforku til minni standa í skilum og í dag stendur fyrirtækið mjög sterkt. Því má segja að það sé í stakk búið til að þróa annars konar og smærri verkefni en um leið er hugsanlega að taka meiri áhættu. Það sýndi sig til dæmis með kísilverkefninu í Helguvík. Þar var reynt að taka áhættu með ömurlegum afleiðingum, ekki bara fyrir Landsvirkjun, lífeyrissjóðina, banka heldur alla aðra því að orðspor orkufreks iðnaðar hefur skaðast," segir Tómas. United Silicon í Helguvík fór í greiðslustöðvun í ágúst á síðasta ári eftir innan við ársrekstur og nær samfellda hrakfallasögu.

# Bætt þjónusta og aukinn áreiðanleiki

Nýtt siglingakerfi Samskipa tryggir jafnt útflytjendum sem innflytjendum bætta þjónustu og aukinn áreiðanleika.

Styttri flutningstími

Aukinn áreiðanleiki með breyttri áætlun og stærri skipum

Bætt þjónusta við útflytjendur á ferskum fiski

Bætt þjónusta við innflytjendur ferskra afurða

Vikulegar viðkomur í öllum höfnum Samskipa á ströndinni






## Útflutningur

Þjónusta sniðin að þörfum útflytjenda ferskra afurða






## Innflutningur

Aukinn áreiðanleiki og bætt þjónusta

SAMSKIP

Saman náum við árangri

> Ég held að virkjanir í framtíðinni muni að mestu miða við að mæta almennri aukningu í raforkunotkun, hugsanlega vexti í gagnaverum og kísilmálmi, og vonandi styðja við heilbrigðan vöxt þess iðnaðar sem fyrir er í landinu.



**Tómas segist hafa ætlað að verða arkitekt og aldrei hafa sett stefnuna á stjórnunarstörf.**

„Ég er alls ekki að segja svona verkefni geti ekki verið góð fyrir okkur ef vel er staðið að málum. Ég lít svo á að það sé vissulega pláss fyrir nokkur minni verkefni en í dag er engin pólitísk pressa á þessi verkefni. Við Íslendingar höfum það gott og undanfarið hefur atvinnuleysi vart verið marktækt. Við miðum okkar sjálfsmynd mikið við að allir hafi vinnu. Ég held að virkjanir í framtíðinni muni að mestu miða við að mæta almennri aukningu í raforkunotkun, hugsanlega vexti í gagnaverum og kísilmálmi, og vonandi styðja við heilbrigðan vöxt þess iðnaðar sem fyrir er í landinu. Samt sé ég ekki að framundan séu einhver meiriháttar stóriðjuverkefni að svo stöddu."

## Hugnast sæstrengur illa

Lagning sæstrengs sem flytur raforku á milli Íslands og Bretlands hefur verið til skoðunar hjá stjórnvöldum undanfarin ár. Tómasi telur ósennilegt að af lagningu hans verði. „Í umræðunni um sæstreng er aldrei rætt um það sem þarf til. Hversu margar virkjanir þurfi til. Það þyrfti að byggja háspennustrengi um landið þvert og endilangt til að smala henni saman. Ég held að raskið sem því fylgir að smala saman orku úr hverjum einasta bæjarlæk til þess að flytja þúsund megavött til Evrópu sé meira en Íslendingar séu til í að fallast á. Það myndi gjörbreyta landinu og ímyndinni miklu meira en við höfum smekk fyrir. Persónulega held ég að orkan sé best nýtt hérna heima. Verðið sem við Íslendingar borgum fyrir orkuna ætti að vera lægra en við borgum í nágrannalöndunum. Í því felst ákveðið samkeppnisforskot sem við þurfum svo sannarlega á að halda því að við erum langt frá öllu og því aðföng dýr. Svo er þessi strengur alveg svakalega langur. Svona langur strengur hefur aldrei verið byggður. Það er tæknileg áhætta fólgin í því sem ég veit ekki hver á að taka og endar sjálfsagt á að viðskiptavinirnir, sem eru ég og þú, borga rafmagnsreikninginn." Þá fari kostnaður við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa á borð við sólarsellur og vindmyllur hratt lækkandi. „Það eru miklar fjárfestingar sem standa yfir á þessu sviði og tengingarnar innan Evrópu eru alltaf að batna."

### Kínverjar skekki samkeppnina

Minna hefur orðið úr uppbyggingu álvera á Íslandi en stefndi í þegar álverið á Reyðarfirði hóf rekstur árið 2007. Tómas bendir á að þegar öll stækkunaráformin voru á teikniborðinu hafi verið fyrirséð að eftirspurn eftir áli myndi aukast næstu árin. „Menn sáu réttilega fram á mikla aukna eftirspurn eftir áli en sáu ekki hvaðan orkan ætti að koma til að knýja þetta allt áfram og reiknuðu með mun hærra álverði til frambúðar en raunin hefur verið. Það sem gerðist síðan var að Kínverjar bókstaflega tóku þennan iðnað yfir og mættu allri eftirspurnaraukningunni og rúmlega það. Þeir byggðu sinn áliðnað upp alveg ótrúlega hratt og nýttu til þess kolaorku." Á síðustu fimmtán árum hefur verið samdráttur í álframleiðslu í hinum vestræna heimi en Kínverjar framleiða í dag 55% af öllu áli í heiminum. „Byggingakostnaður

NÁKVÆMNI

# 精度

Hver einasti Lexus er afrakstur vinnu mörg hundruð handverksmanna.
Hver og einn þeirra þarf að standast tíu þrepa próf í nákvæmni,
aga og fagmennsku til að verða fullgildur í starfið.

**ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD**



> Það er lykilatriði í þessu að fá fólk og fyrirtæki til að vinna saman.

þeirra hefur verið um 15-20% af því sem kostar að byggja sambærilegar verksmiðjur í hinum vestræna heimi. Þeir hafa því þolað mun lægri verð en aðrir.“ Þar hjálpi til að ríkisstyrkir séu lagðir til uppbyggingarinnar sem ekki séu gefnir upp opinberlega.

Tómas bendir á að Kínverja vanti báxít, sem álið er unnið úr. „Það hafa mörg fyrirtæki vaxið hratt á að selja Kínverjum báxít. Nú eru Kínverjar sjálfir farnir að vinna báxíð víðs vegar um heiminn. Eins og til dæmis í Gíneu þar sem gnægt er af báxíði í jörðu. Þar hafa verið opnaðar nýjar námur á ævintýralegum hraða. Það er athyglisvert að sjá hversu hratt þeir hreyfa sig og virðast eiga auðvelt með að fjármagna sig og fá tilskilin leyfi. Þetta skekkir samkeppnisstöðu allra annarra.“

### Þurfti að taka til

Eftir að álverið á Reyðarfirði var komið af stað hóf Tómas að fá önnur verkefni hjá Alcoa, þótt hann væri enn með starfstöð í Reykjavík – byggja álver á Bakka við Húsavík, auk verkefna á Grænlandi og að stýra fjárfestingum hjá Alcoa í Evrópu. Í árslok 2011 var Tómas svo ráðinn forstjóri Alcoa í Evrópu. „Það var að mörgu leyti mjög skemmtilegt, það var ekki bara álið og súrálið heldur líka virðisaukandi framleiðsla í tengslum við flugvélar, bíla og fleira. Starfstöðvar félagsins voru um alla Evrópu.“ Fjölskyldan flutti til Genfar í Sviss þar sem þau dvöldu í ríflega þrjú ár.

Tómas segist það ekki hafa verið svo mikil viðbrigði að taka stökkið og fara frá Íslandi yfir í eina af æðstu stjórnunarstöðum alþjóðlegs stórfyrirtækis. „Ég var kannski búinn að taka ákveðin skref á löngum tíma. Uppbygging Norðuráls var alþjóðlegt verkefni þar sem saman komu bæði amerískur fjárfestir, alþjóðlegir bankar og evrópskar verkfræðistofur. Ég kynntist því ýmsu í gegnum Kenneth Peterson og hans fólk á þessum tíma. Bygging Fjarðaáls var svo mjög alþjóðlegt verkefni. Þannig að ég hef sjálfsagt og alveg óméðvitað verið alinn upp í slíku umhverfi og lærði frekar



**Með því að vera staðsettur á Íslandi nær Tómas sambandi við allar starfstöðvar Alcoa á einhverjum tíma dagsins.**

fljótt að skilja hvernig þessi fyrirtækjaheimur virkar. Og það er náttúrulega heilmikil pólitík í honum. Ég hef alltaf haft gaman af því. En þetta er pólitík sem maður skilur oft betur en þessa hefðbundnu því að eins og ég hef upplifað þetta er þetta pólitík sem að reynir að hámarka árangur. Ekki að ná samnefnara sem svo kannski allir eru jafn óánægðir með. Ég held að ég hafi snemma áttað mig á að í svona stórum fyrirtækjum er gríðarlegur mannauður sem maður getur gengið í og nýtt til góðra verka. Maður gerir ekkert sjálfur en hefur aðgang að frábærum sérfræðingum í næstum því öllu sem kemur upp. Ef maður lærir að nýta það þá gengur manni vel. Það er lykilatriði í þessu að fá fólk og fyrirtæki til að vinna saman.“

Tómas segir að það hafi þurft að taka til í rekstrinum hjá Alcoa á þessum tíma. „Það hafði ríkt kreppa mjög lengi í okkar iðnaði og við þurftum að skera niður kostnað, loka verksmiðjum og skipuleggja okkur upp á nýtt. Ég hef alltaf haft gaman af því og það má kannski í gríni segja að ég hafi lagt sjálfan mig niður tvisvar sinnum. Við endurskipulögðum fyrirtækið og forstjórastarfið í Evrópu var að lokum lagt niður og ég fór til Bandaríkjanna.“

### Uppvaskinu aldrei stolið

Árið 2014, eftir ríflega þriggja ára starf í Sviss, færðist starfstöðin því frá Genf og til New York þar sem hann tók við starfi framkvæmdastjóra framleiðslu hjá Alcoa á heimsvísu, og varð




Við erum við símann frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga.

**Sími 580 0000 / a4@a4.is / www.a4.is**

A4



**Þó að sumir mótmælendur hafi gengið of langt segist Tómas hafa skilning á þeirri andstöðu sem var við stóriðju hér á landi.**

næstráðandi forstjóra félagsins. „Allur rekstur félagsins heyrir undir mig. Það er þá allt ferlið, námuvinnsla, súrálsframleiðsla, álvinnsla, orkuframleiðsla og ýmiskonar úrsteypun.“

Eiginkona Tómasar, Ólöf Nordal, ráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, lést fyrir um tveimur árum eftir langvinn veikindi. Saman eiga þau fjögur börn. „Þegar við fluttum til New York þá veiktist Ólöf, bókstaflega á leiðinni. Hún var skorin upp hér og við ákváðum að vera hér, þannig að við fluttum aldrei alveg til New York.“

Þó að Tómas hafi starfað í New York bjó hann hér heima. „Ég þvældist bara á milli og var með aðstöðu á hóteli. Það var í raun mjög góður tími, Ólöf náði sér vel og hellti sér í pólitíkina á ný og ég var kannski að jafnaði hálfan mánuðinn í burtu.“

Hjónin voru í annasömum störfum á þessum tíma. Ólöf var innanríkisráðherra og Tómas framkvæmdastjóri hjá Alcoa. Tómas segir fjölskylduna hafa átt góða að, og nærfjölskyldan búi í nágrenninu. „Þetta var bara látið ganga upp. Auðvitað gerir maður ekki svona nema reyna að forgangsraða persónulega og láta það sem skipta máli skipta máli. Við sögðum það stundum í gríni að það hefur aldrei neinn stolið uppvaskinu. Það eru ákveðnir hlutir sem að þurfa að bíða stundum. Maður passaði sig á því að fjölskyldan væri í forgangi og hefði sinn tíma og þá gengur þetta,“ segir Tómas.

### Stýrir Alcoa úr Laugardalnum

Þann 1. nóvember síðastliðinn má segja að Tómas hafi lagt starf sitt niður á ný. Sviðum Alcoa hefur verið fækkað úr sex í þrjú og óþarfi að hafa sérstakan framkvæmdastjóra á milli sviðsstjóranna og forstjórans. Því er Tómas nú titlaður aðstoðarforstjóri félagsins þar sem hann stýrir stefnumótun og samstarfi við aðra aðila. „Reksturinn er mikið at allan sólarhringinn og svo þetta er aðeins annar taktur sem mér líst mjög vel á. Eitthvað sem var kannski kominn tími á því maður var búinn að ganga í gegnum ýmislegt. Í millitíðinni var líka búið að skipta félaginu í tvennt og skrá upp á nýtt. Það var mjög mikil vinna í því.“

Árið 2016 var Alcoa skipt upp í tvö sjálfstæð félög. Sá hluti sem fullvann vörur, til að mynda í flugvélar og bíla, fékk nafnið Arconic en frumframleiðsluhlutinn hélt Alcoa-nafninu. „Mesti vöxturinn hjá okkur hefur verið í námuvinnslunni og súrálsframleiðslunni. Það sem ég hef haft hvað mest gaman af er að það er í raun búið að breyta félaginu tvisvar. Við erum búin að fara frá því þegar félagið var í raun og veru svæðisskipt þar sem það var forstjóri fyrir hverju heimsvæði yfir í að við skiptum okkur eftir vörulínum.“ Þannig urðu til sérstök svið sem sáu um völsun, virðisaukandi úrsteypun, álframleiðslu, súrálsframleiðslu, námuvinnslu og enn eitt um orkuframleiðslu.

Tómas segir að hann sinni megninu af sinni vinnu á skrifstofunni á heimili sínu í Laugardalnum. „Stærsti hluti af vélarafli Alcoa er á vesturströnd Ástralíu og þótt það hljómi undarlega þá get ég þess vegna leyft mér að vera svona mikið á Íslandi. Við erum á þannig tímabelti að ég næ öllum vel einhvern tímann yfir daginn.“

### Ætlaði að verða arkitekt

Þrátt fyrir að hafa verið í stjórnunarstöðum mestallan sinn starfsferil segist Tómas ekki hafa stefnt sérstaklega þangað. „Ég ætlaði alltaf að vera arkitekt en þetta þróaðist bara svona. Maður tók kannski snemma ábyrgð ef eitthvað þurfti að klárast, var með samviskusemi yfir að láta hlutina ganga upp. Einhver andi frá því að maður var í íþróttum í gamla daga, að liðið sé stærra heldur en einstaklingurinn þannig að maður reyni að nýta alla í liðinu. Maður eyðir svo miklum tíma í vinnunni að ef maður hefur ekki gaman af henni er það tímaeyðsla og maður reynir að láta sjálfum sér og öðrum líða vel um leið og maður reynir að ná árangri.“

Hann er þó óhræddur við að gera breytingar. „Ég hef sem betur fer fengið að heyra að það sé gott að vinna með mér en ég geri breytingar ef ég þarf að gera þær og hef margoft gert það. En það er vissulega oft erfiðasti hlutinn ef maður þarf að gera miklar breytingar eða segja fólki upp. En ef allir vita hver markmiðin eru og væntingarnar eru á hreinu þá skilja venjulega allir hvar þeir standa. Þannig á það líka við um mann sjálfan.“

### Umræðan ósanngjörn

Í gegnum tíðina hefur umræðan um álver litast af umræðu um umhverfisáhrif af stóriðju og skattamálum álveranna. Reglulega hefur því verið haldið á lofti að Alcoa hafi ekki greitt tekjuskatt hér á landi. Tómas segir að umræðan sé oft fremur ósanngjörn. „Það var gerður fjárfestingasamningur í upphafi og við höfum alla tíð farið eftir honum. Eftir hrunið greiddum við sérstakan orkuskatt og fórum í gegnum Seðlabankann með öll okkar gjaldeyrisviðskipti í höftunum í stað þess að nýta

## Sérstakt að eiga við Trump

Donald Trump Bandaríkjaforseti lagði 10% toll á innflutt ál til Bandaríkjanna fyrr á þessu ári. Aðgerðinni var harðlega mótmælt af stærstu álframleiðendum heims „Það hefur það valdið hugarangri og heilabrotum, fyrir nær öll fyrirtæki í mínum bransa. Þessir tollar beinast í rangar áttir. Við höfum verið helstu talsmenn þess að hverfa frá þeim, jafnvel þó að það sé skammtímaávinningur fyrir okkur í Ameríku. Bandaríkjamenn nota um 5,5 milljónir tonna af áli á ári en framleiða innan við eina milljón tonna af áli sjálfir. Ef þú flytur allt þitt inn og það er tollur á öllu þýðir það að verð hækkar á öllu sem er úr áli sem endar á því verðlag eykst eða menn finna önnur hráefni.“ Tómas bendir á að grunnvandinn felist í útflutningi á áli frá Kína sem sé niðurgreitt af þarlendum stjórnvöldum. Fjölmörg fyrirtæki hafi byggt upp framleiðslu sinn hvoru megin við landamæri Bandaríkjanna að Kanada og Mexíkó en skyndilega þurfi nú að greiða tolla fyrir að flytja vörur yfir landamærin. „Þarna er hann að níðast á þjóðum sem eru vinaþjóðir,“ segir Tómas. „Að eiga viðskipti með Trump í Hvíta húsinu er ekki þægilegt, óvissan er svo mikil. Ég hef bara yfirhöfuð áhyggjur af því hvernig hann nálgast aðrar þjóðir. Hann virðist vilja nálgast öll verkefni þannig að hann sé stór og aðrir litlir og það þurfi að beita þvingunum,“ segir hann.












# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Við þökkum verkkaupum okkar fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða og þeim sem fengu sín verk afhent á árinu innilega til hamingju með góða og trausta eign.

**ÍSTAK**

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*

Ístak hf - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - istak@istak.is - www.istak.is

> Ef það er framleitt eins og hér á Íslandi með grænni orku, þá er kolefnisfótsporið, lágt.

fjárfestingaleiðina í þeim fjárfestingum sem Fjarðaál fór í á þeim árum, en þær voru allmiklar. Staðreyndin er sú að við erum búin að vera í hruni í tíu ár í álbransanum þar sem álverð hefur verið ferlega lágt. Þar af leiðandi hefur arðurinn að verksmiðjunni fyrir austan ekki verið sá sem reiknað var með, þó að verksmiðjan sé vel rekin. En þegar þú fjárfestir jafn mikið og gert var í upphafi og lendir svo í djúpri lægð þá myndast skattalegt tap. Við erum bara ekki búin að klára það og erum bara að fara eftir skattalögum hvernig það er unnið. En við munum fyrr en síðar fara að greiða tekjuskatt. En tekjur ríkisins af Fjarðaáli með beinum og óbeinum hætti hlaupa á mörgum milljörðum á hverju ári. Þannig var reiknað með að alls 29 milljarðar hafi orðið eftir á Íslandi vegna starfsemi fyrirtækisins bara í fyrra."

Einn af aðalstyrkleikum álsins sé að hægt sé að endurnýta það. „Ef það er framleitt eins og hér á Íslandi með grænni orku, þá er kolefnisfótsporið lágt. Því til viðbótar léttir ál bíla og farartæki sem brenna þar af leiðandi minna eldsneyti. Ef maður horfir á þetta frá vöggu til grafar þá er umhverfissporið minna. Það er styrkleiki þessa iðnaðar."

Tómas segir að Alcoa leggi mikið upp úr því að umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki í greftri eftir báxíti. „Við hjá Alcoa höfum fengið margar viðurkenningar fyrir okkar nálgun við námuvinnslu. Við erum á mjög viðkvæmum svæðum bæði í Amazon og Ástralíu og það skiptir okkur öllu máli hversu vel við skiljum við að lokinni vinnslu. Súrálið er í frekar þunnum jarðlögum rétt undir yfirborði og þarf því að byrja á að flytja yfirborðið í burtu áður en vinnsla hefst. Það má segja að yfirborðið sé lagt til hliðar, fræjum og dýrum safnað og þegar námuvinnslu lýkur skilum við svæðinu aftur með sama líffræðilega fjölbreytileika og var fyrir. Á það bæði við um tegund og þéttleika gróðurs sem og annars lífríkis," segir Tómas. Hann bendir á að utanaðkomandi sérfræðingar



**Tómas segir afkomu Fjarðaáls ekki hafa verið jafn góða og búist var við vegna lágs heimsmarkaðsverðs á áli.**

leggi mat á líffræðilegan fjölbreytileika á svæðunum. Ég hef komið inn á svona svæði eftir vinnslu skóga og það er í raun magnað að sjá hversu hratt þessi svæði geta náð sér. Auðvitað er þetta rask en ef þú skilar því þannig að raskið er lágmarkað og líffræðilegur fjölbreytileiki sá sami þá getur þú haldið þessu í skefjum."

Þá vinnur Alcoa að samstarfsverkefni, undir nafninu Elysis um hvernig hægt sé að koma á fót kolefnishlutlausri álframleiðslu. „Við erum búin að vera að framleiða og þróa tækni til þess að framleiða ál án þess að nota kol. Núna teljum við okkur vera á þeim stað að við getum farið að þróa og reka álver með þessum hætti." Stefnan sé að hægt verði að koma tækninni á starfshæft stig árið 2024.

## Íslandi leið illa

Tómas var formaður Viðskiptaráðs á árunum 2009 til 2012. Í síðustu ræðu sinni sem formaður á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs varaði hann við þeirri neikvæðu umræðu sem ríkti um íslenskt viðskiptalíf. „Þá voru allir skaddaðir og mengaðir, annaðhvort fyrirtækin farin á hausinn, eða fólk sjálft stóð illa og það leið öllum einfaldlega illa, ég held að Íslandi hafi bara liðið illa. Ég datt inn í þetta, sennilega af því að ég hef alla tíð unnið fyrir utan þessa íslensku hringiðu. Við virkilega þurftum að koma fram gagnvart stjórnvöldum og sannfæra stjórnvöld um að það væri ekki allt sem hefði gerst í íslensku atvinnulífi verið vitlaust og rangt. Það var svolítið í tísku að tala allt niður." Síðan þá hafi bæði horft til betri vegar í umræðunni og efnahagshorfunum. „Að mörgu leyti hefur gengið frábærlega síðustu tíu árin. Þjóðarbúið er í allt annarri stöðu. Ég held að ef allt fellur með okkur og við högum okkur rétt höfum við öll vopn í okkar hendi til að halda því áfram. En að auðvitað vilja allir fá sinn skerf af þessari hagsveiflu." Hann segir nýja forustu verkalýðshreyfingarinnar tala fyrir launahækkunum á grunni þess að sumum fyrirtækjum gangi vel. Útséð er að ekki ráði öll fyrirtæki við launakröfurnar. „Fyrir minni fyrirtæki er launakostnaður orðinn mjög hár. Ég skil vel að minni og meðalstór fyrirtæki séu uggandi yfir tali um verulegar launahækkanir. Ég vona að við náum kjarabótum öðruvísi, með skattalækkunum eða öðru slíku þannig að við getum haldið áfram styrkja okkur. Ferðaþjónustan virðist byggja á frekari veikum grunni eins og við sjáum hvernig Wow air hefur verið að veltast um síðustu vikur og mánuði. Til þess að mörg af þessum minni fyrirtækjum spjari sig þarf launakostnaðurinn að vera skynsamlegur. Það ætti frekar að horfa á kaupmáttinn og þar þurfum við að ná niður vöxtum og sköttum. Ég er að vona okkur beri gæfa til að ná lendingu þannig í stað þess að fara í miklar launahækkanir sem enda með hærri verðbólgu og falli gengis."

Stjarna blikar, vísar veg
– vakir við hlátur og glens.
Höldum jólin hátíðleg
á hlýlegum Mercedes-Benz.

# Ríkið í tölum

Afgangur var af rekstri ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins og hrein skuldastaða ríkissjóðs batnaði verulega. Eftir nokkuð sterkan efnahag á fyrri árshelmingi féll gengi krónunnar snarpt í haust, og stuttu síðar voru stýrivextir hækkaðir í fyrsta sinn í tvö ár. Stjórnvöld unnu viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs falls flugfélags eða annars mikilvægs atvinnufyrirtækis.

**67,6%**

kjörsókn í sveitastjórnarkosningum á árinu. Þar af 48,1% hjá 20-24 ára kjósendum

**290.200.000.000**

launagjöld hins opinbera á fyrstu níu mánuðum ársins

**851,3**

milljarðar voru heildarútgjöld hins opinbera á fyrstu níu mánuðum ársins

**57,5%**

hlutfall heildarútgjalda hins opinbera sem fór í laun og kaup vöru og þjónustu

**1583**

milljarðar voru heildarskuldir ríkissjóðs í lok þriðja ársfjórðungs. Hreinar skuldir voru 321 milljarður eða 11,5% af VLF

**4,23**

voru heildartekjur hins opinbera af eignasköttum

**56.900.000.000**

var tekjujöfnuður ríkissjóðs (tæplega 8 milljarðar án stöðugleikaframlaga) miðað við -2,8 milljarða í fyrra

**687**

milljarðar voru jaldeyrisforði Seðlabankans um síðustu áramót sem samsvarar átta mánaða innflutningi

**485**

milljarðar var samneysla á fyrstu níu mánuðum ársins

**4,5%**

voru stýrivextir seðlabankans í árslok

**882**

milljarðar voru heildartekjur hins opinbera á fyrstu níu mánuðum ársins

**30.600.000.000**

var afgangur af rekstri ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins




LEIGA Á SÍMKERFI - ÓTRÚLEGA EINFALT

**Heildarlausn fyrir þitt fyrirtæki**

Þú lækkar símakostnað verulega með því að leigja símkerfi hjá okkur og láta okkur fara yfir síma- og fjarskiptamál fyrirtækisins - **Hentar öllum stærðum fyrirtækja.**

**Pantaðu fund með ráðgjafa og sjáðu hvað þitt fyrirtæki sparar Sími: 535 5200**

Boðleið

BOÐLEIÐ ÞJÓNUSTA EHF. | AKRALIND 8 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 535 5200 | BODLEID@BODLEID.IS | WWW.BODLEID.IS

# HUGINN & MUNINN
## gera upp árið 2018



### Fyrirsögn ársins:
Á lista 180 ríkja var Ísland í 13. sæti yfir minnst spilltustu ríki heims. Fyrirsögn **RÚV** vegna málsins var; „Ísland er spilltasta ríki Norðurlanda“.




### Kosningaspá ársins:
Í beinni útsendingu sagði fréttamaður RÚV við **Hildi Björnsdóttur** að „líklega“ næði hún kjöri í borgarstjórn, þegar tilkynnt var að hún yrði í 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

### Húskarl ársins:
**Róbert Trausti Árnason**.

### Tengdapabbi ársins:
Tengdapabbi **Ögmundar** markmanns.

### Skattaafsláttur ársins:
Landhelgisgæslan siglir skipum sínum til Færeyja til að losna við háa álagningu á eldsneyti.



### Leynifundur ársins:
Fundur nokkurra þingmanna á Klaustri bar.



### Hús ársins:
Er reyndar braggi.



### Gestur ársins:
**Guðlaugur Þór Þórðarson** bauð **Eyþóri Arnalds**, sem þá var í kosningabaráttu, með sér á sameiginlegan fund borgarfulltrúa og þingmanna í Reykjavík. Eyþóri var samstundis vísað á dyr.



### Áhrifavaldur ársins:
**Brynjar Níelsson** alþingismaður víkkaði út starfsemi sína þegar hann fór líka að skrifa á twitter.



### Viðkvæmni ársins:
Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara skrifaði forsætisnefnd borgarinnar bréf til að vekja athygli á því að umræða um of stóra stjórnsýslu hjá borginni gæti haft slæm áhrif á starfsfólk.

### Uppistandari ársins:
**Helga Vala Helgadóttir**, þingmaður Samfylkingarinnar, var dugleg að standa upp frá ræðum.





### Þögn ársins:
**Már Guðmundsson** var lunkinn við að koma sér undan spurningum um Samherjamálið svokallaða, eftir að staðfest var um valdníðslu Seðlabankans í málinu.



### Yfirvegun ársins:
Að þessu sinni fær **Gunnar Smári Egilsson** verðlaunin. Hann mætir gagnrýnendum sínum ávallt af mikilli yfirvegun.

### Vinnustaður ársins:
Skrifstofa Eflingar.



### Ríkisfyrirtæki ársins:
Það er erfitt að gera upp á milli Íslandspósts og Isavia.

### Ríkisstarfsmaður ársins:
Nefnd um rekstrarumhverfi fjölmiðla lagði fram tillögur til að bæta rekstur þeirra. Nefndin klofnaði í tveimur tillögum, annars vegar vegna tillögu um að RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði og hins vegar vegna tillögu um að heimila áfengis- og tóbaksauglýsingar. Í nefndinni sat ríkisstarfsmaðurinn **Elfa Ýr Gylfadóttir**, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, sem var á móti fyrrnefndum tillögum. Henni var falið að útfæra tillögurnar nánar.


Við erum monthanar!
60 ára, síung og höfum
verið framúrskarandi fyrirtæki
í fjölda ára!
Við tökum daginn snemma, komum hlutunum
í verk, setjumst svo á montprik og dáumst að
dagsverkinu. Og næsti dagur verður alveg eins.
2017-2018
Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri
Viðskiptablaðið
Keldan
2014-2018
Framúrskarandi
fyrirtæki
www.vso.is
VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA

# HUGINN & MUNINN
## gera upp árið 2018



### Landafræði ársins:
Flugfreyjur Wow air fögnuðu fyrsta flugi félagsins til Indlands – með því að flagga írska fánanum í tilefni dagsins.



### Kosning ársins:
Á landsfundi Viðreisnar í mars var tilkynnt með pompi og prakt að þau **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** og **Þorsteinn Víglundsson** hefðu verið kosin formaður og varaformaður með nærri 100% greiddra atkvæða. Það tók fjölmiðla nokkra daga að draga þær upplýsingar upp úr flokknum að rétt rúmlega 60 manns hefðu greitt atkvæði.

### Almannatengsl ársins:
Eftir að hafa frá stofnun félagsins sótt mikið í athygli fjölmiðla kvartaði **Skúli Mogensen** mikið undan ágangi og slæmri umfjöllun fjölmiðla þegar í ljós kom að félagið var í miklum rekstrarerfiðleikum.



### Pakki ársins:
Þriðji orkupakkinn.



### Gjaldmiðill ársins:
Nautasteikur á Argentínu steikhúsi.

### Kynþokki ársins:
Eftir að hundruð kvenna höfðu sagt reynslusögur sínar í #metoo byltingunni tók **Ragnar Önundarson** sig til og gagnrýndi **Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur** alþingismann fyrir að hafa notað mynd af sér með blautt hárið sem prófíl mynd á Facebook.



### Tungutal ársins:
Þegar borgarfulltrúarnir **Líf Magneudóttir** og **Marta Guðjónsdóttir** skiptust á orðum, með tungunni.



### Vinagreiði ársins:
**Birna Einarsdóttir**, bankastjóri Íslandsbanka, reyndi að gera **Katrín Olgu Jóhannesdóttur** að forstjóra Borgunar – án árangurs.



### Ökumaður ársins:
**Ásmundur Friðriksson**.





### Tillitssemi ársins:
**Björn Leví Gunnarsson**, þingmaður Pírata, gengur á sokkunum um húsakynni Alþingis. Í viðtali við fjölmiðla sagðist hann svitna of mikið í skóm og vildi hlífa öðrum þingmönnum við lyktinni sem því fylgi.



### Leðjuslagur ársins:
Slagurinn um stjórnarsæti í VÍS.

### Lekamál ársins:
Starfsmenn Ríkisskattstjóra afhentu einhverjum mönnum úti í bæ gögn um allar skattgreiðslur landsmanna.

### Verslunarstórveldi ársins:
Eftir að Festi hafði boðist til að selja verslun Kjarvals á Hellu gat Samkeppniseftirlitið samþykkt samruna félagsins við N1.

### Framsóknarflokkur ársins:
Miðflokkurinn



### Staðfesta ársins:
Launin forstjóra Hörpu voru lækkuð, hækkuð og síðan aftur lækkuð.



### Vinskapur ársins:
Það er grunnt á því góða hjá **Guðmundi Kristjánssyni** í Brim og **Sigurgeir Brynjari Kristgeirssyni**, Binna í Vinnslustöðinni.

### Hvatvísi ársins:
Upplestur Klaustursupptökunnar í Borgarleikhúsinu.



# Stjórn og starfsfólk Síldarvinnslunnar hf. sendir öllum landsmönnum hugheilar jóla- og nýárskveðjur



**Síldarvinnslan hf.** er stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á Austurlandi. Fyrirtækið sinnir fjölbreyttri starfsemi en leggur þó megináherslu á uppsjávarveiðar og –vinnslu. Fyrirtækið var stofnað árið 1957 og á sér athyglisverða sögu. Samstæða Síldarvinnslunnar hefur nú starfsstöðvar á sex stöðum á landinu og að undanförnu hefur fyrirtækið lagt áherslu á að endurnýja framleiðslutæki sín og auka fjölbreytni starfseminnar. Á árinu 2017 öfluðu skip Síldarvinnslusamstæðunnar 163 þúsund tonna og alls nam framleiðsla landvinnslunnar 105 þúsund tonnum að verðmæti 16,3 milljarðar króna. Heildartekjur fyrirtækisins námu 18,5 milljörðum króna að frátöldum eigin afla.

Starfsmenn **Síldarvinnslusamstæðunnar** til sjós og lands eru um 360 talsins. Launagreiðslur til þeirra á árinu 2017 námu 3,7 milljörðum króna og á því ári greiddi fyrirtækið og starfsmenn 4,5 milljarða króna til hins opinbera að meðtöldum veiðigjöldum síðasta fiskveiðiárs. Þar af var greiddur tekjuskattur 1,3 milljarðar króna og veiðigjöld 530 milljónir. Alls nam tekjuskattur starfsmanna 1,2 milljarði króna.



Starfsfólk **Síldarvinnslunnar** er stolt af góðum árangri fyrirtækisins og áfram verður haldið að leggja höfuðáherslu á að gera sem mest verðmæti úr þeim aflaheimildum sem til ráðstöfunar eru. Á árinu sem er að líða hefur Síldarvinnslunni einnig vegnað vel en á nýju ári birtast ögrandi áskoranir; veiðiheimildir breytast frá ári til árs, þróun gengis er óviss og einnig vakna spurningar er varða mikilvæga markaði. Starfsfólk Síldarvinnslunnar mun mæta árinu 2019 með jákvæði hugarfari og jafn staðráðið og áður í að gera sitt allra besta.


SVN Síldarvinnslan hf
www.svn.is




Launahæstir í boltanum:

# Gylfi Þór með



Gylfi Þór Sigurðsson er enn eitt árið langlaunahæsti íslenski atvinnumaðurinn. Gylfi er með um 720 millljónir króna í árslaun hjá enska úrvalsdeildarliðinu Everton. Gylfi er í lykilhlutverki hjá Everton alveg eins og hjá íslenska landsliðinu og hefur átt mjög gott tímabil með bláklædda liðinu frá Bítlaborginni.

# hæstu launin




RÓBERT RÓBERTSSON
**robert@vb.is**

Jóhann Berg Guðmundsson er nú í öðru sæti yfir launahæstu íslensku atvinnumennina en hann er með um 290 milljónir króna á ári hjá enska úrvalsdeildarliðinu Burnley þar sem hann er í lykilhlutverki þótt gengi liðsins hafi verið undir væntingum á leiktíðinni.

**Birkir með 270 milljónir hjá Villa**

Birkir Bjarnason er einnig mjög launahár hjá enska B-deildarliðinu Aston Villa og er með 270 milljónir í árslaun. Hann hækkaði gríðarlega í launum þegar hann gekk til liðs við Villa frá Basel í Sviss. Birkir er einn launahæsti leikmaður liðsins og raunar með ótrúlega há laun miðað við að leika ekki í efstu deild.

Aron Einar Gunnarsson hækkaði umtalsvert í launum þegar Cardiff fór upp í úrvalsdeildina. Aron er mikilvægur hlekkur hjá velska liðinu sem er í fallbaráttu í úrvalsdeildinni eins og Burnley.

Sóknarmennirnir Alfreð Finnbogason og Aron Jóhannsson eru einnig á mjög háum launum í þýsku úrvalsdeildinni. Alfreð leikur þar með Augsburg og Aron með Werder Bremen.

**Fín laun í Rússlandi**

Það má segja að íslenskir knattspyrnumenn hafi farið í víking til Rússlands á árinu og ekki bara á HM. Sjö íslenskir knattspyrnumenn leika nú í Rússlandi og eru allir á góðum launum þar í landi. Fjórir þeirra leika með Rostov, varnarmennirnir Ragnar Sigurðsson og Sverrir Ingi Ingason og sóknarmennirnir Björn Bergmann Sigurðsson og Viðar Örn Kjartansson sem kom frá Maccabi Tel Aviv. Hörður Már Björgvinsson og Arnór Sigurðsson leika með CSKA Moskvu og Jón Guðni Fjóluson er í liði Krasnodar.

Kolbeinn Sigþórsson er enn samningsbundinn franska liðinu Nantes sem hann gekk til liðs við árið 2015. Meiðsli hafa gert framherjanum erfitt fyrir og hann hefur aðeins leikið 30 leiki fyrir franska félagið. Kolbeinn er annar hæsti markaskorari landsliðsins frá




## Fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

ALLGRIP PRO

4WD All-grip skapar akstursseiginleika í sérflokki.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



upphafi með 22 mörk. Hann spilaði með varaliði Nantes á þessu ári og æfði með landsliði Íslands. Kolbeinn skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í rúm í tvö ár á móti Katar í nóvember sl.

**Hannes og Kári austast í Evrópu**

Hannes Þór Halldórsson markvörður gekk til liðs við Qarabag í Aserbaídsjan frá Randers í Danmörku. Hannes hækkaði umtalsvert í launum við þessi félagaskipti og hefur hann aldrei verið launahærri á ferlinum. Kári Árnason flutti sig einnig yfir mun austar í Evrópu eða til Tyrklands þar sem hann leikur með Genclerbirligi. Hann lék áður með Aberdeen og eins og Hannes nær hann að hækka í launum þótt hann sé kominn vel á fertugsaldurinn.

Framherjinn ungi, Albert Guðmundsson, samdi við AZ Alkmaar í hollensku úrvalsdeildinni og færði sig þar með um set frá PSV þar sem hann lék aðallega með unglingaliðinu. Hann fékk fá tækifæri með aðalliði PSV og ákvað því að skipta yfir til AZ Alkmaar sem hafði lengi sýnt honum áhuga. Kaupverðið var um 300 milljónir króna og skrifaði Albert undir 4 ára samning við liðið.

**Rúrik tók á sig launalækkun**

Rúrik Gíslason gekk til liðs við SV Sandhausen sem leikur í þýsku B-deildinni. Hann lék áður með Nurnberg í þrjú ár og þar áður FC København. Rúrik fékk takmarkaðan leiktíma með Nurnberg og ákvað því að færa sig um set til Sandhausen sem leikur nú sitt sjötta tímabil í B-deildinni en þangað komst félagið í fyrsta skipti árið 2013. Liðið náði sínum besta árangri í fyrra, 10. sæti, og er nú komið ofar en nokkru sinni fyrr. Félagið er frá samnefndum bæ í Badem-Württemberg skammt norður af Stuttgart. Emil Hallfreðsson flutti sig suður eftir Ítalíuskaganum og fór frá Udinese til nýliðanna Frosinone í ítölsku úrvalsdeildinni. Rúrik lækkaði eilítið í launum við félagaskiptin. Líklega vegur hann það eitthvað upp með auglýsingasamningum en hann er með langflesta fylgjendur íslensku atvinnumannanna á Instragram.

Tveir handboltamenn eru á listanum yfir 25 launahæstu atvinnumennina en það eru sem fyrr þeir Aron Pálmarsson sem leikur með Barcelona og Guðjón Valur Sigurðsson, sem leikur með Rhein-Neckar Löwen.

**30 launahæstu íslensku atvinnumennirnir**

| Leikmaður | Félag | Laun |
|---|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | Everton | um 720 m.kr. |
| Jóhann Berg Guðmundsson | Burnley | um 290 m. kr |
| Birkir Bjarnason | Aston Villa | um 270 m. kr. |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff | um 230 m.kr. |
| Aron Jóhannsson | Werder Bremen | um 210 m.kr. |
| Alfreð Finnbogason | Augsburg | um 200 m. kr. |
| Björn Bergmann Sigurðarson | Rostov | um 180 m. kr. |
| Jón Daði Böðvarsson | Reading | um 180 m. kr. |
| Sverrir Ingi Ingason | R ostov | um 170 m. kr. |
| Hörður Magnússon | CSKA Moskva | um 170 m. Kr |
| Viðar Örn Kjartansson | Rostov | um 160 m. kr. |
| Ragnar Sigurðsson | Rostov | um 160 m. kr. |
| Kolbeinn Sigþórsson | Nantes | um 130 m.kr. |
| Jón Guðni Fjóluson | Krasnodar | um 100 m kr. |
| Arnór Sigurðsson | CSKA Moskva | um 80 m kr. |
| Aron Pálmarson | Barcelona | um 75 m. kr. |
| Emil Hallfreðsson | Frosinone | um 70 m.kr. |
| Guðlaugur Victor Pálsson | Zurich | um 65 m. kr. |
| Rúnar Már Sigurjónsson | Grasshoppers | um 60 m. kr. |
| Rúrik Gíslason | Sandhausen | um 55 m. kr. |
| Rúnar Alex Rúnarsson | Dijon | um 55m kr. |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Rhein-Neckar Löwen | um 50 m. kr. |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | Levski Sofia | um 50 m. Kr. |
| Kári Árnason | Genclerbirligi | um 50 m. kr. |
| Ari Skúlason | Lokeren | um 50 m. kr. |
| Hannes Halldórsson | Qarabag | um 45 m. kr. |
| Albert Guðmundsson | AZ Alkmaar | um 45 m. Kr. |
| Matthías Vilhjálmsson | Rosenborg | um 45 m. kr. |
| Arnór Yngvi Traustason | Malmö | um 40 mKr. |
| Guðmundur Þórarinsson | IFK Norrköping | um 40 m. Kr. |

ÁÆTLUÐ LAUN Á ÁRI Í KRÓNUM TALIÐ FYRIR SKATTA

AUGNSKOÐUN | AUGNLÆKNINGAR | LASERAÐGERÐIR | AUGNSTEINASKIPTI




**Þú getur pantað tíma í forskoðun í síma 577 1001,
sent okkur póst á ritari@sjonlag.is eða á www.sjonlag.is
Sjáum hvernig við getum gert líf þitt betra.**

**Sveigjanlegir greiðslumöguleikar**

sjónlag

**SJÁÐU BETUR**

**www.sjonlag.is**

**Glæsibær – Álfheimar 74 - 104 Reykjavík**

# Fyrsta alvöru prófraun liðsins




Guðmundur Guðmundsson er mættur aftur til leiks sem landsliðsþjálfari karlalandsliðsins í handbolta en hann er nú á leið á sitt 10 stórmót með Ísland eftir að hafa tekið við landsliðinu í þriðja sinn. Hann segir landsliðið standa á tímamótum og það hafi raunverulega verið komin þörf á að byggja upp nýtt og ungt lið. Þá segir hann aðstöðuleysi landsliðsins vera til háborinnar skammar.

ÁSTGEIR ÓLAFSSON
**astgeir@vb.is**

Ég legg mjög hart að mér í þessu starfi og tek það mjög alvarlega. Það er bara ákveðin fagmennska sem ég tel að þurfi að vera til staðar því það er mikil ábyrgð sem fylgir því að stýra landsliði þjóðar,“ segir Guðmundur Þórður Guðmundsson sem fyrr á árinu tók við íslenska karlalandsliðinu í handbolta í þriðja sinn á ferlinum. Það er óhætt að segja að Guðmundur sé einn sigursælasti handboltaþjálfari sem Ísland hefur alið. Á þjálfaraferli sem spannar tæp 30 ár hefur hann meðal annars unnið brons á EM 2010 og silfur á Ólympíuleikum 2008 með íslenska landsliðinu auk fjórða sætis á EM 2002. Hann varð Íslandsmeistari með Fram árið 2006, vann EHF bikarinn með Rhein-Neckar Löwen árið 2013 auk þess sem liðið tapaði þýsku úrvalsdeildinni í handbolta árið eftir með einungis tveggja marka mun á markatölu. Þá vann hann silfurverðlaun með landslið Barein á Asíumótinu snemma á þessu ári. Stærsta afrek Guðmundar er þó líklega þegar hann stýrði danska landsliðinu til gullverðlauna á Ólympíuleikunum í Ríó árið 2016.

Eins og áður segir hefur Guðmundur nú tekið við landsliðinu í þriðja sinn en hann stýrði því einnig frá 2001-2004 og 2008-2012. Aðstæður liðsins eru þó ólíkar nú en það stendur á tímamótum þar sem margir af máttarstólpum liðsins eru hættir eða eru að hætta á sama tíma ungir og efnilegir leikmenn eru að koma upp. „Ég hef alltaf sótt í krefjandi verkefni í því sem ég hef tekið mér fyrir hendur,“ segir Guðmundur spurður af hverju hann hafi tekið aftur við liðinu á þessum tímapunkti. „Mér leið vel sem landsliðsþjálfari í hin tvö skiptin sem ég var með liðið og fannst gaman að starfa með því. Þetta tækifæri kom upp í febrúar þegar ég var búinn með mitt verkefni á Asíumótinu með Barein. Ég var í raun ekki lengi að taka ákvörðun og hugsaði með mér að mig langaði að gefa af mér og miðla af tæplega 30 ára reynslu minni. Mér fannst liðið einnig standa á miklum tímamótum og það var raunverulega komin þörf á að byggja upp nýtt og ungt lið og mig langaði að taka þátt í því. Þetta snerist ekki um laun eða því um líkt heldur bara um að verkefnið sem slíkt væri virkilega áhugavert.“

Guðmundur lagði áherslu á það í viðræðum við HSÍ að það myndi taka tíma að byggja upp nýtt lið sem geti komið Íslandi aftur meðal bestu handboltaþjóða heims. „Ég lagði áherslu á það og held því fram að það geti ekki tekið styttri tíma en þrjú ár að komast aftur þangað sem við viljum vera á meðal 8-10 bestu liða í heimi. Liðið er núna á bilinu 13-16. Það er staðan eins og hún er í dag en við ætlum að feta okkur ofar.“

> ”
> Ég lagði áherslu á það og held því fram að það geti ekki tekið styttri tíma en þrjú ár að komast aftur þangað sem við viljum vera.

**HM fyrsta alvöru prófraunin**

Líkt og flestir vita hefst HM í handbolta 10. janúar næstkomandi í Danmörku og Þýskalandi en Ísland er í riðli Spáni, Króatíu, Makedóníu, Barein og Japan þar sem þrjú lið komast áfram í milliriðla. „Það er eiginlega ómögulegt að svara því af einhverju viti vegna þess ég veit það ekki. Það er akkúrat það sem er spennandi við þetta,“ segir Guðmundur spurður um hvar íslenska liðið standi fyrir mótið. „Ástæðan fyrir því er meðal annars sú að við erum að fara í gegnum svo miklar breytingar. Breytingu í miðju varnarinnar, það er breyting með línumannastöðuna auk þess sem það eru nýir leikstjórnendur þannig að það er töluverð óvissa.

HM er í raun fyrsta alvöru prófraunin á því hvar liðið stendur í dag. Við erum núna búnir að fara í gegnum leiki við bæði Litháen í undankeppni HM og Grikkland og Tyrkland í undankeppni EM. Þó að munurinn milli þjóða í handbolta sé alltaf að minnka eru þetta ekki meðal hæst skrifuðu handboltaþjóða heims. Ég veit því ekki nákvæmlega hvar við stöndum gegn þjóðum eins og Króatíu eða Spáni sem eru með okkur í riðli.“

*Hverjir eru möguleikar og væntingar liðsins fyrir HM?*

„Ég held að fyrir okkur snúist þetta fyrst og fremst um að komast upp úr riðlinum þar sem hann er erfiður. Það er því okkar fyrsta markmið. Við erum ekki komnir lengra og eins og staðan er í dag er þetta nokkuð háleitt markmið þar sem okkur hefur einfaldlega ekki gengið vel á undanförnum stórmótum. Það er því fyrsta skrefið og ekki hægt að fara að tala um eitthvað meira fyrr en við náum því. Ég held það væri óeðlilegt ef menn ætluðu sér að vera með of miklar væntingar til liðsins vegna þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað. Þetta er því örlítið öðruvísi verkefni en mörg önnur stórmót þó að auðvitað viljum við standa okkur og setjum ákveðna pressu á okkur sjálfa.“

**Var hættur í þjálfun**

Saga Guðmundar er á margan hátt merkileg en áður en hann tók við íslenska landsliðinu fyrir Ólympíuleikana 2008 var hann hættur þjálfun eftir að hafa ráðið sig til Kaupþings árið 2007. „Ég var í mjög áhugaverðu starfi þar sem ég var verkefnastjóri yfir mjög stóru verkefni sem sneri að innleiðingu á tölvukerfum fyrir alla samstæðuna í þeim löndum sem bankinn starfaði í. Ég naut mín mjög í því starfi. Stærðargráðan var þannig að það reyndi verulega á mann, mikil samskipti við fólk, krefjandi umhverfi og krefjandi verkefni.“

Segja má að örlögin hafi gripið í taumanna en eins og áður hefur komið fram var Guðmundur langt frá því að vera fyrsti valkostur til þess að taka við landsliðinu árið 2008. „Ég var hættur í þjálfun og var ekki að þjálfa félagslið eða neitt. Þegar mér er boðið landsliðsþjálfarastarfið var búið að ræða við 4-5 aðila á undan mér enda



**Guðmundur fagnar fræknum sigri landsliðsins á Frökkum á Ólympíuleikunum í London árið 2012.** MYND/EPA

var ég ekki á markaðnum. Á endanum hringja þeir í mig og ég tók mér umhugsunarfrest og talaði við mína yfirmenn. Síðan réðu þeir mig til þess að taka bara tímabundið verkefni sem var að koma liðinu inn á Ólympíuleika sem við komumst inn á," segir Guðmundur. Eftirleikinn þekkja flestir en íslenska landsliðið vann seinna um sumarið í fyrsta sinn til verðlauna á stórmóti þegar það vann silfur á Ólympíuleikunum í Peking.

Þrátt fyrir að hafa verið landsliðsþjálfari árið 2008 starfaði Guðmundur ennþá hjá Kaupþingi þangað til aðstæður breytttust verulega í kjölfar hruns fjármálakerfisins um haustið. „Það má eiginlega segja að út af hruninu þá verð ég aftur handboltaþjálfari. Ég fór héðan til Danmerkur fyrst til að verða þjálfari GOG samhliða því að vera landsliðsþjálfari Íslands. Svo um vorið 2010 hefur Jesper Nielsen

> Það má eiginlega segja að út af hruninu þá verð ég aftur handboltaþjálfari. Ég fór héðan til Danmerkur fyrst til að verða þjálfari GOG samhliða því að vera landsliðsþjálfari Íslands.

samband við mig og gerir mig að íþróttastjóra hjá Rhein-Neckar Löwen og AG København. Síðan seint um haustið þá ræður hann mig sem þjálfara Rhein-Neckar Löwen og þá hætti ég í mínu fyrra starfi og fer að einbeita mér að þjálfa það lið frá 2010 til 2014. Á þessum tíma er ég líka með landsliðið til 2012."

### Draumurinn um gullið réð för

Spurður hvað það sé við handboltann sem heilli hann segir Guðmundur að hann hafi í raun alltaf verið að elta ákveðinn draum. „Ég er búinn að vera í handbolta síðan ég var átta ára gamall og eignaðist draum á þeim aldri, þegar ég var að hlusta á beinar lýsingar í útvarpinu, að verða landsliðsmaður í handbolta. Ég lét þann draum rætast því ég fór á eftir honum. Ég var orðinn landsliðsmaður um tvítugt og fór á mína fyrstu Ólympíuleika í Los Angeles árið 1984.

Þá eignast ég annan draum um hvað yrði svakalega gaman að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum. Ég sá önnur lið standa á pallinum og þá einhvern veginn langaði mig til að upplifa það. Þetta hefur verið það sem ég hef talað um á fjölda fyrirlestra þar sem ég er að ráðleggja fólki að eignast draum og fara á eftir honum. Það er það sem ég sé þegar ég horfi á þetta eftir á að byrjunin á einhverju er að eignast draum. Síðan upplifi ég það 24 árum eftir Ólympíuleikana í Los Angeles að við förum til Peking þar sem við vinnum silfurverðlaun.

## Forréttindi að vinna með frábærum leikmönnum

Guðmundur hefur á sínum ferli þjálfað marga af bestu leikmönnum heims. Má þar meðal annars nefna Ólaf Stefánsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Mikkel Hansen og Niklas Landin svo fáeinir séu nefndir. En hvað er það að mati Guðmundar sem einkennir alla frábæra handboltamenn? „Í fyrsta lagi þarftu að hafa ákveðna hæfileika á ákveðnum sviðum og svo er það þessi ósérhlífni sem þarf til að þú komist í allra fremstu röð. Á bak við það liggur gríðarleg vinna og menn þurfa líka að búa yfir alveg gríðarlegum vilja. Vilja til þess að verða betri, sigurvilja til þess að vinna og geta haldið út svona lengi í víðum skilningi. Það eru forréttindi að hafa fengið að starfa með afburðaíþróttamönnum og yfirleitt er það þannig þeir gera allt sem þarf til. Það kemur ekkert ókeypis til þín. Þetta er þrotlaus vinna og það þarf halda henni áfram aftur og aftur."

Við óskum
landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptavinum
fyrir samfylgdina á árinu.

www.advania.is

advania




**Guðmundur segir komandi heimsmeistaramót í raun vera fyrstu alvöru prófraun nýs liðs.** VB MYND/HAG

Ég hef hugsað það eftir á að þar tapar maður úrslitaleik sem er venjulega ekkert gaman þó það hafi verið frábær árangur að vinna silfur. Síðan er ég í Þýskalandi árið 2014 með allt til alls, frábært lið, frábæra leikmenn, búinn að byggja liðið upp í tvö ár og allt farið að ganga mjög vel og okkur leið vel. Þá hafa Danir samband við mig. Ég fattaði það ekki fyrr en um daginn af hverju ég tók við Dönum. Það var draumurinn um gullið, ég ætlaði að ná gulli á Ólympíuleikum. Ég hafði eignast þann draum og var alltaf að fara á eftir honum. Ég fattaði þetta raunverulega ekki fyrr en ég fór að setja þetta í samhengi fyrir sjálfum mér."

### Vonbrigðin í London

Spurður um hverjar séu eftirminnilegustu stundirnar á ferlinum segir Guðmundur að erfitt sé að gera upp á milli þeirra verðlauna sem hann hefur unnið í gegnum tíðina. Spurður hver mestu vonbrigðin á ferlinum segir Guðmundur að líklega sé það tapið gegn Ungverjum í átta liða úrslitum Ólympíuleikanna árið 2012 í London. „Við vorum með algjörlega frábært lið. Við unnum alla leikina í riðlinum meðal annars á móti Frökkum og Svíum. Ég hélt í raun að við værum að fara að verða Ólympíumeistarar. Á Ólympíuleikunum er það hins vegar þannig að leikurinn í 8 liða úrslitum er lykilleikurinn. Við spiluðum við Ungverja og í tvíframlengdum leik og þá töpum við á endanum eftir að hafa verið með þetta í höndunum. Ég gæti aldrei horft á þennan leik aftur. Mér líður mjög illa gagnvart þessum leik og ég held að allir leikmennirnir hafi upplifað það á sama hátt. Þetta voru ólýsanleg vonbrigði fyrir mig og ég átti mjög erfitt með að jafna mig á þessu öllu saman. Ég man að ég vildi bara fara strax út úr Ólympíuþorpinu. Ég gat ekki verið þar sekúndu lengur eftir að þetta var búið að gerast. Þannig að ég vildi fara beint heim og fékk flug strax um kvöldið sem var mjög óvenjulegt þar sem leikurinn var um miðjan dag. Ég var bara farinn, gat ekki verið þarna. Ég fór heim hingað til Íslands, var hér í nokkra daga og man ekki einu sinni eftir því hvar ég var."

### Háleit markmið eitt af lykilatriðunum

Guðmundur segir að eitt af lykilatriðunum á bak við árangur hans í gegnum tíðina hafi verið að setja liðum sínum og sér sjálfum háleit markmið. „Það að setja sér háleit markmið og mögulega óraunhæf er það sem ég trúi á. Það er það sem hefur gerst er að það verður ákveðin keðjuverkun. Háleit markmið kalla á að undirbúningurinn sé betri, þú leggur meira á þig. Það sem hefur yfirleitt gerst er að þú færð leikmennina til að leggja harðar að sér. Þú þarft vissulega að hafa mannskap til þess að geta unnið að markmiðinu. Þegar ég var með íslenska landsliðið síðast þá var ég með reynslumeira lið en í dag. Þetta voru allt leikmenn sem voru að spila í toppliðum í Evrópu og því allt öðruvísi lið enn ég er með núna. Markmiðið sem ég set með liðinu sem ég er með núna getur verið jafn háleitt þó að það sé ekki sambærilegt þar sem liðið er á allt öðrum stað."

Guðmundur segir einnig að það sé mikilvægt fyrir þjálfara og aðra stjórnendur að þeir séu alltaf á tánum og tilbúnir til að bæta við sig þekkingu. En hvar liggur línan hjá honum varðandi að fylgjast með hvað sé nýtt en halda sig samt við sína hugmyndafræði? „Þetta var einmitt það sem ég glímdi við í Danmörku. Ég kom með ákveðna hluti sem ég trúði á og var í gríðarlegum mótvindi að innleiða þær breytingar. Það var fullt af sérfræðingum þar sem höfðu ekki trú á þessu og sumir, þó ekki margir leikmannanna, höfðu ekki trú á þessu og sáu þetta ekki sem góðan hlut fyrir sig að fara að spila vörnina öðruvísi. Þá verður þú bara sem stjórnandi að standa í báðar lappir. Ef þú trúir á það og trúir að þetta sé það rétta þá fylgir maður því eftir og það gerði ég í Danmörku og ég er rosalega stoltur af því. Ég tel

# XC JEPPARNIR OKKAR SÝN Á LÚXUS

## VOLVO XC60 AWD
## HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna. Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.490.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.790.000 kr.

## VOLVO XC90 AWD
## MARGVERÐLAUNAÐUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).
Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.690.000 kr.

## VOLVO XC40 AWD
## BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.
Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft.
Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstraprófunum Euro NCAP.
Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.490.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.790.000 kr.



MADE BY SWEDEN

**Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajeppa í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

eftir á út frá sjálfum mér að ein meginástæðan fyrir því að við urðum Ólympíumeistarar var að við náðum tökum á varnarleiknum sem ég var búinn að vera að innleiða í þrjú ár.“

**Höllin úreld**

Nú hefur verið uppi umræða um aðstöðuleysi handboltalandsliðsins auk þess sem Laugardalshöll er á undanþágu sem keppnisvöllur. Hvernig blasir þessi staða við þér?

„Aðstöðuleysi landsliðsins er til háborinnar skammar. Við erum landslið íslensku þjóðarinnar og þurfum að búa við það að vera á eins konar vergangi hvað varðar aðstöðu til æfinga. Við höfum engan fastan samastað fyrir æfingar og þurfum sífellt að snapa æfingar hjá hinum ýmsu félögum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Laugardalshöllin sjálf er síðan sérkapítuli, hún er úr sér gengin og á undanþágu sem keppnishöll fyrir landsleiki. Öryggissvæði fyrir utan keppnisvöllinn eru allt of lítil og aðstaða fyrir blaðamenn og gesti er ekki eins og gera má kröfu til. Ég vona að stjórnmálamenn, ríkisvaldið og Reykjavíkurborg láti nú hendur standa fram úr ermum og geri eitthvað í málinu og byggi nýja þjóðarhöll. Sú höll myndi einnig nýtast körfuboltalandsliðinu og fleiri landsliðum.“

> ”
> Aðstöðuleysi landsliðsins er til háborinnar skammar. Við erum landslið íslensku þjóðarinnar og þurfum að búa við það að vera á eins konar vergangi hvað varðar aðstöðu til æfinga.

## Bilið að minnka

Á síðustu árum hefur verið töluvert meira um óvænt úrslit í alþjóðahandbolta en áður. Að sögn Guðmundar hefur bilið á milli þjóða minnkað. „ Það hafa verið að koma mjög athyglisverð úrslit sem urðu bæði í júní og október þegar Belgía gerir jafntefli við Serba á útivelli. Flestir sem fylgst hafa með handbolta vita að Belgar hafa aldrei verið hátt skrifaðir á meðan Serbar hafa verið með bestu þjóðum heims. Þá unnu Svisslendingar líka Serbíu og rétt töpuðu fyrir Króatíu á útivelli og Makedónía tapaði fyrir Grikkjum. Þetta segir manni það að maður gengur ekki lengur að neinu vísu í þessu.“ Hann segir þessa breytingu hafa átt sér stað á síðustu þremur árum. Menn eru orðnir betur þjálfaðir og það er meiri þekking almennt séð til staðar. Allir leikir eru því orðnir erfiðari og þú getur ekki farið í einn einasta leik og ætlast til þess að vinna. Leikurinn við Barein verður mjög erfiður, ég get alveg lofað því og það sama á við um Japan.“




„Ein meginástæðan fyrir því að við urðum Ólympíumeistarar var að við náðum tökum á varnarleiknum sem ég var búinn að vera að innleiða í þrjú ár.“ VB MYND/EPA




## Sérsniðnar lausnir að þínum þörfum

Upplýsingatækni í áskrift er samningsform og leið fyrir fyrirtæki til að stíga næstu skref í áttina að stafrænni framtíð. Við viljum eiga samtalið, skoða leiðir og aðferðir til að leysa þær áskoranir sem liggja fyrir. Þannig finnum við áskriftarleiðina sem hentar þínum rekstri, kostnaður verður þekktur og ekkert sem kemur á óvart.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt






TÝR

# Orðræðan

Nú árið er liðið, í aldanna skaut, og Týr ítrekar óskir sínar, þjóðinni til heilla, um að það aldrei komi til baka.

Í stjórnmálunum bar eitt og annað til á árinu, sem vert er að rifja upp. Ekki af því að það hafi verið svo sögulegt, heldur fremur í ljósi þess að þeir, sem ekki þekkja söguna, eru dæmdir til þess að endurtaka hana. Og þá vitaskuld samkvæmt lögmáli Karls Marx um endurtekningu sögunnar: harmleikur í fyrra sinnið, farsi við endurtekninguna.

★ ★ ★

Sveitarstjórnakosningarnar voru helsta lýðræðishátíð ársins, ekki síst í höfuðborginni þar sem 16 listar voru lagðir fram og rösklega hálft prósent kjörskrárinnar í framboði! Frambjóðendurnir töluðu ákaflega mikið og fagurlega, svo unun var á að hlýða. Sumpart var hitt þó merkilegra, sem ekki var sagt. Það er svo sem ekki við frambjóðendurna að sakast um það, auðvitað skjalla þeir sjálfa sig. En þá er það fjölmiðla að halda þeim við efnið, spyrja um hitt og draga út úr þeim svörin. Þeir voru ekki alltaf nógu duglegir við það.

★ ★ ★

Þar var borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson í algerum sérflokki. Í borginni blöstu við margvísleg knýjandi verkefni, en þar var hin heimatilbúna húsnæðiskreppa án vafa efst á blaði í allra hugum. Nema Dags, auðvitað, sem vildi nú bara ekki kannast við að það væri nein húsnæðisekla, benti á að hann hefði lofað miklum aðgerðum til þess að auka húsnæði í borginni fyrir síðustu kosningar, en kosningaloforðið að þessu sinni yrði að efna fyrri loforð. Svona í bland við ýmsar frumlegar tillögur, sem meirihluti hans hafði hafnað nokkrum pólitískum vikum fyrr.

Það vantaði ekki heldur margvísleg hneykslismál, allt frá ömurlegum uppákomum í akstri fatlaðra, kæfandi svifryksmengun, glampandi saurstrendur borgarinnar, umferðarteppur svo augað eygði, biðlistar á leikskóla litlu styttri, einelti í Ráðhúsinu og svo framvegis, en teflonfurstinn lét eins og sér kæmi þetta nú eiginlega ekki við, lét ekki ná í sig dögum saman eða greip til ósvífnina á þetta og tók undir gagnrýnina… á undirmenn sína!

★ ★ ★

Ekki er að efa að stjórnmálafræðideild Háskólans mun rannsaka þetta heimsundur í stjórnlist, þar sem maðurinn með keðjuna spígsporar um þekkingarþorpið, klippandi borða, sötrandi kampavín og spænandi snittum, en lætur að öðru leyti eins og sér komi rekstur borgarinnar minnst við. Hið merkilega er að velflestir fjölmiðlar hafa bara gert sér þá orðræðu að góðu.

Það er þó ekki svo að fjölmiðlarnir séu feimnir við að þjarma að stjórnmálamönnum almennt og yfirleitt. Um það finnast vart skýrari dæmi en í Klausturfokkinu, þar sem fjölmiðlar spurðu þingmennina sex fram og til baka út í það sem þeir sögðu þar við borðið (eða létu ósagt) og engin grið gefin. Eins og rétt var í umfjöllun um þá óþverralegu orðræðu.

★ ★ ★

Hins vegar var það líka réttmæt athugasemd, sem fram kom í pistli á heimasíðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (af stílnum að dæma hélt þar einhver annar á penna), að það er alls ekki víst að sú framganga hefði verið með sama hætti ef einhverjir aðrir hefðu átt í hlut.

Þar var sögð saga af hliðstæðu samkvæmi, nema hvað þingmennirnir kjaftforu voru á vinstrikantinum, en hinn hlerandi Marvin hress Heimdellingur. Svo var spurt hvor söguþráður fjölmiðla væri sennilegri í framhaldinu, að þingmennirnir væru úthrópaðir vikum saman en Heimdellingurinn hylltur sem bjargvættur lýðræðisins, nú eða hitt að fæstum fjölmiðlum þætti við hæfi að skrifa fréttir úr hlerunum, en fjölluðu fremur um



Nasdaq

Nasdaq á Íslandi
óskar öllum gleðilegrar
hátíðar og gæfu
á komandi ári 2019.

Business.Nasdaq.com

það á hvaða leið þjóðfélagið væri þegar útsendarar íhaldsins tækju með leynd upp trúnaðarsamtöl þingmanna annarra flokka.

Þetta var svolítið fyndinn pistill og sumar hliðstæðurnar skemmtilega ýktar, en eftir stendur að fáir treysta sér til þess að halda því fram að fjölmiðlar hefðu tekið á flindbullum þingmönnum vinstriflokkanna á sömu leið. Sér í lagi eftir að um svipað leyti kviknaði ekki minna tilefni til þess að segja fréttir og spyrja þingmann Samfylkingarinnar út í hálfu alvarlegra atvik, en fjölmiðlaumfjöllun var með allt öðrum hætti.

★ ★ ★

Það er ekki heldur svo að illt umtal stjórnmálamanna um aðra stjórnmálamenn sé einsdæmi. Helga Vala Helgadóttir, hinn móðgunargjarni og þóttafulli formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, sveiaði pólitískum andstæðingum í borgarstjórn, þegar gagnrýni kom fram á borgarstjórann, samflokksmann hennar, eftir að hann var farinn í veikindaleyfi. Henni virtist þá alveg hafa gleymt hvers konar tillitssemi hún sjálf auðsýndi Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Geir H. Haarde þegar þau áttu við alvarlegan heilsubrest að stríða í hruninu.

Hins vegar var það einkar athyglisvert þegar þjóðin átti vart orð yfir klámið á Klaustri, hvað sumum var samt laust um mál. Kannski af því þeir voru í svo góðri æfingu, okkar virkustu í athugasemdum.

Sá fúkyrðaflaumur er ekki eftir hafandi frekar en orðræða á Klaustri, enda eru Áramót fjölskyldublað, sem finna má á öllum betri heimilum um hátíðarnar.

Merkilegast er þó að enginn þeirra hrópenda í eyðimörk samfélagsmiðlanna virtist átta sig á þessari tryllingslega fyndnu þversögn í málflutningum, þar sem þeir úthúðuðu sexmenningum opinberlega og völdu hin verstu orð fyrir það að hafa verið svo klúrir og dónalegir um fjarstatt fólk við afvikið borð á kránni.

★ ★ ★

Það væri auðvelt að halda því fram að þar hafi bræðin borið fólk ofurliði, persónulegur eða pólitískur ímugustur á þessum stjórnmálamönnum hlaupið með það á gönur. En viðbrögð hinna virku í athugasemdum við blaðagrein, sem birtist einni og hálfri viku eftir að Klausturfokkið sprakk út, benda til annars. Greinarhöfundur fann að óbilgirni og hræsni þeirra, sem hæst höfðu gegn sexmenningunum, nefndi að þingmennirnir kynnu að eiga sér einhverjar málsbætur og gagnrýndi hlerandann.

Hinir virku voru á öðru máli, eins og tíundað var án skrauthvarfa í athugasemdum og ýmis ljót orð látin falla um innræti hans og útlit, þar á meðal hvað hann væri með ferlega asnaleg gleraugu. Maðurinn er lögblindur án gleraugna. Ætli það sé ástæða til þess að taka leiðbeiningu hinna virku um hvernig beri að haga orðum sínum af nærgætni, háttvísi og fordómaleysi?

★ ★ ★

Það er heldur ekki svo að orðræða af því taginu sé einsdæmi. Hún er að verða reglan í kengruglaðri umræðuhefð eftirhrunsáranna, þar sem keppnin virðist standa um hver hrópar hæst og menn stæra sig af því að eira engum. Ekki um hvað sem er, en þegar pólitík eða hneyksli vikunnar eiga í hlut virðist allt leyfilegt.

★ ★ ★

Þetta á ekki síst við þegar félagsréttlætisriddararnir ríða um héruð.

Í sama mund og þeir gera strangar kröfur um orðræðu annarra – hvort sem talað er um transfólk, innflytjendur, hjúkrunarfræðinga eða aðra þá sem höllum fæti kunna að standa – virðist vera sérstakt keppikefli svo fólk sé gjaldgengt í þeirra hóp, að velja andstæðingum sínum – ætluðum sem raunverulegum – hin verstu orð.

Eitt skýrasta dæmið um þetta sást nýliðið haust þegar lögmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson ljóstraði upp um níð, svívirðingar og afmennskunartilburði í sinn garð á lokuðum umræðuvettvangi á netinu.

Sá spjallhópur hefur það helst að markmiði að „hæðast að feðraveldinu“ og er tiltekið að hann sé „öruggt svæði“ (e. safe space), sem þýðir að þar á enginn að þurfa að óttast að verða fyrir fordómum, gagnrýni, áreiti eða andlegum eða líkamlegum skaða eða óþægindum.

Látum þversagnirnar, hræsnina og yfirdrepskapinn eiga sig, en er þess háttar orðræða líkleg til þess að koma einhverjum að gagni? Er hún líkleg til þess að ná skynsamlegri niðurstöðu um flókin og erfið álitaefni? Er hún líkleg til þess að auka vellíðan þá og væntumþykju, umburðarlyndi og tillitssemi, skilning og samfélagsfrið, sem vonast verður til að stefnt sé að?

★ ★ ★

Það ætti ekki að þurfa að nefna það, en svo fyllsta samræmis og jafnvægis sé gætt, þá urðu þessar uppljóstranir um níðhópinn vitaskuld til þess að eggja enn aðra, sem síðan jusu soranum yfir hópinn og mestu sóðakjafta hans. Um það upplýsti hin orðvara Hildur Lilliendahl, einn forvígismaður hópsins, og vandaði Jóni Steinari ekki kveðjurnar, sem aftur urðu til þess að virkir í athugasemdum tóku hana til bæna o.s.frv. Af því tilefni sneri Týr sér í hring.

★ ★ ★

Ljót orð koma ekki aðeins af ljótum hugsunum, heldur geta ljót orð af sér ljótar hugsanir. Það er vítahringur, sem enginn er hollur. Sá vítahringur í opinberri orðræðu á Íslandi er þjóðinni ekki heldur hollur, hann fæðir af sér fleiri og verri ljót orð; fleiri og ljótari hugsanir.

Þegar fólk lítur á alla þá, sem eru þeim ósammála, sem andstæðinga og ætlar andstæðingunum allt illt, þá leysist orðræðan upp í formælingar og andstæðingarnir verða að óvinum, þar sem það verður höfuðsynd að eiga nokkuð saman við þá að sælda.

En hvernig ætla menn þá að ná samkomulagi eða niðurstöðu, hvort heldur er milli einstaklinga eða um nokkuð það sem samfélagið varðar sem heild? Við blasir að við slíkar kringumstæður verður klofningurinn æ djúpstæðari og ágreiningurinn að hatri.

★ ★ ★

Lítil og afskekkt þjóð má ekki við slíkri orðræðu. Það ætti enda að vera lærdómur Klausturfokksins, að þannig á enginn að tala um eða við nokkurn mann.

Það á ekki aðeins við um fyllikarlana á Klaustri. Jafnvel síður, því það rann þó af þeim.

Þegar kemur að þeirri orðræðu, sem hér hefur verið umborin allt frá hruni, þýðir ekki að bíða eftir því að það renni af þessum virku í athugasemdum. Nei, þar þarf almenningur að fara saman í bindindi um að nota ekki slíkan munnsöfnuð, dylgjur og níð. Og að líða öðrum hann ekki heldur. Ekki með því að banna öðru fólki að tala eða skipa því hvernig það megi tala, heldur með því að fella talið þegar orðræðan fer á þær sóðaslóðir, taka ekki þátt í samtalinu, virða ekki dónana viðlits. Því annars erum við í sama svaðinu sjálf. ■


MÚLAKAFFI
- SÍÐAN 1962 -
Lífið er veisla
...njótum hennar


2018
Framúrskarandi fyrirtæki
2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan
Hallarmúla 1 | 108 Reykjavík | 553-7737 | mulakaffi@mulakaffi.is | www.mulakaffi.is

# Hvítbók, Blöndal og kreppur

Í byrjun desember var hvítbók um fjármálakerfið birt en þar má finna stefnu núverandi ríkisstjórnar um umgjörð kerfisins.

★ ★ ★

Eðlilega þá eiga stjórnarflokkarnir sína fulltrúa í slíkri nefnd. Má þar nefna Guðrúnu Ögmundsdóttur, dóttur Ögmunds Jónassonar, sem er starfsmaður Seðlabankans. Lárus Blöndal var formaður starfshópsins en hann er jafnframt formaður stjórnar Bankasýslu ríkisins, skipaður af Bjarna Benediktssyni formanni Sjálfstæðisflokksins.

★ ★ ★

Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup mældist Sjálfstæðisflokkurinn með 35-39% þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur var við völd. Allt þar til Bjarni Benediktsson ákvað að styðja Icesave-samninginn þann síðasta. Með þeirri ákvörðun má segja að formaðurinn hafi varanlega minnkað fylgi flokksins um 10 prósentustig. Í það minnsta varir það enn. Í dag er fylgið samkvæmt Gallup 23,5% og hefur hæst farið í 29% í kosningunum, árið 2016.

★ ★ ★

**Icesave og Sjálfstæðisflokkur**

Margir reyndu að hafa áhrif á Bjarna Benediktsson dagana og helgina áður en hann tók ákvörðun um hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætti að samþykkja síðasta Icesave-samninginn eða ekki. Fyrrverandi aðstoðarmaður Bjarna, alþingismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson, var eindreginn andstæðingur þess að samþykkja samninginn. Birgir Ármannsson, sem var og er áhrifamaður innan þingflokksins, var einnig á móti rétt eins og Pétur Blöndal. Margir utan þingflokksins höfðu áhyggjur að Bjarni myndi samþykkja samninginn en þeirra voru Björn Bjarnason, náfrændi Bjarna, og Davíð Oddsson. Hann, ásamt Haraldi Johannessen, breytti stefnu blaðsins í Icesave og var það mjög andsnúið kröfum Breta og Hollendinga. Morgunblaðið og Viðskiptablaðið voru einu íslensku fjölmiðlarnir sem voru andvígir Icesave-samningnum en fengu óvænta hjálp að utan, sérstaklega frá Financial Times í Bretlandi.

★ ★ ★

**Slök dómgreind**

Einum manni helst hefur verið eignað að hafa sannfært Bjarna Benediktsson um þessa röngu og afdrifaríku ákvörðun. Sá maður heitir Lárus Blöndal. Fleiri stukku á þann vagn. Fyrrverandi formennirnir Þorsteinn Pálsson og Geir Haarde eru þeirra á meðal en sá síðarnefndi var verðlaunaður með sendiherratign í Washington.

★ ★ ★

Það er einkennilegt og ekki líklegt til árangurs að minna þá reglulega á sem voru staðfastir gegn löglausum kröfum Breta og Hollendinga, og höfðu rétt fyrir sér um afleiðingar þess ef Sjálfstæðisflokkurinn myndi styðja Icesave, að tefla fram mönnum með svo slaka dómgreind fyrir hönd flokksins.




★ ★ ★

**Mikilvæg skref**

En aftur að hvítbókinni. Þar er margt ágætt að finna og sumt síðra. Þar er lagt til að eignarhald ríkisins á bönkum verði takmarkað við þriðjungshlut í einum banka. Það er reyndar þriðjungshlut of mikið en mun skárra en tveir af þremur stóru viðskiptabönkunum, eins og nú er. Reyndar gæti þetta breyst hratt þótt ríkið selji ekki hluti sína í bönkunum. Mjög hröð þróun er í fjártækni og þrátt fyrir yfirburðastöðu ríkisbankanna Landsbanka og Íslandsbanka og einkabankans Arion banka, þá gætu markaðsaðstæður breyst hratt. Þá gæti eins farið fyrir ríkisbönkunum og Íslandspósti.

★ ★ ★

**13.789 blaðsíður**

Eitt af meginstefjunum í bókinni er gott regluverk. Það er alveg rétt. En sumir telja að eftir því sem reglurnar eru fleiri sé regluverkið betra.

Eftir kreppuna miklu sem hófst 1929 voru sett lög, sem nefnd voru í höfuðið á demókrötunum Carter Glass og Henry Steagall. Glass-Steagall-lögin voru sett árið 1933 og voru 37 blaðsíður að lengd með lögskýringargögnum. Þeim var ætlað að koma í veg fyrir heimskreppu.

★ ★ ★

Sjötíu og fimm árum eftir að lögin voru sett kom kreppa. Heimskreppa. Til að varna heimskreppu setti Bandaríkjaþing lög árið 2010. Þau nefndust Dodd-Frank í höfuðið á demókrötunum Chris Dodd og Barney Frank. Dodd-Frank-lögin eru 13.789 blaðsíður að lengd með lögskýringargögnum eða 372 falt lengri en Glass-Steagall.

★ ★ ★

Þetta er einhver stærsta markaðshindrun fyrir smærri fyrirtæki sem nokkurn tímann hefur verið komið á fót. Stóru bankarnir fjölga mönnum í lögfræðideildum sínum sem vinna dag og nótt í að komast í kringum lögin. Óvíst er hvort kreppa kemur ekki fyrr en eftir 75 ár. En þó er víst að hún kemur.

★ ★ ★

**Kreppur**

Um áramót er ástæða til að líta til baka og og horfa fram á við. Útlit er fyrir hörðum átökum á vinnumarkaði. Það er líklegt að allir muni tapa á þeim átökum. Launþegar og atvinnurekendur, heilbrigðir og sjúkir, ríkir og fátækir. Það mun því ríkja kreppa í nokkra mánuði. Lengur munu þau ekki standa því almenningur hefur aldrei haft það betra á Íslandi þó að ýmislegt þurfi og megi breyta. Því er Óðinn bjartsýnn fyrir komandi ári.


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
VÍNAR TÓNLEIKAR
NÝÁRSTÓNLEIKAR 2019
**Christian Kluxen** hljómsveitarstjóri
**Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað** einsöngvari
**Sveinn Dúa Hjörleifsson** einsöngvari
FIM 10 JAN 19:30
FÖS 11 JAN 19:30
LAU 12 JAN 16:00 & 19:30
Byrjaðu nýtt ár á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikarnir hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar.
Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Inn á milli heyrast einnig vinsælar óperettuaríur og dúettar.
TAKTU ÞÁTT Í GLEÐINNI
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS
Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50
@icelandsymphony / #sinfó
Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

# 2018 Lúxuskerrur

**Nýir og glæsilegir lúxusbílar voru frumsýndir á árinu. Hér eru átta bestu og fallegustu lúxuskerrurnar að okkar mati.**




**Lamborghini** kynnti hinn sportjeppa **Urus** á Íslandi og bílablaðamanni Viðskiptablaðsins bauðst að reynsluaka þessum magnaða lúxusjeppa sem er auk þess algert tryllitæki. Urus er fyrsti sportjeppinn frá Lamborghini sem kemur á markað. Þetta er líka fyrsti bíllinn sem Lamborghini framleiðir sem er með forþjöppu. Það má segja að Lamborghini Urus sé hreinræktaður sportbíll í líki sportjeppa. Lambo er sannarlega ekkert lamb að leika sér við. Þetta er urrandi tryllitæki með gríðarlega aflmikla 4 lítra, V6 vél með tvöfaldri forþjöppu sem skilar alls 650 hestöflum. Hámarkstogið er 850 Nm. Sportjeppinn er aðeins 3,6 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið og 12,4 sekúndur í tvö hundruð. Hámarkshraðinn er 305 km/klst og geri aðrir sportjeppar betur. Krafmeiri bíll hefur líklega sjaldan eða aldrei verið á ekið Suðurlandi. Líklega ekki dýrari heldur en Urus kostar um 40 milljónir króna.

RÓBERT RÓBERTSSON **robert@vb.is**



**Porsche Panamera E-Hybrid Sport Turismo** í langbaksútfærslu kom fram á sjónarsviðið á árinu. Bíllinn er stór og rúmgóður, rúmlega 5 metra langur og tæplega tveggja metra breiðurPlug-in Hybrid bíll eða svokallaður tengiltvinnbíll. Hann er gríðarlega aflmikill með 2,9 lítra, V6 bensínvél og rafmótor. Samanlagt aflið skilar 462 hestöflum og hámarkstogið er 700 Nm. Þetta er ekkert smáræði og skilar sér sannarlega í miklu afli fyrir þennan stóra bíl. Hann er aðeins 4,6 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið og 10,8 sekúndur úr kyrrstöðu í 160 km hraða. Hámarkshraðinn er 275 km/klst.



**Maserati** frumsýndi nýjan ofursportjeppa á bílasýningunni í New York sem ber heitið **Levante Trofeo**. Ítalski bílaframleiðandinn er þekktur fyrir að framleiða volduga bíla og hér er engin undantekning á ferðinni. Þessi nýi sportjeppi mætir öflugur til leiks. Undir óvenju stóru grillinu er feykilega öflug 3,8 lítra V8 vél sem Ferrari smíðaði í Maranello. Vélin skilar Levante Trofeo 582 hestöflum sem kemur bílnum úr kyrrstöðu í hundraðið á aðeins 3,9 sekúndum. Þetta er þrusugott afl fyrir sportjeppa. Maserati Levante Trofeo er með fjórjóladrifi og vel búinn lúxusbúnaði eins og búast má við frá Ítölunum. Hámarkshraði bílsins er um 300 km/klst.


AVIS®
VILTU LÆKKA
REKSTRARKOSTNAÐINN
HJÁ ÞÍNU FYRIRTÆKI?
Kynntu þér sérsniðnar flotalausnir AVIS
og spara bæði fé, tíma og fyrirhöfn.
VIÐ GERUM BETUR
AVIS.IS / AVIS@AVIS.IS / 591 4000
INNIFALIÐ:
ÚRVAL BÍLA
TRYGGINGAR
DEKKJASKIPTI
360
ALLT VIÐHALD

# 2018 Lúxuskerrur





Breski lúxusbílaframleiðandinn **Rolls Royce** slær ekki slöku við og kynnti nú í árslok nýjan lúxusjeppa sem ber heitið **Cullinan**. Hann er nefndur í höfuðið á stærsta demanti sem fundist hefur. Þeir eru ekki með neina minnimáttarkennd hjá Rolls Royce. Jeppinn verður hlaðinn lúxus og mun kosta frá 30 milljónum króna. Hann er búinn sömu 6,7 lítra vélinni og er í annarri lúxuskerru, Rolls Royce Phantom. Breski bílaframleiðandinn segir að nýi jeppinn sé klár í torfærur en það verður forvitnilegt að vita hverjir eru tilbúnir að keyra svona dýrum lúxusjeppa á malarslóðum.

Annar breskur lúxusbílaframleiðandi kynnti sinn fyrsta Plug-in Hybrid bíl á árinu í formi lúxusjeppans **Bentley Bantayga**. Þetta verður sem sagt umhverfismildari útfærsla af Bantayga sem er með tengiltvinnvél sem samanstendur af rafmótor og 3 lítra bensínvél með forþjöppu. Hún skilar bílnum 450 hestöflum. Bíllinn á að komast 45 km á rafmagninu einu saman samkvæmt upplýsingum frá Bentley. $CO_2$ losunin fer niður í aðeins 75g/km. Bentley hyggst framleiða fleiri Plug-in Hybrid bíla á næstu árum og framundan er sportbíll með tengiltvinnvél sem gæti litið dagsins ljós árið 2020.



**Land Rover** svipti hulunni af nýjum og flottum tveggja dyra **Range Rover SV Coupe** á bílasýningunni í Genf. Þessi nýi jeppi frá breska lúxusbílaframleiðandanum verður einungis framleiddur í takmörkuðu upplagi. Range Rover SV Coupe er tilþrifamikil viðbót við aðrar gerðir Range Rover, en nýi bíllinn er jafnframt sá eini á markaðnum í sínum stærðarflokki sem er tveggja dyra coupe. Hann er sérlega vel búinn að hætti Range Rover þar sem fallegt handbragðið blasir hvarvetna við, ekki síst í farþegarýminu. Jeppinn er mjög aflmikill með 5 lítra V8 vél undir húddinu sem skilar 558 hestöflum. Hámarkstogið er alls 700 Nm. Range Rover SV Coupe fer úr kyrrstöðu í hundraðið á aðeins 5 sekúndum sem er asni gott fyrir jeppa.





**Jaguar I-Pace** var kynntur nú í haust og hefur verið duglegur við að sanka að sér fullt af verðlaunum. I-Pace er sportjeppi sem fylgir í fótspor F-Pace og E-Pace en munurinn er fyrst og fremst að þessi er hreinn rafbíll. Þetta er 400 hestafla lúxuskerra sem skilar 700 Nm í togi og er aðeins 4,4 sekúndur úr kyrrstöðu í hundrað.

**Volkswagen** kom fram með nýja kynslóð af **Touareg** sem er flaggskip þýska lúxusbílaframleiðandans. Nýi jeppinn er mikið breyttur frá forveranum. Hönnunin er vel heppnuð í alla staði. Touareg er nú betur búinn lúxus og nýjustu tækni en áður með nýju upplýsinga- og afþreyingakerfi og stórum 38 tommu snertiskjá í innanrýminu. Touareg er með 3 lítra, V6 dísilvélum. Í minni útfærslunni skilar vélin 230 hestöflum og togið er 500 Nm en sú stærri skilar 285 hestöflum og togið er 600 Nm.


Er kominn tími á vinnubílinn?
Á ákveðnum tímapunkti getur verið skynsamlegt að kveðja gamla atvinnubílinn, sem hefur þjónað sínu hlutverki, og endurnýja.
Við veitum faglega ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu við fjármögnun atvinnubíla.
Hagasmári 3 > 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo



Haraldur Eiríksson, hjá Hreggnasa, með fallegan lax sem veiddist þegar Laxá í Kjós var opnuð 15. júní síðasta sumar. Veiði í ánni jókst um 23% á milli ára.

# Mok við Urriðafoss

**Laxveiðin síðasta sumar var sú lakasta í fjögur ár. Flestir laxar veiddust í Ytri-Rangá en veiði á stöng var mest í Urriðafossi í Þjórsá. Þegar veiði á stöng í 50 ám víðs vegar um land er skoðuð kemur í ljós að hún dalaði um ríflega 3% á milli ára.**

TRAUSTI HAFLIÐASON
**trausti@vb.is**

Eins og margir laxveiðimenn vita kemur lokaskýrsla Veiðimálastofnunar um laxveiðina sumarið 2018 ekki út fyrr en í júní á næsta ári. Líkt og undanfarin ár tekur Viðskiptablaðið smá forskot á sæluna og rýnir í veiðitölur á vefsíðu Landssambands veiðifélaga (LV), angling.is.

Viðskiptablaðið hefur fengið upplýsingar um lokatölur í 50 laxveiðiám og reiknaða veiði á stöng en sá mælikvarði gefur nokkuð góða mynd af veiði í ám. Veiði á stöng er líka besti mælikvarðinn til þess að bera saman laxveiðiár. Fjöldi stanga í ám getur verið misjafn milli ára en einnig eru þónokkur dæmi um að veitt sé mismargar stangir í ám yfir sumartímann. Ágætt dæmi um það eru Elliðaárnar, en þar er ýmist veitt á fjórar eða sex stangir á veiðitímabilinu. Viðskiptablaðið hefur reynt eftir bestu getu að taka tillit til þessara þátta.

**Samdráttur á milli ára**

Þó að laxveiðin síðasta sumar hafi verið sú lakasta í fjögur ár þá var hún mjög svipuð og sumarið 2017. Að meðaltali veiddust 124 laxar á stöng sumarið 2018 samanborið við 128 sumarið 2017. Hafa ber í huga að í fyrra dróst veiðin saman um 17% samanborið við sumarið 2016. Sumarið 2016 veiddust 154 laxar á stöng að meðaltali. Viðskiptablaðið hóf að taka saman tölur um veiði á stöng árið 2012. Á þeim tíma sem liðinn er stendur árið 2015 upp úr. Þá veiddust að

sage

# SAGE ER VINSÆLASTA FLUGUSTÖNGIN

## ÞAÐ ER EKKI TILVILJUN



# BARA ÞAÐ BESTA



Hvað hæfir **SAGE** stönginni þinni betur
en nýtt vandað **SAGE** fluguhjól?

VEIÐIHORNIÐ

TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

SÍÐUMÚLA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS

# Laxveiði á stöng í íslenskum ám

*— frá árinu 2012 til 2018*

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Urriðafoss í Þjórsá** | **330** | 378 | — | — | — | — | — |
| **Miðfjarðará** | **302** | 418 | 482 | 655 | 175 | 378 | 169 |
| **Haffjarðará** | **258** | 195 | 218 | 277 | 137 | 360 | 191 |
| **Eystri-Rangá** | **241** | 131 | 198 | 158 | 141 | 277 | 182 |
| **Selá í Vopnafirði** | **231** | 162 | 143 | 165 | 150 | 225 | 218 |
| **Laxá í Dölum** | **228** | 164 | 323 | 298 | 37 | 118 | 64 |
| **Affall í Landeyjum** | **218** | 48 | 173 | 140 | 96 | 199 | 118 |
| **Ytri-Rangá og Hólsá** | **211** | 390 | 488 | 451 | 157 | 270 | 218 |
| **Elliðaárnar** | **185** | 171 | 130 | 171 | 88 | 234 | 166 |
| **Þverá og Kjarrá** | **177** | 147 | 136 | 169 | 85 | 248 | 55 |
| **Laxá á Ásum** | **176** | 277 | 310 | 898 | 503 | 531 | 106 |
| **Búðardalsá** | **166** | 128 | 106 | 233 | 124 | 218 | 138 |
| **Flókadalsá** | **159** | 141 | 123 | 273 | 114 | 312 | 100 |
| **Langá** | **142** | 148 | 125 | 227 | 52 | 245 | 96 |
| **Grímsá og Tunguá** | **141** | 161 | 76 | 175 | 65 | 206 | 60 |
| **Hvítá – Langholt** | **137** | — | — | — | — | — | — |
| **Laxá í Kjós** | **132** | 108 | 75 | 173 | 68 | 133 | 54 |
| **Haukadalsá** | **128** | 101 | 217 | 134 | 39 | 100 | 100 |
| **Leirvogsá** | **125** | 58 | 156 | 353 | 157 | 302 | 101 |
| **Þverá í Fljótshlíð** | **125** | 112 | 69 | 70 | 41 | 77 | 69 |
| **Miðá í Dölum** | **125** | 72 | 159 | 111 | 75 | 233 | 119 |
| **Svalbarðsá** | **121** | 121 | 131 | 262 | 134 | 102 | 91 |
| **Brennan (Í Hvítá)*** | **121** | 96 | — | 160 | 60 | 125 | 108 |
| **Hrútafjarðará og Síká** | **120** | 128 | 184 | 287 | 93 | 234 | 59 |
| **Norðurá** | **120** | 122 | 95 | 205 | 66 | 246 | 71 |
| **Korpa/Úlfarsá** | **119** | 58 | — | — | — | — | — |
| **Hítará** | **115** | 90 | 142 | 219 | 83 | 197 | 93 |
| **Laxá í Leirársveit** | **112** | 104 | 74 | 187 | 69 | 150 | 70 |
| **Straumarnir (Í Hvítá)** | **108** | 139 | 130 | 170 | 48 | — | 130 |
| **Gljúfurá í Borgarfirði** | **99** | 94 | 66 | 213 | 56 | 190 | — |
| **Hofsá og Sunnudalsá** | **94** | 80 | 66 | 57 | 72 | 127 | 111 |
| **Vatnsdalsá í Húnaþingi** | **92** | 119 | 142 | 200 | 111 | 167 | 48 |
| **Straumfjarðará** | **89** | 90 | 89 | 127 | 81 | 201 | 79 |
| **Langadalsá** | **79** | 42 | — | 155 | 53 | 152 | 51 |
| **Blanda** | **78** | 128 | 213 | 399 | 151 | 221 | 60 |
| **Víðidalsá** | **74** | 98 | 142 | 203 | 87 | 114 | 41 |
| **Jökla** | **66** | 44 | 73 | 136 | 51 | 64 | 84 |
| **Laugardalsá** | **66** | 58 | 84 | 174 | 45 | 135 | 53 |
| **Stóra-Laxá** | **64** | 59 | 62 | 65 | 88 | 178 | 67 |
| **Hafralónsá** | **58** | — | — | — | — | — | — |
| **Deildará** | **54** | 79 | 87 | 101 | 50 | 45 | 32 |
| **Krossá á Skarðsströnd** | **46** | 58 | — | 47 | 58 | 113 | 83 |
| **Skjálfandafljót** | **42** | 63 | 67 | 112 | 48 | 83 | 44 |
| **Norðlingafljót** | **40** | 166 | 106 | 109 | 43 | 90 | 51 |
| **Laxá í Aðaldal** | **35** | 40 | 69 | 68 | 47 | 58 | 25 |
| **Svartá í Hún.** | **32** | 32 | 92 | 155 | 73 | 92 | 37 |
| **Ölfusá** | **22** | 25 | 43 | 73 | 19 | 57 | 47 |
| **Breiðdalsá** | **18** | 18 | 63 | 64 | 48 | 51 | 60 |
| **Fnjóská** | **16** | 14 | 25 | 82 | 37 | 53 | 34 |
| **Kerlingardalsá, Vatnsá** | **11** | — | 82 | 80 | 45 | 114 | 79 |

*Heimild: LV (angling.is)*

# Aflahæstu árnar

*— laxveiðiár 2018 með meira en 800 laxa*

| | Fjöldi laxa |
|---|---|
| **Ytri-Rangá og Hólsá** | 4.032 |
| **Eystri-Rangá** | 3.960 |
| **Miðfjarðará** | 2.719 |
| **Þverá og Kjarrá** | 2.472 |
| **Norðurá** | 1.692 |
| **Langá** | 1.635 |
| **Haffjarðará** | 1.545 |
| **Selá í Vopnafirði** | 1.340 |
| **Urriðafoss í Þjórsá** | 1.320 |
| **Laxá í Dölum** | 1.207 |
| **Grímsá og Tunguá** | 1.128 |
| **Laxá í Kjós** | 1.054 |
| **Elliðaárnar** | 960 |
| **Affall í Landeyjum** | 872 |
| **Blanda** | 870 |

*Heimild: LV (angling.is)*

# Fjöldi laxa á stöng

*— í íslenskum ám síðustu sjö ár*

| | Fjöldi laxa |
|---|---|
| **2018** | 124 |
| **2017** | 128 |
| **2016** | 155 |
| **2015** | 208 |
| **2014** | 91 |
| **2013** | 179 |
| **2012** | 90 |

*Heimild: LV (angling.is)*

"Veiði við Urriðafoss í Þjórsá var fantagóð síðasta sumar. Alls veiddust 1.320 laxar á svæðinu á fjórar stangir, sem þýðir að 330 laxar veiddust á hverja stöng að meðaltali.



Japanskt meistaraverk
KAWAI
PIANOS
KAWAI
Landsins mesta úrval af
píanóum í öllum verðflokkum.
Hjá okkur færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og
áratuga reynslu.
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185
og Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185 • www.tonastodin.is

meðaltali 208 laxar á stöng í viðmiðunarám Landssambands veiðifélaga.

**330 laxar á stöng**

Veiði við Urriðafoss í Þjórsá var fantagóð síðasta sumar. Alls veiddust 1.320 laxar á svæðinu á fjórar stangir, sem þýðir að 330 laxar veiddust á hverja stöng að meðaltali. Stangaveiði við Urriðafoss hófst fyrst í fyrra en þá veiddust 755 laxar á tvær stangir eða 378 laxar á stöng. Veiði á stöng dróst því saman um 13% á milli ára.

Miðfjarðará er í öðru sæti en alls veiddust 302 laxar á stöng á ánni síðasta sumar. Veiðin í Miðfjarðará hefur verið mögnuð síðustu ár. Í fyrra trónaði hún á toppnum með 418 laxa á stöng. Sumarið 2016 skilaði hún 482 löxum á stöng og 655 sumarið 2015. Miðað við í fyrra dróst veiðin í Miðfjarðará saman um 28% á milli ára.

Í þriðja sæti yfir veiði á stöng er Haffjarðará. Þar jókst heildarveiðin töluvert á milli ára. Hún fór úr 1.167 löxum sumarið 2017 í 1.545 síðasta sumar. Að meðaltali veiddust 258 laxar á stöng í Haffjarðará sumrið 2018, sem er 32% á milli ára. Í fjórða sæti er síðan Eystri-Rangá með 241 lax á stöng, sem er 85% aukning frá sumrinu 2017. Þar sem laxveiði á Austurlandi hefur verið í lægð síðustu ár hljóta veiðimenn að fagna því að Selá í Vopnafirði sé fimmta sæti listans með 231 lax á stöng. Veiði í Selá jókst um 43% á milli ára.

> Elliðaárnar eru gjarnan svolítið vanmetnar af veiðimönnum en þær eru samt ár eftir ár á lista yfir bestu laxveiðiár landsins.

**Hástökkvarinn**

Þrjár laxveiðiár til viðbótar þeim sem nefndar hafa verið skiluðu meira en 200 löxum á stöng síðasta sumar en það eru Laxá í Dölum, Affallið í Landeyjum og Ytri-Rangá. Affallið er hástökkvari ársins. Hún fer úr 48 löxum á stöng sumarið 2017 í 218 laxa í síðasta sumar. Nemur aukningin heilum 352%.

Í 9. sæti listans situr síðan litla veiðiperlan í Reykjavík. Elliðaárnar eru gjarnan svolítið vanmetnar af veiðimönnum en þær eru samt ár eftir ár á lista yfir bestu laxveiðiár landsins. Síðasta sumar veiddust 890 laxar í ánum eða 185 laxar á stöng, sem er 8% aukning á milli ára. Ágætis veiði var í hinni laxveiðiánni í Reykjavík síðasta sumar. Veiðin í Úlfarsá, stundum einnig nefnd Korpa, jókst um 106% á milli ára. Hún fór úr 58 löxum á stöng sumarið 2017 í 119 í fyrra.

Til þess að draga þetta allt saman þá skiluðu átta laxveiðiár meira en 200 laxa veiði að meðaltali á stöng síðasta sumar. Til samanburðar voru fjórar ár yfir 200 löxum á stöng sumarið 2017.

**Hörð keppni Rangánna**

Þegar heildarveiði er skoðuð var hörð keppni um toppsætið á milli Rangánna tveggja. Svo fór að mest veiddist í Ytri-Rangá og Holsá eða 4.032 laxar. Eystri-Rangá var skammt undan með 3.960 laxa veiði. Í heildina voru 12 laxveiðiár með meira en 1.000 laxa heildarveiði síðasta sumar. Hlutfallslega jókst veiðin mest á milli ára í Affallinu eins og áður sagði og mesti samdrátturinn var í Norðlingafljóti eða 76%.

Sumarið 2017 var ekki gott í hinni þekktu laxveiðiá Leirvogsá en þá nam heildarveiðin einungis 116 löxum eða 58 löxum á stöng. Leirvogsá tók við sér síðasta sumar. Þá veiddust 250 laxar eða 125 laxar á stöng sem er 116% aukning á milli ára. Þess ber að geta að sumarið 2017 var maðkaveði í fyrsta skiptið bönnuð í Leirvogsá en síðasta sumar var hún aftur leyfð að hluta.



**Harpa Hlín Þórðardóttir með silfurbjartan lax sem hún veiddi þegar Urriðafoss í Þjórsá var opnaður 27. maí síðasta sumar. Harpa Hlín á fyrirtækið Iceland Outfitters ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Sigurðssyni. Iceland Outfitters eru leigutakar við Urriðafoss.**

VB MYND/AÐSEND




HB GRANDI

# Goðsögn með gulleyrun



**Án þess að kunna á hljóðfæri eða hafa nokkra tónlistarmenntun að baki varð Clive J. Davis einn áhrifamesti maður bandarísks tónlistariðnaðar um áratuga skeið. Hann er iðulega nefndur „maðurinn með töfraeyrun“ eða „maðurinn með gulleyrun“.**

SINDRI FREYSSON
**sindri@vb.is**

Ég er strákur frá Brooklyn.“ Þannig hefst ævisaga Clive J. Davis sem út kom fyrir fimm árum. David fæddist árið 1932 þegar þorri íbúa Brooklyn voru gyðingar eins og hann sjálfur og fjölskylda hans. Faðir hans var rafvirki sem sneri sér síðar meir að farandsölu hálsbinda og þó að fjölskyldan hafi alltaf átt til hnífs og skeiðar að sögn Davis, taldist hún þó aldrei efnuð. Hann var farsæll námsmaður, glöggur á tölur og fann fljótt að í honum bjó mikill keppnisandi, sem lýsti sér m.a. í að hann bauð sig fram og náði formennsku í nemendaráðum og skólafélögum flestöll sín námsár.

**Munaðarlaus fyrir tvítugt**

Hann missti móður sína átján ára gamall, áfall sem lék hann grátt og mótaði hann mjög alla tíð, og ekki bætti úr skák að faðir hans lést aðeins ellefu mánuðum síðar. Hann flutti inn til systur sinnar og einbeitti sér að náminu og eftir vist í New York háskóla bauðst honum fullur námsstyrkur til að læra lögfræði í Harvard lagaskólann. Honum sóttist námið vel en þótti það hvorki sérstaklega skemmtilegt né gefandi. Með heiðarlegri undantekningu; í námskeiði um höfundarétt var honum gert að gerast áskrifandi að tímaritinu Variety, sem oft er kallað biblía bandaríska skemmtanaiðnaðarins, og lestur þess kveikti áhuga hans á margvíslegum tölulegum staðreyndum um kvikmyndir og sjónvarp. Að lokinni útskrift 1956 fékk hann vinnu hjá lítilli lögmannstofu í New York, og gekk í hjónaband sama ár.

Hann vann hjá lögmannsstofunni næstu árin við almenn störf, gerði samninga og áætlanir sem tengdust skattamálum og fasteignum og átti ekki sérstaklega von á að fást við annað um ævina. En örlögin ætluðu honum annað hlutskipti.

Dag einn hafði fyrrverandi vinnufélagi hans, sem ráðið hafði sig til CBS-fjölmiðlasamsteypunnar, samband og bauð honum starf við samningagerð hjá samsteypunni. Davis þáði tilboðið með þökkum. Hann fékk stöðu ráðgjafa hjá dótturfyrirtæki CBS, plötuútgáfunni Columbia Records, og hjálpaði því að kveða niður mál sem laut að meintri einokunarstöðu útgáfunnar í þess hluta rekstursins sem laut að söfnun áskrifenda hljómplatna. Málaferlin veittu honum innsýn í hvern kopp og kima hljómplötuútgáfunnar og í kaupbæti komst hann í náðina hjá þáverandi æðsta yfirmanni Columbia, Goddard Lieberson. Þegar fyrirhugaður arftaki Liebersons hvarf til annarra starfa ákvað hann að Davis skyldi leiða fyrirtækið inn í nýja tíma.

**Í miðri tónlistarlegri byltingu**

Árið 1967 settist Davis í forstjórastólinn, á þeim tíma tónlistarsögunnar sem einkenndist af miklum hræringum og nýjabrumi. Ólgan birtist vel á popphátíðinni í Monterey í Kaliforníu í júní sama ár; þar skaut Davis upp kollinum og stakk rækilega í stúf við aðra

## DRÁTTARBEISLI Á FLESTAR GERÐIR BÍLA



STEINHOF

WESTFALIA

## VÖRULYFTUR Á SENDI- OG FLUTTNINGABÍLA




## REIÐHJÓLAGRINDUR OG FARANGURSBOX






## LJÓS Á VAGNA OG BÍLA




## ALLAR GERÐIR AF KERRUM

Ifor Williams Trailers



## VARAHLUTIR Í ALLAR GERÐIR AF KERRUM

AL-KO

KNOTT
BREMSENTECHNIK

## SÉRSMÍÐI Á KERRUM EFTIR ÓSKUM VIÐSKIPAVINA









VÍKURVAGNAR EHF.

**STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI**

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -*
*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*



**Cive gerði útgáfusamning við Joplin og hljómsveit hennar, Big Brother & the Holding Company, og segir langlíf saga að hún hafi af örlæti hjartans boðist til að innsigla samninginn í rekkju, en Davis afþakkað kurteislega í mestri vinsemd.**

áhorfendur, mestmegnis hippa og blómabörn sem liðu alsæl um hátíðarsvæðið vel sýrð og reykt. Á meðal tónlistarmanna sem tróðu upp var kröftugur söngfugl frá Texas að nafni Janis Joplin, gítarsnillingur að nafni Jim Hendrix og breska rokksveitin The Who. Davis fylgdist grannt með því sem fram fór og varð uppnumminn. „Beint fyrir framan okkur var verið að gera tónlistarlega byltingu. Það lék allt á reiðiskjálfi. Það varð þyngra og harðara. Það var rafmagnað," lýsti Davis þessari upplifun í viðtali fyrir nokkrum árum.

Hann gerði án tafar útgáfusamning við Joplin og hljómsveit hennar, Big Brother & the Holding Company, og segir langlíf saga að hún hafi af örlæti hjartans boðist til að innsigla samninginn í rekkju, en Davis afþakkað kurteislega í mestri vinsemd. Fleiri útgáfusamningar fylgdu í kjölfarið og á örskömmum tíma varð Columbia leiðandi útgefandi popp- og rokktónlistar. Á aðeins þremur árum eftir að hann tók við stjórnartaumunum tvöfaldaði Columbia markaðshlutdeild sína í tónlist í Bandaríkjunum. Davis reyndist hafa einstakt lag á að þefa uppi unga og efnilega listamenn og sannfæra þá um að ferli þeirra og málum væri best borgið undir hans handleiðslu. „Ég villtist inn í þennan iðnað af hreinni hendingu. Ég hafði engin áform um slíkt. Og þegar ég byrjaði uppgötvaði ég að ég hafði náðargáfu sem mig hafði aldrei órað fyrir," sagði Davis í viðtali við BBC í fyrra.

Árið 1972 fékk Davis síðan hljómsveitina Earth, Wind & Fire til liðs við fyrirtækið og skömmu síðar bættist rokkhljómsveitin Aerosmith í hópinn, sveit sem átti eftir að eiga ótal smelli á vinsældalistum og selja plötur í bílförmum.

Árið 1972 var leiddur inn á skrifstofu hans ungur og óþekktur rokkari sem hóf að plokka gítarinn og syngja af öllum lífs og sálar



**Davis uppgötvaði Whitney Houston þegar hún var aðeins 19 ára gömul og stýrði ferli hennar uns hún varð einn söluhæsti tónlistarmaður allra tíma.**

kröftum. Hann hét Bruce Springsteen og Davis gerði við hann samning á staðnum. Davis afþakkaði þó fyrstu plötuna sem Springsteen hljóðritaði á þeim forsendum að hana vantaði sárlega vænlega smelli til að setja á smáskífur. Springsteen brást ekki ókvæða við öfugt við það sem margir listamenn myndu gera, heldur lagðist undir feld og hljóðritaði síðan tvö lög til viðbótar, lög sem áttu eftir að slá í gegn, þar á meðal Blinded By the Light. Davis var hæstánægður og ferill Springsteens fór á feiknarlegt flug.

### Leiddi Whitney Houston til frægðar

CBS rak hann hins vegar úr starfi árið 1973 á þeim forsendum að hann hefði notað fjármuni fyrirtækisins of frjálslega í eigin þágu, ásakanir sem hann hefur alltaf sagt vera hreinan þvætting. Columbia Pictures, sem tengdist ekkert CBS á þeim tíma, réð hann fljótlega til að vera ráðgjafi í tónlistardeild fyrirtækisins. Hann stofnaði síðan fyrirtækið Arista Records á grunni deildarinnar og hóf að gefa út listamenn á borð vð Barry Manilow, Arethu




wisefish
sjávarútvegslausnir

# Fullbúin sjávarútvegslausn í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise er leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausnir í áskrift á **navaskrift.is**

kr. **24.900** pr. mán. án vsk.

Bjóðum einnig **Office 365** í áskrift.

Office 365

Wise er leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

wise

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is



Clive Davis og Aretha Franklin.



**Patti Smith og Davis. „ Maður lætur listamenn á borð við Patti Smith. Aliciu Keys eða Bruce Springsteen í friði, því að það er verið að semja við þá vegna sköpunargáfu þeirra og þess að þeir eru einstakir.“**

Franklin, Dionne Warwick, Patti Smith, Grateful Dead, The Kinks og Lou Reed, og síðar meir Westlife, Aliciu Keys og ótal fleiri. Davis stofnaði einnig fyrirtækið LaFace Records sem gaf m.a. út TLC, Usher, Outkast, Pink og Toni Braxton. Þá stofnaði hann fyrirtækið Bad Boy Records með tónlistarmógúlnum P. Diddy og gaf út margar söluháar rappplötur undir hatti þess næstu árin, þar á meðal með Notorious B.I.G. og P. Diddy.

En stærsta stjarnan á himni Davis var þó líklega Whitney Houston, ekki síst vegna þess að hann uppgötvaði hana þegar hún var aðeins 19 ára gömul og stýrði ferli hennar uns hún varð einn söluhæsti tónlistarmaður allra tíma. Hann gerði heiðarlega tilraun til að bjarga henni frá eiturlyfjum en mistókst og horfði sorgmæddur á eftir henni í gröfina.

Hann hefur hlotið fern Grammy-verðlaun fyrir að framleiða hljómplötur, tvenn þeirra fyrir plötur hljómsveitarinnar Santana með gítarleikarann Carlos Santana í broddi fylkingar. Aldamótaárið 2000 varð Davis fyrsti yfirmaður í tónlistariðnaði til að vera tekinn inn í svokallaða Frægðarhöll rokksins, Rock and Roll Hall of Fame, en til þess tíma voru það aðeins listamenn sem nutu þess heiðurs. Sama ár yfirgaf hann Arista og stofnaði J Records, sem Bertelsmann Music Group (BMG) keypti meirihluta í nokkru síðar. Hann varð síðan forstjóri og stjórnarformaður RCA Music Group, dótturfyrirtækis BMG. Þegar BMG sameinaðist Sony Music Entertainment gegndi hann áfram æðstu stöðum og fékk titilinn yfirmaður sköpunardeildar Sony BMG árið 2008, þá kominn á áttræðisaldur.

## Djammað með Davis fyrir Grammy

Árið 1976 ákvað Davis að halda veislu á undan Grammy-verðlaunahátíðinni, aðallega til að halda upp á sigurgöngu Barry Manilow á bandarískum hljómplötumarkaði það ár, ásamt því að skera sig frá öllum eftirpartíunum sem aðrar hljómplötuútgáfur héldu í tengslum við hátíðina. Viti menn, fyrsta kvöldið mættu m.a. Stevie Wonder, Elton John og John Denver í gleðskapinn og ljóst var að þessi viðburður hafði fengið góðan hljómgrunn. Ríflega fjórum áratugum síðar þykir þessi veisla í aðdraganda hátíðarinnar, veisla kennd við Clive Davis, vera sú sem tónlistarmenn og aðrar stjörnur og áhrifafólk í iðnaðinum vilja helst sækja. Helstu listamenn samtímans troða þar upp fyrir um eitt þúsund gesti ár hvert.



### Að láta listamenn í friði

Spurður í NYU Alumni Magazine árið 2011 hver galdurinn væri á bak við að hlúa að svo mörgum ólíkum listamönnum með hámarksárangri, svaraði Davis: „Grundvallaratriðið er að vera við stjórnvölinn og gera hvaðeina sem þarf að gera. Þegar Patti Smith var uppgötvuð þurfti ekki að gera annað en að láta hana í friði. Maður lætur listamenn á borð við Patti Smith. Aliciu Keys eða Bruce Springsteen í friði, því að það er verið að semja við þá vegna sköpunargáfu þeirra og þess að þeir eru einstakir. Maður býr bara til mjög vinsamlegt umhverfi til að þeir geti skapað.“

Davis er kominn hátt á níræðisaldur en starfar enn þá í tónlistariðnaðinum og leggur sitt af mörkum til fagsins, m.a. með háum fjárframlögum til stofnunar sem við hann er kennd hjá New York University og býður nemum upp á að sérhæfa sig í framleiðslu tónlistar. Hann er löngu orðin goðsögn í þeim iðnaði og virðist ekkert ætla að láta deigan síga þrátt fyrir háan aldur.

# FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallegt og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.

DUX®



**DUXIANA**
**Ármúla 10**
**568 9950**
**duxiana.is**

DUXIANA®
**Háþróaður svefnbúnaður**



# Hvað fannst þeim?

**Viðskiptablaðið fékk nokkra valinkunna einstaklinga til að gera upp árið sem er að líða.**

INGVAR HARALDSSON
**ingvar@vb.is**



HILDUR KNÚTSDÓTTIR
**rithöfundur**

**Viðburður ársins?**
Hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum í júlí. Hvílíkt flopp í alla staði.

**Hneyksli ársins?**
Klaustursmálið, klárlega. Því meira sem var deilt úr þessu samtali því verra varð það. Ég man ekki hvenær ég var síðast jafn hneyksluð.

**Frétt ársins?**
Skýrsla Milliríkjanefndar SÞ um hvernig við höldum hlýnun jarðar innan við 1,5 gráðu.

**Klisja ársins?**
Að þingmönnunum sem teknir voru upp á Klaustri finnist sjálfsagt að sitja áfram á þingi og láta eins og ekkert hafi í skorist. Það er svo þreytt að stjórnmálamenn á Íslandi þykist ekki skilja hvað það er að axla ábyrgð.

**Hetja ársins?**
Annars vegar Bára Halldórsdóttir og hins vegar hin fimmtán ára gamla sænska Greta Thunberg. Síðustu mánuði hefur Greta reglulega farið í skólaverkfall til þess að krefja Svíþjóð um aðgerðir í loftslagsmálum. Síðustu daga hefur hún verið á loftslagsráðstefnu SÞ og látið ráðamenn heyra það.

**Óvænt ánægja ársins?**
Frétt um að það virðist vera að hægja töluvert á mannfjölgun á heimsvísu. Það voru aðallega fluttar neikvæðar fréttir af því en þetta eru stórkostlegar fréttir fyrir umhverfið.

**Stjórnmálamaður ársins?**
Rósa Björk Brynjólfsdóttir. Hún hefur hjartað á réttum stað og stendur með sannfæringu sinni.

**Lag ársins?**
I Like it með Cardi B.

**Bömmer ársins?**
Losun koltvísýrings frá þjóðum heimsins er aftur að aukast eftir að hafa staðið í stað síðustu ár. Það eru mjög niðurdrepandi fréttir og sannkallaður bömmer.



HJÁLMAR ÖRN JÓHANNSSON
**skemmtikraftur**

**Viðburður ársins?**
HM í fótbolta, að ferðast til Rússlands er eitthvað sem mig hefur alltaf langað að gera. 13 klukkustunda rútuferð á milli Volgograd og Rostov var minna skemmtileg.

**Hneyksli ársins?**
Engin spurning, það eru þingmennirnir á Klaustri!

**Frétt ársins?**
McDonalds að koma til Íslands, reyndar dregið til baka af MC HQ en við „fans“ lifum í voninni.

**Klisja ársins?**
Topplistinn yfir klisjur sem við ætlum að hætta að nota árið 2019:
- Njóttu (hættið að skipa fólki að njóta sín).
- Skrifstofan mín í dag (mynd af tánum á fólki á sólbekk).
- Mynd af bjórnum á Loksins bar uppi á Leifstöð og textinn: „þetta má“.

**Hetja ársins?**
Jákvæðu margra barna mæðurnar og feðurnir í þáttunum á Stöð2.

**Óvænt ánægja ársins?**
Að við kærastan mín eigum von á barni í apríl, mitt fjórða en hennar annað. Stefni á fjögur í viðbót en hún ekki.

**Stjórnmálamaður ársins?**
Engin spurning, það er minn maður, Muhammadu Buhari forseti Nígeríu, sem þurfti að neita því að hann væri dáinn og tvífari léki hann.

**Lag ársins?**
Afmæli með Svavari Elliða, loksins kominn annar valmöguleiki þegar kemur að afmælislögum. Viðurkenni að ég er með listamanninum Svelliða í laginu en það hefur ekki áhrif á val mitt.

**Bömmer ársins?**
Að nýi völlurinn hjá Tottenham skuli ekki vera tilbúinn, gríðarleg vonbrigði!



ANNA FRÍÐA GÍSLADÓTTIR
**Markaðsstjóri Domino's á Íslandi**

**Viðburður ársins?**
Ég held að þjóðin hafi aldrei verið jafn samheldin og á hátíðarfundinum á Þingvöllum, en þann viðburð lét að sjálfsögðu enginn fram hjá sér fara og hefði átt að verja meiri upphæð í. En að öllu gríni slepptu, þá var HM í Rússlandi óneitanlega viðburður ársins. Ég var svo heppin að vera viðstödd þegar við kepptum á móti Argentínu. Það mun seint gleymast.

**Hneyksli ársins?**
Það er erfitt að sleppa því að nefna #Klausturgate og Braggamálið.

**Frétt ársins?**
Þegar mynd af Ed Sheeran birtist í dánarfregnum Morgunblaðsins.

**Klisja ársins?**
Allir nýir veitingastaðir eru hallir. Orðið „Mathöll" virtist vera tískuorð ársins.

**Hetja ársins?**
Það situr í mér ótrúlega áhrifamikið viðtal við Guðrúnu Dögg sem varð fórnarlamb heimilisofbeldis af hendi Marks Doninger og í framhaldi myndaðist mikil samfélagsumræða.

**Óvænt ánægja ársins?**
Instagram frægð Rúriks.

**Stjórnmálamaður ársins?**
Þær eru tvær, Lilja Alfreðsdóttir eftir tímamótaviðtal í Kastljósi vegna Klaustursmálsins. En líka Katrín Jakobsdóttir, sérstaklega þar sem ríkisstjórnin fagnaði eins árs afmæli en er ekki fallin eins og síðustu tvær.

**Lag ársins?**
Þau voru mörg, t.d. In My Feelings með Drake og This is America með Childish Gambino. En í ár fengum við marga góða íslenska nýliða, t.d. Clubdub, Bríeti og GDRN.

**Bömmer ársins?**
Að það sé ekki hægt að greiða milljóna skuld með steikum, Björn Ingi reyndi þó!



KJARTAN ATLI KJARTANSSON
**Fjölmiðlamaður**

**Viðburður ársins?**
Eldhúspartý FM957 í nóvember var glæsilegt. En ég held að heimsmeistaramótið í fótbolta hafi verið viðburður ársins. Magnað afrek að komast þangað.

**Hneyksli ársins?**
Rigningarsumarið mikla á höfuðborgarsvæðinu var ömurlegt og veðrið yfir björtustu mánuði ársins var algjört hneyksli.

**Frétt ársins?**
Þegar sagnfræðingar framtíðarinnar horfa til baka held ég að þeir verði hvað mest spenntir yfir fréttinni um gríðarlegar vinsældir Rúriks Gíslasonar á Instagram, eftir að hafa komið inn á gegn Argentínu.

**Klisja ársins?**
Að Víkingaklappið sé orðið þreytt. Við réttar aðstæður veitir Víkingaklappið meira að segja mestu harðjöxlunum gæsahúð.

**Hetja ársins?**
Kafarinn sem fórnaði eigin lífi til að bjarga lífi drengjanna sem festust í hellinum í Taílandi og aðrir sem stóðu að björguninni eru hetjur ársins.

**Óvænt ánægja ársins?**
Fyrir mig, þá kom ég sjálfum mér á óvart með að ná að klára hálft maraþon án undirbúnings.

**Stjórnmálamaður ársins?**
Fólkið á Facebook sem segir manni reglulega hvað maður eigi að kjósa.

**Lag ársins?**
Láttu þér líða vel með Stjórninni var lag ársins að mínu mati. Sígilt lag sem á vel við nú á dögum. Sóli Hólm fór gaumgæfilega yfir texta lagsins í magnaðri heimsókn til okkar í Brennslunni á FM957. Mæli með því.

**Bömmer ársins?**
Þegar við áttuðum okkur á því hvað við værum búin að veita samfélagsmiðlum mikinn aðgang að viðkvæmum upplýsingum um okkur.



LÓA HJÁLMTÝSDÓTTIR
**Teiknari**

**Viðburður ársins?**
Opinberun Hafpulsunnar í Reykjavíkurtjörn. Fallegasta og lúmskasta ádeiluverk sem ég hef séð. Ég vona að Steinunn muni gera fleiri útilistaverk í Reykjavík.

**Hneyksli ársins?**
Að fréttir af skýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál hafi fallið í skuggann af súra braggamálinu.

**Frétt ársins?**
Björgun drengjanna sem sátu fastir í hellinum og viðtalið við kafarann sem fannst Elon Musk glataður gaur.

**Klisja ársins?**
Allir óumbeðnu jólabæklingarnir sem fylltu póstlúgur landsins. Allir óumbeðnu metoo brandararnir sem fylltu kaffistofur landsins. Allir stjórnmálamenn sem neita að segja af sér þrátt fyrir að hafa klúðrað endalaust.

**Hetja ársins?**
Manneskjan sem nennti að sitja í næstum fjóra klukkutíma og hlusta á versta samtal ársins á Klaustri.

**Óvænt ánægja ársins?**
Að Sólveig Anna hafi verið kosin formaður Eflingar.

**Stjórnmálamaður ársins?**
Ég get ekki svarað þessu svo ég ætla að breyta þessu í Vonarstjörnur ársins: Sólveig Anna, Katrín Odds og Lára Hanna.

**Lag ársins?**
Þjóðsöngurinn sunginn af landsliðinu.

**Bömmer ársins?**
Mesti bömmerinn er auðvitað sá að ekkert hefur í raun og veru breyst síðan í hruninu og að nýja stjórnarskráin hefur ekki ennþá verið tekin upp.



„Það er svo skemmtilegt í leiklistinni að fá að gleyma sér, skilja allt eftir fyrir utan sviðið og miðla einhverju til að gleðja fólk eða græta," segir Katrín Halldóra Sigurðardóttir.

VB MYND/HAG

# Ævintýri *allt frá upphafi*

**Ekki grunaði Katrínu Halldóru Sigurðardóttur, þegar hún ók ótal sinnum á unglingsaldri um Oddsskarð, einn hættulegasta fjallveg landsins, syngjandi hástöfum með Elly Vilhjálms í græjunum, að einn góðan veðurdag slægi hún í gegn í leikhúsheiminum í hlutverki þessarar ástsælu söngkonu. Hún hefur nú verið Elly á fjölum Borgarleikhússins í hálft annað ár og allt útlit fyrir að hún eigi eftir að syngja Heyr mína bæn alloft til viðbótar á stóra sviðinu.**

SINDRI FREYSSON

Það er vitaskuld fátítt að nýútskrifaður leikari veki jafn mikla athygli í sínu fyrsta stóra hlutverki og Katrín Halldóra Sigurðardóttir hefur náð að gera, en að sama skapi fyrirtaks vitnisburður um hversu vel hefur tekist til með bæði leik og sýningu. Áhugi Katrínar Halldóru á leiklist kviknaði þegar móðir hennar vann í miðasölu Þjóðleikhússins.

„Hún dró okkur á allar sýningar, bæði barnasýningar og sýningar fyrir fullorðna, og ég ætlaði frá því að ég man fyrst eftir mér að verða leikkona. Það hefur alltaf verið planið. Ég reyndi samt að gera ýmislegt annað, fór í íslenskunám í Háskóla Íslands, starfaði á leikskóla, vann á veitingastað, fór í söngnám og fleira, en alltaf langaði mig að verða leikkona. Að lokum fór ég í leiklistarnám og var auðvitað komin á rétta staðinn eins og ég vissi frá upphafi.“

**Góðar minningar frá Neskaupstað**

Katrín Halldóra er alin upp í Mosfellsbæ til níu ára aldurs en flutti þá til Neskaupstaðar þegar faðir hennar var skipaður þar prestur. „Ég er algjör sveitatútta í mér núna, en á sínum tíma var mikið sjokk að flytja austur. Fyrstu tvo mánuðina grenjaði ég út í eitt. En eftir þann tíma var ég byrjuð að aðlagast og eignast vini og er í dag hundrað prósent þakklát fyrir að hafa alist upp í Neskaupstað. Ég á afskaplega góðar minningar frá uppvextinum þar og þykir vænt um plássið.“

Í Neskaupstað fékk hún hvatningu frá víðsýnum kennara til að rækta með sér sköpunargáfuna og fá heilbrigða útrás fyrir sýniþörf sem flestum sem hana þekktu var augljós, og birtist m.a. í leikþáttum sem hún setti upp í veislum og afmælum. Hún skrifaði sömuleiðis mikið sem barn, ljóð og leikrit, og vann það m.a. sér til frægðar að vinna verðlaun fyrir ljóð. „Mér var flogið suður og fór í verðlaunaafhendinguna á Bessastöðum. Fyrir litla stelpu

> ”
> En eftir þann tíma var ég byrjuð að aðlagast og eignast vini og er í dag hundrað prósent þakklát fyrir að hafa alist upp í Neskaupstað.

> „Ég er algjör sveitatútta í mér núna, en á sínum tíma var mikið sjokk að flytja austur. Fyrstu tvo mánuðina grenjaði ég út í eitt.



**„Skaupið í fyrra var vitsmunalegt í þeim skilningi að höfundar þess voru aðallega uppistandardar með bakgrunn úr MR og MH, en núna eru þetta allt meira eða minna leikarar þannig að ég held að litróf Skaupsins í ár verði allt annað en í fyrra," segir Katrín Halldóra.** MYND/HAG

að austan var það mikil upphefð að fá að taka í höndina á forsetanum," segir hún hlæjandi.

**Hrein gleði að halda áfram**

Hún segir Elly vera það besta sem hent gat hana sem nýútskrifaðan leikara. „Að fá að leika svona mikið er ótrúlega dýrmætt, að fá að gera þessari merkilegu persónu skil og ganga í gegnum allt þetta mikla tilfinningaferðalag er alveg magnað. Ég fæ heljarinnar kikk út úr því að leika hana, það er ekki hægt að orða það öðruvísi, og á meðan sú kennd endist er það ekkert nema hrein gleði að halda áfram. Það er sumpart erfitt að útskýra en það býr líka svo mikið hjarta í þessari sýningu að það kemur aldrei til greina að hún sjúskist eða missi sjarmann."

Hún kveðst alltaf vera drjúga stund að vinda ofan af sér eftir sýningu, enda búin að fara í gegnum heila mannsævi á einu kvöldi, rjúka upp og niður tilfinningaskalann og synga ókjör af sígildum dægurlögum sem Elly gerði vinsæl.

Samferð Katrínar Halldóru og Ellyjar Vilhjálms er í raun enn lengri en uppsetning sýningarinnar í Borgarleikhúsinu gefur til kynna, eða alveg frá námi hennar í leiklist í Listaháskóla Íslands.

„Ég gerði litla sýningu, hálftíma einleik, um Elly þegar ég var í leikaranáminu. Gísli Örn Garðarsson í Vesturporti var með svipaða hugmynd á sama tíma, ætlaði að gera sjónvarpsþáttinn Leitin að Elly og frétti þá af stelpu uppi í Listaháskóla sem hefði búið til sýningu um Elly og ákvað að kíkja á hana. Hann þurfti að hætta við þáttinn og úr varð leiksýning í fullri lengd sem hefur til allrar lukku fengið þessar frábæru viðtökur. Gísli Örn er svo dásamlegur listamaður og mikil fyrirmynd í lífi og listum, því hann er svo fylginn sjálfum sér. Við vinnum mjög vel saman og í hans höndum var auðvelt að búa til sýninguna. Núna er hann meira að segja kominn inn í sýninguna að leika á móti mér og sýningin enn að stækka og við að uppgötva eitthvað nýtt. Eftir að ákveðið var að setja Elly upp á sínum tíma var það algjört leyndarmál að ég myndi leika Elly og í eitt og hálft ár mátti ég ekkert segja. Það var oft ansi erfitt að tala ekki af mér þegar fólk í kringum mig var að velta fyrir sér hver ætti að leika hana, en það tókst með herkjum," segir hún og brosir.

„Ég nýtti tímann vel í rannsóknarvinnu, las bók Margrétar Blöndal um Elly og skoðaði að ég held hvert einasta viðtal sem hún fór í um ævina. Hún var frekar dul og forðaðist frekar en hitt að ræða við fjölmiðla, en fór þó meðal annars í nokkur útvarpsviðtöl og ég fann þar tvö viðtöl sem sögðu eitthvað persónulegt um hana, gáfu mér betri innsýn og hjálpuðu til við persónusköpunina. Elly er alltaf nálægt mér og ég reyni að túlka hana sem manneskju en ekki bara persónu og vona svo sannarlega að það hafi tekist."

**Hvert augnablik fyllt töfrum**

Núna nálgast 200. sýningin óðfluga. Ertu ekkert orðin leið á hlutverkinu?

„Nei, ég er alls ekki orðin leið á Elly og sýningunni, langt í frá. Sumir horfa á mann vorkunnaraugum og virðast halda að þetta sé einhver áþján, en það er ástæðulaust því að ég skemmti mér konunglega og elska að það er alltaf allt í húfi á hverri sýningu. Við erum núna á þriðja leikárinu og sýningin er alltaf að breytast aðeins og batna að mér finnst; þegar við byrjuðum aftur í haust eftir hálfs árs hlé fannst mér hún verða betri en nokkru sinni. Meðan á fríinu stendur þroskast sagan og persónurnar í meðförum leikaranna og hafi fólk séð hana í upphafi ætti það

## Erfitt að grínast með Klaustursmálið

Aðstandendur Skaupsins héldu krísufund eftir að hið svokallaða Klaustursmál kom upp. „Við veltum því fyrir okkur hvort yfirhöfuð væri hægt að taka á þessu ömurlega máli, hvort það væri hægt að gera grín að þessu, en niðurstaðan var sú að fleygja út einu atriði sem við höfðum tekið upp áður og búa til nýtt um þetta mál," segir Katrín Halldóra.

# Getur þú hugsað þér **gleðilega hátíð án rafmagns?**




Helga og Hlynur, starfsmenn í vinnuflokkum RARIK á Norðurlandi

Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

www.rarik.is

RARIK

endilega að sjá hana núna aftur því að það hefur svo margt breyst. Hvert augnablik er orðið fyllt einhverjum töfrum."

**En er líf eftir Elly?**

„Þetta er þvílík óskabyrjun að ætli allt liggi ekki niður á við þaðan í frá," segir Katrín Halldóra og hlær. „En spauglaust þá fer allt eins og það á að fara. Ég er ekki komin með aðskilnaðarkvíða þó að því fylgi vissulega súrsæt tilfinning að fyrr eða síðar þurfi ég að kveðja þessa vinkonu mína, því að sýningin er búin að vera svo mikið ævintýri og hópurinn sem stendur að sýningunni svo yndislegur. Ég hef þó á tilfinningunni að Elly muni alltaf fylgja mér með einhverjum hætti og fólk muni tengja mig við hana og það er bara allt í góðu. Ég tek bara því sem að höndum ber og þegar maður er opinn fyrir tækifærunum koma þau oftast til manns. Mér finnst þetta ferðalag skemmtilegt."

**Mikil næring í skrifunum**

Katrín Halldóra lætur þó ekki leikinn nægja einan og sér heldur er hún um þessar mundir að feta sín fyrstu fótspor við ritun gamanefnis á opinberum vettvangi, en hún er einn af höfundum Áramótaskaups RÚV í ár.

„Ég hef starfað mikið með spunaleikhópnum Improv Ísland og búið til marga grínsketsa sem hafa þó allir lent ofan í skúffu. Arnór Pálmi Arnarson, sem leikstýrir Skaupinu í ár, hafði hins vegar einhverja trú á að ég hefði hæfileika á þessu sviði og bauð mér að koma inn í höfundateymið, sem ég auðvitað þáði með þökkum. Þegar maður er í svona stórri sýningu snýst lífið meira og minna bara um hana, sýningin á mann allan og erfitt að taka að sér önnur verkefni, en maður getur nært sig á öðrum sviðum og skrifin gera það svo sannarlega. Þetta er auðvitað talsvert stökk frá leiklistinni, að skrifa og vinna með eigin texta, og það er ógnargaman að vera viðstödd tökur og sjá textana lifna við. Einhvern skets sem maður skrifaði í hláturskasti inni í herbergi á RÚV vera búinn að ganga í gegnum framleiðsluferlið og vera loks kominn í umgjörð og með leikara. Það er rosalega skemmtilegt og lærdómsríkt að skrifa og klárlega eitthvað sem ég vil gera meira af, ekki síst fyrir sjónvarp."

> ”
> Elly er alltaf nálægt mér og ég reyni að túlka hana sem manneskju en ekki bara persónu og vona sannarlega að það hafi tekist.

Hún segir að höfundateymið sem skrifar Skaupið í ár hafi unnið afskaplega vel saman. „Við höfum aldrei starfað saman áður og erum mjög ólíkir persónuleikar, en samvinnan hefur verið hrikalega skemmtileg frá fyrsta degi. Skaupið í fyrra var vitsmunalegt í þeim skilningi að höfundar þess voru aðallega uppistandarar með bakgrunn úr MR og MH, en núna eru þetta allt meira eða minna leikarar þannig að ég held að litróf Skaupsins í ár verði allt annað en í fyrra."

**Í frjálsu falli í spuna**

Hún segir leikspunann vera hættulegt og krefjandi form, ekki síst vegna þess að enginn veit hvað gerist næst og allt getur gerst. „Maður er einhvern veginn í frjálsu falli í spuna," segir Katrín Halldóra. „Hann er í raun frábær grunnur fyrir allt sem ég geri og nýtist mér líka í dramanu, uppbyggingu texta, hvernig maður nálgast og sér hlutina og svo framvegis. Sama má segja um grínið. Það er svo skemmtilegt í leiklistinni að fá að gleyma sér, skilja allt eftir fyrir utan sviðið og miðla einhverju til að gleðja fólk eða græta. Það er t.d. gríðargaman á Improv Ísland að fá fólk til að losa um hömlurnar og hlæja eitt kvöld og maður fær eitthvað út úr því sem ég get ekki útskýrt. Raunar var búið að segja við mig löngu fyrr að grínið myndi hjálpa mér í dramanu en ég hélt að það væri klisja, alveg þangað til að ég upplifði það sjálf."



**„Mér var flogið suður og fór í verðlaunaafhendinguna á Bessastöðum. Fyrir litla stelpu að austan var það mikil upphefð að fá að taka í höndina á forsetanum," segir Katrín Halldóra.**

MYND/HAG

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan



# Bakarí og kaffihús Bakarameistarans taka vel á móti þér.

Nýbakað brauð, kökur og smurt brauð allan daginn – alla daga.







Bakarameistarinn

Austurveri • Flatahrauni • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

PIPAR\TBWA • SÍA • 180192

# Græjur ársins



## 1. iPad Pro

Nýjasti iPadinn frá Apple er sennilega gagngerasta uppfærslan á spjaldtölvunni frá upphafi. Hún er í takt við nýjustu iPhone símana, með andlitskenningu, háskerpuskjá með hárnákvæmu litrófi, ógnaröflugum A12X Bionic 64-bita örgjörva og öllu bullinu, sem tryggir að hann mun endast til framtíðar. Það er ekki síst magnað að nota aukveruleikakosti (AR) hans hvort sem í leikjum eða einhverju nytsamlegra. Vilji menn láta til sín taka á listasviðinu er tilvalið að nota Apple Pencil með iPad Pro, en eins er hægt að fá sér hnappaborð með, því fyrir marga getur hún vel komið í stað kjöltutölvu.




ANDRÉS MAGNÚSSON
**andres@vb.is**

Tækninni heldur áfram að fleygja fram og við erum þegar farin að njóta framfara í gervigreind í ýmsum hversdagslegum tækjum, þó varla sé hægt að tala um annað en smjörþefinn miðað við það sem í vændum er. Tækin eru hvert af öðru að verða nettengd og þráðlaus, þau nota margs konar skynjara og algrím til þess að verða nytsamlegri, sérsniðnari að þörfum okkar, þau „tala saman“, „læra“ af reynslu annarra og hugbúnaðaruppfærslur halda áfram að gera vélbúnaðinn betri ár eftir ár. ■

## 2. Google Pixel

Pixel 3 er með betri snjallsímum, þó það megi finna aðra, sem taka honum fram á einstökum sviðum. Varla leikur þó nokkur vafi á að ekki finnst betra Android-viðmót eða samþætting við hinar ýmsu þjónustur Google. Fyrst og fremst er það þó myndavélin, sem hefur hlotið lof og prís, mögulega sú besta í nokkrum síma. Það er samt ekki nema hálf sagan, því fólk er bókstaflega agndofa yfir þeim hugbúnaðargöldrum, sem Google beitir til þess að laða fram frábærar myndir, geta jafnvel dimmu í dagsljós breytt.






## 3. iPhone XR

Þetta er ekki flaggskipið frá Apple, en þetta er sennilega jafnbesti sími sem Apple hefur framleitt, a.m.k. miðað við verð. Hann er með um það bil allt það sem stóribróðir, iPhone XS, hefur að bjóða: andlitskenningu, A12 Bionic örgjörva, þráðlausa hleðslu og 4K upptöku, en fyrir fimmtungi lægra verð. En ef fólk vill borga meira fyrir ennþá betri OLED-skjá, 3D touch og aðdráttarlinsumyndavél til viðbótar, þá er auðvitað enginn svikinn af iPhone XS.

## 4. Sony WH-1000X M3

Þau láta ekki mikið yfir sér þessi þráðlausu heyrnartól frá Sony, en hljómburðurinn í þeim er frábær, hvort sem hlustað er á tónlist, horft á bíómyndir eða hamast í leikjum. Aðalpunkturinn er þó hin virka hávaðavörn, sem þaggar niður í umhverfinu.



## 5. Cosm

Nýjasti stóllinn eftir Herman Miller er stök snilld, stílhrein og fáguð nytjahönnun. Það eru ekki margar stillingar að fikta í, því í honum er fjögurra punkta burðarvirki, sem lagar sig jafnóðum að hverri hreyfingu svo sitjandinn er ávallt í góðu jafnvægi, en þéttir möskvar veita þéttan en mjúkan stuðning. Svo er rauði liturinn auðvitað einstakur.




## 6. June Oven 2

Þessi ofn lætur kannski ekki mikið yfir sér, en hann er nettengdur snjallofn, sem skynjar hvað sett er inn í hann – veit hvað kjúklingurinn er stór, man hversu blóðuga þú vilt nautasteikina, kann muninn á því að baka ferska flatböku eða hita upp þessa frá því í gær – býður mismunandi (og margþrepa) eldunaraðferðir um app, skynjar breytingar á því sem verið er að elda eða baka og lagar sig að því. Og svo koma auðvitað uppfærslur um netið. Hreinir töfrar.






## 7. Apple Watch 4

Nýjasta kynslóð úranna frá Apple hefur þriðjungi stærri skjá en fyrri kynslóðir, án þess að úrið sjálft hafi stækkað. Það er með eigin GSM-tengingu og alls kyns búnað, sem gerir það kjörið til þess að fylgjast með heilsu og hreyfingu. Mundu bara að það þarf að eiga iPhone til þess að virkja það.

## 8. Coravin Model 2

Einn galli við að kaupa góð og dýr vín getur verið að þegar tappinn er kominn úr er eins gott að tæma flöskuna, því vínið tekur strax að oxa og spillast. En stundum langar fólk aðeins í eitt glas og tímir því ekki að opna góða vínið. Coravin-græjan notar hins vegar nál til þess að tappa af í gegnum korkinn án þess að opna hana og argon gasi bætt á í staðinn, svo ekkert spillist.



## 9. Native Union Wireless Charger

Það er frekar hvimleitt að vera að fálma í rökkrinu við náttborðið til þess að stinga síma, snjallúri eða hverju öðru í hleðslu yfir nóttina. Hraðhleðslupúðinn frá Native Union bindur enda á það, hann lætur lítið yfir sér og það er nóg að leggja græjurnar á hann. Virkar með iPhone XS, Samsung Galaxy S9 og flestum öðrum nýjum snjallsímum.




## 10. Ember bollinn

**Snjallbollinn frá Ember notar blátönn til þess að tala við símann þinn og rifja upp hversu heitt þú vilt hafa kaffið — nú eða teið eða kakóið, það er hægt að hafa misjafnar stillingar fyrir hina ýmsu drykki. Bollinn heldur svo drykknum heitum við nákvæmlega rétt hitastig, alveg til síðasta sopa.**





# Auðmenn
## *jafnaðarsamfélaganna*

Þrátt fyrir að jöfnuður mælist óvíða meiri en á Norðurlöndunum má engu síður finna þar á sjöunda tug einstaklinga sem eiga meira en milljarð dollara, yfir 120 milljarða króna. Auðugustu menn hvers Norðurlandanna fyrir sig hafa allir auðgast á alþjóðlegum viðskiptum. Margir þeirra hafa tekið við stjórnartaumunum í alþjóðlegum stórfyrirtækjum af foreldrum sínum og haldið áfram að byggja upp reksturinn á meðan aðrir hafa verið nær því að byrja með tvær hendur tómar.




**Stefan Persson**
- Aldur: 71 árs
- Auðævi: 2.000 milljarðar króna
- Uppruni auðsins: Tískufatakeðjan H&M
- 73. ríkasti maður heims

Stefan Persson

# H&M erfinginn sá ríkasti



Stefan Persson, ríkasti íbúi Norðurlandanna, fæddist árið 1947, sama ár og Erling Persson, faðir hans, opnaði kvenfataverslunina Hennes í Västerås í Svíþjóð. Hugmyndin að versluninni varð til á ferðalagi Erlings í New York þar sem hann heillaðist af bandarískum tískufataverslunum. Versluninni gekk vel og smátt og smátt var verslununum fjölgað. Árið 1968 keypti Erling svo veiðifataverslunina Mauritz Widforss. Í kjölfarið hóf fyrirtækið að selja föt fyrir bæði kynin og nafni verslunarinnar var breytt í Hennes & Mauritz eða H&M. Undir lok sjöunda áratugarins rak H&M 42 verslanir.

Erling er sagður hafa haft fremur lítinn áhuga á tísku en skilið rekstur smásöluverslana betur en flestir. Fyrirtækið hefur verið byggt upp á því að láta utanaðkomandi framleiðendur, yfirleitt í fjarlægum löndum, búa til föt H&M í stað þess að gera það sjálft. Þá hefur fyrirtækið einnig lagt mikið upp úr því alla tíð að skipta hratt út vörulínum eftir árstíðum. Fyrirtækið hefur því, líkt og margir aðrir fatarisar verið gagnrýnt fyrir bág kjör verkafólks og að börn komi að fataframleiðslunni. Fyrirtækið hefur einnig verið gagnrýnt fyrir að farga fatnaði í stórum stíl eftir að flíkurnar eru teknar úr hillum verslana.

### Unnið með stjörnunum

Stefan hóf sjálfur að vinna í H&M árið 1972, þá á 25. aldursári. Hann tók við sem forstjóri af föður sínum árið 1982, 35 ára gamall, en Erling varð þá stjórnarformaður H&M. Undir stjórn Stefans óx velta H&M um allt að 30% á ári. Félagið var skráð á markað árið 1974 og fyrsta verslunin utan Norðurlandanna var opnuð í London árið 1976. Árið 1973 hóf H&M að selja nærföt og fékk ABBA söngkonuna Anni-Frid Lyngstad til að sitja fyrir í auglýsingum fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur síðan þá fengið fjölmargar þekktar stjörnur til að sitja fyrir í auglýsingum eða starfað með þeim að hönnun vörulína, þar á meðal Karl Lagerfeld, Stellu McCartney og Madonnu.

### Lét hjólabrettakappa eftir stjórnina

Stefan kom tískuheiminum í opna skjöldu þegar hann ákvað að hætta sem forstjóri H&M árið 1998 og verða stjórnarformaður H&M, þá 51 árs að aldri. Við forstjórastólnum tók 34 ára gamall fyrrverandi hjólabrettakappi, Fabian Månsson. Hann entist einungis í tvö ár í forstjórastólnum. Sonur Stefans, Karl-Johan Persson tók við stjórn H&M árið 2009 og hefur leitt fyrirtækið síðan. Í dag rekur H&M um 4.000 verslanir og stefnir á að bæta við öðru eins á næstu árum. Auður Stefans er metinn á um tvö þúsund milljarða króna sem gerir hann að einum af hundrað ríkustu mönnum heims.




## HVAR SEM ÞÚ ERT

Með Firmavörn+ geta stjórnendur fylgst með og stýrt öryggiskerfi, myndeftirliti og snjallbúnaði fyrirtækisins með appi í símanum hvar og hvenær sem er. Stjórnstöð Securitas er á vaktinni allan sólarhringinn, alla daga ársins.

SECURITAS

www.firmavorn.is

SAMSTARFSAÐILI

ALARM.COM



**John Fredriksen**
- Aldur: 74 ára
- Auðævi: 880 milljarðar króna
- Uppruni auðsins: Olíuflutningar.
- 228. ríkasti maður heims

John Fredriksen

# Konungur olíuflutninganna

John Fredriksen, ríkasti Norðmaðurinn, á að baki skrautlegan feril. Raunar má deila um hversu norskur hann sé þar sem hann afsalaði sér norskum ríkisborgararétti og tók upp kýpverskan ríkisborgararétt eftir áralangar deilur við norsk skattayfirvöld. Hann hefur auðgast ævintýralega á fjárfestingum í skipageiranum, sér í lagi á flutningum á olíu. Fredriksen fæddist árið 1944 í úthverfi Ósló. Móðir hans vann í mötuneyti og faðir hans var verkamaður á skipasmíðastöð. Fredriksen ætlaði sér alla tíð að ná langt. Hann hætti í námi 16 ára til og hóf að vinna. Ferill hans í flutningageiranum hófst þegar hann hóf að flytja fisk frá Íslandi til Hamborgar í Þýskalandi.

**Bjargvættur Írana**

Undir lok sjöunda áratugarins flutti Fredriksen til Beirút og hóf að flytja olíu fyrir Sádi-Araba og Írani. Þá flutti hann olíu fyrir bandaríska herinn í Víetnamstríðinu. Fredriksen stórefnaðist á styrjöld Írana og Íraka á níunda áratugnum. Hann var einn af fáum aðilum sem tilbúnir voru að flytja olíu fyrir Írani, m.a. vegna hættu á loftárásum frá íraska flughernum. Fredriksen er sagður hafa verið „líflína Ayatollah“ í stríðinu.

Árið 1986 sökuðu norsk stjórnvöld hann um að hafa nýtt olíu viðskiptavina til að knýja áfram skip sín. Frediksen sat inni í fjóra mánuði en að lokum voru helstu ákæruliðirnir felldir niður. Fredriksen hefur sagt að ómögulegt sé að stunda viðskipti vegna skattpíningar norskra yfirvalda. Lengi vel neitaði Fredriksen að hann ætti nokkur skip og sagðist vera að stunda flutninga fyrir ótilgreindra fjárfesta. Það breyttist árið 1996 þegar hann keypti sænska skipafélagið Frontline. Floti félagsins tífaldaðist að stærð á næstu fimm árum og fór úr sjö olíuflutningaskipum í sjötíu árið 2001. Flutningageirinn er afar sveiflukenndur, enda eru dæmi um að verð fyrir fraktflutninga hafi fallið um 80-90% á örfáum árum. Fredriksen látið hafa eftir sér að 42 af þeim 50 árum sem hann hafi starfað í skipaflutningum hafi gengið skelfilega.

Í uppsveiflunni á fyrstu árum þessarar aldar seldi Fredriksen hlut í flutningafyrirtækjum sínum og keypti hluti í Marine Harvest, sem í dag er stærsta laxeldisfyrirtæki heims og byggði upp félagið Seadrill sem sérhæfir sig í smíði olíuborpalla á miklu dýpi, og var orðið það stærsta í heimi. Eftir verðfall á olíu fór félagið í greiðslustöðvun á síðasta ári. Félagið hefur nýlokið fjárhagslegri endurskipulagningu en Fredriksen hefur tapað tugum milljörðum króna á félaginu.

**Býr á setri í miðri London**

Fredriksen er búsettur í London. Árið 2001 keypti hann glæsivilluna The Old Rectory, í Chelsea-hverfinu í borginni, á 38 milljónir punda. Þar er að finna stærsta bakgarð í London í einkaeigu í London. Orrustan um Waterloo, árið 1815, er talin hafa verið skipulögð í garðinum. Roman Abramovich er sagður hafa boðið nálægt hundrað milljónir punda í villuna árið 2004 sem Fredriksen hafnaði. Þrátt fyrir að vera orðinn 74 ára er Fredriksen enn í fullu fjöri. Hann á 34 ára tvíburadætur sem hann segir að muni taka við rekstrinum þegar hann lætur af störfum.














# Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

HEILD fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu. Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.

Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími 568 6787 fyrirspurn@heild.is www.heild.is

HEILD fasteignafélag




**Anders Holch Povlsen**
- Aldur: 46 árs
- Auðævi: 730 milljarðar króna
- Uppruni auðsins: Tískuvörukeðjan Bestseller
- 207. ríkasti maður heims

Anders Holch Povlsen

# Hlédrægur tískumógúll

Anders Holch Povlsen fæddist árið 1972 og foreldrar hans eru Troels Holch Povlsen og Merete Bech Povlsen. Hjónin opnuðu fyrstu Bestseller verslunina í smábæ á Jótlandi árið 1975, þegar Anders var á þriðja aldursári. Fatakeðjan óx með árunum og má finna fatnað í eigu Bestseller í yfir 70 löndum og yfir tuttugu þúsund verslunum. Félagið rekur meðal annars fataverslanir undir merkjum Vera Moda, Jack & Jones, Outfitters Nation og Name It. Þá er Bestseller stærsti hluthafinn í bresku netversluninni Azos og næststærsti hluthafinn í þýsku netversluninni Zalando. Bestseller er ein af fáum erlendum fataverslunum sem tekist hefur að ryðjast inn á kínverskan fatamarkað. Systurfélag Bestseller hóf starfsemi þar árið 1996 en í dag má finna yfir sjö þúsund verslanir í eigu Bestseller í Kína. Foreldrar Anders gerðu hann að forstjóra fyrirtækisins þegar hann var 28 ára gamall og afhentu honum félagið að fullu. Yngri bróðir hans, Niels, starfar einnig hjá tískuveldinu.



**Stærsti landeigandi Bretlands**

Anders býr á sveitasetrinu Constantinsborg, skammt fyrir utan Árósa með eiginkonu sinni,  Anne Storm Pedersen, og fjórum börnum. Þau kynntust eftir að Pedersen hóf að vinna hjá Bestseller. Anders mætir á Volkswagen Golf til vinnu í höfuðstöðvar Bestseller í bænum Brande á Jótlandi. Þar vill Anders nú byggja Bestseller-þorpið, sem á að vera um 645 þúsund fermetrar að stærð reista hæstu byggingu í Vestur-Evrópu, um 320 metra háan skýjakljúf. Anders er einnig stærsti landeigandi í Bretlandi. Í október var greint frá því að hann ætti um 900 ferkílómetra lands í Skotlandi. Anders hefur gefið gefið út að þau vilji byggja upp svæðið og leyfa náttúrunni, sem rudd hafi verið niður síðustu aldir, að njóta sín. Áhugi Povlsens á óbyggðum Skotlands er sagður hafa hafist eftir fjölskyldufrí á níunda áratugnum.

**Forðast kastljós fjölmiðlanna**

Fjölskyldufaðirinn, Troels, er enn í fullu fjöri, 69 ára að aldri. Povlsen-fjölskyldan hefur alla tíð látið lítið fyrir sér fara. Þau umgangast fáa úr viðskipta- eða skemmtanalífi Danmerkur, forðast kastljós fjölmiðlanna og veita nær aldrei viðtöl. Þar á eflaust þátt í máli fjárkúgunartilraunir gagnvart fjölskyldunni. Yfir tíu mánaða tímabil árið 1998 var fjölskyldumeðlimum hótað lífláti, af manni sem kallaði sig Hróa hött, myndu þau ekki borga tíu milljónir danskra króna. Eftir að hafa sent fjölda hótunarbréfa, rispað upphafsstafi sína í bíla fjölskyldunnar, og hringt um miðjar nætur braust hann inn í fjölskylduóðalið og skildi eftir hótunarbréf inni í myndaalbúmi fjölskyldunnar, nokkrum metrum frá því sem fjölskyldan svaf. Þegar lögreglan kom loksins höndum yfir hrappinn, sem kom í ljós að væri Kurt Hansen, 34 gamall Dani, var hann á leið aftur að ættaróðalinu vopnaður gasbyssu, rafstuðtæki, handjárnum og eldfimum vökva.

Fimm árum síðar, eða árið 2003, var ríflega 21 árs gömlum fjölskylduvini, Thomas Jensen, rænt og er fjölskyldan þess fullviss að þar hafi ræningjarnir talið sig hafa náð höndum yfir annan sona sinna. Til allrar hamingju var Thomas sleppt eftir fimm daga í haldi.


herra
GARÐURINN
–klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND



**Antti Herlin**
- Aldur: 62 árs
- Auðævi: 470 milljarðar króna
- Uppruni auðsins: Lyftuframleiðandinn Kone
- 514. ríkasti maður heims

Antti Herlin

# Lyftur skiluðu Herlin á toppinn

Antti Herlin, ríkasti maður Finnlands, er fæddur árið 1956. Hann er aðaleigandi finnsku fyrirtækjasamsteypunnar Kone sem er helst þekkt fyrir að framleiða lyftur og rúllustiga. Hjá Kone starfa 55 þúsund manns í 60 löndum.

**Ættin stýrt Kone í 94 ár**

Yfirráð yfir Kone hafa gengið mann af manni í fjórar kynslóðir í Herlin-ættinni. Langafi Antti, Harald Herlin keypti Kone árið 1924. Heikki H. Herlin, afi Antti, tók við stjórnartaumunum í félaginu árið 1932 og stýrði því fram til ársins 1964. Þá færðust völdin í Kone til Pekka Herlin, föður Antti, sem hélt um og stýrði félaginu til ársins 1996, en þá tók Antti við sem forstjóri. Harald tókst að nútímavæða Kone og gera að einu af stærstu fyrirtækjum Finnlands. Hluti af stríðsskaðabótum finnskra stjórnvalda eftir seinni heimsstyrjöldina til Sovíetríkjanna var greiddur með vörum frá lyftum og krönum frá Kone. Eftir að stríðsskaðabæturnar höfðu verið greiddar upp héldu Sovétríkin áfram að kaupa vörur frá Kone.

Stóra stökkið í sögu Kone var árið 1968 þegar það keypti sænska lyftuframleiðandann ASEA, sem var þónokkuð stæra félag en Kone. Með kaupunum varð fyrirtækið stærsti lyftuframleiðandi í Norður-Evrópu. Á síðustu áratugum hefur fyrirtækið keypt upp fjölmörg fyrirtæki í lyftubransanum og tengdum greinum. Árið 2002 keypti Kone á ný fyrirtæki sem var stærra en það sjálft, finnsku fyrirtækjasamsteypuna Partek.



**Systkinin snupruð**

Eignarhaldið á Partek var þó skammlíft. Þegar fjölskyldufaðirinn Pekka féll frá árið 2003 kom í ljós að hann hafði arfleitt elsta soninn Antti einan að meirihluta í Kone. Þetta kom þremur yngri systkinum hans, Ilkka, Ilona og Niklas, í opna skjöldu, en Ilkka hafði sjálfur áhuga á að taka við rekstrinum. Eftir tveggja ára erfðadeilu var Kone skipt upp. Cargotec, sem byggði að stórum hluta á eignum Partek og framleiðir að mestu vélar og tæki fyrir flutningaskip, var fært í eigu yngri systkinanna. Antti fékk hins vegar að halda megninu af Kone eftir sjálfur. Ilkka og Iona eru bæði milljarðamæringar en þriðji bróðirinn, Niklas féll frá á síðasta ári, 53 ára að aldri.

**Stórtækur nautgripabóndi**

Antti nam búfræði og nautgriparækt í Bandaríkjunum um hríð á sínum yngri árum án þess að útskrifast með gráðu. Hann hefur þó nýtt þekkingu sína á búfjárrækt því í dag ræktar hann Hereford og Aberdeen Angus nautgripi á búgarði fjölskyldunnar í Finnlandi. Antti hefur fengið tugi milljóna í landbúnaðarstyrki á ári, líkt og aðrir finnskir nautgripabændur, sem hefur farið öfugt ofan í margan Finnann. Þá var hann lengi vel formaður samtaka finnsks iðnaðar.

Frá áformum ...



... til athafna

Deloitte.




**Björgólfur Thor Björgólfsson**

- Aldur: 51 árs
- Auðævi: 220 milljarðar króna
- Uppruni auðsins: Bjórframleiðsla, lyfjaframleiðsla, fjarskipti.
- 1.215. ríkasti maður heims.

Björgólfur Thor Björgólfsson

# Náði vopnum sínum á ný

Björgólfur Thor Björgólfsson er eini Íslendingurinn sem komist hefur á auðmannalista Forbes, sem nær yfir þá sem eiga meira en milljarð dollara, ríflega 120 milljarða króna. Hann komst fyrst á listann árið 2005 en féll út af honum eftir bankahrunið árið 2008. Björgólfur Thor sneri aftur á listann árið 2015 eftir að hafa að hafa farið í gegnum skuldauppgjör við kröfuhafa sína. Björgólfur Thor er fæddur árið 1967 og er sonur Björgólfs Guðmundssonar og Þóru Hallgrímsdóttur. Hann hóf háskólanám í Bandaríkjunum eftir að hafa lokið námi í Verzlunarskóla Íslands árið 1987. Björgólfur Thor hefur sagt að hann hafi viljað yfirgefa Ísland í kjölfar Hafskipsmálsins svokallaða og ekki hafa stefnt á að koma aftur heim. Árið 1986 var faðir hans, Björgólfur eldri, hnepptur í gæsluvarðhald eftir að skipafélagið Hafskip, undir hans stjórn varð gjaldþrota. Málareksturinn tók fimm ár og lauk árið 1991 þegar Hæstiréttur dæmdi Björgólf eldri í 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Björgólfur Thor hefur sagt að málið hafi haft mikil áhrif á sig. Honum hafi fundist hann vera utangarðs í samfélaginu.



### Efnaðist í Rússlandi

Björgólfur Thor vakti fyrst athygli fjölmiðla hér á landi þegar hann rak skemmtistað á Hótel Borg og Tunglið með Skúla Mogensen í byrjun tíunda áratugarins. Eftir það komu Björgólfsfeðgar og Magnús Þorsteinsson á fót átöppunarverksmiðjunni Baltic Bottling í Pétursborg í Rússlandi. Verkefnið fór þó brösuglega af stað og þeir seldu verksmiðjuna til Pepsi árið 1995, með litlum ágóða. Í kjölfarið stofnuðu þeir bruggverksmiðjuna Bravo í Pétursborg sem gekk mun betur. Heineken keypti verksmiðjuna árið 2002 fyrir 40 milljarða króna.

### Feðgarnir keyptu Landsbankann

Eftir að hafa selt Bravo keyptu feðgarnir ásamt Magnúsi, Samson hópurinn svokallaði, 46% hlut ríkisins í Landsbankanum í einkavæðingu hans árið 2002. Sama ár tók Björgólfur Thor þátt í sameiningu Pharmaco og Delta sem síðar varð að Actavis. Björgólfur fjárfesti í búlgarska lyfjafyrirtækinu Balkanpharma árið 1999, sem sameinaðist Pharmaco ári síðar. Á uppgripsárunum fram til 2007 var Björgólfur Thor umsvifamikill fjárfestir, til að mynda í gegnum fjárfestingafélögin Burðarás og Novator Partners. Björgólfur var umsvifamikill í Austur-Evrópu og fjárfesti til að mynda að fjarskiptafyrirtækjunum Play í Póllandi, og BTC í Búlgaríu. Þá stofnaði Björgólfur Nova á Íslandi árið 2007.

### Einn stærsti lánþegi Deutsche

Í bankahruninu var Novator einn stærsti lánþegi Deutsche Bank. Bankinn lánaði Novator fjóra milljarða evra til að kaupa Acatvis að fullu í ágúst 2007, en Actavis var í kjölfarið afskráð. Um það leyti fóru alþjóðlegir lánamarkaðir að lokast, sem hafði í för með ser að þýska bankanum tókst ekki að koma láninu af bókum sínum. Björgólfur náði samkomulagi við kröfuhafa eftir bankahrunið sem hafði í för með sér að Björgólfur hélt eftir hlut í Actavis og Play. Verðmæti beggja félaga jókst töluvert á árunum eftir bankahrunið. Actavis var keypt af Watson Pharmaceuticals og síðar keypti Allergan fyrirtækin. Novator hefur einnig selt hluti í Play í Póllandi fyrir tugi milljarða króna. Seinni ár hefur Björgólfur fjárfest í fjölda nýsköpunarfyrirtækja, m.a. tölvuleiknum Zwift, í rafmyntageiranum og byggt upp fjarskiptafélagið Wom í Chile. Björgólfur hefur sagst stefna á frekari fjárfestingar í Suður-Ameríku. Árið 2016 seldi Novator fjarskiptafélagið Nova fyrir um 16 milljarða króna. Þá fá Novator Partners og tengdir aðilar um 20 milljarða króna vegna sölunnar á leikjafyrirtækinu CCP til Pearl Abyss í september.

Iceland Travel
RÁÐSTEFNUR

# Er komið að þér að halda ráðstefnu ?



**Við hjá Iceland Travel Ráðstefnum höfum áratuga reynslu af skipulagningu ráðstefna og funda.**

Á undanförnum árum höfum við skipulagt og séð um framkvæmd ráðstefna á borð við
**„ Arctic Circle ", Læknadaga, Landsþing sveitafélaga, „ Writers Retreat "** svo eitthvað sé nefnt.

Við erum hér fyrir þig!

**radstefnur@icelandtravel.is**



Björg Fenger, stjórnarformaður Strætó bs., og Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra.

# Leiðandi í rafvögnum á Vesturlöndum

Strætó bs. fékk á árinu 14 rafdrifna stætisvagna frá Yutong Eurobus sem framleiddir eru í Kína. Þar með eru um 10% af flota Strætó knúin með rafmagni. Ekkert sambærilegt fyrirtæki á Vesturlöndum hefur sama hlutfall rafdrifinna vagna í flota sínum.

Kínverskir framleiðendur eru í dag leiðandi í smíði rafvagna, rafleigubíla og rafvörubíla í heiminum. Þeir framleiddu 99% af öllum rafdrifnum almenningsvögnum árin 2014-2017. Eru þetta um 385 þúsund vagnar sem langflestir eru í notkun í Kína. Á hverjum fimm vikum bæta kínverskar borgir í flota sinn 9.500 vögnum sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku, skv. Bloomberg. Það samsvarar öllum flota Lundúna. Ástæðan er ekki síst sú að kínversk stjórnvöld hafa í um áratug lagt mikla áherslu á að bæta loftgæði í borgum Kína. Stærri ökutæki sem knúin eru dísilolíu hafa mikil áhrif á loftgæðin. Kínverjar eru einnig framarlega í framleiðslu rafbíla og stærsti einstaki markaðurinn fyrir rafbíla er í Kína.

Í kjölfar Parísarráðstefnunnar 2015 um




Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi.

verndun loftslagsins varð vakning á Norðurlöndunum. Sífellt fleiri norrænar borgir hafa sett sér það takmark að setja rafvæðingu almannasamgangna í forgang. Sama er uppi á teningnum varðandi einkabíla og nýlega lýsti t.d. Volkswagen yfir að næsta kynslóð bensínvéla í bílum þeirra yrði hin síðasta. Hugmyndir um að banna dísilbíla hafa komið fram víða en einnig eru margar borgir farnar að skoða kosti rafvagna, ekki síst á Norðurlöndunum. Í Lundúnum eru komnir rafdrifnir tveggja hæða strætisvagnar og einnig rafdrifnir Lundúnaleigubílar.

### Ísland skarar fram úr

Nýju rafvagnarnir voru afhentir Strætó við hátíðlega athöfn í Hörpu þar sem Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra, kínverski sendiherrann Jin Zhijian og Björg Fenger stjórnarformaður fluttu ávörp ásamt Benedikt og Kent Chang, sem er einn af framkvæmdastjórum Yutong-verksmiðjanna.

Benedikt G. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Yutong Eurobus á Íslandi, hélt ávarp við afhendingu á síðustu vögnunum í lok nóvember. „Ég er mjög ánægður með samstarfið við Strætó bs og ekki síður með þá afgerandi forystu sem fyrirtækið hefur tekið á alþjóðavísu með rafvæðingu strætóflotans. Það gera sér líklega fáir grein fyrir að í stórborgum Evrópu hefur ekkert fyrirtæki jafn hátt hlutfall rafvagna í flota sínum og Strætó bs. Að þessu leyti má segja að Ísland skari fram úr í dag.“ sagði



Á árinu hefur Strætó bs. fengið 14 rafdrifna strætisvagna frá Yutong Eurobus.

”

Það þarf að rafvæða allar almenningssamgöngur á Íslandi, ekki bara strætóana, heldur líka rúturnar sem fara með túristana um landið.

Benedikt. Fyrirtæki hans sér einnig um sölu á Yutong Eurobus á Norðurlöndunum en það hefur tekið þátt í nokkrum útboðum á undanförnu í Danmörku og Svíþjóð.

Benedikt sagði í samtali við Áramót að ánægjulegt væri hversu vel vagnarnir hefðu reynst á þeim stutta tíma sem liðinn er frá komu þeirra. „Fyrstu fjórir vagnarnir komu um síðastliðna páska. Þeim var ekið beint úr ferjunni í Þorlákshöfn og þetta verkefni hefur gengið mjög vel í alla staði. Það er ekki síður frábært að bæði bílstjórarnir hjá Strætó bs og farþegar hafa verið mjög ánægðir með rafvagnana.“

### Stærsti framleiðandi í heimi

Yutong-verksmiðjunar eru stærsti framleiðandi almenningsvagna í heiminum. Þær framleiddu á síðasta ári yfir 60 þúsund vagna, þar af um 24 þúsund rafdrifna. Yutong hefur smíðað hreina rafmagnsvagna frá 1999 og hefur góða reynslu og þekkingu ekki hvað síst fyrir kaldari svæði en nyrst í Kína fer frostið niður fyrir -35°. Helsti kostur Yutong-vagnanna er drægnin. Þeir komast 300 km á einni hleðslu sem Benedikt kveður það besta sem þekkist á markaðnum í dag.

„Kínverjar verja gríðarlegum fjármunum í þróun á rafgeymum og geymarnir eru alltaf að léttast og varðveita meiri orku. Okkar fyrirtæki er með samninga um að nota aðeins rafgeyma frá CATL, sem er kínverskt stórfyrirtæki sem kalla má spútník á sviði rafgeymaframleiðslu. BMW, Volkswagen og Hyundai nota þeirra geyma í alla bíla sem þessi fyrirtæki framleiða í Kína. Við gefum út 7 ára ábyrgð á rafgeymunum frá þeim sem þýðir að við ábyrgjumst að eftir þann tíma fara þeir ekki undir 80% af upphaflegri getu. Nú er hins vegar bylting framundan í þessu efni því á næsta ári kemur fyrirtækið með rafgeyma á markað sem halda þeirri hleðslu í 15 ár.“

Benedikt segir aðeins spurningu um tíma hvenær fram komi rafgeymar sem geri rafdrifnum vögnum mögulegt að draga 500 km á einni hleðslu. „Það gerbreytir landslaginu því það þýðir að á lengri leiðum milli borga og landsvæða geta menn skipt yfir í rafmagn alveg eins og nú er að gerast út um allt innan borganna.“ Hann segir jafnframt að byltingarkenndar uppgötvanir á sviði orkugeymslu í rafhlöðum sem séu að koma fram, ekki síst í Kína, gefi fyrirheit um miklu langdrægari rafvagna en það.

### Norðurlöndin stefna á rafstrætóa

Yutong Eurobus hefur skilgreint Norðurlöndin öll sem markaðssvæði sitt og er um þessar mundir að ljúka samningum í þremur löndum utan Íslands. Benedikt segir að kaflaskil hafi orðið með Parísarsamningnum 2015 um vernd loftslagsins.

„Þá fóru menn loksins að vakna. Nú eru allar stórborgir á Norðurlöndum ýmist komnar með skýra stefnu um núll-losun í almenningssamgöngum og næstu áratugi stefna menn fyrst og fremst á rafmagnið. Osló er gott dæmi. Opinber stefna borgaryfirvalda er að árið 2025 verði 60% allra strætóa í Ósló rafknúnir og gerir ráð fyrir að í framtíðinni gangi langflestir strætóar í borginni fyrir rafmagni. Svipað er uppi á teningnum annars staðar á Norðurlöndum. Það er sama hvort borið er niður í Noregi, Danmörku, Svíþjóð eða Finnlandi, allstaðar eru menn að undirbúa útboð þar sem kallað er eftir rafvögnum.“

Benedikt segir að á Norðurlöndum sé rafvæðing almenningssamgangna lengst komin á Íslandi og að Strætó sé enn með afgerandi forystu á því sviði. Hann segir til marks um það að Yutong Eurobus hafi á liðnu ári tekið á móti sendinefndum frá öllum Norðurlöndunum sem hafi komið hingað beinínis til að kynna sér góða reynslu Strætó bs af Yutong-vögnunum.

### Ánægja hjá Strætó

Í erindi sínu við afhendinguna sagði Björg Fenger, stjórnarformaður Strætó, að góð reynsla væri af rafvögnunum. „Bílstjórar Strætó, farþegar og aðrir hafa tekið Yutong-vögnunum opnum örmum. Kínversku vagnarnir eru hljóðlátir, hreinir og þýðir í keyrslu. Þegar allar hleðslustöðvar og innviðir eru komin í gagnið, þá erum við að gera ráð fyrir að hverjum batterídrifnum rafvagni verði ekið um 8 þúsund kílómetra á mánuði. Það mun spara um 500 þúsund lítra af dísilolíu á ári. Okkur sýnist einnig af fenginni reynslu að annar rekstrarkostnaður vagnanna verði lágur.“ Þetta gerir um 80-90 milljóna króna sparnað í eldsneyti á ári.

### Verið lengi í bransanum

Yutong Eurobus á Íslandi er afsprengi GT-Travel á Selfossi en faðir Benedikts, Guðmundur Tyrfingsson, stofnaði það árið 1967. Í dag kemur öll fjölskyldan að rekstri þess. Benedikt er upphaflega bílasmiður og segist hafa lifað og hrærst í kringum stóra bíla frá barnæsku eins og fjölskyldan öll. Fyrstu Yutong-dísilrúturnar komu til Íslands árið 2008 og fyrsta rafmagnsrútan fyrir tveimur árum.

Benedikt segir að rafvagnarnir séu aðeins fyrsta skrefið. „Það þarf að rafvæða allar almenningssamgöngur á Íslandi, ekki bara strætóana, heldur líka rúturnar sem fara með túristana um landið. En bæði stjórnvöld og fyrirtæki sem selja rafmagn þurfa að gera átak í að setja upp hleðslustöðvar fyrir langferðabíla. Um leið og þær koma á fjölförnustu leiðirnar og á hringveginn þá spái ég því að rútufyrirtækin verði mjög fljót að skipta yfir í rafdrifnar rútur. Tæknin til þess er öll fyrir hendi nú þegar.“

# Uppgjör 2018

**Viðskiptablaðið hafði samband við nokkra forystumenn í mismunandi greinum atvinnulífsins og spurði hvað þeim fannst um árið sem er að líða og hvaða væntingar þeir bera til ársins 2019.**



KATRÍN PÉTURSDÓTTIR
**Forstjóri Lýsis**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Fyrri hluti ársins var ansi strembinn þar sem gengi krónunnar var sterkt. Við vorum líka í miklum framkvæmdum við nýja þurrkverksmiðju okkar í Þorlákshöfn á sama tíma. Svo á haustmánuðum fór krónan að veikjast og við strax að sjá breytingar til hins betra. Við teljum að þessi veiking krónunnar sé einungis leiðrétting sem löngu átti að vera komin fram. Samkeppnishæfni okkar við helstu samkeppnismarkaði hefur því batnað sem þessu nemur.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Heilt á litið hefur 2018 verið gott ár hjá okkur enda Lýsi hf. 80 ára á árinu. Hér er því á ferðinni fyrirtæki sem hefur gengið í endurnýjun lífdaganna og er sem unglingur með visku 80 ára í farteskinu.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Óvissuástandið er algjört í atvinnumálum eins og leiðtogar stéttarfélaga tala og er afar óábyrg að mínu mati. Slíkt ástand dregur úr áhuga á fjárfestingum hérlendis almennt. Mín ósk er þó sú að sættir náist án átaka á vinnumarkaði. Eins að gengi krónunnar haldist rétt skráð og umhverfismálin verði tekin föstum tökum.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Að mínu mati hafa stjórnvöld lagt minna að mörkum heldur en von var á. Það er algjör frumforsenda stjórnvalda að skapa atvinnulífi landsins stöðugt umhverfi og sanngirni í gjaldtöku til þess að atvinnulífið geti veitt störf sem svo geta framfleytt heimilunum. Eins þurfa stjórnvöld að marka skýra stefnu í loftlagsmálum sem við getum öll unnið eftir og gert saman Ísland að fyrirmyndarríki í hreinleika umhverfis okkur sem okkar ímynd byggir á. ■



HRAFNHILDUR HAFSTEINSDÓTTIR
**Framkvæmdastjóri FKA**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Árið 2018 var í heildina gott ár og margt sem við Íslendingar getum verið þakklát fyrir. Við búum á einu fallegasta landi jarðar sem er ekki einungis ríkt af náttúruauðlindum heldur gríðarlega flottum mannauði með hátt menntunarstig og hér blómstrar nýsköpun. Árið var þó sveiflukennt þegar kom að atvinnulífinu, verkalýðsfélögum, flugsamgöngum og orðræðu.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Ef ég horfi til FKA þá er ég stolt af árangri félagsins. Aldrei hafa fleiri viðburðir verið haldnir né félagskonur fleiri eða 1.200 um land allt. Starfsemin hefur blómstrað. FKA hefur svo sannarlega náð að vera hreyfiafl og höldum við áfram að vinna að mikilvægum verkefnum sem stuðla að jafnvægi og fjölbreytni - atvinnulífinu til góða.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Væntingar mínar til næsta árs er að hvert og eitt okkar gæti orða sinna og beri ábyrgð á gerðum sínum. Orðræðan í Klaustursmálinu hefur ekki einungis haft særandi og meiðandi áhrif á einstaklinga og íslenskt samfélag heldur áhrif á orðspor Íslands út á við.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Mikilvægt er að skapa frið á vinnumarkaði en stjórnvöld þurfa líka að ganga kröftuglega fram í aðgerðum til þess að rekstur á húsnæði heimila í landinu sé á eðlilegum mörkum sem er grundvöllur fyrir heilbrigðu lífi. Að mínu mati er mikilvægast að stjórnvöld stefni að því að Ísland verði í fararbroddi annarra þjóða er varðar loftslagssamninginn og umhverfismál. Þetta er stærsta áskorun 21. aldarinnar fyrir heiminn og á Ísland að vera fyrirmynd annarra þjóða. ■



GRÍMUR SÆMUNDSEN
**forstjóri Bláa lónsins**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Fyrir okkur hjá Bláa lóninu var árið 2018 mikið umbreytingaár. Við hófum metnaðarfullt verkefni á árinu 2014 hvað varðar m.a. uppbyggingu nýs hótels og upplifunarsvæðis sem er á heimsmælikvarða m.t.t. gæða og þjónustustigs. Hótelið og spa-ið var opnað á árinu og hefur aðsókn og áhugi verið umfram væntingar. Það styrkir mann í sýn á mikilvægi þess að efla enn uppbyggingu Íslands sem gæðaáfangastaðar til langrar framtíðar.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með frábærum árangri starfsfólks Bláa lónsins við að koma þessum metnaðarfullu uppbyggingarverkefnum í rekstur á síðustu mánuðum.

***Hverjar eru væntingar þínar til nýs árs?***
Ég tilkynnti skipulagsbreytingar í september sl. sem ég hef miklar væntingar til en markmiðið með þeim er að efla enn og styrkja daglegan rekstur fyrirtækisins. Hvað varðar ytri aðstæður þá eru þær að mörgu leyti mjög krefjandi um þessar mundir, sér í lagi hvað varðar lausa kjarasamninga, sveiflur í gengisþróun og óvissu í samgöngum. Náist stöðugleiki hvað þessa þætti varðar hef ég trú á því að árið 2019 geti orðið gott ferðaár í ljósi styrks áfangastaðarins.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Stjórnvöldum ber að horfa til þeirra þátta sem helst styðja við og styrkja rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja til langs tíma litið. Stöðugleiki í gengismálum, lausnamiðuð þátttaka stjórnvalda í átökum á vinnumarkaði og markviss uppbygging Íslands sem gæðaáfangastaðar fyrir erlenda ferðamenn verður að vera í forgrunni hjá stjórnvöldum á nýju ári. ■



EGILL JÓHANNSSON
**forstjóri Brimborgar**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Árið var gríðarlega annasamt hjá Brimborg við mörg spennandi verkefni við að styrkja okkar innviði. Við kláruðum stórt byggingarverkefni í Hádegismóum 8 fyrir Volvo atvinnutæki, endurbættum frá grunni nýjan sýningarsal fyrir vinsælustu lúxusbíla á Íslandi, Volvo, og stækkuðum starfsemi MAX1 og Vélalands við Dalshraun í Hafnarfirði. Við unnum að fjölmörgum spennandi upplýsingatækniverkefnum í samvinnu við innlend og erlend sprotafyrirtæki bæði til vöruþróunar hjá Brimborg, til sjálfvirknivæðingar og rafvæðingu skjala. Þessi verkefni eru að skila árangri í hagræðingu og bættri þjónustu en mun skila sér að fullu á nýju ári.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Brimborg náði frábærum árangri í sölu fólks- og atvinnubíla á árinu með mestu markaðshlutdeild Brimborgar í sögunni. Mjög vel gekk að auka sölu þjónustu sem hlutdeild af heildarveltu og að styrkja stöðu Brimborgar á atvinnubíla- og atvinnutækjamarkaði með nýju vörumerki, Velti.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Það verða eflaust fjölmargar áskoranir og þá sérstaklega óvissa í kringum kjarasamninga en þó er margt jákvætt í kortunum. Ég hef trú á því að ferðaþjónustan nái vopnum sínum aftur á nýju ári sem mun hafa jákvæð áhrif á efnahagsmálin í heild sinni. Þar skiptir máli veikara gengi sem sést nú þegar í sterkari bókunum fyrir 2019 hjá Dollar Thrifty bílaleigu Brimborgar og á sama tíma hefur okkur tekist að hækka útleiguverð umtalsvert með raf- og sjálfvirknivæðingu ferla og bættri þjónustu.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Draga úr skattlagningu almennt og sérstaklega á láglaunafólk og auka ráðstöfunartekjur þess. Tryggja skilvirkni skattfjár svo tryggja megi framúrskarandi velferðarþjónustu, menntun og innviði og þá ekki síst vegi á landsbyggðinni. Ríki og sveitarfélög komi að framsýnu skipulagi á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til næstu áratuga þannig að markaðurinn geti skipulagt framboð og tegund íbúðarhúsnæðis í samræmi við eftirspurn. ■



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR
**forstjóri Nova**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Fyrir mig persónulega var það skemmtilegt og krefjandi. Á árinu fór ég í dansskóna hennar Livar á stærsta skemmtistaðnum, sem er ekki auðvelt en á sama tíma ný og skemmtileg áskorun með frábæru liði.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Árið hefur verið ein stór áskorun, við hjá Nova höfum unnið marga sigra. Við áttum ánægðustu viðskiptavinina níunda árið í röð, fengum verðlaun fyrir besta vefinn sem og hraðasta netið samkvæmt Okla Speedtest og nú nýverið vorum við tilnefnd sem markaðsfyrirtæki ársins 2018. Risaeðlunum hefur fækkað og samkvæmt nýjustu skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar sjáum við að við höfum svo sannarlega verið að breyta ljósleiðaramarkaðnum og erum stærst á farsímamarkaðnum.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Um áramót fyllist ég bjartsýni, tilhlökkun og spennu. Nýtt ár gefur okkur tækifæri að læra af mistökum fyrri ára og takast á við nýja og spennandi hluti með gleðina að vopni. Að taka smá Pollýönnu á þetta skiptir líka miklu máli en ég tel að það muni hægja á hjólum atvinnulífsins sem getur líka verið hollt fyrir okkur öll. Væntingar mínar eru einfaldar – leika meira og hafa gaman í vinnunni!

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Hugsa hlutina upp á nýtt og láta tæknina hjálpa okkur í þeim breytingum. Við þurfum t.d. að aðlaga menntakerfið betur að þeim gríðarlegu tæknibreytingum sem eiga sér stað í heiminum í dag og vera óhrædd við breytingar. Að breyta menntakerfinu er mikil áskorun. Breyta því hvernig við kennum í dag frá því að kenna þekkingu yfir í það sem vélmenni/vélar geta ekki lært og það sem skiptir raunverulega máli í dag. Google veit margt en mikilvægast er þó að kenna öllum að hafa sjálfstæða og gagnrýna hugsun, hafa trú á sjálfum sér og að kunna að vinna í teymi. Við þurfum að kenna það sem er einstakt við okkur mannfólkið. Við eigum að leggja meiri áherslur á íþróttir, list og tónlist. ■



ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR
**Stjórnarformaður EVU**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Árið er fyrsta ár ríkisstjórnar sem vegna ólíkrar hugmyndafræði samstarfsflokka fer ofurvarlega í breytingar en hvort sú íhaldssemi reynist annars vegar lífseig og hins vegar farsæl á eftir að koma í ljós. Í viðskiptalífinu ríkir töluverð óvissa vegna kjarasamninga, stöðu krónunnar og flugfélaganna. Þetta andrúmsloft annars vegar íhaldssemi og hins vegar biðstaða er dálítið einkennandi fyrir árið.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Á árinu hafa reglulega komið upp #metoo mál sem hafa haft áhrif bæði í viðskiptalífi og stjórnmálum. Viðbrögð almennings sýna að kúgun og fyrirlitning í samskiptum verða ekki liðin. Jafnvel þó að viðbrögðin séu stundum of ofsafengin er umræðan holl. Varnarviðbrögð sumra eru þau að nú geti karlar ekki lengur unnið með konum, stórhættulegt sé að vera einir á fundum eða fara út að borða með konum því þær gætu logið einhverju upp á þá. Ef menn sýna gagnkvæma virðingu og skapa heilbrigt starfsumhverfi þá eru þetta óþarfa áhyggjur. En ef ég á að gefa einhver ráð til þeirra sem eru óöruggir vegna umræðunnar þá eru þau eftirfarandi: Farið varlega í áfengið og ekki haga ykkur eins og kjánar!

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Stærsta viðfangsefnið er að kjarasamningar leysist farsællega og að þjóðarsátt verði um að auka enn frekar kaupmátt þeirra sem búa við lökustu kjörin. Ég neita því ekki að ég fæ áhyggjur þegar ég heyri rætt um blóðugar byltingar til að lama efnahagslífið. Atvinnuleysi bitnar verst á þeim sem minnst mega sín og eiga oft erfitt með fóta sig í framhaldinu.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Lækkun skatta! Með áframhaldandi aukningu ríkisútgjalda stefnir í óefni. Þegar tekjur ríkissjóðs dragast saman, kemur að enn og aftur að harkalegum flötum niðurskurði sem mun bitna mest á velferðarþjónustu. Nýsköpun í opinberri þjónustu og útvistun er nauðsynleg til að forðast það. ■



HELGA VALFELLS
**meðeigendi Crowberry Capital**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Við sem störfum í nýsköpunarhluta getum verið sátt. Íslensk fyrirtæki sem byggja á nýsköpun og þekkingu héldu áfram að vaxa og dafna. Öflugir og reynslumiklir tæknifjárfestar eins og Tencent og Atomico fjárfestu með íslenskum fjárfestum. Þetta var mjög annasamt ár hjá okkur hjá Crowberry við skoðuðum mikið af frábærum fjárfestingartækifærum og erum núna búin að fjárfesta í 6 ungum fyrirtækjum.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Hvað íslenskt atvinnulíf varðar þá finnst mér að sjálfsögðu salan á CCP vera viðskipti ársins. Salan á CCP sannaði eina ferðina enn að það er hægt að skapa mikil verðmæti á Íslandi með fjárfestingu í nýsköpun. Mér finnst fallegt að sjá hversu vel hefur gengið að kynna heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni. Það er gott að vita hversu vel við Íslendingar stöndum okkur í markmiði nr. 5 um jafnrétti kynjanna miðað við aðrar þjóðir. Við erum þó ekki alveg búin að ná markmiðinu en gætum verið fyrsta þjóð í heimi til að ná því ef við leggjum okkur fram.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta ár**s?*
Hér á Íslandi náum við vonandi mjúkri lendingu í efnahagslífinu. Ég vonast jafnframt til að við höldum áfram að byggja upp heilbrigt nýsköpunarumhverfi hérlendis. Fjórða iðnbyltingin heldur áfram, tækifærin í tækni verða fleiri og fjölbreyttari. Framfarir í gervigreind og stafrænum lausnum verða miklar á næsta ári og vonandi getum við Íslendingar tekið þátt í að búa til verðmæti í kringum slík tækifæri. Mestar áhyggjur hef ég af þróun alþjóðamála eins og t.d. hvað gerist með Brexit, viðskiptastríðið á milli Bandaríkjanna og Kína og áframhaldandi óeirðir í Mið-Austurlöndum.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Að mínu mati er mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnvalda að tryggja stöðugleika íslenska gjaldmiðilsins. Maður hefur komið að áætlanagerð ýmissa fyrirtækja á árinu og finnur það hversu erfitt það er að gera áætlanir fram í tímann þegar krónan er á fleygiferð. ■



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON
**ferðamálastjóri**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Í meginatriðum var árið gott fyrir flestar atvinnugreinar og landsmenn alla. Ferðaþjónustan naut góðs af hóflegri fjölgun ferðamanna milli ára. Krónan var sterk á fyrri hluta ársins, sem hafði umtalsverð áhrif á afkomu fyrirtækja, sérstaklega á landsbyggðinni. Gengisveiking krónunnar á seinni hluta ársins mun styðja við greinina þegar árið verður gert upp. Þegar á heildina er litið hefur þó ekki gengið eins vel og vonast var til með að fá erlenda ferðamenn til að ferðast um landið. Ferðamenn halda sig sem fyrr mikið á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Það er ánægjulegt hvernig stjórnvöld hafa skerpt á áherslum um uppbyggingu greinarinnar s.s. á grunni markmiða um rannsóknir, öryggismál og uppbyggingu innviða. Jafnframt var aðdáunarvert hvernig greininni tókst með þrautseigju að sigla í gegnum aukna óvissu m.a. vegna erfiðleika í flugrekstri.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Ég vona innilega að næsta á verði gott fyrir ferðaþjónustuna í landinu m.a. á grunni veikari krónu, áframhaldandi uppbyggingar innviða og aukins stöðuleika í flugi til og frá landinu. Eftir sem áður er afar mikilvægt að fyrirtæki leiti leiða til að ná fram frekari hagræðingu í rekstri án þess að það komi niður á gæðum þjónustu.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Fyrst og fremst þarf að að efla rannsóknir og auka skilning okkar t.d. á hegðun, atferli og áhrifum breyttrar samsetningar ferðamanna. Ríkið leggur sáralítið til rannsókna í ferðaþjónustu samanborið við framlög til annarra atvinnugreina. Hér þarf breyting að verða á en þó vitanlega ekki á kostnað annarra atvinnugreina. Þá er mikilvægt að ríkið styðji við vöruþróun og nýsköpun. Ýmislegt hefur þegar verið gert og frekari aðgerðir í undirbúningi. Þannig hefur ríkið stutt við þróunarvinnu í landshlutunum og verið er að hvetja til aukinnar notkunar stafrænnar tækni. Aukin tæknivæðing er ferðaþjónustunni lífsnauðsynleg og forsenda aukinnar framleiðni. ■



HEIÐAR GUÐJÓNSSON
**fjárfestir**

***Hvernig var árið 2018 þegar á heildina er litið?***
Ef horft er til umræðunnar gæti einhver ætlað að lítið hefði gerst í atvinnulífinu, en það er öðru nær. Það eru stórfréttir að smásalar á olíu og matvörumarkaði hafi náð saman. Eins hefðu fáir búist við eigendabreytingunum sem urðu hjá Granda og Eimskip. Verðmat á HS Orku í síðustu viðskiptum og Bláa Lóninu sýna fram á mikla verðmætaaukningu. Síðan var hugvit selt samanber CCP og Tempo hjá Origo. Arion var skráður á markað erlendis sem eru stórar fréttir. Árið litaðist af vanstillingu í almennri umræðu, hvort heldur var um kjaramál, afkomu flugrekstrar eða pólitík.

***Hvað fannst þér ganga vel á árinu?***
Ríkisstjórninni tókst að halda úti heilt starfsár sem ætti ekki að vera sérstakt gleðiefni en í núverandi umhverfi ber að hrósa þeim sem axla ábyrgð og hugsa um hag heildarinnar, frekar en þrönga sérhagsmuni, og stökkva ekki til útaf umræðunni á hinum öfgakenndu samfélagsmiðlum.

***Hverjar eru væntingar þínar til næsta árs?***
Vonandi berum við gæfu til þess að sýna samstöðu á komandi árum. Sundrung er ávísun á erfiðleika. Ég vil leyfa mér að vera bjartsýnn enda eru aðstæður í hagkerfinu þannig að engin ástæða er til að örvænta, nema sundurlyndi grafi um sig. Skuldastaða hins opinbera, fyrirtækja og heimila hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Ráðstöfunartekjur heimila eru háar í öllum samanburði. Viðskipti við útlönd eru okkur hagfelld. Það þarf því mikið til að framkalla kreppu í samfélaginu.

***Hver eru mikilvægustu verkefni stjórnvalda?***
Uppbygging innviða er nauðsynleg og betra færi til þess hefur ekki gefist um áratugaskeið. Ríkisstjórnin þarf að setja strax í gang á árinu 2019 framtíðaráætlun um metnaðarfulla uppbyggingu. Þar geta lífeyrissjóðir komið myndarlega að málum. Þau dæmi sem eru um þátttöku þeirra í uppbyggingu innviða, svo sem Hvalfjarðargöng og HS Veitur, tala sínu máli. Ríkið þarf að minnka umsvif sín í hagkerfinu. Sóun á vegum hins opinbera og dæmi um slæma stjórnarhætti eru þörf áminning þess. ■




# Í 35 ár

hefur Hreint boðið viðskiptavinum sínum upp á faglega og persónulega þjónustu á sviði ræstinga. Þannig stuðlum við að jákvæðu og heilsusamlegu vinnuumhverfi hjá okkar viðskiptavinum. Hreint er Svansvottað fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á umhverfismál, gæði og góð samskipti.

Hreint RÆSTING

Reykjavík
Akureyri
Hveragerði
Selfoss
Akranes

Kíktu á heimasíðuna okkar
www.hreint.is og sjáðu...

UMHVERFISMERKI 1076 0023 Ræstingaþjónusta

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan



# Hlédræga fyrirsætan í Hvíta húsinu

**Slóvenska fyrirsætan sem varð eiginkona fasteignajöfursins Donald Trumps átti seint von á því að verða dag einn forsetafrú Bandaríkjanna. Skiptin sem Melania Trump reynir að forðast hönd eiginmanns síns við opinberar athafnir hafa greypst inn í vitund heimsbyggðarinnar seinustu misseri.**

SINDRI FREYSSON
**sindri@vb.is**

Melania virðist ekki sérstaklega áfjáð í að leiða mann sinn opinberlega eða kalla fram þá ímynd að þau séu í hamingjusömu hjónabandi, enda engar marktækar heimildir svo sem um að forsetahjón Bandaríkjanna séu samhent og náin. Það er ekki endilega óvenjulegt í hjónaböndum Bandaríkjaforseta seinustu aldir, en það óvenjulega er kannski að forsetafrúin neiti að leika eða leiki með mikilli tregðu fyrir almenning glaða og káta eiginkonu. Jacqueline Kennedy varð t.d. umtöluð fyrir hversu vandlega hún gætti ímyndar sinnar í fjölmiðlum.

### Ljúft miðstéttarlíf í Slóveníu

Melania fæddist árið 1970 í borginni Novo Mesto í Slóveníu, sem þá var hluti af Júgóslavíu, og ólst upp í blokkaríbúð í smábænum Sevnica um miðbik landsins. Hún var skírð Melanija Knavs, dóttir Amöliju Ulcnik og Viktors Knavs, sem lifðu sæmilegu miðstéttarlífi á mælikvarða Júgóslavíu á þessum tíma. Móðir hennar var í góðu starfi sem hönnuður klæðamynstra í barnafataverksmiðju og faðir hennar seldi bíla og mótorhjól hjá ríkisreknu bifreiðaumboði. Hún á tvö eldri systkini, systurina Ines, sem er henni nákomin, og hálfbróðir samfeðra sem hún mun aldrei hafa kynnst. Melania talar vel um æsku sína og áhugi hennar beindist fljótt að klæðnaði og tísku.

Slóvenskur ljósmyndari kom auga á Melaníu þegar hún var áhorfandi á tískusýningu í Ljubljana árið 1987, rétt um sextán ára gömul. Hann bauð henni að sitja fyrir hjá sér, sem hún samþykkti eftir vikulanga umhugsun. Hann varð sannfærður um að hún ætti framtíð fyrir sér sem fyrirsæta. Melania hugði hins vegar ekki á feril sem fyrirsæta, áhugi hennar beindist að hönnun og arkitektúr og hún stóðst meira að segja inngöngupróf í arkitektadeild háskólans í Ljubljana. Árið 1992 vann hún annað sætið




ÖRUGG AFRITUN
www.oruggafritun.is / 588 6644

Hjá okkur færð þú örugga afritun fyrir fyrirtækið þitt. **Verðskráin er einföld og gagnsæ, þú borgar fyrir það sem þú notar.** Vottuð gagnaver og öflugur búnaður tryggja stöðugt eftirlit. Vöktun og þjónusta allan sólarhringinn.

Brandenburg




**Forsetahjón Bandaríkjanna tóku á móti þeim frönsku.**

"

Hún kom hingað með skýr markmið, til að sitja fyrir og vinna.

## Fyrsta forsetafrúin sem hefur ekki ensku að móðurmáli

Melania er aðeins önnur forsetafrúin í sögu Bandaríkjanna sem er fædd fyrir utan Bandaríkin, sú fyrsta sem ekki hefur haft ensku að móðurmáli og sú fyrsta sem fengið hefur ríkisborgararétt – sem kann að þykja ögn kaldhæðnislegt í ljósi þess hversu grimmilega eiginmaður hennar hefur barist gegn innflytjendum. Hún er önnur forsetafrúin sem er kaþólsk frá því að Jacqueline Kennedy var í Hvíta húsinu. Hún er fyrsta forsetafrúin alin upp í kommúnistalandi. Hún er eina forsetafrúin sem tafði það eftir megni að flytja með eiginmanni sínum í Hvíta húsið. Hún er sú fyrsta sem er þriðja eiginkona forseta Bandaríkjanna og hún er fyrsta forsetafrúin sem hefur setið fyrir nakin á myndum sem birst hafa opinberlega.

í fyrirsætukeppni í Slóveníu og ákvað að hætta í náminu, halda út fyrir landsteinana og reyna fyrir sér í tískuborgunum Míanó og París. Hún naut ágætrar velgengni þar en varð þó aldrei ofur-módel og þyrsti í meiri frama og hærri tekjur.

Paolo Zampolli, ítalskur milljónamæringur sem rak umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur í New York, uppgötvaði hana meðan hún sat fyrir í Mílanó og París og taldi hana hafa bein í nefinu og með rétta skapferlið til að vinna og þrífast í krefjandi tískuheimi New York-borgar. Melania flutti til borgarinnar um miðjan tíunda áratuginn og fékk orð á sig fyrir ráðdeild og rósemd. Zampolli sagði að öfugt við margar fyrirsætur hefði hún komið til New York til að vinna en ekki til að henda sér í veisluglaum næturlífsins. „Hún kom



**Melania Trump flutti til New York um miðjan tíunda áratuginn.**

hingað með skýr markmið, til að sitja fyrir og vinna. Það var ekkert útstáelsi á henni," sagði hann í viðtali við Vanity Fair í fyrra. Grein í The Washington Post fyrir þremur árum tók í sama streng: „Áður en hún hitti Trump og steig inn í glamúrheim eðalvagna og þakíbúða, demanta og kavíars, lifði Melania Knavs rólegheitalífi." Það var Zampolli sem leiddi þau Donald saman árið 1998.

### „Ég lifði mínu lífi, tilheyrði minni veröld"

Zampolli vildi halda glæsilega veislu til að vekja athygli á fyrirtæki sínu og valdi Kit Kat-klúbbinn, vinsælan næturklúbb í Manhattan, til að hýsa gleðskapinn. Hann bauð eins mörgum fyrirsætum og hann gat, þar á meðal Melaníu. Donald Trump var þá nýlega búinn að segja skilið við eiginkonu númer tvö í röðinni, Mörlu Maples, og var að skemmta sér

# BESTU ÓSKIR UM GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLD Á NÝJU ÁRI

Óskum þér gleðilegrar hátíðar og ánægjulegs nýs árs.
Innilegar þakkir fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.
Með von um að sjá þig á Búðum á nýju ári.

HÓTEL BÚÐIR

hotelbudir.is | hotelbudir | hotelbudir | budir@budir.is | +354 435 6700




> Ég vissi ekki mikið um Donald Trump. Ég lifði mínu lífi, tilheyrði minni veröld. Ég fylgdist ekki með Donald Trump og því lífi sem hann lifði.

með vinstúlku þegar Zampolli kynnti hann fyrir Melaníu. Sagan segir að hann hafi strax orðið hugfanginn af henni og einsett sér að kynnast henni betur með öllum ráðum. Hún neitaði að láta hann fá símanúmer sitt en hann fékk þó að láta hana fá sitt númer – hann lét hana raunar hafa öll sín símanúmer – og nokkrum dögum síðar sló hún á þráðinn. „Ég vissi ekki mikið um Donald Trump. Ég lifði mínu lífi, tilheyrði minni veröld. Ég fylgdist ekki með Donald Trump og því lífi sem hann lifði," sagði hún í viðtali við tímaritið GQ fyrir tveimur árum.

Þau hófu að hittast og líf þeirra varð fljótt samtvinnað. Eftir nokkra mánuði sleit hún þó sambandinu, að því er virðist vegna þess hversu erfitt Melania átti með að treysta Donald í kvennamálum. En þau byrjuðu saman aftur innan hálfs árs og vinir hennar sem rætt hafa við fjölmiðla um samband þeirra hjóna vilja meina að hann veiti henni öryggi sem sterkur og föðurlegur maki.

Myndir af henni nakinni frá því að hún starfaði sem fyrirsæta dúkkuðu upp í kosningabaráttunni 2016 og hneyksluðu eflaust viðkvæmari sálir í Bandaríkjunum, en urðu þó ekki til að valda framboðinu sérstökum skaða. Þá birtu tveir bandarískir fjölmiðlar fréttir þess efnis í ágúst 2016 að hún hefði á tímabili unnið sem fylgikona. Melania brást ókvæða við þessum ásökunum, lögsótti miðlana og krafðist 150 milljón dollara í skaðabætur. Niðurstaðan varð sú að hvor fjölmiðill um sig samþykkti að greiða henni tæplega 3 milljónir dollara í bætur og birtu afsökunarbeiðni.

Árið 2005 gengu þau Donald í hjónaband og ári síðar varð hún bandarískur ríkisborgari.



**Þegar Melania og Donald fóru að hittast varð líf þeirra fljótt samtvinnað.**

### Ræðan stolin frá Michelle Obama

Eftir að hafa gælt við þá hugmynd í tæpa tvo áratugi að bjóða sig fram til Bandaríkjaforseta segir sagan að Donald hafi borið vangaveltur sínar undir Melaníu árið 2014, og hún sagt honum að hrökkva eða stökkva. Allir væru orðnir leiðir á hringlandahættinum og bollaleggingunum. Þessi afdráttarlausa afstaða Melaníu varð til þess að Donald ákvað að láta slag standa. „Hún var ekkert sérstaklega áfjáð í að hann byði sig fram, en vissi að hann yrði óhamingjusamur ef hann gerði það ekki," hafði Vanity Fair eftir einum af ráðgjöfum Trumps í upphafi kosningabaráttunnar.

Þó svo að hún hafi vissulega staðið við hlið eiginmanns síns við flest þau opinberu tækifæri sem ótilhlýðilegt væri að hún væri fjarverandi, hefur hún frá upphafi þótt hlédræg þegar kemur að pólitíska brölti Donalds og fremur forðast sviðsljósið en hitt. Þegar




# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er sérhæft fyrirtæki í flutningum og björgun ökutækja.
Ef bíllinn þinn bilar er mikilvægt að fá fagmenn til að flytja bílinn á réttan og öruggan hátt.

Krókur býður m.a. uppá:
- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- Björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði

**KRÓKUR**
*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær



**Melania flutti ekki inn í Hvíta húsið fyrr en í júní 2017, um hálfu ári eftir að Donald sigraði í forsetakosningunum.**

henni hefur verið teflt fram hefur árangurinn ekki endilega verið henni í hag. Besta dæmið um það er trúlega þegar ræðan sem hún flutti á landsfundi Repúblikanaflokksins sumarið 2016 reyndist vera meira eða minna vera ritstuldur, fengin úr átta ára gamalli ræðu Michelle Obama. Alls óvíst er að Melania hafi komið að ræðurituninni en hún fékk þó skellinn og háðsglósur stjórnmálaskýrenda og pólitískra andstæðinga Donalds dundu á henni.

Hún flutti ekki inn í Hvíta húsið ásamt syni þeirra hjóna, Barron, fyrr en í júní 2017, um hálfu ári eftir að Donald vann forsetakosningarnar. Netverjar hafa haft yndi af því að varpa fram kenningum um yfirvofandi skilnað þeirra hjóna frá því að Donald tilkynnti um framboð sitt og þegar alræmdar upptökur af honum stæra sig af kynferðislegri áreitni („You can do anything. Grab them by the pussy.") urðu opinberar, bættist verulega í slíkar hrakspár. En enginn varð skilnaðurinn. Einn af aldarvinum hennar sagði í samantekt Vanity Fair í fyrra að það væru ekki ný tíðindi að þau hjón lifðu í reynd aðskildu lífi. En sömu heimildir herma að Donald beri hins vegar mikla virðingu fyrir skoðunum hennar og ráðgjöf.

## Heimakær móðir og málamanneskja

Hún talar fimm tungumál, slóvenísku, þýsku, frönsku og serbnesku, auk ensku




**Melania ræðir sjaldan við fjölmiðla, hafnar flestum beiðnum um viðtöl og forðast að fylgja eiginmanni sínum á ferðalögum hans.**

með talsverðum hreim. Hún ræðir sjaldan við fjölmiðla, hafnar flestum beiðnum um viðtöl og forðast að fylgja eiginmanni sínum á ferðalögum hans vítt og breitt um Bandaríkin. Helst kýs hún að dvelja ásamt syninum í íbúð þeirra hjóna í Trump-turninum í New York eða húsi þeirra í Palm Beach í Flórída. „Ég kaus ekki að vinna við stjórnmál og stefnumótun. Þau málefni eru á verksviði eiginmanns míns," sagði hún í viðtali við tímaritið GQ vorið 2016. Melania sinnir einkum uppeldi drengsins – hún hefur sagt að hann hafi aldrei svo mikið sem skipt á bleyju á drengnum – og veitir eiginmanni sínum nauðsynlegan stuðning, fyrirkomulag sem í besta falli þykir gamaldags í nútímanum. Hún hefur einnig fengist við hönnun, einkum á skartgripum og armbandsúrum.

Hún getur þó ekki sniðgengið öll þau verk sem ætlast er til að forsetafrúin inni af hendi. Seinustu forsetafrúr hafa valið sér málstað til að berjast fyrir. Laura Bush lagði áherslu á að auka læsi og Michelle Obama lagði áherslu á að draga úr offitu barna og styrkja menntun stúlkna. Melania hefur hins vegar valið að berjast gegn einelti á Netinu. Þeir sem þekkja til stöðugra árása Donalds á Twitter á pólitíska andstæðinga kann að þykja það heldur kaldhæðnislegt og sumir jafnvel spurt sig hvort þetta val hennar sé yfirhöfuð tilviljun. Kannski er forsetafrúin á afar prúðan hátt að gagnrýna árásargirni manns síns á Netinu – og myndi enginn undrast.


Regus™
NÝR SKRIFSTOFUKJARNI
VIÐ
HAFNARTORG
ÁRMÚLI – HÖFÐATORG – AKUREYRI – SKÚTUVOGUR – URÐARHVARF
TIL STAÐAR UM ALLAN HEIM
Í boði á 3.000 stöðum í yfir
120 löndum og 900 borgum.
Allt innifalið
Þú greiðir aðeins eitt verð
fyrir allt sem tengist
vinnusvæði þínu.
Stækkaðu við þig
Bættu við skrifborðum eftir
því sem starfsmönnum fjölgar.
Fullbúnar skrifstofur
Nútímaleg húsgögn og
háhraða internettenging fylgja.
5 27 27 87
REGUS.IS

# Vörður á vegi lífeyrissjóðakerfisins



ÞÓREY S. ÞÓRÐARDÓTTIR
**framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.**

Áramótin 2018/2019 eru mér tilefni til þess að horfa bæði fram á við og til baka. Svo vill til að einmitt um þessar mundir blasa við merkilegar, sögulegar vörður á leiðinni sem við höfum fetað með lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Ástæða er til að staldra við þær og velta fyrir okkur hvort farsælt sé að halda áfram í meginatriðum á sömu braut eða breyta kerfinu eða jafnvel bylta því, líkt og heyrast líka raddir um í þjóðmálaumræðunni.

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998 og skráð formlega 5. janúar 1999. Fyrir voru í landinu tvenn heildarsamtök lífeyrissjóða sem þarna runnu saman, annars vegar Landssamband lífeyrissjóða og hins vegar Samband almennra lífeyrissjóða.

Sameiningin var heillaskref og jók tvímælalaust slagkraft og áhrif lífeyrissjóðakerfisins bæði út á við og inn á við. Heildarsamtökin höfðu reyndar átt samskipti og samstarf í ýmsum málum fyrir sameininguna og ég nefni Hvalfjarðargöngin sérstaklega í því sambandi. Það á vel við því einmitt 1. október á árinu sem er að líða tók ríkið við mannvirkinu frá félaginu Speli sem stofnað var til að gera göngin og reka þau.

Ég nefni Hvalfjarðargöngin sérstaklega til að halda til haga öflugum stuðningi stærstu lífeyrissjóðanna við framkvæmdina með skuldabréfakaupum. Aðstandendur verkefnisins telja að þessar ákvarðanir sjóðanna hafi ráðið meiru en margan grunaði um að loksins tókst að ná fjármögnunarsamningum fyrir göngin og hefjast handa 1996. Á engan er hallað þegar fullyrt er að þar hafi í upphafi vegið þyngst áhugi og traust Þorgeirs Eyjólfssonar, formanns Landssambands lífeyrissjóða, og Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra lífeyrissjóða, á verkefninu. Sá síðarnefndi varð síðar fyrsti framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða og gegndi því starfi farsællega til 2011.

Síðast en ekki síst nefni ég að í maí 2019 verða liðin nákvæmlega 50 ár frá því að forystumenn heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks undirrituðu kjarasamninga sem mörkuðu tímamót vegna ákvæðis um aðild launafólks í verkalýðsfélögum á almennum markaði að lífeyrissjóðum. Lög um skylduaðild alls launafólks að lífeyrissjóðum voru sett nokkru síðar, á árinu 1974, og tóku líka til þeirra sem voru utan verkalýðsfélaga.

Þarna var lagður grunnur að því lífeyriskerfi landsmanna sem við búum við nú. Við munum minnast þessara tímamóta á ýmsan hátt, bæði líta um öxl til að heiðra framsýni upphafsmannanna úr röðum atvinnurekenda og launafólks en nota jafnframt tækifærið til að varpa ljósi á gangverk kerfisins og ræða styrk þess og veikleika.

Lífeyrissjóðakerfið var ekki fyrirferðarmikið í samfélagsumræðunni fyrir efnahagshrunið en undanfarin ár hefur það hins vegar sætt gagnrýni, á köflum bæði harkalegri og ómaklegri. Því er til dæmis gjarnan haldið fram að kerfið sé alltof dýrt í rekstri en í alþjóðlegum samanburði stenst sú fullyrðing engan veginn.

Ég tek eftir því að í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði voru hugmyndir um að stjórnarmenn lífeyrissjóða skyldu beita sér á tiltekinn hátt í fjárfestingarákvörðunum sjóðanna, til stuðnings kröfum launafólks í kjarabaráttu. Slíkt er auðvitað fjarstæða og Fjármálaeftirlitið sá ástæðu til þess að lýsa því opinberlega yfir að stjórnarmönnum lífeyrissjóða væri óheimilt að beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir yrðu nýttir í öðrum tilgangi en þeim sem lög um sjóðina kveða á um, það er að segja að taka við iðgjöldum, ávaxta þau og greiða út lífeyri handa sjóðfélögum.

Vissulega eru uppi ýmsar skoðanir og mörg tilefni til að ræða lífeyrissjóði og lífeyrisjóðakerfið, ég hef síður en svo á móti því! Þetta kerfi er langt frá því að vera föst stærð heldur er það allt í senn lifandi, þróttmikið og dýnamískt. Mikilvægt er að það þróist í takt við þarfir sjóðfélaga á hverjum tíma. Þar skiptir því sköpum fyrir velferð almennings að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld tryggi starfsöryggi sjóðanna. Á lífeyrissjóðakerfinu hafa orðið breytingar, sumar veigamiklar aðrar minni. Þær miða að því að styrkja kerfið í hlutverki sínu, gera gott betra en ekki vega að því eða rótum þess.

Lífeyrissjóðir voru gagnrýndir og eru það enn fyrir að hafa tapað eignum í hruninu. Vissulega er rétt að íslenskir sjóðir töpuðu miklu en það gerðu líka erlendir lífeyrissjóðir um víða veröld. Engu að síður er það nú staðreynd að lífeyrissjóðir á Íslandi stóðu af sér bylinn og greiddu út verðtryggðan lífeyri á sama tíma og fjármálakerfið að öðru leyti fór á hliðina.

Lífeyrissjóðakerfið hefur reyndar aldrei notið þessa í umræðunni. Kannski finnst fólki að það hafi verið nánast sjálfsagður hlutur að það stæðist sviptingarnar en svo er aldeilis ekki.

Núna blasir við að lífeyrissjóðakerfið hefur náð á ný þeim styrk sem það hafði fyrir hrunið og rúmlega það. Þetta eru fyrst og fremst góðar fréttir fyrir sjóðfélaga, þá sem falið hafa lífeyrissjóðum að ávaxta iðgjöldin sín og greiða út sem lífeyri síðar. Fyrir íslenskt samfélag eru þetta líka góðar fréttir. Þess vegna er bjart í kringum lífeyriskerfið okkar þegar árið 2019 gengur í garð. ■


Góðir vinnufélagar
NÝTT
IDÅSEN rafmagnsskrifborð
L160×B70, H63-127cm
69.900,-
NÝTT
IDÅSEN skúffueining
14.950,-
NÝTT
ALEFJÄLL skrifborðsstóll
34.950,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA

# Hin nýja öld samfélagslegrar ábyrgðar



HÖRÐUR ARNARSON
**forstjóri Landsvirkjunar**

Það hefur verið einkar áhugavert og ánægjulegt að fylgjast með því að undanförnu hvernig ný kynslóð stjórnenda hefur fært fyrirtækjarekstur nær nýjum tíðaranda. Fyrirtæki hafa áttað sig á því að þau verða að horfa á rekstur sinn í víðara samhengi en áður – gildismat neytenda snýst ekki lengur eingöngu um að fyrirtæki sjái þeim fyrir góðum vörum og þjónustu á góðu verði, heldur krefjast þeir þess að fyrirtæki láti gott af sér leiða í samfélaginu öllu.

Þessi nýi tíðarandi gerir kröfu um að rekstur fyrirtækja sé efnahagslega, umhverfislega og samfélagslega sjálfbær. Það þýðir einfaldlega að reksturinn verður að standa undir sér. Fyrir það fyrsta má hann ekki ganga á efnahagsleg verðmæti, þ.e. rekinn með fjárhagslegu tapi. Í öðru lagi má hann ekki ganga á umhverfið og náttúruna með því að ofnýta náttúruauðlindir á kostnað komandi kynslóða – í því efni er loftslag jarðarinnar mikilvægt – og í þriðja lagi verður hann að skilja eftir sig bætt samfélag.

**Sátt er grunnforsenda**

Þessi sátt við samfélagið er nauðsynleg í fyrirtækjarekstri á 21. öldinni. Við hjá Landsvirkjun erum afar meðvituð um það. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Þessa stefnu mótuðum við fyrir sjö árum og segja má að við höfum verið að meitla og móta starfsemi okkar í þessa átt síðan þá. Til framtíðar viljum við leggja áherslu á að allar þrjár víddir sjálfbærrar þróunar hafi jafnt vægi.

**Efnahagsleg sjálfbærni**

Eins og mörgum er kunnugt höfum við lagt mikla áherslu á að bæta efnahag fyrirtækisins á síðustu árum. Við höfum greitt niður skuldir fyrir á annað hundrað milljarða íslenskra króna og tekið í rekstur þrjár nýjar aflstöðvar á síðustu fjórum árum. Þetta hefur lagt grunninn að aukinni arðgreiðslugetu á næstu misserum. Þessar arðgreiðslur eru grunnur að Þjóðarsjóði, sem hægt verður að nýta í þjóðhagslega hagkvæm samfélagsverkefni. Að vissu leyti má þannig segja að efnahagsleg og samfélagsleg sjálfbærni skarist í rekstri fyrirtækisins.

**Samfélagsleg sjálfbærni**

Landsvirkjun er hluti af samfélaginu og samfélagsleg ábyrgð okkar er mikil, líkt og annarra fyrirtækja í landinu. Eins og sjálfsagt er krefst tíðarandinn í samfélaginu þess að einstaklingar séu metnir að verðleikum, án tillits til kyns. Í nútímafyrirtæki er engin mismunun á grundvelli kyns liðin. Á síðustu misserum höfum við lagt mikla áherslu á jafnréttismál hjá fyrirtækinu og lagt okkur fram um að breyta menningunni innan þess, þannig að enginn einstaklingur eigi erfitt uppdráttar eða upplifi mismunun. Það er ekki launungarmál að Landsvirkjun hefur löngum verið karllægt fyrirtæki, en því ætlum við að breyta.

**Umhverfisleg sjálfbærni**

Loftslagsbreytingar eru stærsta umhverfismálið sem við stöndum frammi fyrir. Fjölgun mannkyns og kröfur fólks um aukin lífsgæði hafa valdið því að neysla fer sívaxandi. Þessi þróun kallar óhjákvæmilega á aukna framleiðslu varnings og þjónustu, aukin umsvif flutninga og samganga, sem aftur kalla á aukna orkuvinnslu. Verkefni mannkyns felst í því að mæta þessum þörfum á sem umhverfisvænastan hátt og berjast þannig gegn loftslagsbreytingum.

Rekja má um 65% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum til notkunar jarðefnaeldsneytis við orkuvinnslu. Stærsta tækifæri okkar í baráttunni við loftslagsbreytingar er því aukin nýting á þeim endurnýjanlegu auðlindum sem jörðin býður upp á, í stað jarðefnaeldsneytis. Í raun er þörf á algjörri byltingu í orkuvinnslu í heiminum, því samkvæmt Alþjóðaorkumálastofnuninni þarf hlutur endurnýjanlegrar raforku að fara úr 25% í 66% á heimsvísu fyrir árið 2040 og hlutur kola úr 38% í 5%. Það er ekki lítið verkefni.

Þetta verkefni er þess eðlis að enginn getur spilað einleik. Enginn getur verið frífarþegi í ferðalagi að grænni framtíð. Allar þjóðir heims bera ábyrgð á lausn vandans og aðgerðir eða aðgerðaleysi einnar þjóðar hefur óhjákvæmilega áhrif á allar aðrar. Við Íslendingar höfum vissulega þegar lagt mikið af mörkum með því að vinna nánast alla okkar orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum, með farsælli virkjunarsögu þjóðarinnar síðan á fyrri hluta síðustu aldar, sem í ofanálag hefur lagt grunninn að lífskjörum þjóðarinnar á seinni tímum.

Það er undir okkur öllum komið hvort við viljum ganga enn lengra og leggja enn meira til alþjóðlegra loftslagsmála með því að beisla endurnýjanlega orkugjafa í frekari mæli. Ef það verður ákveðið er mikilvægt að gera það með þeim hætti að neikvæð áhrif á náttúruna verði sem minnst, líkt og Landsvirkjun hefur leitast við að gera við allar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins. Þar eru margar leiðir færar.

Eins og ég hef rakið hér að ofan gerum við hjá Landsvirkjun okkar besta til að tryggja að starfsemi fyrirtækisins sé efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega sjálfbær. Við viðurkennum þó að við erum ekki fullkomin og getum alltaf gert betur. Við erum lögð af stað í ferðalagið og vonumst til þess að vera samferða sem flestum fyrirtækjum á Íslandi í þessari vegferð, sem er langhlaup en ekki spretthlaup.








# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

## Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

**Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.**

Þrif og ræstivörur

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

# Með allt á hreinu í 15 ár

# Spár efasemdamanna



KRISTRÚN FROSTADÓTTIR
**aðalhagfræðingur Kviku**

Margir myndu lýsa 2018 sem óvissuári og vilja meina að annað eins ár gangi nú í garð. Í núverandi andrúmslofti virðist þó gleymast að árið hefur komið ánægjulega á óvart hvað efnahagsmálin varðar. Hagvaxtarspár flestra greiningaraðila voru um 3% í upphafi árs, en hafa smám saman færst um og yfir 4%. Viðskiptaafgangurinn virðist nú verða tvöfalt meiri en upphaflega var búist við, og spáð var samdrætti í fjölda ferðamanna í sumar sem aldrei varð úr. Hröð veiking krónunnar kom á óvart þrátt fyrir veikingarspár, en þó að verðbólga hafi hækkað er hún enn undir vikmörkum Seðlabankans. Spár bregðast nefnilega oftar en ekki, í báðar áttir. Það þýðir þó ekki að þær séu gagnslausar.

Sumum þykir ég of bjartsýn eða ekki nógu afdráttarlaus þegar spurt er út í 2019. Mitt mat hefur verið að nú hægi hóflega á og ég sjái ekki ástæðu til að vara við mjög erfiðu ári. Þetta er ekki í takt við umræðuna. Það er auðveldara að landa fyrirsögn í fjölmiðlum ef spár eru afdráttarlausar og jafnvel ögrandi. Þó er margt sem bendir til þess að slíkar spár séu sjaldnast réttar. Philip Tetlock, prófessor við háskólann í Pennsylvaníu, framkvæmdi umfangsmikla rannsókn á spám stjórnmálaspekúlanta sem birtist árið 2005. Þar kom fram að einfaldar og stóryrtar yfirlýsingar um komandi tíð væru oftast þær spár sem misstu hvað mest marks.

Það er ekki veikleikamerki þegar sérfræðingar koma hreint fram og segjast óöruggir um spár sínar. Þvert á móti bendir það til aukinnar sjálfsmeðvitundar, að viðkomandi byggi spá sína á raunhæfri túlkun á gögnunum. Það reynir enn meira á slíka túlkun þegar dramatískir atburðir ganga yfir, enda eiga nýskeðir atburðir til að hreyfa meira við okkur en hæg og undirliggjandi þróun. Bandaríski sálfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði, Daniel Kahneman, benti í þessu samhengi á áhrif mikils fréttaflutnings á mat fólks á líkindum atburða. Er það hlutverk spáaðila að horfa í gegnum hávaðann – hver yrði hagvöxtur ef stórt flugfélag færi ekki á hausinn og allt á versta veg í alþjóðastjórnmálum? Þaðan má flétta áhættu ofan á, en einhvers staðar í óreiðunni þarf grunnurinn að vera. Við skautum framhjá nútíðartölum um velgengni í efnahagsmálum því við bíðum eftir því að hagkerfið snúi sér. En góð samsetning hagvaxtar, öflugur viðskiptaafgangur og lág skuldastaða þjóðarbúsins – mælikvarðar sem komu á óvart á þessu ári – skipta sköpum fyrir næsta ár.

Árið 2011 hófu þrír sálfræðingar, þar á meðal fyrrnefndur Tetlock, verkefnið „The Good Judgment Project“ sem lagði, og leggur enn, mat á getu spáaðila með því að halda svokölluð „spámót“. Samkvæmt Tetlock tekst litlum hópi fólks að spá betur fyrir en aðrir. Aðilarnir eru ekki endilega sérfræðingar á þeim sviðum sem spárnar snúa að, en þeir nálgast viðfangsefnið á virkan hátt og með opinn hug, í sífelldri leit að andstæðum vísbendingum og uppfæra kenningar sínar reglulega út frá nýjum upplýsingum. Slíkir eiginleikar virðast styðja við góðar spár.

Í nýbirtri rannsókn sömu aðila er leitast við að svara spurningunni hvort beinlínis sé hægt að hlúa að slíkum eiginleikum með því að stunda betri og skipulegri spágerð – hvort orsakasamhengið gangi líka í hina áttina. Einstaklingur sem leggur upp úr því að skora hátt í „spámóti“ áttar sig fljótt á því hvar götin í röksemdarfærslum liggja. Sálfræðingarnir Leonid Rozenblit og Frank Keil tala í þessu samhengi um „tálsýnd útskýringardýptar“ (the illusion of explanatory depth). Ef þú biður fólk um að útskýra hvernig bíll gengur raunverulega fyrir sig viðurkenna flestir að þekking þeirra er yfirborðskennd. Sömu sögu mætti segja ef spurt væri út í ástæðu Brexit niðurstöðunnar – slíkar aðstæður kalla fram auðmýkt, og hóflegri skoðanir fylgja oft eftir umhugsun. Eru það niðurstöður Tetlock-teymisins að með því að hvetja fólk til að hugsa á gagnrýninn hátt um kenningar sínar mýkjast (pólitískar) skoðanir þeirra og tilhneiging til að afneita með öllu málflutningi skoðanaandstæðinga. Spágerð virðist þannig hafa gildi í sjálfu sér, þó spár séu sjaldnast nákvæmar. Þær knýja okkur til að hugsa um heiminn eins og hann raunverulega er; flókinn og sjaldnast á einfaldri upp- eða niðurleið.

Risastór áföll eins og kreppan 2008 eiga sér ekki stað á nokkurra ára fresti, þrátt fyrir að efnahagssveiflur séu órjúfanlegur hluti markaðshagkerfa. Eftir slíkan atburð er þó ekki í tísku að vera bjartsýnn hagfræðingur. Efasemdamönnum er réttilega hampað, en æ oftar virðist þeim samsvarað með svartsýnismönnum. Skeptískir einstaklingar eru þó þeir sem synda á móti straumnum og spyrja sig hvort meðtekinn sannleikur fjöldans geti verið rangur, og geta því allt eins verið bjartsýnir á svartsýnistímum. Árið 2011 hefði slíkur einstaklingur séð tækifærin sem framtíðin bar í skauti sér, full af ferðaþjónustuvexti sem fæstir sáu fyrir. Við megum nefnilega ekki gleyma því að óvæntir atburðir geta líka komið okkur á óvart á jákvæða vegu. Ég gæti þó haft rangt fyrir mér.



©Disney

# Ávinningur eða endalok



RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON
**framkvæmdastjóri VR**

Þjóðarátak í húsnæðismálum er eitt allra brýnasta kjaramálið. Stórauka þarf framboð á hagkvæmu húsnæði til kaups og leigu sem gæti lækkað húsnæðiskostnað að meðaltali um 70 til 100 þúsund krónur á mánuði. Einnig þarf að tryggja húsnæðisöryggi með meiri vernd fyrir fólk á leigumarkaði. Þarna sjáum við gríðarleg tækifæri til að auka ráðstöfunartekjur og félagslega stöðu margra hópa.

**Skattkerfið**

Með auknum jöfnuði í skattkerfinu getum við aukið ráðstöfunartekjur milli og lægri tekjuhópa verulega. Einnig að vinna til baka þær kaupmáttarkrónur sem ríkið hefur tekið af félagsmönnum okkar vegna skerðinga barna- og húsnæðisbóta og vaxtabóta sem nánast hafa þurrkast út.

Stytting vinnuvikunnar er ein helsta krafa félagsmanna okkar. Greiðsla sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, vegna geðrænna kvilla, hefur náð óþekktum hæðum. Fólk er að gefast upp í stórum stíl og nýgengi örorku er meiri en nýliðun á vinnumarkaði. Það er ósjálfbær þróun. Veikindi kosta atvinnulífið gríðarlegar upphæðir. Styttingu vinnuvikunnar á ekki að mæla sem kostnað heldur langtíma ávinning. Með sameiginlegu átaki í að minnka álag, halda afköstum og auka vellíðan á vinnustöðum með fjölskylduvænum vinnutíma vindum við ofan af Evrópmeti okkar í yfirvinnu og dagvistun barna.

**Vextir**

Við borgum 300% hærri vexti af húsnæðislánum ef við berum okkur saman við nágrannalöndin. Atvinnulífið greiddi um 260 milljarða í vexti árið 2017. Þarf að hafa fleiri orð um gríðarlegan ávinning af lægra vaxtastigi fyrir almenning og fyrirtæki?

**Verðtrygging og krónan**

Er eðlilegt í siðmenntuðu ríki að launakrónan rýri verðgildi sitt í verðbólgu á meðan verðtryggð skuldakrónan hækkar og fitnar. Síðan hvenær varð það að órjúfanlegt náttúrulögmáli að almennur skuldari beri einn alla áhættu af lánasamningi? Og þetta hefur raunverulega ekkert með krónuna að gera. Þeir sem halda því fram að krónan kosti almenning hátt í 200 milljarða á ári þurfa líka að segja hverjum hún raunverulega þjónar og hvort það sé náttúrulögmál að svo sé. Og hvað stendur í vegi fyrir því að krónan geti þjónað þeim sem hún refsar? Ég get alveg fallist á rök þeirra sem vilja taka upp annan og stöðugri gjaldmiðil en það réttlætir ekki að almenningur og fyrirtæki búi við þessi kjör! Það eru vissulega kostir og gallar við að vera með lítinn ríkisgjaldmiðil en það eru svo sannarlega ekki bara kostir að taka upp evru.

**Grunnþjónustan**

Alltof stór hópur í okkar samfélagi hefur ekki efni á að veikjast og getur ekki menntað sig nema setjast í ævilangt skuldafangelsi.

Aukin stéttarvitund er boðskapur sem snýr að þéttara öryggisneti sem raunverulega grípur okkur ef eitthvað kemur uppá. Við erum einungis þremur launaseðlum frá alvarlegum fjárhagsvandræðum, þremur afborgunum frá því að missa þak yfir höfuðið og alvarlegum veikindum frá sárri fátækt. Við gerum okkur ekki grein fyrir því hvernig kerfin okkar virka fyrr en við lendum í þeim. Og þá er oft erfitt að breyta. Við mælum gæði samfélagsins á stöðu okkar veikustu bræðra og systra. Sama hvað meðaltölin segja.

**Samkeppnishæfni**

Kröfur okkar snúast um að lækka kostnað við að lifa og að lágmarkslaun séu í takt við það. Það græða allir hópar á því. Það væri ekki mikill metnaður hjá verkalýðshreyfingunni ef það væri ekki grunnstefið í kjarabaráttunni. Við viljum ná þessu fram með öllum tiltækum ráðum, í gegnum skattkerfið, vexti og verðtryggingu, húsnæðismálin, grunnþjónustuna og með krónutöluhækkun. Við viljum auka jöfnuð en ekki draga kerfisbundið úr honum. Samkeppnishæfni snýst ekki um að bjóða ódýrasta vinnuaflið. Samkeppnishæfni snýst um að bjóða bestu lífskjörin. Ekki bara til að laða að værðmæt störf heldur líka að halda þeim.

**Fátækt**

Langvarandi framfærsluvandi, húsnæðisóöryggi og aukin misskipting hefur skelfilegar félagslegar afleiðingar og getur leitt af sér óbætanlegt samfélagslegt tjón. Þetta vitum við en erum samt tilbúin að taka undir orðræðu þeirra sem telja nauðsynlegt að skattleggja fátækt og fráleitt, jafnvel sturlað, að verkalýðshreyfingin berjist fyrir launum sem duga til framfærslu.

**Ávinningur eða endalok**

Við eigum ekki að tala um kostnað þegar ávinningurinn er augljós. Hvað kostar að gera ekki neitt? Kröfugerð stéttarfélaganna gengur út á að leggja áherslu á auknar ráðstöfunartekjur þeirra hópa sem ná ekki endum saman eða eru á mörkum þess. Hópa sem eyða öllum sínum ráðstöfunartekjum í nauðþurftir. Við erum að leggja áherslu á þá hópa þar sem heimilistæki eða bíll má ekki bila til að illa fari. Í því felst ávinningur. Auknar ráðstöfunartekjur hópa sem eru undir framfærsluviðmiðum, eða á mörkum þess, munu skila sér óskiptar út í samneysluna sem aftur eykur veltu fyrirtækja sem eykur svigrúm þeirra í að borga hærri laun, ráða fleira fólk eða greiða meiri arð. Einnig er ávinningur ríkis og sveitarfélaga í formi minni félagslegs stuðnings og aukinna skatta. Heildarendurskoðun á fjármála- og lífeyriskerfinu þarf einnig að hefjast sem allra fyrst.

Misskipting og óréttlæti eru mannanna verk og alls engin náttúrulögmál. Allt sem þarf er samstaða og kjarkur í að breyta.

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta






*Fljótlegt og þægilegt að bóka bíl*
**www.holdur.is**

# Veldu góða þjónustu

Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.

VOTTUN HF. ÍST ISO 9001
VOTTUN HF. ÍST ISO 14001
VAKINN Quality CERTIFIED TRAVEL SERVICE
VAKINN Quality GOLD-CLASS ENVIRONMENTAL

**Bílaleigubílar heima og erlendis**
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

# Treystum ekki á tilfallandi búhnykki



SIGRÍÐUR MOGENSEN
**sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins**

Eftir umbrotatíma í stjórnmálum á árunum 2008-2017 er nú við völd ríkisstjórn sem hefur breiða skírskotun. Við þær aðstæður ætti langtímastefnumótun að eiga sér stað. Önnur rök kalla á þetta. Tímarnir eru breyttir, tækniframfarir eru að eiga sér stað á meiri hraða í dag en áður hefur þekkst og á sama tíma eru kröfur meiri, og spila loftslagsbreytingar og áhersla á umhverfisvernd þar lykilhlutverk. Þá er öldrun þjóða áskorun sem verður ekki litið fram hjá í þessu samhengi. Ef Ísland á að verða þátttakandi í þeim breytingum sem framundan eru og njóta góðs af þeim þarf að virkja tækifærin sem eru fólgin í vexti iðnaðar sem byggir á hugviti. Til þess þurfa íslensk stjórnvöld að marka skýra stefnu fram á við í lykilmálaflokkum og fylgja henni eftir í gegnum löggjöf og verklag í stjórnsýslu og hjá opinberum stofnunum. Skattkerfið og ráðstöfun opinbers fjármagns eru öflugustu tólin í verkfærakassa ríkisins. Ríkið og löggjafinn hafa með stefnu sinni í ýmsum málaflokkum ýmist hvetjandi eða letjandi áhrif á fyrirtæki og atvinnuuppbyggingu og stýra þannig óbeint hegðun á frjálsum markaði. Ríkið getur líka þvælst fyrir í atvinnuuppbyggingu og það ætti ávallt að hafa í huga við stefnumótun hins opinbera.

Stýrihópur skipaður af ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar vinnur nú að mótun nýsköpunarstefnu fyrir Ísland. Stefnan á að liggja fyrir í maí 2019. Um mitt árið sem nú er að líða féll Ísland um 10 sæti í alþjóðlegri mælingu á getu til nýsköpunar. Þetta ættum við að taka alvarlega, sérstaklega í ljósi þess að nýsköpun er lykillinn að verðmætasköpun í framtíðinni, fjölgun starfa og lífskjarasókn. Nýsköpunarstefna fyrir Ísland þarf að byggja á metnaðarfullum langtímamarkmiðum. Hún þarf að vera skýr og einföld og miða að því að ráðast að veikleikum í umhverfinu og efla hvata til rannsókna og þróunar heilt yfir. Hún á ekki að vera stefna um allt, fyrir alla. Pólitískan dug og forystu þarf til að koma henni til framkvæmda, ef hún á að skila árangri. Árangurinn yrði mældur í aukinni fjárfestingu í rannsóknum og þróun, fjölgun og vexti fyrirtækja í hugvits- og hátæknigreinum og aukningu útflutningstekna á því sviði.

En það þarf að huga að fleiru. Opinber stefnumótun á sviði nýsköpunar þarf að ganga í takt við stefnu í öðrum málaflokkum, svo sem menntamálum og orkumálum. Í þessu samhengi þurfa stjórnvöld til að mynda að taka afstöðu til hugmynda um raforkusæstreng til Bretlands og hvort þau áform samræmist markmiðum um að efla nýsköpun og byggja undir vöxt hugverkaiðnaðar hér á landi. Raforkan væri betur nýtt heima við, til að styðja við stækkunaráform fyrirtækja í hugverkaiðnaði og byggja þar með undir útflutningstekjur.

„Síldin var ekki bara silfur hafsins áður, heldur var ástandið líkast gullæði þegar hún var hvað mest [...]". Þetta var haft eftir Finnboga Jónssyni, framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar, í Morgunblaðinu í október 1995. Atvinnusaga Íslands hefur til dagsins í dag að miklu leyti ráðist af náttúrulegum þáttum, svo sem staðsetningu landsins, fiskmiðum og öðrum náttúruauðlindum, ytri áhrifum og efnahagssveiflum. Nýlegt dæmi um þetta er uppgangur ferðaþjónustunnar, en gríðarleg fjölgun ferðamanna hefur verið hvalreki fyrir efnahag Íslands. Önnur ríki í hinum vestræna heimi hafa mörg hver þurft að stóla á skipulagningu til að byggja undir verðmætasköpun. Koma auga á mögulega sérstöðu á einhverju sviði og fylgja því eftir með stefnumótun og löggjöf sem hvetur til atvinnusköpunar, með öðrum orðum skapa tækifæri með pólitískum aðgerðum. Dæmi um þetta má finna í uppbyggingu bílaiðnaðarins í Þýskalandi.

Þrátt fyrir uppgang ferðaþjónustunnar hefur stjórnvöldum ekki tekist að leysa úr ýmsum álitamálum sem snúa að greininni, svo sem innviðauppbyggingu. Við höfum verið góð í að bregðast við, og grípa þau tækifæri sem við höfum fengið í hendur, en ekki að skipuleggja okkur fram í tímann og búa til tækifæri. Breytum því núna, virkjum tækifæri til nýsköpunar á öllum sviðum með skýrri og einfaldri stefnu sem miðar að því að auka fjárfestingu í nýsköpun þvert á atvinnugreinar. Þannig mun okkur takast að efla lífskjör til framtíðar og treysta stoðir og fjölbreytileika útflutnings. Hugvits- og hátækniiðnaðurinn hefur verið í sókn á Íslandi undanfarin ár. Þá eru tækniframfarir og nýsköpun að umbreyta fyrirtækjum í rótgrónum iðnaði. Gríðarleg tækifæri eru til staðar í tengslum við nýjan iðnað og nýsköpun í rótgrónum iðngreinum en mikilvægt er að fyrirtækjum sé skapað stöðugt og hvetjandi rekstrarumhverfi. Nýr og öflugur útflutningsiðnaður, sem byggir á hugviti og hátækni, gæti þýtt að við þyrftum ekki að treysta á síldarvertíð og tilfallandi búhnykki til framtíðar.

# Fjármálaþjónusta fyrir framtíðina



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON
**bankastjóri Arion banka**

Fjármálaþjónusta er að taka miklum breytingum um þessar mundir og ljóst að sú vegferð er rétt að hefjast. Breytingarnar eru annars vegar drifnar áfram af kröfum neytenda um einfaldari og hraðvirkari fjármálaþjónustu og hins vegar af breytingum á evrópsku regluverki sem miða að auknum réttindum neytenda. Þannig eru neytendur – viðskiptavinir fjármálafyrirtækja – bæði drifkrafturinn og miðpunkturinn á bak við þessa spennandi þróun.

Sumir spá því að fjármálageirinn muni á næstu árum fara í gegnum sambærilegar grundvallarbreytingar og t.d. fjarskiptageirinn og farþegaflug hafa gert á undanförnum árum. Það er ekki útilokað, framtíðin mun leiða það í ljós. Hitt er alveg ljóst að breytingarnar verða miklar og samkeppni mun ekki einvörðungu koma frá hefðbundnum fjármálafyrirtækjum heldur úr ýmsum áttum. Viðskipavinir munu í ríkari mæli geta nýtt sér fjármálaþjónustu alþjóðlegra stórfyrirtækja sem og nýsköpunarfyrirtækja með snjallar tæknilausnir.

**Mikil tækifæri**

Hvernig er best fyrir hefðbundna banka, eins og Arion banka, að takast á við þessar breytingar og halda í viðskiptavini sína? Það er stóra spurningin sem bankar heimsins eru að kljást við – og auðvitað er ekki eitt rétt svar. Það eina sem er alveg ljóst er að bankar þurfa að líta á þetta sem tækifæri. Þeir þurfa að þróast, nýta sér tæknina með markvissum hætti til að bæta þjónustuna þannig að viðskiptavinir þeirra vilji ekki fara annað. Þarfir viðskiptavina þurfa alltaf að vera í öndvegi – tæknin er aðeins tæki til að uppfylla þær.

**Best í að breytast**

Við hjá Arion banka ákváðum fyrir nokkrum árum að leggja áherslu á að efla menningu og þekkingu innan bankans til að gera okkur betur kleift að takast á við breytingar – bæði vera drifkraftur breytinga og aðlagast breytingum í okkar umhverfi. Því það eina sem við vissum um framtíðina var að hún myndi fela í sér miklar breytingar – en hverjar þær yrðu vissum við ekki. Við nýttum okkur aðferðafræði straumlínustjórnunar sem hefur verið innleidd á öllum sviðum bankans með þarfir og upplifun viðskiptavina í öndvegi. Við viljum einfaldlega vera best í að breytast.

Við veltum fyrir okkur í upphafi þessarar vegferðar hvort við vildum sjálf þróa okkar þjónustu og tæknilausnir eða hvort við vildum nýta þjónustu annarra, sem þá eru sérfræðingar í hugbúnaðarþróun. Einnig hvort við ættum að fara í samstarf með fyrirtækjum sem þegar búa yfir framsæknum tæknilausnum.

**Hátt í 20 nýjar stafrænar lausnir**

Við töldum mikilvægt að byggja upp tæknilega getu innan bankans til að þróa okkar þjónustu og þjónustuleiðir en vera jafnframt opin fyrir spennandi samstarfsaðilum. Við einsettum okkur að vera í fararbroddi í þróun stafrænnar fjármálaþjónustu á Íslandi. Við horfðum til nýsköpunarumhverfisins og viðskiptahraðlanna okkar, Startup Reykjavík og Startup Energy, sem fyrirmynda og settum fyrir um þremur árum á fót verkefnahraðla innan bankans fyrir þróunarverkefni. Viðskiptavinurinn og þarfir hans eru miðpunktur þeirrar þróunar. Í hverjum hraðli kemur saman starfsfólk úr ólíkum deildum bankans og algengast er að hver hraðall sé um 16 vikur. Niðurstaðan í hvert sinn er ný fullunnin stafræn þjónusta.

Þetta hefur gefist vel og hefur Arion banki með þessum hætti þróað og kynnt til leiks hátt í 20 stafrænar lausnir sem viðskiptavinir okkar hafa tekið fagnandi. Allar eiga þessar lausnir það sammerkt að nýta snjallar tæknilausnir til að einfalda líf okkar viðskiptavina og gera þeim kleift að sinna sínum fjármálum með þægilegum hætti.

Dæmi um þetta eru greiðslumat vegna íbúðalána sem aðeins tekur nokkrar mínútur í stað margra daga eða vikna áður, sem og stafrænt íbúðalánaferli. Einnig geta viðskiptavinir nú í Arion appinu eða á netinu stofnað reikninga, sótt um greiðslukort, breytt heimildum, fryst tímabundið greiðslukort, tekið bæði skammtímalán og bílalán, millifært, greitt reikninga o.s.frv. Þessar lausnir spara þeim bæði tíma og fjármuni, því margt af því sem þeir geta framkvæmt sjálfir er þeim að kostnaðarlausu. Ein af okkar nýjustu lausnum auðveldar nýjum viðskiptavinum að koma í viðskipti með því einu að ná sér í appið okkar.

**Persónuleg þjónusta**

Tilkoma nýrra stafrænna lausna þar sem viðskiptavinir geta sinnt sínum fjármálum sjálfir þegar og þar sem þeim hentar án aðkomu starfsfólks felur í sér að viðskiptavinir koma sjaldnar í útibú. Í dag er það svo að þegar fólk á erindi í útibú þá er það oftar en ekki til að leita sér ráðgjafar í tengslum við atburði sem skipta það miklu, t.d. íbúðakaup eða lífeyrissparnað. Því er ekki síður mikilvægt nú en áður að við tökum vel á móti þeim og veitum góða og persónulega þjónustu.

Í útibúum okkar leggjum við jafnframt áherslu á að aðstoða okkar viðskiptavini við að læra á og nýta sér nýjar lausnir. Útibú okkar í Kringlunni, Vesturbæ og Garðabæ hafa verið endurhönnuð með þetta í huga og eru góð dæmi um hvernig við sjáum okkar minni útibú þróast.

Gott samspil á milli persónulegrar þjónustu og stafrænnar er að okkar mati lykillinn að árangri til framtíðar. ■

# Hvaðan kemur þessi áhersla á stjórnarhætti og orðspor?



UNNUR GUNNARSDÓTTIR
**forstjóri Fjármálaeftirlitsins**

Óhófleg áhættutaka kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja er almennt talin ein helsta orsök fjármálaáfallsins sem reið yfir hinn vestræna heim fyrir tíu árum síðan. Alþjóðastofnanir, svo sem G20 og Evrópusambandið, brugðust hratt við og beittu sér fyrir mun strangari kröfum um magn og gæði eiginfjár, áhættustýringu og stjórnarhætti. Lagaumhverfi fjármálamarkaðarins var tekið til gagngerrar endurskoðunar og eftirlit styrkt. Þótt stundum sé látið að því liggja að íslensk stjórnvöld hafi farið fram úr sér í hertum kröfum til fyrirtækja og stjórnenda á fjármálamarkaði er staðreyndin sú að viðbrögðin um alla Evrópu hafa verið af svipuðum toga og þaðan kemur langstærstur hluti þess regluverks sem er í gildi á Íslandi. Viðfangsefnin er þau sömu hér og annars staðar í Evrópu og framkvæmd eftirlitsins er í samræmi við það sem gert er annars staðar á EES-svæðinu.

Eitt af því sem hefur gjörbreyst á síðastliðnum 10 árum eru þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja á fjármálamarkaði. Nú er þess til að mynda krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og lífeyrissjóða standist hæfniskröfur, sem snúa að þekkingu þeirra, reynslu og orðspori. Þá á stjórn fyrirtækis á fjármálamarkaði að leggja mat á samsetningu stjórnarinnar og tryggja að hún búi sameiginlega yfir nægilegri þekkingu, hæfni og reynslu. Enn fremur skulu stjórnarmenn hljóta viðeigandi kynningu og þjálfun og verja fullnægjandi tíma í stjórnarstörf sín. Eru þá ótaldar kröfur um aukið gagnsæi í stjórnskipulagi og áhersla á aukna ábyrgð móðurfélags á stjórnarháttum í samstæðu og hlutverk og ábyrgð stjórnar og stjórnenda í mótun áhættumenningar, innra eftirliti og áhættustýringu. Oft er talað um að „toppurinn gefi tóninn“ og hve þýðingarmikill hann er í mótun menningar fyrirtækis.

Fjármálaeftirlitinu hefur verið falið að hafa eftirlit með því að þessum kröfum sé mætt. Eftirlitið felst í athugunum á öllum ofangreindum þáttum, svo sem viðvarandi mati á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, athugunum á skilvirkni og starfsemi stjórnar og hvort hún verji nægjanlegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti, áhættumenningu, áhættustýringu og innra eftirlit.

Einhverjum þykir ef til vill að með þessu sé opinberum aðilum falið að hafa of mikil afskipti af mönnun og stjórnun einkafyrirtækja. Reynslan sýnir hins vegar að brýn þörf er á skýrum kröfum og sterku aðhaldi með aðilum á fjármálamarkaði. Það á ekki síst við um þá aðila sem hafa verið skilgreindir sem kerfislega mikilvægir, sem með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi geta haft afgerandi áhrif á lífskjör almennings, líkt og við Íslendingar þekkjum vel. Í nýlegri skýrslu frá G20 er mælt með að ríki setji sér lög um ábyrgð kerfislega mikilvægra fyrirtækja á fjármálamarkaði á því að þau valdi ekki með ákvörðunum sínum félagslegu eða umhverfislegu tjóni. Í ljósi sögunnar gerir almenningur nú ríkar kröfur til þessara aðila um vandaða stjórnarhætti og gott orðspor enda sýnir reynslan að stjórnarhættir, áhættuvilji og áhættumenning fyrirtækja hafa jafnan mikil áhrif á viðskiptahætti og viðskiptamódel þeirra.

Margar bækur og skýrslur hafa verið skrifaðar þar sem leitast er við að draga lærdóm af því sem gert var í aðdraganda hrunsins. Í nýlegri bók Þórðar Snæs Júlíussonar um Kaupþing, Kaupthinking, má til dæmis lesa um þá áhættumenningu sem ríkti innan bankans á árunum fyrir fall hans. Kostnaðurinn sem af þessari skaðlegu áhættumenningu hlaust var ærinn, bæði fyrir almenning sem tók á sig mikla lífskjaraskerðingu og skuldbindingar í hruninu, og æðstu stjórnendur bankans, sem sumir hverjir hafa hlotið þunga refsidóma.

Peningaþvættismál Danske Bank, stærsta banka Danmerkur, vakti einnig meiri athygli en flest önnur mál í fjármálakerfinu árið 2018 en rökstuddur grunur leikur á að útibú bankans í Eistlandi hafi verið notað til að þvætta fjármuni að jafnvirði um 29 þúsund milljarða íslenskra króna á árunum 2007-2015. Rannsóknir og eftirgrennslan stjórnvalda í Danmörku hafa sýnt að stjórnarháttum og innra eftirliti bankans var verulega ábótavant. Margir hafa þurft að axla ábyrgð vegna þessa enda hefur hlutabréfaverð í Danske bank fallið um nærri 50% frá því um síðustu áramót. Mál Danske Bank er bæði víti til varnaðar og áminning um að rík ástæða er til að vera vakandi fyrir skaðlegri áhættumenningu og hugsanlegum afleiðingum hennar.

Stjórn og stjórnendur á fjármálamarkaði bera ábyrgð á stjórnarháttum fyrirtækja sinna og eiga að vera leiðandi afl í mótun heilbrigðrar áhættumenningar. Stjórn og stjórnendur hafa mikil völd og áhrif og því fylgir að uppfylla þarf kröfur um hæfi, reynslu, þekkingu og ekki síst kröfur um að beita sér og bregðast við þegar á reynir. Hertar kröfur um stjórnarhætti hafa þannig skýran tilgang og stuðla að heilbrigðari og traustari fjármálamarkaði.




**Bókin 300 stærstu er samantekt á rekstri yfir 500 stærstu fyrirtækja landsins**

# Stærstu fyrirtæki Íslands

Frjáls verslun hefur tekið saman lista yfir 500 stærstu fyrirtæki landsins.
Listinn inniheldur nákvæmar rekstrarupplýsingar um rúmlega 500 stærstu fyrirtæki landsins, sveitarfélög og lífeyrissjóði á handhægu Excel skjali.

Auðvelt er að bera saman kennitölur úr rekstri á skjótan og einfaldan hátt og fá þannig samanburð milli einstakra fyrirtækja, stofnana eða heilu atvinnugreinanna. Hægt er að finna upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar annars staðar á samandregnu formi eins og arðsemi eiginfjár, veltufjárhlutfall og hagnað sem hlutfall af veltu.

Auk þess er að finna á listanum helstu stjórnendur í þessum fyrirtækjum og tengiliðaupplýsingar um þá.

**FRJÁLS VERSLUN**

Pöntunarsími: 511 6622 | Netfang: 300@myllusetur.is

# Brothættur fjársjóður



HALLDÓR BENJAMÍN ÞORBERGSSON
**framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins**

Við áramót er vel við hæfi að staldra við og líta yfir farinn veg. Skoða hvert við erum komin og hvernig við komumst þangað. Það á sérstaklega vel við um þessi áramót þegar fjöldi kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði er að losna og kröfugerðir stærstu stéttarfélaganna hafa komið fram. Þessi áramót marka því ekki aðeins tímamót í dagatalinu, heldur líka í efnahagslegu tilliti. Þær ákvarðanir sem við munum taka í byrjun nýs árs munu hafa mikil áhrif á líf okkar allra næstu árin. Við þurfum að taka þær ákvarðanir út frá stöðunni eins og hún er í dag og reynslu okkar af því hvernig við unnum úr sambærilegum stöðum áður.

Skoðum nokkra lykilþætti. Í fyrsta lagi eru laun nú 35% hærri en þau voru fyrir fjórum árum, verðlag 10% hærra og kaupmáttur 25% hærri. Mikill vöxtur í ferðaþjónustu, bætt viðskiptakjör og afnám tolla og vörugjalda sköpuðu þessi einstöku skilyrði fyrir þessa miklu kaupmáttaraukningu. Þær aðstæður verða ekki endurteknar. Við unnum í lottóinu og getum ekki treyst á að við gerum það aftur. Ef við lítum lengra aftur, eða allt aftur til Þjóðarsáttarinnar 1990 þá hafa laun hækkað um 430% en verðlag um 204%. Kaupmáttur launa hækkaði um 75% á tímabilinu. Þetta tímabil hefur einkennst af verðstöðugleika og miklum kaupmáttaraukningum sem var mikil breyting frá því sem áður var, eins og allir þekkja.

Í öðru lagi er tekjujöfnuður hvergi annars staðar meiri og hann hefur verið að aukast. Nýjasti Gini-stuðullinn fyrir Ísland er 24,1, en hann var 26,3 fyrir tíu árum. Því lægri sem Gini-stuðullinn er því meiri er jöfnuðurinn. Ekki er til góður alþjóðlegur samanburður á eignajöfnuði. Á Íslandi er hins vegar hægt að bera saman hver hlutdeild þeirra sem eiga mest er í heildareignum. Hvort sem litið er til þeirra 0,1%, 1%, 5% eða 10% eignamestu þá hefur hlutdeild allra þessara hópa farið minnkandi í heildareignum Íslendinga á hverju ári það sem af er þessum áratug.

Í þriðja lagi rennur hvergi hærri hluti verðmætasköpunar til launamanna, eða 63%. Það hlutfall var 56,6% árið 2011. Í fjórða lagi eru meðallaun þau önnur hæstu í heimi. Í fyrra voru heildarlaun fullvinnandi launamanna að meðaltali 706.000 krónur á mánuði og miðgildi þeirra var 618.000 krónur. Annað sjónarhorn á þessar sömu stærðir er raungengi á mælikvarða launa. Það tekur tillit til bæði gengis gjaldmiðla og launa og er einn besti mælikvarðinn á samkeppnishæfni þjóðarbúa. Raungengið á fyrri árshelmingi 2018 var í 20 ára hámarki og hafði tvöfaldast frá lægsta gildi sínu árið 2009. Það er enn mjög hátt þótt krónan hafi veikst undanfarið. Við greiðum há laun og viljum gjarnan gera það áfram. Þau verða þó ætíð að rúmast innan þess svigrúms sem til staðar er hverju sinni.

Verði samið um launahækkanir umfram það svigrúm sem er til staðar mun tvennt gerast. Í fyrsta lagi mun verðlag hækka sem mun leiða til þess að launahækkanirnar munu ekki skila sér til launafólks. Í öðru lagi mun samkeppnishæfni útflutningsgreina okkar versna. Lakari samkeppnishæfni þýða færri störf og lægri skatttekjur hins opinbera en ella. Lægri skatttekjur þýðir að við höfum minna úr að spila til að standa undir velferðarkerfinu okkar og annarri samneyslu.

Það er ansi margt í þessum heimi sem skiptir okkur miklu máli en lítið land eins og við höfum enga stjórn á. Þar má fyrst og fremst nefna viðskiptakjör á alþjóðlegum markaði. Kosturinn við þessar lykilbreytur er þó sá að þær ganga jafnt yfir öll lönd. Samkeppnishæfni okkar breytist því ekki þótt breytingar verði á þessum þáttum.

Svo eru aðrar lykilbreytur sem við sem þjóð höfum fulla stjórn á eins og launahækkanir og skattar. Þær eru þeim annmörkum háðar að þær hafa engin áhrif á fyrirtæki í öðrum löndum. Of há laun og of háir skattar hækka kostnað íslenskra fyrirtækja en hafa augljóslega engin áhrif á samkeppnisaðila þeirra í öðrum löndum. Þótt vel meinandi verkalýðsleiðtogar vilji gjarnan hækka laun mikið væru þeir að gera félagsmönnum sínum bjarnargreiða. Launin myndu ekki skila sér í auknum kaupmætti og starfsöryggi þeirra myndi minnka.

Johann Wolfgang von Goethe sagði í Raunum Werthers unga eitthvað á þá leið að það væri óskandi að fjársjóðir væri ekki jafn brothættir og þeir eru dýrmætir og fallegir. Við erum í einstakri og góðri stöðu, en hún er mjög brothætt. Góðu fréttirnar eru þó að það er algerlega undir okkur sjálfum komið hvernig við spilum úr henni. ■

# Áskoranir í sjávarútvegi



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON
**forstjóri Samherja**

Íslenskur sjávarútvegur hefur verið í fremstu röð í heiminum um nokkurt skeið. Við erum stolt af því að starfa í sjávarútvegi og eiga þátt í þeirri miklu verðmætasköpun sem hann skilar til Íslands ár hvert.

Það er hins vegar krefjandi að reka sjávarútvegsfyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Sala íslenskra sjávarafurða er ekki einungis í samkeppni við sjávarafurðir sem framleiddar eru í öðrum ríkjum heldur alla aðra hágæða próteinframleiðslu í heiminum. Þetta verðum við að hafa í huga þegar við gerum leikreglur fyrir sjávarútveg okkar. Það skiptir máli að hægt sé að skipuleggja veiðar og vinnslu til langs tíma, sækja aflann á sem hagkvæmastan hátt til að hægt sé að ná bestu gæðum á afurðirnar. Við verðum einnig að stunda vöruþróun í samstarfi við kaupendur til að hámarka verðmæti framleiðslunnar á hverjum tíma. Þetta er samspil margra þátta sem er nauðsynlegt til að halda stöðu okkar í fremstu röð.

Það hafa orðið breytingar og samþjöppun í íslenskum sjávarútvegi undanfarna áratugi. Þær breytingar halda áfram miðað við það umhverfi sem við búum við í dag. Þó að okkur kunni að sýnast þær miklar eru breytingarnar hjá okkar erlendu viðskiptavinum margfalt meiri. Stórmarkaðir bæði í Evrópu og Ameríku stækka stöðugt og það gera einnig dreifingaraðilarnir. Ef við horfum til samkeppnisaðila okkar á markaði þá hefur erlendum laxaframleiðendum tekist að búa til mjög öflug fyrirtæki og ná fram verulegri verðmætaaukningu á sínum afurðum undanfarinn áratug. Við verðum að vera í stakk búin til að mæta þessari þróun með sterkum fyrirtækjum sem geta mætt vaxandi kröfum stærri kaupenda, ef við ætlum að vera áfram við borðið.

Fjárfestingar eru fyrirtækjum nauðsynlegar og íslenskur sjávarútvegur hefur í gegnum tíðina verið óhræddur við að fjárfesta í tækninýjungum. Þetta hefur leitt til þess að tækniframfarir hafa verið miklar í okkar veiðum og vinnslu. Mörg íslensk tæknifyrirtæki, sem hafa náð frábærum árangri á heimsvísu með hugviti sínu, hófu starfsemi í samstarfi við sjávarútveginn. Af þessu erum við stolt og höfum reynt að styðja við íslenska nýsköpun með slíku samstarfi. Það útheimtir nána samvinnu og skilning á rekstri þeirra sem koma að verkefnunum hverju sinni, þar sem nálægð okkar á Íslandi verður ákveðinn styrkleiki. Þannig hafa fjárfestingar okkar í sjávarútvegi tekið þátt í uppbyggingu á öðrum greinum sem byrjuðu háðar íslenskum sjávarútvegi en eru nú sjálfstæð fyrirtæki í sölu á þjónustu og búnaði á alþjóðlegum markaði.

Við horfum áfram til framtíðar og fjárfestum í nýrri tækni. Undanfarin ár höfum við fjárfest verulega í skipastól okkar bæði hér á Íslandi og í Evrópu. Þessi skip hafa reynst okkur vel og aukið öryggi og aðbúnað okkar sjómanna auk þess sem þau eru hagkvæm í rekstri og gefa nýja möguleika í framleiðslu. Í dag er Samherji að fjárfesta í nýrri hátæknivinnslu á Dalvík þar sem nýjar lausnir munu skila verðmætari afurðum. Auk þess erum við að taka næstu skref eftir fjárfestingar í landvinnslu ÚA á Akureyri. Undanfarið höfum við einnig verið að fjárfesta í fiskeldi okkar sem er allt á landi. Bæði í meira eldisrými og í nýrri og fullkominni vinnslu sem eykur afköst okkar og möguleika í framleiðslu umtalsvert.

Við teljum nú sem fyrr að nauðsynlegt sé að fjárfesta í tækni til að halda okkur í fremstu röð. Samkeppnisaðilar okkar í Evrópu njóta umtalsverðra styrkja þegar þeir fjárfesta og því er hröð þróun í allri fiskvinnslu í Evrópu sem er drifin áfram af öflugu styrkjakerfi Evrópusambandsins. Við á Íslandi verðum því alltaf að vera mun betri til að standa jafnfætis þessum aðilum í rekstrinum. Þetta er áskorun sem við höfum lengi búið við en fer ekki hátt.

Okkar fiskveiðistjórnunarkerfi þar sem veiðar og vinnsla eru tengd er grundvöllur þess að við getum tryggt afhendingaröryggi til viðskiptavina, sem er mikilvægt atriði til að ná árangri í markaðssetningu til lengri tíma. Árangur okkar á Frakklandsmarkaði með okkar verðmætustu afurð, sem er ferskur þorskhnakki, er dæmi um þetta. Við höfum á nokkrum árum farið úr því að selja lítið sem ekkert ferskt í Frakklandi í að selja ferskan þorskhnakka til margra helstu stórmarkaða þar í landi. Þetta er nú okkar mikilvægasti markaður en samvinna okkar við þessa stórmarkaði hefði aldrei gengið nema að við gætum tryggt langtíma samninga og stöðugar afhendingar allt árið.

Það er orðið visst áhyggjuefni fyrir okkur sem störfum í atvinnulífinu að fjarlægð milli okkar og embættis- og stjórnmálamanna hefur því miður aukist. Samtalið þarna á milli hefur á tíðum rofnað að hluta sem kemur niður á skilningi á aðstæðum í atvinnulífinu. Við verðum að rækta það til að áherslan fari ekki af aðalatriðum yfir á aukaatriði og við villumst af leið. Þetta er því miður að verða algengari upplifun í samskiptum við stofnanir, þar sem í áratugi hefur verið mikill og gagnkvæmur skilningur á þörf fyrir að leysa verkefni í stað þess að flækja þau í viðjum skriffinnskunnar.

Sjávarútvegur er mikilvægur á Íslandi og við eigum að vera stolt af honum og þeim sem í honum starfa. Með aðkomu sjávarútvegsins hefur byggst hér upp iðnaður í fremstu röð, öflug þjónustufyrirtæki og mikið verið fjárfest í íslensku hugviti. Við verðum að gera okkur grein fyrir að til þess að vera áfram í forystu þarf öflug fyrirtæki sem hafa getu og þor til að fjárfesta til framtíðar.

Það er áskorun sem við skorumst ekki undan á nýju ári. Gleðilegt ár! ■

# Áframvinnsla, snjall iðnaður og fyrsta rafbílavísan



PÉTUR BLÖNDAL
**framkvæmdastjóri Samáls, samtaka álframleiðenda**

Það sætir tíðindum að álframleiðsla á Íslandi hefur aldrei verið meiri. Framleidd voru yfir 880 þúsund tonn árið 2017 og þegar talið er úr steypuskálum, þar sem búnar eru til virðismeiri afurðir með því að blanda álinu við önnur efni, þá fór framleiðslan í fyrsta skipti yfir 900 þúsund tonn.

Stundum er talað um að Íslendingar þurfi að leggja meira upp úr áframvinnslu áls á Íslandi. En vert er að benda á, að nú þegar er áframvinnsla í álverum á Íslandi. Hjá Fjarðaáli eru framleiddir vírar og melmir, flóknari og virðismeiri afurðir en venjulegir álhleifar. Eftir 60 milljarða fjárfestingarverkefni á árunum 2010-2015 eru einungis framleiddar stangir í álverinu í Straumsvík. Þær eru steyptar í ýmsum uppskriftum eða málmblöndum, stærðum og gerðum. Þá hefur Norðurál verið að stíga skref inn í framleiðslu melmis.

Á næsta ári eru 50 ár liðin frá því álframleiðsla hófst á Íslandi. Þetta er því ung grein á Íslandi í samanburði við sjávarútveg, sem stundaður hefur verið frá aldaöðli. En þróunin hefur verið sú sama, þó að ekki séu fyrirséð stór stökk í framleiðslumagni, þá er framleiðslan stöðugt að verða hagkvæmari, enda samkeppnin mikil á heimsmarkaði, meira er unnið úr afurðunum hér á landi og virðið er meira.

Það sama á við um álframleiðslu og sjávarútveg, að heimamarkaður er lítill á Íslandi og yfir úthaf að fara á helstu markaði. Við munum seint neyta alls fisksins sjálf sem við veiðum. Þetta verða fyrst og síðast útflutningsgreinar. En aukið vægi áls á síðustu árum og verðmætasköpunin sem því fylgir hefur dregið úr einhæfni íslensks atvinnulífs, sem reiðir sig ekki lengur einvörðungu á sjávarútveg. Um leið hefur það minnkað sveiflur og styrkt og breikkað grundvöll efnahagslífsins.

Uppbyggingin hefur verið hröð á síðustu tveim áratugum og nú er svo komið að hundruð fyrirtækja eru í þeim klasa sem myndast hefur í íslenskum áliðnaði. Það felst mikið tækifæri í því að svo öflugur alþjóðlegur iðnaður sé í túnfætinum. Í fyrra keyptu álverin vörur og þjónustu fyrir rúma 22 milljarða og sú fjárhæð er mun hærri þegar stór fjárfestingarverkefni eru í gangi.

Nú þegar fjórða iðnbyltingin er að hefjast er því kjörið tækifæri fyrir Ísland að sækja fram með snjallan iðnað, en til þess þarf að efla rannsóknir og þróun í samstarfi atvinnulífs, menntakerfis og stjórnvalda. Það er einmitt höfuðáhersla formlegs klasaframtaks í áliðnaði sem stofnað var til árið 2015, en á fjórða tug fyrirtækja og stofnana eru þátttakendur og stendur Álklasinn m.a. fyrir árlegu Nýsköpunarmóti í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Til þess að keppa við Noreg og Kanada, sem einnig eru öflugir álframleiðendur og byggja á endurnýjanlegri orku, þurfa stjórnvöld að skerpa á framtíðarsýn sinni í áliðnaði. Ísland er næststærsti álframleiðandi í Evrópu og í því felst samkeppnisforskot. En til þess að nýta það, þarf menntakerfið að laga sig að áskorunum framtíðarinnar, þannig að mannauðurinn nái að halda í við þróunina.

Á nýlegu menntaþingi Samtaka iðnaðarins talaði Rannveig Rist, forstjóri ÍSAL, um nýja iðngrein til framtíðar – snjallan iðnað sem byggi á stafrænum grunni.

„Menntun og hæfni fólks þarf að taka mið af þessari þróun. Menntun iðnaðarmanna er mér sérstaklega hugleikin í þessu samhengi. Iðnaðarmaðurinn í náinni framtíð þarf að vera fjölhæfur á sviði vél- og málmtækni, rafmagns- og hvers kyns tölvutækni. Hann þarf að vera afar fær að tileinka sér nýja tækni. Iðnaðarmaðurinn verður ekki leystur af með gervigreind eða róbóta. Handbragð iðnaðarmannsins verður áfram afar mikilvægt."

Hún sagði hinsvegar að ýmislegt á starfssviði iðnaðarmanna kynni að breytast.

„Við erum í raun að tala um nýja iðngrein framtíðarinnar. Samkeppnishæfni okkar byggir á hæfu starfsfólki og menntun iðnaðarmanna verður að taka mið af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Hefðbundnar iðngreinar verða að fá að breytast og þróast í takt við tímann og það er ekkert áhyggjuefni þó að einhverjar leggist hreinlega af í núverandi mynd. Það hefur raunar alltaf verið að gerast eftir því sem tækninni fleygir fram."

Það sem knýr áfram eftirspurn áls er að það er hluti af lausninni í loftslagsmálum. Ál er léttur en um leið sterkur málmur og bílaframleiðendur hafa farið þá leið að nota stöðugt meira ál í bílaflotann, en þannig létta þeir bifreiðarnar, draga úr brennslu eldsneytis og þar með losun gróðurhúsalofttegunda. Léttleikinn veldur því einnig að ál er mikið notað í rafmagnsbíla á borð við Teslu, en þannig komast þeir lengra á rafhlöðunni.

Það er því ekki úr vegi að ljúka þessum pistli á „fyrstu rafbílavísunni". Þegar Arnþór Helgason ætlaði að breyta gamalli jólavísu var Elín Árnadóttir eiginkona hans fljót að botna:

*Bráðum koma kæru jólin,*
*kaupmenn þurfa að breyta*
*um stíl.*
*Allir fá þá eitthvað fallegt*
*í það minnsta rafmagns-*
*bíl.* ■




codland

FISK KAUP HF.

GLEIPNIR VERKTAKAR

GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

LANDSLAG

JÚPÍTER REKSTRARFÉLAG

Hjá Dóra

LANDVÉLAR

Lykill fjármögnun

MÝRARHOLT

112 EINN EINN TVEIR
LÖGREGLA
SLÖKKVILIÐ
SJÚKRALIÐ






## 4. janúar

### Góðærið enn ekki tekið á krít

Mikill viðskiptaafgangur síðustu ára dróst saman, en þó einkaneysla á mann sé hraðvaxandi er hún enn lægri í upphafi árs 2018 en árið 2007. Hagfræðingur sagði sparnað enn vera mikinn enda skuldir heimilanna farið lækkandi ólíkt fyrri uppsveiflum. Kaupmáttaraukningin væri án fordæma en frekari launahækkanir geti komið niður á samkeppnishæfni Íslands.




## 11. janúar

### Telur olíuvinnslu Íslands ósiðlega

Guðmundur Ingi Guðmundsson umhverfisráðherra sagði áform um olíuvinnslu á Drekasvæðinu ekki ríma við markmið Íslands í loftslagsmálum. Aukið fé hafði verið lagt í olíuleit síðustu misseri, en nú höfðu sérleyfishafar tvær vikur til að gefa út hvort þeir ætla að halda henni áfram. Tekjur ríkisins af sérleyfunum námu hundruð milljóna.




## 18. janúar

### Minna fé en fleiri fjárfestingar

Minna var fjárfest í sprotafyrirtækjum á Íslandi árið 2017 en síðustu tvö ár á undan. Lítið var um stórar fjárfestingar, sem bendir til að mikill fjöldi fyrirtækja væri á klakstigi en færri fyrirtæki í miklum vexti. Mikið var fjárfest í sprotafyrirtækjum á fyrstu vikum ársins.




## 25. janúar

### Láni til Wow air breytt í hlutafé

Milljarða króna láni Títans, félags Skúla Mogensen. til flugfélagsins Wow air var breytt í hlutafé í byrjun nóvember. Skömmu síðar tilkynnti flugfélagið að fjármögnun félagsins væri tryggð út árið 2019 með sölu- og endurleigusamningi á tveimur Airbus vélum.

## 1. febrúar




### Með tugi milljarða í Suður-Ameríku

Björgólfur Thor Björgólfsson skoðar allt að 70 milljarða króna fjárfestingar í Argentínu og leitar víðar um álfuna að tækifærum. Hann sagði andrúmsloftið á ráðstefnu Alþjóðaefnahagsráðsins í Davos minna á þegar allir voru búnir að stíga bensíngjöfina í botn árið 2008, og spyr sig hvort það þýði vandræði framundan.


Þurfum að horfa til framtíðar
UMSLAG
Viðskiptablaðið
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ Í BORGINNI SAMKVÆMT NÝRRI KÖNNUN GALLUP
Saxast á meirihlutann
54,7%
Stórir í tryggingafélögum
3,2%
Gjaldþrot fyrirtækja
Korta krefst hárra bóta
Tryggja aðkomu mannsins
Er þitt fyrirtæki magnað?
Opin Kerfi

## 8. febrúar

### Meirihlutinn með 55% í febrúar

Könnun Gallup fyrir Viðskiptablaðið frá byrjun febrúar sýndi að byrjað var að saxast á borgarstjórnarmeirihluta Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar fyrir kosningarnar í vor. Þá þegar var Björt framtíð að hverfa en flokkurinn bauð sig á endanum ekki fram, en þarna stefndi í 12 framboð í borginni.


Óvissa engum til hagsbóta
UMSLAG
Viðskiptablaðið
STEFNA Á BYGGINGU 500 ÍBÚÐA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Kvika byggir við höfnina
Ríkið beri ekki ábyrgð
13,2
Fjöldi launþega
Gamma stofnar sjóði vestanhafs
Ríkisumsvifin of mikil
Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is

## 15. febrúar

### Kvika byggir við höfnina

Kaldalón, fasteignafélag í stýringu hjá Kviku banka, eignaðist meirihluta í félagi sem hugðist verja um 10 milljörðum til að byggja 176 íbúðir og verslunarrými í Vesturbugt við Reykjavíkurhöfn. Félagið á alls lóðir undir 600 íbúðir sem búið er að leggja 1,8 milljarða í. Áætlaðar fjárfestingar í fasteignum við Reykjavíkurhöfn nema tugum milljarða.


Hótel í kortunum hjá Kalda
UMSLAG
Viðskiptablaðið
NÝ ÍBÚÐALÁN BANKANNA JUKUST TÖLUVERT Á SÍÐASTA ÁRI
70% aukning
Marel verulega undirverðlagt
Bjargvættur úr óvæntri átt
Bitcoin hefur fáa kosti
Byggingarvísitala
Yfir milljarður í bætur
Samgöngumál í forgrunni
Er þitt fyrirtæki magnað?
Opin Kerfi

## 22. febrúar

### Skilað ríkinu yfir 325 milljörðum

Hagnaður stóru bankanna þriggja nam samtals rúmlega 47 milljörðum króna á síðasta ári. Vaxtatekjur bankanna stóðu í stað milli ára, þrátt fyrir talsverða útlánaaukningu, einkum í íbúðalánum. Þóknunartekjur jukust þó nokkuð vegna aukinna umsvifa í eignastýringu og fjárfestingabankastarfsemi. Þá þegar höfðu 325 milljarðar runnið frá þeim í ríkissjóð í formi arðs og skatta.


Stórfyrirtækin gengið of langt
UMSLAG
Viðskiptablaðið
UPPSAGNIR OG ÁREKSTRAR MEÐAL EIGENDA HJÁ ENDURSKOÐUNARFYRIRTÆKINU DELOITTE
Átök endurskoðenda
Kjarasamningur ASÍ og SA heldur
13,2
Breytingar í vændum
Allt að 30% samdráttur
58% fylgjandi olíuleit
Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is

## 1. mars

### Illdeilur meðal eigenda Deloitte

Fjöldi aðalmeðeigenda Deloitte á Íslandi hefur hætt eða verið sagt upp á síðustu tveimur árum eftir deilur í eigendahópnum. Fyrrverandi meðeigandi segir uppsögn ári áður hafa verið ólögmæta og krefur Deloitte um vel á annað hundrað milljónir króna. Forstjóri Deloitte segir ágreining hafa verið um stefnu sem núverandi eigendahópur sé sáttur við.


Bjarga lífum og spara peninga
UMSLAG
Viðskiptablaðið
FORMAÐUR VR SEGIR ALLSHERJARVERKFÖLL NÁNAST ÚRELT FYRIRBRIGÐI
Skipt upp?
Ákall um atvinnustefnu
37
Lokakaflinn að hefjast
Valitor fari ekki í arðgreiðslu
Minni hagnaður í Kauphöllinni
Er þitt fyrirtæki magnað?
Opin Kerfi

## 8. mars

### Skoða að deildaskipta VR

Formaður VR segir allsherjarverkföll nánast úrelt fyrirbrigði en íhugar stöðu sérfræðinga á háum launum í tæknifyrirtækjum. Sagði hann til skoðunar að skipta félaginu í deildir þannig að ákveðnir hlutar félagsins geti farið í verkfall. Forstjóri Advania segir starfsfólk hafa sagt sig úr VR fyrir nokkrum árum þegar allsherjarverkfall var í kortunum.




ALEFLI EHF
BYGGINGAVERKTAKAR

KH VINNUFÖT

KRAPPI EHF

VSS VAKTSTÖÐ SIGLINGA

Alur álvinnsla
-endurvinnsla á áli-

hbh

Lín DESIGN

NESRAF ehf
RAFVERKTAKAR

FÁLKINN
Stofnað 1904
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA

Gröfuþj.
TRYGGVA EINARS ehf.
Sími: 893 3335 - 899 8144 - 866 6556

Stólpi Gámar

STRAUMRÁS hf.




## 15. mars

### Meirihlutinn heldur í Reykjavík

Samfylkingin sótti í sig veðrið samkvæmt nýrri könnun Gallup og skreið rétt yfir Sjálfstæðisflokkinn sem varð þó á endanum stærstur. Vinstri græn voru á niðurleið en Píratar sigldu lygnan sjó. Það stefndi í að sex flokkar fengju fulltrúa í borgarstjórn, þar með talið mældist Miðflokkurinn inni, en á endanum náðu þó átta framboð inn.




## 22. mars

### Koma Marorku til bjargar

Lykilstarfsmenn Marorku keyptu íslenska starfsemi félagsins af þrotabúi móðurfélagsins í Danmörku, sem varð gjaldþrota eftir að meirihlutaeigandinn var ekki tilbúinn að leggja til frekara fé. Enn átti eftir að semja við starfsmenn og kröfuhafa en nýr framkvæmdastjóri sagðist ætla að bjarga félaginu. Edda, framtakssjóður að mestu í eigu lífeyrissjóða, tapaði hundruð milljóna á fjárfestingunni.




## 28. mars

### Of stór til að falla?

Stjórnvöld könnuðu hvernig þau gætu brugðist við ef Wow air eða Icelandair myndu lenda í verulegum vanda. Það myndi að líkindum valda fækkun ferðamanna, veikja gengi krónunnar, auka atvinnuleysi, lækka fasteignaverð og draga úr tekjum ríkisins. Þau eru kerfislega mikilvæg fyrir efnahag Íslands þar sem þau sinna 80% af millilandaflugi til og frá Íslandi.




## 5. apríl

### Úr bílskúr í milljarða veltu

Hátæknifyrirtækið Valka stefndi á að tvöfalda veltuna í ár í yfir tvo milljarða og fjölga starfsmönnum um 50%. Fyrirtækið hafði nýverið lokið 300 milljóna króna hlutafjáraukningu og flutt í nýjar 3.000 fermetra höfuðstöðvar í Kópavogi. Framkvæmdastjóri Völku sagði tækifærin blasa við í að auka sjálfvirkni í fiskvinnslu en félagið stendur í framvarðarsveit fjórðu iðnbyltingarinnar.




## 12. apríl

### Eigum að fagna vaxtastiginu

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagðist ekki ætla beint inn í íslenskt fjármálakerfi á ný þegar hann hættir á næsta ári og segir þörf á að fjölga aðstoðarseðlabankastjórum í tvo. Hann segir óheppilegt ef krónan styrkist frekar og því munu innflæðishöftin ekki fara í bráð. Hann segir útgáfu rafmyntar til skoðunar hjá seðlabönkum.




ARNASON | FAKTOR
INTELLECTUAL PROPERTY CONSULTING

REKI

DEKKJAHÖLLIN
EGILSSTAÐIR - REYKJAVÍK - AKUREYRI

Félag skipstjórnarmanna

Fjallabyggð

Fiskmarkaður Þórshafnar ehf.

Fiskmarkaður Siglufjarðar ehf.

FISK SEAFOOD

geiri

RAFVIRKI

Bjarnar ehf

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi


Ísland ekki eyland í alþjóðamálum
UMSLAG
Viðskiptablaðið
HRAKFALLASAGA UNITED SILICON HELDUR ÁFRAM
23 milljarða gjaldþrot
Hærra raforkuverð Norðuráls
1.000
Byggja þarf 45 þúsund íbúðir
WOW vantar 100 forritara
Er þitt fyrirtæki magnað?
Opin Kerfi

## 18. apríl

### 23 milljarða gjaldþrot kísilversins

Um 23 milljarða kröfum var lýst í þrotabú United Silicon sem var plagað af ólykt og meintum fjárdrætti. Arion banki, stærsti kröfuhafinn með um 9,5 milljarða, leysti til sín helstu eignir en aðrir kröfuhafar, þar með talið lífeyrissjóðir, sitja eftir með sárt ennið. Allt að tvö ár mun taka að koma verksmiðjunni í rekstarhæft horf.


Mestu breytingar frá aldamótum
UMSLAG
Viðskiptablaðið
Tæknin mun laga sig að manninum
Vilja enn loka á HB Granda
AUKIN HAGRÆÐING Í STÆRSTU ATVINNUGREIN LANDSINS
Ferðaþjónustan þroskast
Launavísitala
Valdamesti maður viðskiptalífsins?
Hraða þróun lyftutæknilyfja
Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is

## 26. apríl

### Ferðaþjónustan þroskast

Samþjöppun og hagræðing eykst í ferðaþjónustu og hafa sjö samrunar fengið samþykkt Samkeppniseftirlitsins á rúmu ári. Hægt hefur verulega á fjölgun fyrirtækja. Aukinn áhugi er í greininni fyrir skráningu á markað og erlendir fjárfestar vilja fjárfesta í hótelum og afþreyingu. Þróunin er í átt til færri og stærri fyrirtækja sem taka til sín stærri hluta virðiskeðjunnar.


Kosið um þróun borgarinnar
UMSLAG
Viðskiptablaðið
VERÐMÆTI ICELANDIC IBERICA MARGFALDAST Á ÁTJÁN MÁNUÐUM
Sjöfalda fjárfestinguna
Skiptastjóri á eftir Steingrími
Launakostnaður rýkur upp
Horfið frá einkaframkvæmd
Mannfjöldi
Vonar að ekki komi til átaka
Lúxusvörumerki væntanleg
Er þitt fyrirtæki magnað?
Opin Kerfi

## 3. maí

### Sjöfalda fjárfestinguna á 18 mánuðum

Bjarni Ármannsson og þrjú sjávarútvegsfyrirtæki seldu Icelandic Iberia til Iceland Seafood á fjórfalt hærra verði en þau keyptu fyrirtækið á af Framtakssjóði Íslands átján mánuðum fyrr. Að teknu tilliti til gírunar sjöfalda eigendurnir fjárfestinguna og eignast 45% hlut í Iceland Seafood, sem metinn á 7,9 milljarða króna. Bjarni, stjórnarformaður Solo Seafood, verður næststærsti hluthafinn.


Reykjavík verði fyrsti valkostur
UMSLAG
Viðskiptablaðið
MINNKANDI ARÐSEMI OG VAXANDI KOSTNAÐUR ENDURSPEGLAR ERFIÐLEIKA Í BANKASTARFSEMI
Arðsemin á niðurleið
Margfaldur hagnaður
78%
Telur verðið fyrir Iberica gott
200 milljónir fyrir lúxusþyrlu
Vilja fá frí frá tækninni
Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is

## 9. maí

### Arðsemin á niðurleið

Uppgjör Arion banka á fyrsta ársfjórðungi var undir væntingum sem gæti haft neikvæð áhrif á fyrirhugað útboð og skráningu bankans. Bankinn stefnir á yfir 10% arðsemi eigin fjár sem á að lækka samhliða þróun á stafrænum lausnum. Blikur eru á lofti í rekstrarumhverfi bankanna til framtíðar, með breyttu umhverfi á lánamarkaði og greiðslumiðlun.


Samskipti lykillinn að árangri
UMSLAG
Viðskiptablaðið
Fylgi Sjálfstæðisflokks og VG dalar
Sjálfsafgreiðsla í verslunum Haga
Tengja Indland og Bandaríkin
Spá hækkandi álverði
SAMHERJA HEFUR VERIÐ SKIPT Í TVÖ AÐSKILD FÉLÖG
Á leið úr landi?
Heildarafli
Er þitt fyrirtæki magnað?
Opin Kerfi

## 17. maí

### Samherji á leið úr landi?

Samherja var skipt upp í tvö félög þannig að 55% starfseminnar, sem er á erlendri grundu verðaundir Samherji Holding ehf. Samþykkt hluthafafundar þýðir að hægt yrði að færa erlendu starfsemina úr landi með mjög einföldum hætti. Forstjóri Samherja segir kannski skynsamlegt að eiga ekki allt undir íslenskri stjórnsýslu og vísar í „aðför“ Seðlabankans.




G.RUN

GILDI

Globus hf

Gunnar Eggertsson

init

HVALUR HF
Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfirði

HS
HITASTÝRING hf.

Hafnarsjóður Þorlákshafnar

INNNES

ÍSMAR
Við mælum með því besta

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

LOPI


Opna bankana upp á gátt

UMSLAG

Viðskiptablaðið

COSTCO HEFUR Á EINU ÁRI HRIST DUGLEGA UPP Í SMÁSÖLUMARKAÐNUM

Vanmátu Costco-æðið

Sjö milljarða tap af vatnssölu

Aukin áhersla á kjarnastarfsemi

Innflytjendur

Betri afkoma hjá lífeyrissjóðunum

Dregur úr bjartsýni

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 24. maí

### Vanmátu Costco-æðið

Costco hristi á einu ári duglega upp í smásölumarkaðnum með aukinni samkeppni í verði, gæðum, vöruúrvali og þægindum. Innkaupamynstur margra heimila tók breytingum. Markaðshlutdeildin er áætluð í kringum 10% á smásölumarkaði höfuðborgarsvæðisins, sem jafngildir um 30 milljarða veltu. Bjóða hvorki netverslun né nýta auglýsingar og eiga mikið inni, jafnvel sölu á víni, á ferðum og tryggingum.


Skökk mynd í fjölmiðlum

UMSLAG

Viðskiptablaðið

ALVOTECH SKOÐAR SKRÁNINGU Á MARKAÐ Í KJÖLFAR HLUTAFJÁRAUKNINGAR

Á markað í Hong Kong?

Dróninn líkist fugli

420

Krónan líklega áfram sterk

Launavísitala

Spá fækkun ferðamanna í ár

Stefna á stórauknin umsvif

Upplýsingatækni í áskrift

## 31. maí

### Alvotech á markað í Hong Kong?

Alvotech er með til skoðunar að sækja allt að 37 milljarða króna í nýtt hlutafé ásamt sölu á rétti á lyfjum fyrirtækisins sem og að skrá félagið svo á markað í Hong Kong. Eigið fé Alvotech var neikvætt um 10,4 milljarða króna um síðustu áramót. Stjórnendur félagsins telja fjármögnun félagsins þó trygga.


Stofna í raun nýja verðbréfamiðstöð

UMSLAG

Viðskiptablaðið

SKOÐANAKÖNNUN GALLUP FYRIR VIÐSKIPTABLAÐIÐ UM COSTCO

85% endurnýja

Jafnar aldrei alla hópa

Genís þróar næsta lýsi

Áhættustýring í ólagi hjá Arion

Hagvaxtarspá

2,9%

Seðlabankinn beri einn ábyrgð

Milljarðasamningur um reiknigetu

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 7. júní

### 85% endurnýja Costco-kortin

Skoðanakönnun Gallup fyrir Viðskiptablaðið sýndi að 67% landsmanna eiga eða hafa átt meðlimakort í Costco og 85% þeirra ætla að endurnýja. Á næsta hálfa árinu ætluðu 5% til viðbótar að fá sér kort. Þó að Costco reki einungis verslun í Garðabæ eru 58% landsbyggðarfólks með kort í verslunina og 68% Reykvíkinga.


Eins og sjerparnir á Everest

UMSLAG

Viðskiptablaðið

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI AUKA KRÖFUR UM EIGINFJÁRHLUTFALL VIÐ BYGGINGAFRAMKVÆMDIR

Bankarnir herða ólina

Gagnrýna skýrslu um NSA

2,8%

ÞG verk kaupir „kreppuhöllina"

Vöruskiptajöfnuður

Trúverðugleikinn lagður að veði

Upplýsingatækni í áskrift

## 14. júní

### Bankarnir herða ólina

Bankar juku kröfur um eigið fé við byggingaframkvæmdir og að eigið fé sé lagt fyrr fram. Arion banki segir breytingarnar koma til vegna stöðu hagkerfisins og hækkandi hlutfalls lána til byggingaframkvæmda. Brenndir af hruninu þegar lánað var til verktaka sem skorti þekkingu, sem bitnar á nýjum verktakafyrirtækjum sem þurfa því að byrja á smærri verkefnum.


Nýsköpun allt í kringum okkur

UMSLAG

Viðskiptablaðið

MEÐ KAUPUNUM Á GAMMA HEFUR KVIKA KEYPT FJÓGUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Á EINU ÁRI

Kvika blæs út

Þróar FIFA tölvuleikinn

200

Útskrifaðir stúdentar

Kostar líklega milljarða

Gæti endað fyrir dómstólum

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 21. júní

### Kvika blæs út

Viðræður um kaup Kviku á Gamma hófust um svipað leyti og Gísli Hauksson lét af störfum hjá GAMMA. Fjórðu kaupin á einu ári gera bankann að þriðja stærsta eignastýringafyrirtæki landsins. Áætlað kaupverð á hlutunum nam rúmum 3,7 milljörðum króna. Eignir í stýringu Kviku-samstæðunnar hafa þrefaldast á einu og hálfu ári og munu nema 400 milljörðum.




Kjötsmiðjan ehf
KJÖTVINNSLA
Íslenskar gæðakjötvörur

LÍFLAND
Stofnað 1917

Litla prent
Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogi
Sími: 540 1800 · Fax: 540 1801
Netfang: litla@prent. is · www.prent.is

Marz
SEAFOOD

olís

navis

Mýflug air

MIÐAPRENT EHF

Orka

PLASTCO

RAFTÍÐNI EHF
Sími 552 8710 raftidni@raftidni.is
rafvélaverkstæði - vindingar
skipaþjónusta - raflagnir - viðhald
Grandagarður 16 · 101 Reykjavík

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG


Maður hófsemda og sátta
UMSLAG
Viðskiptablaðið
STJÓRN HB GRANDA VAR EKKI EINHUGA UM FORSTJÓRASKIPTIN
Stjórnin klofin
Selji í bönkunum á kjörtímabilinu
56
Markaðirnir komu til okkar
Minni velta í heildsölu
Ímyndin skiptir máli í íþróttum
Upplýsingatækni í áskrift

## 28. júní
### Stjórn HB Granda klofin

Guðmundur Kristjánsson hugðist sitja áfram í stjórn félagsins samhliða því að starfa sem forstjóri sem hefði gert hann eina forstjóra Kauphallarfélags sem það gerði. Minnihluti stjórnar HB Granda vildi ekki segja Vilhjálmi Vilhjálmssyni upp störfum. LSR, sem er stærsti hluthafinn í félaginu að Brimi undanskildu, segir sjóðinn ekki hafa haft aðkomu að ákvörðuninni.


Gegnsærra með húsnæðislið
UMSLAG
Viðskiptablaðið
TELJA HÖFT Á AFLANDSKRÓNUR EKKI STANDAST STJÓRNARSKRÁ
Stefna Seðlabankanum
Mikil sala H&M á Íslandi
18%
Minni velta í kauphöllinni
Erfiður markaður fyrir ungt fólk
Slepptu 20 þúsund löxum
Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is

## 5. júlí
### Stefna Seðlabankanum

Fjárfestingarfélagið Coldrock Investments hefur stefnt Seðlabankanum og ríkinu og vill láta reyna á hvort höft á aflandskrónur standist lög. Aflandskrónur voru 40% af landsframleiðslu 2008 en eru í dag um 3,5%. Höftin eru sögð brjóta gegn meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar enda sé efnahagsástandið allt annað en þegar gjaldeyrishöftin voru innleidd eftir hrun.


Ekki ótæmandi gullkista
UMSLAG
Viðskiptablaðið
NIÐURSTAÐA STÓRRA SAMRUNAMÁLA SKÝRIST SENN
Hvað gerir eftirlitið?
Icelandair í ólgusjó
146
Nítján ára markaðsmenn
Deilt um forkaupsrétt
Upplýsingatækni í áskrift

## 12. júlí
### Hvað gerir eftirlitið?

Sérfræðingur í samkeppnisrétti taldi ólíklegt að sameiningar Haga og Olís, og N1 og Festar yrðu samþykktar án frekari skilyrða. Tillögur um sölu verslana og bensínstöðva eru líklega viðamestu söluskilyrði sem lögð hafa verið fram í samrunamálum hér á landi. Samkeppniseftirlitið er gagnrýnt fyrir seinagang við rannsóknir sem forstjóri stofnunarinnar vill ekki kannast við.


Vegakerfið næst í forgang
UMSLAG
Viðskiptablaðið
ENN ER STEFNT AÐ BYGGINGU TUGMILLJARÐA SÓLARKÍSILVERS HÉR Á LANDI
Ekki gefist upp
Vilja léttleyfi fyrir leigubíla
16
Stjórnvöld styðji við gagnaver
Íslensk jurtamjólk á markað
Fá 39 þúsund gesti á ári
Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is

## 19. júlí
### Sólarkísilverksmiðja enn á teikniborðinu

Silicor Materials stefnir enn að því að reisa tugmilljarða sólarkísilver hér á landi. Telur stjórnarformaður Sunnuvalla fjárfestingu félagsins í verkefninu ekki tapað fé þó að fallið hafi verið frá áformum um sólarkísilver við Grundartanga. Lífeyrissjóðir, sem eru stórir hluthafar í félaginu, eignuðust kröfu á móðurfélagið til að tryggja réttindi sín. Erlenda móðurfélagið vinnur nú að heildarendurskipulagningu.


Gagnrýni á réttinn skaðar ekki
UMSLAG
Viðskiptablaðið
Dró netjöfur til landsins
Gott gengi við Gullfoss
29%
Valdís á landsbyggðina
Tjón ætti ekki að koma á óvart
Ferðamenn sparsamari
Upplýsingatækni í áskrift

## 26. júlí
### Dró netjöfur til landsins

Áslaug Magnúsdóttir, stofnandi Moda Operandi, fékk Sean Parker, stofnanda Napster, fyrrverandi stjórnarformann Facebook og stjórnarmann í Spotify, til að fjárfesta í lúxushóteli sem hún hyggst byggja nærri Höfn í Hornafirði. Áslaug, sem hefur verið í fremstu röð í tískuheiminum í New York, segir sífellt fleiri frekar vilja eyða í upplifanir en fatnað eða húsgögn.




RAMMI HF
rammi
AÐALGATA 10 • 580 SIGLUFJÖRÐUR

VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

SALTKAUP EHF

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ
www.sba.is

SNÓKUR

Skinney - Þinganes hf
Hornafjörður

Sigurjónsson & Thor ehf.

SS
fremst fyrir bragðið
Síðan 1907

Stakkavík ehf
Bakkalág 15b
240 Grindavík

Umbúðamiðlun ehf.
Fornubúðir 3
220 Hafnarfjörður

ÚTHAFSSKIP




## 2. ágúst

### 2,4 milljarða Thorsarahöll

Fjárfestingafélag Björgólfs Thors keypti Fríkirkjuveg 11 á 650 milljónir fyrir tíu árum og átti að verja 400 milljónum króna í endurbætur. Kostnaðurinn við þær var kominn í 1,7 milljarða um síðustu áramót. Búið er að stofna hlutafélag um veitingarekstur í húsinu en ljúka átti framkvæmdum við það í haust og þá yrði það opið almenningi.




## 9. ágúst

### 45% hækkun í Keflavík

Á höfuðborgarsvæðinu hafði sérbýli hækkað um 33% í verði á síðustu tveimur árum en hækkunin er meiri víða á landsbyggðinni. Hækkunin nemur frá 42 til 45% í Hveragerði og Keflavík og á Ísafirði og Sauðárkróki hefur verðið hækkað um 27%. 200 fermetra sérbýli á Seltjarnarnesi kostar 89 milljónir króna en um 27 milljónir á Ísafirði.




## 16. ágúst

### Erfið fjárhagsstaða Wow

Samkvæmt fjárfestakynningu Wow er fjárhagsstaðan erfið en í nóvember sagði félagið fjármögnunina tryggða út árið. Vaxtaberandi skuldir Wow námu þá 65 milljörðum króna. Í desember á Wow von á fjórum nýjum flugvélum fyrir ríflega 40 milljarða króna. Eigið fé félagsins nam um tveimur milljörðum króna í lok júní og handbært fé um 600 milljónum króna.




## 23. ágúst

### Biðlar til íslenskra fjárfesta

Skuldabréfaútgáfa WOW air var kynnt fyrir íslensku ríkisbönkunum og lífeyrissjóðum. Líklegt að vextirnir verði um 15% en Icelandair hefur til að mynda fjármagnað sig á 5,7% vöxtum. Fjármálaráðherra segist ekki telja að staða flugfélaganna sé sérstakt áhyggjuefni. Verðmat Icelandair lækkaði um 30% frá því í maí en nýja matið er samt 35% hærra en markaðsvirði félagsins.




## 30. ágúst

### Færa starfsemi úr landi

Nýr forstjóri Icelandair Group segir afkomuna óásættanlega og stefnir á útvistun verkefna erlendis. Draga á úr kostnaði, laga leiðarkerfið og sölu- og markaðsmál. Fjárhagsstaða félagsins sé hins vegar sterk og það ráði vel við stöðuna ef breyta þarf lánaskilmálum. Stjórnarformaður segir vonbrigði að félagið hafi ekki getað haft stjórn á þáttum innan félagsins við krefjandi markaðsaðstæður.




FK FJARÐARKAUP

Gufuhlíð ehf

Þórs Berg 1970

inter Medica.

Jakob Valgeir ehf.

VSV Vestmannaeyjar Iceland

Verslunartækni www.verslun.is

Vesturgarður · 1961 ·

GÁRA Agents & Shipbrokers

BS Verktakar ehf.

Stólpi ehf.

RAFEYRI alltaf í stuði!




## 6. september
## Ósanngjarn samanburður við Wow

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group, sagði of mikla áherslu vera á sölustarf á netinu á kostnað annars sölustarfs. Áhugavert væri að skoða hvað sameining Wow og Icelandair þýddi, þótt samkeppnisyfirvöld myndu aldrei heimila hana. Gagnrýni Skúla Mogensen á úrelt viðskiptamódel Icelandair skjóti skökku við þar sem Wow air hafi byggt rekstur sinn á viðskiptamódeli Icelandair.




## 13. september
## Fjármögnun Wow air á viðkvæmu stigi

Stjórnendur Wow air höfðu ekkert gefið upp um stöðuna í 5,5 milljarða króna skuldabréfaútboði félagsins, en erfiðara reyndist fyrir stjórnendur Wow air að fá fjárfesta til að taka þátt í skuldabréfaútboðinu en þeir ætluðu í upphafi. Hvorki bankastjóri Íslandsbanka né nokkur annar frá bankanum sat bankastjórafundinn með stjórnendum Wow air tveim dögum fyrr.




## 20. september
## Ferðaþjónustan reynir að hagræða

Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar segir evrópska ferðamenn áfram hafa áhuga á að koma til Íslands en það sé of dýrt sem sakir standa og varar við frekari skattheimtu. Þrátt fyrir þrengri rekstrarskilyrði vex velta ferðaþjónustunnar hraðast í flugi. Bónus er að verða stórt ferðaþjónustufyrirtæki vegna aukinna viðskipta ferðamanna við matvöruverslanir á kostnað veitingastaða.




## 27. september
## Gera 22 milljarða samning í Kína

Framkvæmdir við nýja verksmiðju Alvotech í Kína eiga að hefjast á næsta ári, en félagið stefnir á að tekjurnar verði á annað hundrað milljarða króna á ári. Þegar hefur verið fjárfest fyrir 50 milljarða króna í Alvotech sem skoðar frekari hlutafjáraukningu. Félagið gerði samstarfssamning við kínverskt lyfjafyrirtæki um markaðssetningu og framleiðslu líftæknilyfja í Kína.




## 4. október
## Milljarða tap af falli Primera Air

Andri Már Ingólfsson, eigandi Primera Air, segir eftirsjá vegna greiðslustöðvunar Primera Air mikla. Flugfélagið hafi undirbúið vöxt þess vel en aðstæður hafi breyst hratt. Gjaldþrotið hafi spurst út fyrr en ætlað var en tölvupóstur starfsmanns hafi komið í veg fyrir að allar vélarnar hafi farið í loftið og því fjöldi manns orðið strandaglópur.




Hraðfrystihús Hellissands hf

Glacier Lagoon

olís

Orkufjarskipti

Samskip

DALPAY
Pay and be Paid Online

Stálnaust

Seaway sjálfstýringar

Verkalýðsfélagið Hlíf
Hafnarfirði

EIMSKIP

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Ný þungamiðja verslunar

UMSLAG

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBER 2018

Oddviti Miðflokksins í borgarstjórn segist ekki þola orðhiáu og sukk

„Braggi er næsta stig við tjald"

Hækkandi stýrivextir

Versnandi afkoma

Hagnaður risanna dregst saman

Starfandi í ferðageira

Veltan aukist

USi stefnir Ernst & Young

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 11. október

## Skólabókardæmi um óstjórn og sóun

Vigdís Hauksdóttir segir að í braggamálinu hafi verið reynt að slá ryki í augu borgarbúa og þurft hafi að toga allar upplýsingar upp með töngum. Kallað er eftir því að borgarstjóri taki ábyrgð enda aðvörunarljósin blikkað lengi. Borgarfulltrúinn segir vinstri flokkana í meirihlutanum í borgarstjórn vinna fyrir fjármagnseigendur sem hafi hag af skort- og þéttingarstefnunni.


Samkeppni í verslun alþjóðleg

UMSLAG

ÞÍN HUGMYND VIÐ PRENTUM

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR 18. OKTÓBER 2018

Formaður Starfsgreinasambandsins á allt eins von á verkföllum í vetur ef marka má viðbrögð við kröfugerðum verkalýðsfélaganna

Von á verkföllum

36% yfir markaðsverði

Umdeild tekjuvefsíða

Sameining FME og Seðlabankans

Út- og innflutningur

Lítil arðsemi af útleigu

Lottóvinningur sveitarfélaga

Upplýsingatækni í áskrift

## 18. október

## Vilja meira en 100% hækkun

Formaður Starfsgreinasambandsins segir hans félagsmenn reiðubúna fyrir verkföll. Kröfur þeirra fela í sér tvöföldun lægstu launa eftir skatta og hækkun lægstu launa um 60% á þremur árum. Hagfræðingur Viðskiptaráðs og prófessor í hagfræði segja margt í kröfunum sem stangist á eða gangi ekki upp. Verðbólga eða aukið atvinnuleysi blasi við verði fari að ítrustu kröfum.


Móti atvinnustefnu til framtíðar

UMSLAG

ÞÍN HUGMYND VIÐ PRENTUM

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER 2018

Atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað töluvert í verði undanfarið ár

18% hækkun

7.500 milljarða skattsvik

10

Mannfjöldaspár

Kvörtuðu til SKE vegna Isavia

Vilja fleiri félög inn í SagaNatura

Nýjungar í kröfugerðum

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 25. október

## Atvinnuhúsnæði hækkað um 18%

Verð á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað talsvert á síðustu tólf mánuðum á meðan dregið hefur úr hækkun íbúðaverðs. Forstjórar tveggja fasteignafélaga segja stöðuna á markaði ekki í samræmi við þá mynd sem Seðlabankinn dregur upp, en hann hefur hækkað áhættumat fyrir markað með atvinnuhúsnæði og segir verðið orðið sögulega hátt í hlutfalli við hagstærðir.


Veltan tvöfaldast á hverju ári

UMSLAG

ÞÍN HUGMYND VIÐ PRENTUM

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR 1. NÓVEMBER 2018

Fyrsta tap í átta ár

Skráning í London möguleg

Má engan tíma missa

Atvinnuleysi

Sjóður fyrir græn skuldabréf

Láti fyrirtækin um að hagræða

Upplýsingatækni í áskrift

## 1. nóvember

## Tap í fyrsta skipti í átta ár

Hagnaður Icelandair Group dróst saman um 36% á þriðja ársfjórðungi og var tólf mánaða afkoma félagsins neikvæð í fyrsta sinn frá árinu 2010. Afkoma þriðja ársfjórðungs var í takt við væntingar greiningaraðila en markaðsaðilar tóku vel í uppgjörið. Starfandi forstjóri segir að verið sé að vinna í innri þáttum félagsins en það muni taka einhvern tíma.


Neyðarástand á húsnæðismarkaði

UMSLAG

ÞÍN HUGMYND VIÐ PRENTUM

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR 8. NÓVEMBER 2018

Rússíbanareið

WOW endar hjá Icelandair

2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019

GDPR kostar yfir milljarð á ári

4,5%

Kannast ekki við ofurverð

Komu með milljarða

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 8. nóvember

## Wow stóð á bjargbrúninni

Lausafjárstaða Wow air var orðin verulega slæm þegar Skúli Mogensen hafði samband við forsvarsmenn Icelandair Group um kaup á flugfélaginu. Sameinað félag yrði langstærsta fyrirtæki landsins með tilliti til veltu en samanlögð velta nam yfir 200 milljörðum á síðasta ári. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir að samrunamálið verði unnið eins hratt og auðið er en sérfræðingar segja samrunann flókinn.


Evrópa og Bandaríkin næst í röðinni

UMSLAG

Viðskiptablaðið

Fjármálastjórar sjá fram á minnkandi hagvöxt og verri efnahagshorfur næstu misserin

Versnandi horfur

Saka bankann um dylgjur

24%

Betri afkoma bankanna

Misræmi í fjármagnsflæði

Upplýsingatækni í áskrift

## 15. nóvember

### Sjá fram á verri horfur

Fjármálastjórar stærstu fyrirtækja landsins hafa ekki verið svartsýnni frá árinu 2014 samkvæmt könnun Deloitte og sjá fram á minnkandi hagvöxt og verri efnahagshorfur næstu misserin. 89% þeirra eiga von á gengislækkun næsta hálfa árið. Telja flestir nú vera slæman tíma til að auka áhættu og hyggjast fleiri draga úr ráðningum en auka í fyrsta sinn frá 2014.


Stóð alltaf til að draga saman seglin

UMSLAG

Viðskiptablaðið

Olíuverð fallið um fjórðung

Stærstur hluti í hlutabréfum

Ísland færist upp á við í rekstri

Forstjóri Sýnar er gagnrýninn á eignarhald Símans á Mílu

Síminn snýst um Mílu

Dregur úr hagvexti

Bíða svara um Wow

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 22. nóvember

### Gagnrýnir eignarhald Símans á Mílu

Stefán Sigurðsson, forstjóri Sýnar, segir sameiningu þeirra fyrirtækja sem urðu að Sýn hafa verið rétt skref og að samþættingingin gangi vel þótt hún sé hægari en vonir stóðu til. Hann telur deilur fyrirtækisins við Símann snúast um Mílu, og segir hann það munu koma niður á neytendum ef eftirlitsaðilar leyfi Símanum að hanna markaðinn í ósamræmi við fjölmiðlalög.


Salan á Tempo mikilvægt skref

UMSLAG

Viðskiptablaðið

Sprenging á stafrænum mánudegi

Uppgangur og fall Bitcoin

Dómur gæti haft mikil áhrif

Greiddu 552 milljarða króna

Framtíð Wow air ræðst á næstu dögum

Ögurstund

Skattar í toppi í Reykjavík

Launavísitala

Upplýsingatækni í áskrift

## 29. nóvember

### Framtíð Wow air ræðst á næstu dögum

Hluthafar í Icelandair áttu að taka afstöðu til kaupanna á Wow air daginn eftir útgáfudag en fjárhagsstaða Wow air er þröng. Voru ummæli Skúla Mogensen um aðra áhugasama fjárfesta ekki til þess fallin að liðka fyrir kaupunum. Icelandair hefur jafnframt átt í viðræðum um sölu eða samstarf milli dótturfélagsins Iceland Travel og Guide to Iceland.


Breytingar á tryggingamarkaði

UMSLAG

Viðskiptablaðið

Vextir bankanna eru á uppleið

Í skjól fyrir verðbólgunni

Gætu farið sömu leið

10

25 milljörðum verðmætari

Gengi Icelandair

Tekjusamdráttur í sjávarútvegi

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

## 6. desember

### Aukin sókn í óverðtryggt

Ásókn í bæði óverðtryggð lán og lán með föstum vöxtum hefur aukist á síðustu mánuðum samfara því að vextir bankanna hafa verið á uppleið. Vilji til að festa sögulega lága raunvexti íbúðarlána er sögð sennileg skýring að sögn hagfræðinga. Svartsýni neytenda hefur aukist og dregið hefur úr vexti neysluútgjalda.


Hugmyndaríkt nýsköpunarnörd

UMSLAG

Viðskiptablaðið

Ferðaskrifstofur Primera töpuðu fimm milljörðum á falli Primera Air

Heimsferðir

Terra Nova

Ósáttur við Arion banka

Útboð verði nógu stórt

Gögnin skapa nýja möguleika

Flytur til Kanada

Glæsibúðir við Hörpuna

Gengi krónunnar of veikt

Upplýsingatækni í áskrift

## 12. desember

### Ferðaskrifstofurnar hefðu einnig fallið

Ferðaskrifstofur Travelco, áður Primera Travel, töpuðu fimm milljörðum króna á falli flugfélagsins Primera Air að sögn Andra Más Ingólfssonar, eiganda félaganna, en væru enn í rekstri ef Arion banki hefði veitt brúarfjármögnun líkt og staðið hafi til. Þrýst var á um að rekstur ferðaskrifstofanna yrði færður í nýtt félag. Andri segist hafa veðsett húsið sitt til að hindra gjaldþrot ferðaskrifstofanna.



**Marga dreymir um flotta og hraðskreiða sportbíla. Hér koma sjö kraftmiklar sportkerrur sem voru kynntar á árinu.**

RÓBERT RÓBERTSSON
**robert@vb.is**

Ítalski sportbílaframleiðandinn ***Ferrari*** kann að búa til flotta og hraðskreiða sportbíla. Ferrari kynnti nýjan sportbíl, ***488 Pista Spider***, sem er ógnarkraftmikill með 3,9 lítra V8 vél undir húddinu. Vélin skilar bílnum 720 hestöflum og togið er 568 Nm. Sportbíllinn fer í hundraðið á aðeins 2,85 sekúndum. Hámarkshraðinn er 340 km/klst. Þetta er sannarlega draumabíll að eignast en verðmiðinn stendur líklega í mörgum því hann kostar um 55 milljónir króna.



■ Nýr ***Porsche 911*** er nútímalegri þótt ættareinkennin séu ótvíræð. Innréttingin skartar m.a. 10,9 tommu snertiskjá. Skynvæddar stillingar og undirvagnsstýring ásamt nýskapandi akstursstillingum sameina þá frábæru aksturseiginlega sem hinn klassíski sportbíll er dáður fyrir. Sex sílendra forþjöppuvélin í 911 Carrera S og 911 Carrera 4S er enn háþróaðri og kraftmeiri en áður og framreiðir orðið 450 hestöfl sem er 30 hestöflum meira en fyrirrennarinn.



■ ***BMW*** kynnti til leiks ***i8 Roadster*** sportbíl með Hybrid vél. Bíllinn er byggður á Spyder hugmyndabílnum sem kynntur var árið 2012. Hinn nýi i8 Roadster er blæjubíll og fallega hannaður eins og búast má við frá bæverska lúxusbílaframleiðandanum. Sportbíllinn er með tvær vængjahurðir sem gerir enn meira fyrir lúkkið. Hann er aðeins 4,6 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið.



■ Nýr ***Ford Mustang Bullit*** er undir hughrifum frá hinum klassíska bíl sem leikarinn Steve McQueen gerði ódauðlegan í kvikmyndinni Bullit frá árinu 1968. Undir húddinu er 5 lítra V8 vél sem skilar bílnum miklu afli eða alls 475 hestöflum. Hámarkshraði bílsins er 260 km. Það var vel við hæfi að Holly McQueen, barnabarn leikarans, kynnti bílinn til leiks.



■ ***Aston Martin Vanquish S*** er með aflmikla og uppfærða 6 lítra, V12 vél sem skilar 588 hestöflum og hámarkshraðinn er rúmlega 300 km/klst. Bíllinn þýtur úr kyrrstöðu í hundraðið á aðeins 3,5 sekúndum. Vanquish S er með nýrri og hátæknivæddri 8 þrepa sjálfskiptingu Touchtronic III.

# Magnaðir sportbílar





■ ***Mercedes-Benz*** kynnti nýjan ***GT Roadster***, tveggja sæta sportbíl með blæju. Hann er með 4 lítra V8 vél undir húddinu og smíðaður af AMG deild þýska lúxusbílaframleiðandans þannig að allt er í toppmálum hér. Hefðbundinn GT Roadster er 469 hestöfl og 4 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið.

■ Nýr ***Honda NSX*** sportbíll var kynntur til leiks í Plug-in Hybrid útfærslu. Tengiltvinnvélin samanstendur af þremur rafmótorum og 3,5 lítra V6 vél með tvöfaldri forþjöppu. Tengiltvinnvélin skilar 473 hestöflum og togið er 645 Nm. Honda hefur lagt mikla áherslu á að bæta akstурseiginleika bílsins sem er laglegur í hönnun og vel búinn nýjustu tækni.



” Ferrari 488 Pista Spider er ógnarkraftmikill með 3,9 lítra V8 vél undir húddinu. Vélin skilar bílnum 720 hestöflum og togið er 568 Nm. Sportbíllinn fer í hundraðið á aðeins 2,85 sekúndum.



# Bindisskyldan *snýr aftur*

ANDRÉS MAGNÚSSON
**andres@vb.is**

Sú var tíð að í viðskipta- og atvinnulífi mátti heita bindisskylda, vildu menn láta taka sig alvarlega í heimi fjármála og athafna, þá dugði ekkert annað en að ganga með bindi. Þetta breyttist nokkuð upp úr aldamótum. Með netbólunni minnkaði formfestan og sumir tölvurisarnir bönnuðu jafnvel hálsbindi.

Þegar lánsfjárbólan tók að belgjast út nokkru síðar blómstraði ný kynslóð, sem gjarnan vildi láta það sjást að hún væri annarrar gerðar en jakkalakkar fortíðar og hið fyrsta sem hún kastaði var hálstauið. Á Íslandi mátti það heita að fráflakandi skyrta væri einkenni útrásarvíkinganna, þó að öðru leyti væru fötin mikið hin sömu, ensk eða ítölsk jakkaföt.

Auðvitað er gott þegar ferskir vindar blása í tískunni, en sá var gallinn að dökk jakkaföt eru frekar sviplítil ein og sér. Bindi þjóna beinlínis því markmiði að vera fremur lágstemmt skraut við þau, um það bil hið eina, sem ljá þeim persónuleika, enda fer karlmönnum sjaldnast vel að nota meira skart en ermahnappa og armbandsúr. Sumir gripu því til þeirra ráða að nota fremur áberandi vasaklúta frekar en ekkert við þau, en er fram í sótti og bláu fötin tóku að ryðja sér rúms (þó mörgum þyki þau fullléttvæg á skrifstofuna) mátti brydda þau með ljósu leðurbelti og skóm í stíl. Aðrir tóku hins vegar þann kost að fara fremur í hrýfð föt, gjarnan með vægu kaflamynstri, svo menn væru ekki jafnfullkomlega tvívíðir.

Á árinu sem er að líða tók hins vegar að bera aftur á hálsbindum í viðskiptalífinu og tískuspekúlantar telja að þau munu sækja enn frekar í sig veðrið á nýja árinu og hafa upp margvíslegar lærðar kenningar um það, allt frá langtímatískusveiflum til efnahagssveiflna á heimsvísu.

Góðu fréttirnar eru þær að dræm sala undanfarin ár hefur hvatt helstu bindisframleiðendur til þess að vanda sig enn betur, svo sjaldan hefur verið jafngott úrval af vönduðum hálsbindum, verðið vel þolandi og ýmis kærkomin nýbreytni, bæði í litum, vefnaði og frágangi. Bláu fötin höfðu svo þau góðu áhrif, að prjónabindi hafa komið inn sterk að nýju og sömuleiðis bindi með ofnu mynstri.

Þar er hinn rauði þráður sá að menn þurfa að velja sér bindi, sem hæfa fötunum, ekki aðeins þannig að litirnir fari saman, heldur einnig efnið. Það er yfirleitt fullmikið af því góða að vera í köflóttu bindi við köflótt föt, en ef fötin eru úr sléttu og felldu efni þarf bindið að skera sig úr, annaðhvort í áferð eða lit, jafnvel hvorutveggja. Þar skiptir auðvitað líka máli hvernig skyrtu menn hafa valið sér, en fyrst og fremst þarf að horfa til fatanna.

Sem fyrr segir er hálsbindið eins konar persónuleg áhersla á annars ópersónulegan klæðnað, svo það getur verið vandi að velja sér rétt bindi og síðan veltur það jafnvel ekki síður á dagsforminu en fötunum, hvaða bindi er best valið hverju sinni. Fyrir vikið eiga flestir bindismenn dágóðan slatta af bindum, nokkrir tugir eru ekki óalgengir, enda endast þau betur en flestar aðrar flíkur í klæðaskápnum.

Við veljum okkur litina mikið til eftir fötunum, en þeir geta líka haft sjálfstæða þýðingu. Gul eða gyllt bindi má kalla kraftbindi (e. power ties) og fagurrauð eru í svipuðum flokki, eins og menn þekkja af einkennisnúningi bandarískra stjórnmálamanna. Vínrauð eða purpuralit þykja hafa meiri hefðarsvip, meðan blá þykja traustvekjandi og verkleg.

Svo skiptir auðvitað máli hvaða bindi eru notuð hvar. Menn nota ekki sömu bindi í brúðkaupum og jarðarförum, endurskoðendur komast ekki upp með sama frumleika og auglýsingastofustjórar. Eins má nota bindin til merkjasendinga; í vinnunni er hnúturinn vel hertur, en losaður eftir vinnu og bindið tekið af þegar heim er komið. Um helgar nota menn sjaldnast bindi nema við hátíðleg tækifæri, fara bindislausir á hjónastefnumót en með bindi í brúðkaupsafmælið, án bindis í matarboð í heimahúsi en með bindi á árshátíð.

Merkjasendingarnar mega þó ekki vera of sterkar. Bindi með tískumerki í mynstrinu eru of örvæntingarfull, að ekki sé minnst á æpandi liti og mynstur eða sterkari myndmótíf eins og teiknimyndafígúrur eða ámóta grín, því slík léttúð gengur þvert á punktinn við það að ganga með bindi. (Nema auðvitað að menn slái saman í slæmrabindaveislu og verðlauni mesta hryllinginn!) Bindi sýna alvörugefni og vandvirkni, snyrtimennsku og tillitssemi.

Hálsbindin sem fást í betri herrafataverslunum á Íslandi eru flest fyrirtak, en svo nota margir tækifærið erlendis til þess að breikka úrvalið. Það þarf ekki að vera merkjavara, þó tískuhús eins og Hermès, Duchamp og Charvet, Paul Smith, Burberry eða Turnbull & Asser standi ávallt fyrir sínu. Það er til mikið af frábærum smærri bindaframleiðendum, sérstaklega á Ítalíu, sem gera einstök bindi og selja orðið margir á netinu. Eins hefur undanfarin ár borið á ýmsum nýjum sprotum, ekki síst í London, sem vert er að gefa gaum, t.d. Marwood, Drake, Dancys og Cravat Club.

Það er um að gera að vanda valið og það er ástæðulaust að velja alltaf skrautlegasta eða dýrasta bindið. Umfram allt á það að hæfa þeim sem ber það og fullkomna þann mann, sem fötin hafa að geyma.

*Bindi eiga að vera úr hreinu silki eða hreinni ull, öðru ekki. Gæta þarf þess að fóðrið sé ekki úr gerviefni, það gerir bindið stífara en vera ber.*

*Öll almennileg hálsbindi þurfa að vera þrífölduð. Til eru allt að sjöfölduð bindi, sem á að vera til marks um aukinn íburð og gæði, en aðallega eru þau sóun á silki og efnismeiri en þjált er.*

*Athugaðu hvaða bindishnútur hæfir þér og hafðu í huga að mismunandi hnútar — þeir eru misflóknir, misbreiðir og misþykkir, sumir samhverfir og aðrir ekki — geta hentað mismunandi flibbum eða fötum.*

*Til er sægur bindishnúta: einfaldur hnútur og tvöfaldur, Windsor- og hálfur Windsor, krosshnútur og tvöfaldur krosshnútur, fjórhnútur, vafningshnútur, svo nokkrir séu nefndir. Á netinu má finna hina ýmsu hnúta og leiðbeiningar.*

*Bindi þarf að máta eins og önnur föt. Það þarf að athuga hvernig er að knýta það og hvernig það fer, en einnig að gæta að því að efnið sé 45° á ská við skurðinn, annars mun það aldrei liggja vel. Bindið á að teygjast á lengdina en ekki á ská.*

*Hafi menn efni á er rétt að velja sér handofin og handsaumuð bindi. Þau eru mun dýrari en þessi vélsaumuðu, en margfalt vandaðri, fallegri og auðvitað einstök.*

*Ekki nota flipann aftan á breiðari endanum til þess að festa hinn mjórri. Bindi eiga að vera frjáls og flagsast.*

## Fréttaframleiðsla helstu daglegra fjölmiðla
— eftir vikum




# Tölfræði fjölmiðla 2018

ANDRÉS MAGNÚSSON
**andres@vb.is**

Samkvæmt fjölmiðlavakt *Creditinfo* voru sagðar 181.283 fréttir í íslenskum fjölmiðlum árið 2018. Það er góður fjöldi, næstum 500 fréttir á dag í litlu landi, þar sem lítið gerist. Af þeim er eru ekki nema um þriðjungur í stóru daglegu, hefðbundnu fréttamiðlunum: Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og ljósvakamiðlum 365 og Ríkisútvarpsins, sem mestrar hylli njóta.

Það er á netinu, sem megnið af íslenskum frétta eru sagðar. Það segir þó ekki alla sögu, því netmiðlarnir endurbirta mikið efni úr hefðbundnu miðlunum (bæði beinir systurmiðlar og hinir sem sumir endursegja mikið fréttir annarra). Þróunin er þó nokkuð á þá leið að fleiri fréttir séu aðeins unnar fyrir netið.

Hins vegar hefur auglýsingasala íslenskra fjölmiðla staðið nokkuð í stað og það er vel þekkt að fjárhagsstaða þeirra margra er og hefur verið mjög þröng allt frá hruni og mega heita eina atvinnugreinin, sem ekki hefur rétt verulega úr kútnum síðan. Að hluta má vafalaust rekja það til harðrar samkeppni við erlenda félagsmiðla, en þeir eru jafnframt gátt margra að fréttum íslensku miðlanna.

Sem sjá má á topplistanum að neðan fær landsmálapólitíkin langmest rúm í íslenskum miðlum. Þangað sleppur aðeins eitt einkafyrirtæki, sem er Icelandair, en það segir sitt um

## TOPP 25 Umfjöllunarefni ársins
— í öllum fréttamiðlum




Heimild: Creditinfo

## Helstu stjórnmálamenn sem viðmælendur á ljósvaka

— ráðherrar, leiðtogar stjórnarandstöðu og oddvitar í borgarstjórn




*Heimild: Creditinfo*

áherslur í fréttaflutningi að flugvallarhaldarinn Isavia var meira í fréttum en flugfélagið.

Líkt og árið áður reyndist Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. vinsælasti viðmælandinn á ljósvakamiðlum, en Bjarni Benediktsson er í öðru sæti, þó að Sjálfstæðisflokkurinn hafi töluvert forskot á Vinstri græn á lista umfjöllunarefna, en aðrir flokkar nokkuð þar á eftir.

Þegar horft er til fréttaframleiðslu daglegra miðla er forystuhlutverk Morgunblaðsins afgerandi, en það segir fleiri og fjölbreyttari fréttir en hinir daglegu, almennu fréttamiðlarnir samanlagt. ■

Íslenskir fjölmiðlar sögðu

**181.283**

fréttir á árinu 2018




Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA



**Mazda** kynnti hugmyndabílinn **VISION COUPE** sem er mjög fallega hannaður. Formið á farþegarýminu er einkennandi fyrir klassíska coupé hönnun og túlka hreyfingu og hraða. Við hönnun á innra rými bílsins notast hönnuðir Mazda þætti úr japönskum arkitektúr sem hjálpa til við að búa til yfirvegað og afslappandi andrúmsloft innra rýmis. „VISION Coupé lýsir hreinni japanskri fagurfræði. Bíllinn er spegill á hugleiðingar okkar til framtíðar og sýnir næsta áfanga í þróun fyrir Kodo hönnun okkar,“ sagði Ikuo Maeda, framkvæmdastjóri hönnunar- og vörumerkis Mazda, þegar bíllinn var afhjúpaður í Tókýó.

2018

# Hugmyndabílar

**Það er alltaf gaman að sjá þegar hugmyndabílar koma fram á sjónarsviðið og hvað bílaframleiðendur eru að spá hvað framtíðina varðar. Hér koma fimm slíkir sem vöktu athygli á árinu.**




**Renault** kynnti hugmyndabílinn **EZ-ULTIMO**, alsjálfvirkan, nettengdan og rafknúinn leigubíl með miklum lúxus. Franski bílaframleiðandinn hugsar þennan bíl fyrir viðskiptavini sem velja fágætisþjónustu og einstaka upplifun á stórborgarsvæðum eins og Renault orðar það. Hugmyndin er að bíllinn sinni þjónustu í einkaferðum sem tekið geta um klukkustund eða heilan dag á ferð milli mismunandi áfangastaða, hvort sem er með einstaklinga, lítinn hóp eða viðskiptavini fyrirtækja sem kaupa þjónustuna sérstaklega fyrir verðmæta viðskiptavini sína.




Það ráku margir upp stór augu á bílasýningunni í Genf í vor þegar króatískur ofursportbíll var frumsýndur. Bílaframleiðandinn heitir **Rimac** og bíllinn ber heitið **Rimac Concept Two**. Samkvæmt upplýsingum frá króatíska bílaframleiðandanum verða framleidd 150 eintök af bílnum. Sportbíllinn er rafdrifinn með fjóra rafmótora sem skila ótrúlegum 1.914 hestöflum. Bíllinn mun komast í hundraðið á innan við tveimur sekúndum og í 300 km hraða á aðeins 11,8 sekúndum. Miðað við þetta þá er Rimac Concept Two hraðasti götubíll heims.



**Mitsubishi Motors** kynnti rafknúinn **e-EVOLUTION** hugmyndabíl sem er raunar jeppi á bílasýningunni í LA í nóvember. Bíllinn er framúrstefnulegur í hönnun eins og sannur hugmyndabíll og stæðilegur á velli. E-EVOLUTION hefur mikla veghæð til að takast á við gróft landslag. Aflið kemur frá aflmiklum rafmótorum og rafhlöðu með mikla hleðslugetu. Jeppinn er fjórhjóladrifinn og vel rúmgóður bæði fyrir fimm farþega og farangur.



**Audi PB 18** var kynntur til leiks á bílasýningunni í París í haust. Þetta er hugmyndabíll sem notar nýja rafmagns e-tron tækni Audi og hugsaður sem sportbíll framtíðarinnar. Bíll sem er hannaður fyrir ökumanninn og þannig minna gert úr sjálfstæðri aksturstækni í staðinn, PB 18 með hátækni farþegarými sem við mátti búast frá Audi. Er þetta fyrirheit um nýjan R8? Þeir hjá Audi hafa verið nokkuð góðir í að breyta hugmyndum í alvöru bíla undanfarið.


© 2018 EYGM Limited. All Rights Reserved. ED 0617
EY
Building a better working world
Starfsfólk EY óskar öllum landsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.
Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík s. 595-2500, ey@ey.is
Endurskoðun | Skattar | Ráðgjöf
ey.is


NORÐURÁL
Gleðilegt ál!
Ál frá Íslandi hefur minnsta kolefnisspor í heimi. Við vöndum til innkaupa og meðferðar á öllu hráefni og notum hreina, íslenska raforku. Starfsfólkið okkar er vel þjálfað fagfólk og reksturinn sérlega stöðugur. Það skilar sér í skilvirkni og lágri bilanatíðni, sem heldur losun gróðurhúsalofttegunda í lágmarki. Þegar allt þetta leggst saman er afurðin hreint, endurnýtanlegt ál sem notað er til að létta farartæki og umbúðir, aftur og aftur um allan heim.
Við óskum öllum gleðilegrar hátíðar.
Íslenskt ál um allan heim | nordural.is